


skoðun 20

3 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Úlpur & yfirhafnir
Fjármál










# FRÉTTABLAÐIÐ

Fimmtudagur
21. október 2010
247. tölublað 10. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI




## Aldrei hitt Zuckerberg

*Jesse Eisenberg leikur stofnanda Facebook í The Social Network.*

fólk 46

## Hrun samfélags

*Ísland var gert að tilraunastofu fyrir hreinræktaðan kapítalisma.*

umræðan 22



## Stórkostleg þrenna

*Gareth Bale var þrátt fyrir tap Tottenham maður kvöldsins í Meistaradeildinni í gær.*

íþróttir 48

## veðrið í dag




**SKÝJAÐ** Í dag verða víðast norðan 5-10 m/s en 8-13 eystra. Él NA-til en annars úrkomulítið. Hiti 1-5 stig en um frostmark norðanlands.

VEÐUR 4



**80 ÁRA AFMÆLI** Austurbæjarskóli fagnaði áttatíu ára afmæli sínu í gær og var slegið upp heljarinnar veislu í tilefni dagsins. Nemendur skólans brugðu á leik og boðið var upp á bakkelsi úr eldhúsi Helgu Sigurðardóttur, fyrrverandi matreiðslukennara við skólann. Í íþróttahúsi skólans mátti meðal annars finna gamalt námsefni og er ekki laust við að farið hafi um suma fyrrverandi nemendur skólans þegar þeir sáu gömlu en góðu kverin. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Óttast flótta lækna til einkasjúkrahúss

**Landlæknir óttast að einkasjúkrahús geti grafið undan starfsemi heilbrigðiskerfisins. Engu síður telur hann allar líkur á að fyrirhugað sjúkrahús á Ásbrú uppfylli skilyrði til starfsemi. Opinberir aðilar geta ekki stöðvað áformin.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Geir Gunnlaugsson landlæknir telur fyrirhugað einkasjúkrahús á Ásbrú ógn við heilbrigðiskerfið.

Hann segir starfsemina geta smám saman grafið undan ákveðinni þjónustu sem til dæmis Landspítalinn veitir. „Það flæðir undan sérfræðiþekkingu á Landspítalanum sem fer yfir í einkarekin sjúkrahús,“ segir hann. Tilteknar stéttir verði eftirsóttar, til dæmis skurðlæknar, svæfingalæknar og vel menntaðir hjúkrunarfræðingar. Heilbrigðiskerfið þurfi að vera undir slíkt búið.

Hvað sem þessum áhyggjum líður telur Geir allar líkur á að einkasjúkrahúsið, sem hyggst bjóða upp á sérhæfðar meðferðir fyrir útlendinga, uppfylli skilyrði laga til starfsemi og fái því tilskilin leyfi. Forsvarsmenn þess hafa kynnt Geir áform sín og segir hann þá fullyrða að byggt verði á fullkomnustu gæðastöðlum og unnið í samstarfi við alþjóðlegt vottunarfyrirtæki. Leyfi verði hins vegar ekki veitt fyrr en allt er orðið klárt en það sé hvorki á hans færi né ráðherra að stoppa ferlið.

Geir segir verkefnið vera viðskiptahugmynd einkaaðila sem reiknað hafi út að hugmyndin geti gefið ágóða. Bankar og aðrir verði að taka ákvarðanir á þeim grundvelli en ekki á grunni þess að landlæknir hafi veitt leyfi.

Róbert Wessman, fyrrverandi forstjóri Actavis, stendur ásamt fleirum að sjúkrahúsinu á Ásbrú. Verður það til húsa þar sem sjúkrahús Bandaríkjahers á Keflavíkurflugvelli var. Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar sem á húsakostinn tekur þátt í verkefninu. Auglýsti það á dögunum eftir verktökum til að innrétta húsið upp á nýtt. Á verkinu að vera lokið eigi síðar en í marslok á næsta ári.

Samkvæmt áformum munu 200 til 300 ný störf skapast í tengslum við sjúkrahúsið og árlegar tekjur geta numið allt að 3,5 milljörðum króna.

- bþs

### Tilkynnt – staðfest

Lögum samkvæmt ber þeim sem hyggjast hefja rekstur heilbrigðisþjónustu að tilkynna það landlækni og veita um leið fullnægjandi upplýsingar um starfsemina, starfsmenn, búnað, tæki og húsnæði. Landlæknir staðfestir hvort fyrirhugaður rekstur uppfylli faglegar kröfur og önnur skilyrði í heilbrigðislöggjöf. Óheimilt er að hefja starfsemi á sviði heilbrigðisþjónustu nema staðfesting landlæknis liggi fyrir.

Íslandsmet Helga Björns:

## Í fjóra mánuði á toppi listans

**TÓNLIST** Platan Þú komst í hlaðið með Helga Björnssyni og Reiðmönnum vindanna hefur verið á toppi Tónlistans síðustu sextán vikur.

Eiður Arnarsson, útgáfustjóri Senu og stjórnarmaður í Félagi hljómplötuframleiðenda, segir ljóst að um Íslandsmet sé að ræða.

Þú komst í hlaðið hefur selst í nálægt 10.000 eintökum. Laga- og Tónlistarnir eru birtir í fyrsta skipti í Fréttablaðinu í dag.

- afb / sjá síðu 54










## SPURNING DAGSINS



*Hrafnkell, er hér allt í hakki?*

**„Já, við þurfum að buffa hakkið – búa til reglu úr óreiðunni.“**

Ísland er algjörlega varnarlaust gegn árásum tölvuhakkara. Hrafnkell V. Gíslason er forstjóri Póst- og fjarskiptastofnunar.

Nýr búnaðarlagasamningur undirritaður í gær í skugga niðurskurðar:

# Nauðugur kostur að sögn bænda

**LANDBÚNAÐUR** „Þetta er gert í skugga þess að það þarf að skera niður, og okkur var bara nauðugur sá kostur að taka þátt í því,“ segir Haraldur Benediktsson, formaður Bændasamtaka Íslands, um nýjan búnaðarlagasamning sem fulltrúar ríkis og bænda undirrituðu í gær.

Haraldur kallar þetta nauðasamning, enda hefur verðgildi hans fallið um fjórutíu prósent, eða úr 920 milljónum, sem er uppreiknað gildi síðasta samnings, sem gerður var árið 2005, niður í 415 milljónir.

„Samkvæmt lögum á samningurinn að vera til fimm ára, en við gerðum núna eins konar bráðabirgðasamkomulag til tveggja ára. Eftir það getum við vonandi farið að byggja upp á ný í sveitunum.“

Búnaðarlagasamningur snýst einkum um greiðslur til búfjárræktar og ráðgjafar til bænda. Haraldur segir bændur hafa metið það svo, að illskárra sé að skera þar niður en í búvörusamningnum, sem snýst um kjör bænda.

„En þetta rífur mikið í,“ segir Haraldur. - gb



**HARALDUR BENEDIKTSSON** Formaður Bændasamtaka Íslands. FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR

Byssumaður í Malmö:

## Ræðst gegn innflytjendum

**SVÍÞJÓÐ** Lögreglan í Svíþjóð gerir nú dauðaleit að manni sem grunaður er um á annan tug skotárása í Malmö undanfarna mánuði. Árásirnar virðast beinast að innflytjendum. Til þessa hafa árásirnar ekki kostað neinn lífið, en margir eru illa særðir.

Þrír menn voru skotnir úti á götu í Malmö í gær, á þremur mismunandi stöðum. Einn 19 ára piltur hefur verið handtekinn, grunaður um að hafa skotið á einn þessara manna, en ekki er talið að hann tengist hinum skotárásunum. - gb

Ung hjón fórust í Tyrklandi:

## Sjö mánaða barn lifði af

Sjö mánaða gamalt barn slapp ómeitt þegar foreldrar þess, ung íslensk hjón, fórust í bílslysi í Tyrklandi þar sem þau voru á ferðalagi.

Slysið varð í gærmorgun nálægt bænum Mugla í suðausturhluta landsins. Ræðismaður Íslands í Tyrklandi fór á staðinn og vann að því að koma barninu til Íslands.

Hvorki nöfn né aldur hjónanna voru gefin upp í gær, en talið er að ökumaður bifreiðarinnar hafi misst stjórn á henni í rigningu sem varð til þess að hann ók á smárútu.

Ölstofuþjófur á netinu:

## Skilaði jakka og sagðist iðraðst

**LÖGREGLUMÁL Maður sem stal jakka með veski og öðrum verðmætum á Ölstofunni aðfaranótt sunnudags skilaði jakkanum í gær eftir að myndir af honum úr eftirlitsmyndavélum staðarins voru birtar á netinu. Jakkann skildi þjófurinn eftir við ruslatunnu utan við heimili fórnarlambs síns og gerði síðan viðvart eftir að hafa læðst í burtu. Að sögn Ástu Olgu Magnúsdóttur skildi þjófurinn eftir kurteislegt og vingjarnlegt afsökunarbréf. Öll verðmætin voru enn í jakkanum. Þjófurinn bar við ölæði og baðst fyrirgefningar.** - gar

## ORKUVEITAN

### Tillaga felld á stjórnarfundi

Tillaga um að skerða starfshlutfall til að koma í veg fyrir fjölda uppsagna innan Orkuveitunnar var felld á stjórnarfundi fyrirtækisins í gærkvöldi. Kjartan Magnússon, fulltrúi minnihlutans í stjórn OR hafði óskað eftir fundinum til að ræða tillöguna en hann taldi það ekki hafa verið gert á fullnægjandi hátt á stjórnarfundum fyrirtækisins.



**GENGIÐ FRÁ GÖGNUNUM** Unnið hefur verið að því í Þjóðskjalasafni Íslands að undanförnu að búa gögn rannsóknarnefndar Alþingis til geymslu og notkunar fræðimanna. Enn munu líða áratugir þar til persónugreinanleg gögn verða aðgengileg öllum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Fræðimenn fá gögn rannsóknarnefndar

**Stefnt er að því að veita aðgang að gagnagrunnum rannsóknarnefndar Alþingis í næsta mánuði. Opnun gagnanna er fyrst og fremst hugsuð fyrir fræðilegar rannsóknir. Þjóðskjalasafninu hafa þegar borist nokkrar umsóknir um aðgang.**

**STJÓRNSÝSLA** Unnið er að nauðsynlegum frágangi á gagnagrunnum rannsóknarnefndar Alþingis svo unnt verði að veita fræðimönnum aðgang að þeim.

Þjóðskjalasafnið fékk gögnin í hendur í sumarbyrjun og er stefnt að því að opna fyrir aðgang í nóvember.

Gagnamagnið er gríðarlegt. Er bæði um að ræða gögn sem rannsóknarnefndin aflaði úr bönkunum og gögn sem urðu til við vinnu nefndarinnar. Megnið er á rafrænu formi. „Það hefur verið slegið á að ef þetta væri á pappír þyrftum við 4.000 til 5.000 fermetra byggingu undir skjölin,“ segir Ólafur Ásgeirsson þjóðskjalavörður.

Þegar hafa nokkrir sótt um aðgang að gögnunum. Ólafur kveðst ekki gera sér grein fyrir hvort ásókn í þau verði mikil en býst heldur við að svo verði enda upplýsingarnar áhugaverðar um langa framtíð.

Tilgangurinn með opnun gagnanna er að þau geti nýst við fræðirannsóknir.

Samkvæmt upplýsingalögum ætti aðgangur að stórum hluta þeirra fyrst að verða aðgengilegur eftir áttatíu ár. Helgast það af því að í þeim eru mikilvægar upplýsingar um fjárhagsmálefni einstaklinga og fyrirtækja. Alþingi leit hins vegar svo á að þar sem gögnin geta haft mikla fræðilega þýðingu – meðal annars fyrir hagfræðilegar rannsóknir á því hvernig bankastarfsemi bregst við sveiflum á fjármálamörkuðum og hvað beri að forðast í því efni – væri rétt að veita að þeim aðgang.

Gögnin verða aðgengileg með tvennum hætti. Annars vegar þar sem persónugreinanlegar upplýsingar og upplýsingar sem rekja má til nafngreindra fyrirtækja hafa verið afmáðar. Hins vegar með persónugreinanlegum upplýsingum. Aðgangur að þeim verður aðeins veittur með sérstöku samþykki þjóðskjalavarðar. Fást gögn þá skoðuð í sérstöku öruggu rými í Þjóðskjalasafninu og að yfirlýstri þagmælsku. Brot á reglum getur varðað allt að þriggja ára fangelsi.

bjorn@frettabladid.is




Mæla traust á dómskerfinu:

## Traust á ráðuneyti hrynur

**KÖNNUN Traust á dóms- og mannréttindaráðuneytinu hefur minnkað um tæpan helming milli ára, samkvæmt könnun MMR.**

**Alls segjast 24,5 prósent þeirra sem afstöðu tóku í nýrri könnun treysta ráðuneytinu, en 42,3 prósent treystu ráðuneytinu fyrir ári. Þá var Ragna Árnadóttir ráðherra, en Ögmundur Jónasson tók við 1. október síðastliðinn. Könnunin var gerð 5. til 8. október.**

**Traust til annarra stofnana dómskerfisins breytist lítið milli ára, samkvæmt könnuninni.** - bj

Niðurskurður í Bretlandi:

## Velferðin nú skorin við nögl

**BRETLAND, AP** Breska stjórnin kynnti í gær harkalegan niðurskurð á fjárlögum, þann mesta sem þjóðin hefur kynnst síðan í seinni heimsstyrjöldinni.

Meðal annars verður ríkisstarfsmönnum fækkað um hálfa milljón, dregið mjög úr velferðarútgjöldum og eftirlaunaaldur hækkaður í 66 ár. Bresk stjórnvöld eru skuldum hlaðin eftir að hafa dælt milljörðum punda í banka á brauðfótum, og fengið í kjölfarið minni skatttekjur. - gb




Frumvarp um breytingu á lögum um þjóðaratkvæðagreiðslu lagt fram á Alþingi:

# Icesave dæmi um stuttan fyrirvara

**STJÓRNMÁL** Vigdís Hauksdóttir, þingmaður Framsóknarflokks, lagði í gær fram á Alþingi frumvarp til að breyta lögum um þjóðaratkvæðagreiðslur þannig að hægt sé að halda slíkar atkvæðagreiðslur með skemmri fyrirvara en þremur mánuðum.

Vigdís er fyrsti flutningsmaður þingsályktunartillögu frá því á þriðjudag um að samhliða kosningu til stjórnlagaþings þann 27. nóvember verði þjóðaratkvæðagreiðsla um að hætta við aðildarviðræður að Evrópusambandinu. Eins og kom fram í Fréttablaðinu í gær yfirsást Vigdísi og meðflutningsmönnum hennar að tillögunni, að samkvæmt lögum sem samþykkt voru í júní þurfa að líða minnst þrír mánuðir frá því Alþingi samþykkir þjóðaratkvæðagreiðslu þar til atkvæðagreiðslan fer fram. Vigdís var hluti af meirihluta í allsherjarnefnd Alþingis sem lagði til að lögin yrðu samþykkt í þeirri mynd sem þau eru nú.

„Í frumvarpi þessu er lagt til að undantekning verði gerð á þriggja mánaða tímamarkinu á þeim grunni að ef um kosningar sé að ræða innan þess tímaramma megi þjóðaratkvæðagreiðsla fara fram samhliða kosningunum þó að styttri tími sé í þær en þrír mánuðir.

Er þetta meðal annars gert til að spara ríkinu kostnað við kosningar. Áætlað er að þjóðaratkvæðagreiðslur kosti um 250 milljónir króna,“ segir í greinargerð Vigísar með frumvarpinu. Hún bendir einnig á sem fordæmi að ríkisstjórnin hafi ekki tekið ákvörðun um þjóðaratkvæðagreiðslu um Icesave-lögin fyrr en tíu dögum áður en atkvæðagreiðslan fór fram. - gar



**VIGDÍS HAUKSDÓTTIR** Þingmaður Framsóknarflokks vill styttri fyrirvara á þjóðaratkvæðagreiðslum en lögin mæla fyrir um í dag.



Rafhlöðuborvél, Power Plus
14,4V, 2 rafhlöður, taska
5245309
Rafhlöðuborvél. tvær rafhlöður
3.995,-
LÆGSTA LÁGA VERÐIÐ OKKAR!
LÆGSTA LÁGA VERÐIÐ OKKAR!
VERKFÆRI
Á LÆGRA VERÐI
Verkfærataska Caliber 15”
5024497
Verkfærataska
999,-
LÆGSTA LÁGA VERÐIÐ OKKAR!
Juðari
1.690,-
LÆGSTA LÁGA VERÐIÐ OKKAR!
Juðari Power Plus
135W
5245212
Sterkt vinnuvesti
6.990,-
Vinnuvesti
S-XXXL
5858612-17
Stingsög m/framkasti
4.599,-
5.499,-
Stingsög
125mm, 580W
5245277
Slípirokkur fyir fagmanninn!
6.995,-
9.990,-
HITACHI
POWER TOOLS
Slípirokkur Hitachi
125mm, 580W
5247394
Fjölnota verkfæri
1.699,-
Fjölnota verkfæri
5247613
Skrúfjárnasett, Probuilder
18 st
5010142
Skrúfjárnasett
2.499,-
Fjölnota verkfæri
3.495,-
fjöldi fylgihluta
Fjölnota rafmagnsverkfæri
5244981
Okkar lægsta verð!
Húsasmiðjan lækkar verð á völdum vörum og lætur ávinning af nýjum og betri samningum við framleiðendur renna beint til neytenda til hagsbóta fyrir heimilin í landinu.
“Lægsta lága verðið okkar” er okkar lægsta verð á viðkomandi vöru á hverju tíma.
Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.
Úrval getur verið misjafnt milli verslana.
HÚSASMIÐJAN

## GENGIÐ 20.10.2010

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 112,25 | 112,79 |
| Sterlingspund | 176,38 | 177,24 |
| Evra | 155,34 | 156,20 |
| Dönsk króna | 20,825 | 20,947 |
| Norsk króna | 19,046 | 19,158 |
| Sænsk króna | 16,670 | 16,768 |
| Japanskt jen | 1,3815 | 1,3895 |
| SDR | 175,92 | 176,96 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
207,0029

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Karlmaður á fertugsaldri ákærður fyrir stórfellt fíkniefnalagabrot:

# Taldi amfetamínvökva vera vín

**DÓMSMÁL** Ríkissaksóknari hefur ákært pólskan karlmann á fertugsaldri fyrir að reyna að smygla til landsins einum lítra af amfetamínvökva.

Manninum er gefið að sök stórfellt fíkniefnalagabrot, þegar hann í lok ágúst á þessu ári stóð í ágóðaskyni að innflutningi á rúmlega einum lítra af vökva sem innihélt amfetamínbasa. Vökvann hafi hann ætlað til söludreifingar hér á landi.

Úr vökvanum sem maðurinn reyndi að smygla inn í landið var hægt að framleiða um átta kíló af amfetamíni til götusölu, samkvæmt matsgerð rannsóknarstofu Háskóla Íslands. Við broti af þessu tagi getur legið allt að tólf ára fangelsi.

Við þingfestingu málsins í gærmorgun neitaði maðurinn að hafa vitað hvaða efni hann hefði verið að flytja, en talið að um vín hefði verið að ræða. Þá var hann beðinn fyrir flöskuna af óþekktum manni í Póllandi, að eigin sögn, og átti að afhenda hana óþekktum manni hér á landi.



**AMFETAMÍN** Vökvinn sem maðurinn var með hefði nægt til að búa til átta kíló af amfetamíni.

Umræddur maður hefur sætt gæsluvarðhaldi frá því að hann var handtekinn við komuna hingað til lands og mun verða áfram inni þar til dómur gengur í máli hans. **- jss**

Samanburður milli ára:

## Tilkynnt um 40 nauðganir

**LÖGREGLUMÁL** Tilkynnt hefur verið um færri nauðganir það sem af er ári en á sama tíma í fyrra. Fyrstu níu mánuði ársins var embætti ríkislögreglustjóra tilkynnt um 40 nauðganir.

Á sama tíma í fyrra höfðu embættinu borist 47 tilkynningar og 48 árið þar á undan.

Heildarfjöldi tilkynntra kynferðisbrota er einnig minni í ár. Ríkislögreglustjóra hafa borist 168 kynferðisbrotamál á fyrstu níu mánuðum ársins. Á sama tíma í fyrra var fjöldinn 201.

Stopp, hingað og ekki lengra:

## Ársfundur ASÍ settur í dag

**FÉLAGSMÁL** Ársfundur ASÍ hefst á Hilton-hótelinu við Suðurlandsbraut í dag og stendur til morguns.

Yfirskrift fundarins er „Stopp, hingað og ekki lengra,“ og verður meginháherslan lögð á efnahags- og kjaramál, velferðar- og vinnumarkaðsmál og atvinnu- og umhverfismál. Unnið verður í þremur ólíkum málstofum á fundinum sem fer fram í þjóðfundarformi.

Ingibjörg R. Guðmundsdóttir mun stíga til hliðar sem varaforseti ASÍ vegna veikinda. Þó gefur hún enn kost á sér til setu í miðstjórn. **- sv**

Sádiarabískur prins í London:

## Ævilangt fangelsi í Bretlandi

**BRETLAND, AP Saud Abdullaziz bin Nasser al Saud, prins frá Sádi-Arabíu, var í gær dæmdur í ævilangt fangelsi í Bretlandi fyrir morð á einkaþjóni sínum.**

**Við réttarhöldin varði prinsinn mestum tíma í að sannfæra viðstadda um að hann væri ekki samkynhneigður, af ótta við harkalega refsingu í Sádi-Arabíu kæmist hann þangað aftur.**

**Af framburði vitna þykir þó ljóst að morðið hafi tengst kynferðislegu sambandi prinsins og hins myrta.**

**Afi prinsins er hálfbróðir núverandi konungs Sádi-Arabíu. - gb**

### LEIÐRÉTT

Örn Bárður Jónsson er ekki sóknarprestur á Seltjarnarnesi eins og ranglega var fullyrt í blaðinu í gær, heldur í Neskirkju í Reykjavík.

Þrír af fyrrverandi æðstu stjórnendum Kaupþings sættu gæsluvarðhaldi í vor, ekki fjórir eins og sagði í blaðinu í gær.

# Tap á Morgunblaðinu 1.351 milljón árið 2009

**Afkoma Morgunblaðsins var neikvæð um 1.351 milljónir króna á árinu 2009. Með afskriftum á 4.272 milljón króna skuldum er þó 2.500 milljóna hagnaður í ársreikningi. Óskar Magnússon útgefandi segir engin vandræði með rekstrarfé.**

**DAGBLÖÐ** Tekjur af rekstri Morgunblaðsins lækkuðu um 978 milljónir króna milli áranna 2008 og 2009 og afkoma útgáfufélagsins Árvakurs var neikvæð um 1.351 milljón.

Óskar Magnússon, útgefandi Morgunblaðsins og einn eigenda þess, segir rekstur blaðsins það sem af er þessu ári í aðalatriðum eins og búist hafi verið við. „Það er ekkert óvænt að gerast í rekstrinum á Árvakri umfram það sem við bjuggum okkur undir og reksturinn hefur verið miklu betri en flestir halda,“ segir hann.

Rekstur Morgunblaðsins skilaði tæpum 2,7 milljörðum króna í tekjur á árinu 2009 samkvæmt ársreikningi Árvakurs miðað við tæplega 3,7 milljarða á árinu 2008.

Tap af rekstrinum sjálfum var 667 milljónir en auk þess námu nettóvaxtagjöld félagsins tæpum 685 milljónum. Samtals gera þetta áðurnefnda rúma 1.351 milljón.

Undir liðnum „nettótekjur“ í rekstrarreikningi Árvakurs 2009 eru færðir tæpir 4,3 milljarðar króna. Ekki kemur beint fram í ársreikningnum hvaða fé þarna er um að ræða en draga má þá ályktun af öðrum liðum ársreikningsins að þarna séu á ferð skuldir sem bankar afskrifuðu hjá Árvakri við eigendaskiptin vorið 2009.

Óskar kveðst ekki vilja útskýra þennan lið. „Við höfum lagt fram ársreikninginn og menn verða bara sjálfir að lesa í hann,“ svarar hann.

Þessar 4,3 milljarða „nettótekjur“ leiða síðan til þess að bókfærður hagnaður Árvakurs í fyrra verður 2.500 milljónir króna þrátt fyrir áðurgreint tap af rekstrinum.




**MORGUNBLAÐIÐ** Útgefandinn segir 240 milljóna króna innspýtingu í útgáfufélag Morgunblaðsins í byrjun þessa árs hafa komið af fé sem hluthafar eignarhaldsfélagsins Þórsmerkur hafi lagt fram þegar á árinu 2009.



**ÓSKAR MAGNÚSSON**

Eigið fé Árvakurs var 776 milljónir króna í árslok 2009. Strax í upphafi ársins í ár voru síðan lagðar inn 240 milljónir króna í auknu hlutafé. Óskar segir þá upphæð koma af 600 milljónum króna sem hluthafar Þórsmerkur ehf., eignarhaldsfélags Árvakurs, hafi lagt fram þegar í byrjun á árinu 2009. Ákveðið hafi verið að bæta við 240 milljónum af þessu fé inn í Árvakur.

Að sögn Óskars stendur engin sérstök söfnun hlutafjár yfir um þessar mundir enda sé Árvakur ekki í vandræðum með rekstrarfé. Á hinn bóginn séu menn viðbúnir því að það muni hugsanlega þurfa síðar.

„Við vorum undir það búin frá upphafi að þetta væri ekki einfalt og auðvelt mál og að það þyrfti að tjalda til lengri tíma en eins eða tveggja ára,“ segir útgefandi Morgunblaðsins. **gar@frettabladid.is**



**ÞINGHÚSIÐ Í GROSNÍ** Skammvinn átök urðu í húsinu í gær. NORDICPHOTOS/AFP

Uppreisnarmenn í Grosní:

## Sprengdu sig inn í þinghúsið

**RÚSSLAND, AP Þrír herskáir múslímar réðust á þinghúsið í Grosní, höfuðborg Téténíu, í gær og reyndu að sprengja upp bygginguna. Að minnsta kosti sex manns létust og sautján særðust þegar þrír uppreisnarmenn réðust á þinghúsið í Grosní, höfuðborg Téténíu, á þriðjudag.**

**Árásarmennirnir óku upp að byggingunni og tókst að komast inn fyrir þrátt fyrir stranga öryggisgæslu. Einn þeirra sprengdi sjálfan sig í loft upp við dyrnar og síðan hlupu hinir inn fyrir, hófu skothríð á fólk og hrópuðu vígorð. - gb**

Olli alvarlegum heilaskaða:

## Fangelsi og milljónabætur

**DÓMSMÁL** Héraðsdómur Reykjavíkur dæmdi í gær karlmann í átta mánaða fangelsi fyrir að slá mann í höfuðið svo af hlaust alvarlegur heilaskaði.

Maðurinn var enn fremur dæmdur til að greiða fórnarlambi sínu þrettán milljónir króna í skaðabætur auk þess að greiða rúma milljón í sakarkostnað.

Árásin var gerð á skemmtistað í Reykjavík í mars á síðasta ári. Maðurinn viðurkenndi að hafa slegið fórnarlambið í höfuðið en hélt því fram að hann hefði verið að bregðast við yfirvofandi árás frá fórnarlambinu. Maðurinn hafði tvívegis áður verið dæmdur fyrir líkamsárás.






## VEÐURSPÁ



Elísabet Margeirsdóttir
veðurfréttamaður

**ÁFRAM SVALT** á landinu næstu daga og má áfram búast við éljum norðaustan til og stöku éljum eða slydduéljum við suðurströndina. Það verða heldur ekki miklar breytingar á vindi og hita en um helgina er útlit fyrir eilítið stífari norðanátt.




| HEIMURINN | |
|---|---|
| Alicante | 22° |
| Basel | 7° |
| Berlín | 7° |
| Billund | 8° |
| Frankfurt | 7° |
| Friedrichshafen | 9° |
| Gautaborg | 8° |
| Kaupmannahöfn | 8° |
| Las Palmas | 24° |
| London | 11° |
| Mallorca | 25° |
| New York | 15° |
| Orlando | 30° |
| Ósló | 4° |
| París | 10° |
| San Francisco | 15° |
| Stokkhólmur | 2° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hendrik Sigurðsson *hendrik@frettabladid.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is*, Sigmundur Halldórsson *sigmundur@frettabladid.is* **ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Henný Árnadóttir *henny@365.is*, Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Sigríður Hallgrímsdóttir *sigridurh@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Bjarni Þór Sigurðsson *bthor@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is*, Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is*

# TAX FREE

## ALLIR SKÓR ÁN VIRÐISAUKASKATTS

fimmtudag til sunnudags



# SKÓAÐU ÞIG UPP!

## skór á alla fjölskylduna

Að sjálfsögðu fær ríkissjóður 25,5% virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin 20,32% er alfarið á kostnað Hagkaups..

Tilboðin gilda út sunnudaginn 24. október 2010.

HAGKAUP

*Ein ferð betra verð*

KJÖRKASSINN



*Ætti fremur að skerða starfshlutfall en segja upp hjá Orkuveitunni?*

| | |
|---|---|
| Já | 75,2% |
| Nei | 24,8% |

SPURNING DAGSINS Í DAG

*Eru mótmæli Frakka gegn hækkun eftirlaunaaldurs skynsamlegt?*

Segðu skoðun þína á visir.is

Áður hafa verið kannaðir möguleikar á tvíhliða fríverslunarsamningi við Bandaríkin:

# Vilja geta selt hingað landbúnaðarvörur

**UTANRÍKISMÁL** Fjórir þingmenn vilja að utanríkisráðherra óski eftir viðræðum við ríkisstjórn Bandaríkjanna um tvíhliða fríverslunarsamning milli ríkjanna.

Þau Birgir Þórarinsson, Ragnheiður Elín Árnadóttir, Jón Gunnarsson og Ásmundur Einar Daðason lögðu fram þingsályktunartillögu þess efnis á þriðjudag.

Þetta er ekki í fyrsta sinn sem þessi hugmynd kemur fram á þingi. Möguleikar á þessu hafa áður verið kannaðir, bæði á vettvangi EFTA og í beinum viðræðum við bandarísk stjórnvöld.

Málið var síðast rætt á Alþingi fyrir tæpu ári, en þá svaraði Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra því til að niðurstaðan af slíkum athugunum hafi jafnan verið á þá leið að slíkt þyki ekki fýsilegt, bæði vegna þess að Bandaríkin hafi ekki sýnt neinn áhuga á tvíhliða fríverslunarsamningi við Ísland, en einnig vegna þess að Bandaríkin hafi gefið skýrt til kynna „að forsenda fríverslunarsamnings væri sú að markaðsaðgangur fyrir landbúnaðarvörur, þar með taldar viðkvæmar landbúnaðarvörur, svo sem kjöt og mjólkurvörur, yrði bættur mjög verulega frá því sem nú er“.



ÁSMUNDUR EINAR DAÐASON

Fyrir nokkrum árum reyndu Svisslendingar að semja við Bandaríkin um tvíhliða fríverslunarsamning, en án árangurs, vegna þess að Svisslendingar sættu sig ekki við kröfur Bandaríkjanna um frjáls viðskipti með landbúnaðarvörur.

„Auðvitað eru víða hindranir í vegi svona samninga,“ segir Ásmundur Einar Daðason, þingmaður Vinstri grænna, og einn af fjórum flutningsmönnum tillögunnar. Hann telur þó enga ástæðu til að láta þær hindranir koma í veg fyrir að menn reyni eins og hægt er að ná samningum.

„Eru ekki sams konar hindranir gagnvart Evrópusambandinu? Meginhugmyndin er einfaldlega sú að við Íslendingar eigum að horfa út fyrir rammann og ekki einblína á Evrópusambandið.“

**- gb**

Talningu í kosningu lokið:

## Lögreglumenn höfnuðu valfrjálsu vaktkerfi

**KJARAMÁL Meirihluti lögreglumanna í Lögreglufélagi Reykjavíkur hafnaði valfrjálsu vaktkerfi hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu í nýafstaðinni kosningu.**

**Að sögn Arinbjörns Snorrasonar, formanns LR, kusu 100 af þeim 107 sem voru á kjörskrá. 64 höfnuðu kerfinu, 32 vildu hafa það áfram og tveir skiluðu auðu.**

**„Þetta þýðir að það þarf að finna eitthvert vinnufyrirkomulag sem meirihluti lögreglumanna er sáttur við,“ segir Arinbjörn. Hann segir valfrjálsa kerfið hafa verið byggt á samkomulagi, sem gert hafi verið fyrir rúmu ári, á milli embættis lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu og Lögreglufélagsins.**

**- jss**

Hægt að spara 15 milljónir:

## Allir þingmenn fái sömu laun

**ALÞINGI** Mörður Árnason og Valgerður Bjarnadóttir Samfylkingunni vilja að sérstökum álagsgreiðslum til fomanna þingnefnda og þingflokka verði hætt.



MÖRÐUR ÁRNASON

Hafa þau lagt fram frumvarp þess efnis.

Þeir þingmenn sem fara með formennsku í nefndum eða þingflokkum fá sérstakt álag ofan á þingfararkaupið og nemur það rétt tæpri milljón á ári. Eins og nú háttar til njóta sextán þingmenn álagsgreiðslna.

Telja Mörður og Valgerður nóg að vegtyllunum fylgi áhrif og völd þótt ekki sé greitt sérstaklega fyrir þær.

**- bþs**

# Flóð frambjóðenda drekkir kjósendum

**Stjórnmálafræðiprófessor segir fyrirkomulag kosninganna til stjórnlagaþings gallað. Það vinni gegn tilganginum með persónukjöri. Enginn geti kynnt sér 500 frambjóðendur og því muni flestir líklega kjósa ættingja, vini og frægt fólk.**

**FRÉTTAVIÐTAL**

Gunnar Helgi Kristinsson, stjórnmálafræðiprófessor við Háskóla Íslands, fjallar um kosningar til stjórnlagaþings



**EINKENNILEGT ÁSTAND** Gunnar Helgi segir að ástandið sem hafi skapast vegna fjölda frambjóðenda sé vægast sagt einkennilegt. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Fyrirkomulag persónukosninganna til stjórnlagaþings er meingallað og veldur því að kosningarnar munu ekki þjóna tilgangi sínum, heldur þvert á móti grafa undan honum. Þetta segir Gunnar Helgi Kristinsson stjórnmálafræðiprófessor.

Um 500 manns buðu sig fram á þingið, miklu fleiri en nokkurn hafði órað fyrir. Þessi mikli fjöldi veldur vandræðum víða, ekki síst þegar kemur að kynningu á frambjóðendum. Fjölmiðlar vita til dæmis ekki sitt rjúkandi ráð. Hvernig í ósköpunum eiga þeir að kynna til sögunnar 500 frambjóðendur og stefnumál þeirra?

Gunnar Helgi Kristinsson segir að það sé einfaldlega ekki hægt. „Sérstaklega ekki ef þú ætlar að hugsa það út frá einhverri jafnræðisreglu, sem allavega opinberu fjölmiðlarnir eru bundnir af. Þótt þú gæfir hverjum bara eina mínútu þá ertu kominn upp í nokkra klukkutíma af mjög leiðinlegu efni – að minnsta kosti ekki notendavænu,“ segir hann.

### Facebook tekur við

Þetta þýðir að kosningabaráttan til stjórnlagaþings verður líkast til mjög óhefðbundin. Frambjóðendur mega verja tveimur milljónum í auglýsingar en Gunnar Helgi bendir á að landið sé eitt kjördæmi í kosningunum og því sé erfitt fyrir frambjóðendur að „fókusera kynninguna landfræðilega“. Þar fyrir utan er fjáraustur í kosningabaráttu illa séður í samfélaginu eftir hrun sem hvetur síst til kostnaðarsamrar kynningar.

Og svo er það netið. Margir frambjóðendur hafa þegar komið upp framboðssíðum á Facebook og menn velta fyrir sér hvort þar verði kosningabaráttan hugsanlega háð að mestu. Gunnar Helgi er ekki sannfærður. „Það er auðvitað viss hópur kjósenda sem er netfær og gæti nýtt sér það. Hversu mikinn áhuga þeir hafa á því er hins vegar mikið vafamál,“ segir hann.

Ekki sé hlaupið að því að kynna sér slíkan mýgrút fólks. „Það má alveg gera ráð fyrir því að það muni ekkert sérstaklega stór hópur kjósenda finna sig í því að skoða efni frá 500 frambjóðendum. Ef þú eyðir fimm mínútum í hvern þeirra þá ertu kominn í 2.500 mínútur og það eru 42 klukkustundir. Það er heil vinnuvika. Þannig að það að engin leið að kjósendur geti kynnt sér þessa 500 frambjóðendur af einhverju viti,“ segir Gunnar.

Þá skapist hætta á að kjósendur grípi einfaldlega þá frambjóðendur sem hendi séu næstir, „frændfólk eða fólk úr sama sveitarfélagi, landshluta eða stjórnmálaflokki. Þá munu þeir sem eru þekktir hafa forskot. Þetta þýðir að tilgangur persónukjörsins sem slíks – sem er umræða óháð slíkum þáttum – er farinn. Þetta fyrirkomulag býður ekki upp á það.“

> Það er enginn leið að kjósendur geti kynnt sér þessa 500 frambjóðendur af einhverju viti

### Hefði þurft kjördæmi

En þýðir það ekki að fyrirkomulagið sé gallað? Á því leikur ekki nokkur vafi, að mati Gunnars. Þeir sem fyrirkomulagið sömdu hafi greinilega ekki velt því nægilega fyrir sér hvernig gæti farið.

Gunnar telur hins vegar að það hefði mátt koma í veg fyrir vandamálið. Ein leið hefði verið hóflegt framboðsgjald – til dæmis tíu þúsund krónur. „Þá myndirðu losna við þá sem væru bara að gera þetta algjörlega út í loftið.“ Önnur leið hefði verið að hafa hærri meðmælenda- eða vottaþröskuld.



„Einfaldasta og skynsamlegasta aðferðin hefði hins vegar verið að hafa kjördæmi,“ segir Gunnar Helgi. „Það er upplýsingaástand sem er miklu viðráðanlegra fyrir kjósendur og mér finnst illskiljanlegt af hverju það var ekki gert.“

### Þorri fólks mun ekki skilja

Annað sem kann að valda fólki vandræðum er nýtt kosningakerfi, sem er ólíkt flóknara en það sem við höfum vanist til þessa. „Ég held að það sé alveg öruggt að þorri almennings mun ekki átta sig á því hvernig það virkar,“ segir Gunnar Helgi.

„Ég veit hins vegar ekki hversu alvarlegt vandamál það er. Það þýðir að það verður svolítið flókið fyrir fólk að átta sig á því hvernig það á að nota atkvæðið sitt,“ útskýrir hann. Hvort til dæmis sé mikilvægt að fullnýta atkvæðaseðilinn eða nóg sé að velja nokkur nöfn. „Fyrir fólk sem skilur ekki kosningakerfið getur það orðið mjög erfið ákvörðun,“ segir hann.

Gunnar segir fyrirhugaða kosningu líklega einstaka í heimssögunni. Aldrei fyrr hafi verið kosið á milli jafnmargra frambjóðenda í einu persónukjöri, enda sé persónukjör ekki hugsað fyrir svo marga. „Ég kann ekkert dæmi um neitt sem er nálægt þessu. Þetta sprengir algjörlega upplýsingamöguleika kjósenda.“

**stigur@frettabladid.is**







ÞEGAR ALLRA VEÐRA ER VON
LAUGAVEGUR - dúnúlpa frá 66°NORÐUR
Létt og lipur
Skjólgóður kragi sem fellur vel að hálsi
90/10 dúnfylling með 550 fill power
Teygjubryddingar á ermum og faldi
Sérmótað snið á ermum
Hlýir vasar
Endurskinslógó
Vatnsfráhrindandi 100% nælon
Hægt að snúa við og nota á röngunni
Fæst í mörgum litum: gul, rauð, dökkblá, fjólublá og brún
Verð: 28.500 kr.
Höfuðborgarsvæðið: Bankastræti 5, Faxafen 12, Kringlan, Smáralind og Miðhraun 11 Akureyri: Glerártorg Keflavík: Leifsstöð og söluaðilar um allt land
www.66north.is
Klæddu þig vel
66° NORÐUR

**VEISTU SVARIÐ?**



**1** *Hver teiknaði myndirnar á umslagi plötunnar Ágætis byrjun með Sigur Rós?*

**2** *Raddprufur fyrir hvaða teiknimynd standa nú yfir í hljóðverinu Upptekið?*

**3** *Hvaða leikmanni verður Alex Ferguson, knattspyrnustjóri Man. Utd. nú að sjá af?*

**SVÖR**

**1.** *Götti Bernhöft* **2.** *Teiknimyndina Þór* **3.** *Wayne Rooney*

Ásatrúarmenn ósáttir við notkun þjóðernissinna á heiðnum trúartáknum:

# Sólkross tengist ekki rasisma

**TRÚMÁL** Ásatrúarmönnum sárnaði verulega þegar þjóðernissinnar báru fána með sólkrossi á mótmælunum við Alþingishúsið í upphafi mánaðar. Það kemur fram í grein Jóhönnu Harðardóttur Kjalnesingagoða í nýjasta tölublaði fréttabréfs safnaðarins.

Í greininni segir Jóhanna að málflutningur þjóðernissinna sé vægast sagt í mótsögn við anda sólkrossins.

Vitnar hún einnig til þess að heiðið fólk hafi áður mátt þola að tákn Þórshamarsins, sem í augum ásatrúarmanna tákni styrk og vernd, sé nú betur þekkt sem hakakross og samsamað við nasisma.

Jóhanna segir að það sé þyngra en tárum taki að sjá þjóðernissinna nota sólkrossinn í pólitískum tilgangi, en hún vilji ekki snúa baki við tákninu.



**JÓHANNA HARÐARDÓTTIR** Hún er ósátt við notkun á sólkrossinum

„Við megum alls ekki skríða inn í skel og leyfa litlum hópi manna að svívirða helgitákn okkar. Sólkrossinn er ævafornt tákn hins eilífa hringferlis náttúrunnar (sólar hjá sumum), hann er einnig tákn um höfuðáttir og frumkrafta jarðarinnar og hefur ekkert með rasisma og öfgasinnuð hægriöfl að gera. Munum það og látum alla vita.“ - þj

Bíræfnir þjófar á ferð:

# Skrældu húsið

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglunni á Selfossi hefur verið tilkynnt um þjófnað á öllum innréttingum og hreinlætistækjum úr húsi í Tjarnabyggð við Kaldaðarnes í Árborg.

Húsið hafði verið selt á uppboði fyrr í mánuðinum. Vitað er að allt það sem horfið er var í húsinu í byrjun september síðastliðins. Engar vísbendingar eru um hver hafi fjarlægt innréttingarnar og er málið í rannsókn. Lögregla biður þá sem veitt geta upplýsingar um málið að hafa samband í síma 480 1010.

- jss

Iðgjöld tryggingafélaganna:

# Hækkuðu um þrjátíu prósent

**NEYTENDAMÁL** Iðgjöld tryggingafélaganna hækkuðu um nær þrjátíu prósent á tveggja ára tímabili, samkvæmt úttekt Neytendasamtakanna. Á sama tíma tóku eigendur þriggja stærstu félaganna út úr þeim eignir fyrir rúma 42 milljarða króna.

Neytendasamtökin létu gera verkefnisskýrslu fyrir nokkru og bar skýrslan nafnið Þrautir neytenda á sviði vátrygginga. Í skýrslunni kemur fram að iðgjöld vátrygginga hækkuðu verulega á árunum 2006 til 2007 eða um 27,6% á meðan almennar verðbreytingar á sama tíma voru 12,5%.

Því hafi verið um mikla raunhækkun að ræða og tryggingaiðgjöld orðin stór liður í útgjöldum heimilanna.

- ghh

Starfsmenn Kaupþings:

# Þriðjungur á ekki fyrir láni

**VIÐSKIPTI** **Um þriðjungur starfsmanna Kaupþings sem fengu lán til hlutabréfakaupa á ekki fyrir skuld sinni við þrotabúið. Fimmtán starfsmenn hafa þegar gert upp sín mál.**

**Slitastjórn Kaupþings sendi fyrir nokkru þeim starfsmönnum bankans sem höfðu fengið lán til hlutabréfakaupa riftun á niðurfellingu persónulegra ábyrgða. Heildarfjárhæð lánanna var nálægt 32 milljörðum króna en tæplega helmingur þeirrar fjárhæðar var veittur að láni með persónulegri ábyrgð sem nam í flestum tilfellum um 10 prósentum.**

**Samkvæmt fréttastofu Stöðvar 2 hafa um fimmtán starfsmenn þegar gert upp sín mál og bendir flest til þess að sáttir náist í um helmingi skuldamálanna.**

- ghh

# Einkareknir skólar gagnrýna breytingar

**Sjálfstætt starfandi skólar í Reykjavík hyggjast ekki breyta neinu í samskiptum sínum við kirkjuna þrátt fyrir breytingartillögur mannréttindaráðs. Taugaveiklunarleg samþykkt hjá meirihluta, segir skólastjóri Landakotsskóla.**

**MENNTAMÁL** Formaður Samtaka sjálfstætt starfandi skóla, Margrét Pála Ólafsdóttir, segir jákvætt að borgaryfirvöld hugsi um fjölbreytileika nemenda í leik- og grunnskólum Reykjavíkur og mikilvægi þess að réttur allra sé virtur. Aftur á móti þykir Margréti Pálu óheppilega farið að hugmyndinni.

Mannréttindaráð Reykjavíkurborgar lagði nýverið fram breytingartillögur um samstarf kirkju og leik- og grunnskóla á höfuðborgarsvæðinu. Í tillögunum felst meðal annars að börn skuli ekki heimsækja kirkjur á skólatíma, prestar skuli ekki koma í heimsóknir í skóla og sálmar skuli ekki sungnir í trúarlegum tilgangi. Tillögurnar liggja nú hjá menntaráði, velferðarráði og íþrótta- og tómstundaráði sem eiga eftir að útfæra þær og samþykkja. Tillögurnar eru mestmegnis unnar upp úr úttekt sem gerð var árið 2007 um samskipti skóla og trúarlegra stofnana.



**ÍSAKSSKÓLI** Skólastjóri Ísaksskóla segir kirkjuferðir vera hluta af almennu skólastarfi og er hugsi yfir breytingartillögum. FRÉTTABLAÐIÐ/GUN

„Ég hef alltaf haft blendnar tilfinningar gagnvart því að bæjaryfirvöld eða ríki hlutist um of í starfsemi skóla. Ég trúi því að kennarar, foreldrar og skólastjórnendur skapi þá menningu sem allir eru sáttir við,“ segir Margrét Pála.



**MARGRÉT PÁLA ÓLAFSDÓTTIR**



**SÖLVI SVEINSSON**

Sölvi Sveinsson, skólastjóri Landakotsskóla, segir skólann, sem upphaflega var kaþólskur og rekinn af nunnum, eiga margvísleg tengsl við kirkjuna og þeim verði ekki breytt. Skólahald sé sett og því slitið inni í kirkju og það standi í stofnskránni að foreldrar nemenda skuli bera virðingu fyrir kristilegum gildum.

„Við höldum í heiðri margvíslegar hefðir á aðventunni og því verður ekki breytt,“ segir Sölvi. „Satt að segja finnst mér þetta taugaveiklunarleg samþykkt hjá mannréttindaráði.“

Sigríður Anna Guðjónsdóttir, skólastjóri Ísaksskóla, segir sálmasöng og kirkjuferðir ætíð hafa verið hluta af skólastarfi Ísaksskóla. „Það eru sungnir sálmar í hverri viku og það er hluti af skólastarfinu, sem og kirkjuferðir og kirkjukaffi í kringum jólin,“ segir hún. „Svo ég er hugsi. En þessar hugmyndir eru ekki orðnar að veruleika.“

Skólaárið 2008-2009 voru 666 nemendur í þeim níu einkareknu grunnskólum sem á landinu eru.

sunna@frettabladid.is




Skíðaferðir

**Montafon dalurinn**

Skíðaparadís á einstökum kjörum

Fá svæði í Austurríki eru jafn vinsæl og Montafon-dalurinn. Fjölbreyttar brekkur sem henta öllum, stutt í lyftur og frábær gisting í litlum, fjörugum bæjum. Eitt besta skíðasvæði sem völ er á – **og verðið er einstakt**.

**Um er að ræða þrjú hótel:**

- Hotel Alpenrose í Gortipohl
- Hotel Gasthof Adler í Gallenkirch
- Hotel Hubertusklause við Gaschurn

**Dagsetningar:**

Allir laugardagar frá 29. janúar til 5. mars 2011

**Innifalið:** Flug með sköttum og öðrum greiðslum. Gisting í rúmgóðum herbergjum ásamt morgunverði, 4 rétta kvöldverður og fríar ferðir með skíðavagni um allan dalinn.

**Vikuferð á mann í tvíbýli frá**

**139.000 kr.**

Nánari upplýsingar á **expressferdir.is** eða í síma **5 900 100**

**Express ferðir**

Ferðaskrifstofa í eigu Iceland Express

Fíton / SÍA


Rauði krossinn, MK og matreiðslumeistarar semja um rekstur neyðarmötuneyta:

# Meistarar í neyðarmötuneyti

**SAMFÉLAGSMÁL** Rauði kross Íslands hefur samið við Menntaskólann í Kópavogi og Klúbb matreiðslumeistara um samstarf við rekstur neyðarmötuneyta, en samningur þess efnis var undirritaður í gær.

Í tilkynningu frá Rauða krossinum segir að neyðarmötuneyti þessi séu meðal annars starfrækt tímabundið í fjöldahjálparstöðvum Rauða krossins, þjónustumiðstöðvum almannavarna og í aðstöðu fyrir hjálparlið í kjölfar náttúruhamfara eða annarra alvarlegra atburða.

Í samningnum felst að stofnaður er faghópur sem allir aðilar koma að og verður deildum Rauða krossins til ráðgjafar. Þá verður útbúin handbók um rekstur neyðarmötuneyta, sem og kortlagning og flokkun eldhúsa í fyrirfram ákveðnum fjöldahjálparstöðvum.

Hótel- og matvælasvið Menntaskólans í Kópavogi mun veita ráðgjöf um gerð handbókarinnar og hafa eftirlit með öruggri meðferð matvæla. Þá mun Klúbbur matreiðslumeistara annast þróun uppskrifta fyrir neyðarmötuneytin og annast eftirlit með eldhúsum, birgjum og flutningsleiðum. - þj



**MEISTARAR AÐ VERKI** Matreiðslumeistarar mættu í fullum skrúða til að skrifa undir samninginn. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

BK BALDONI KITCHEN FURNITURE

*... eitt hagstæðasta verðið á markaðnum*

Allt að 40% afsláttur

+5% staðgr.afsláttur

# VANDAÐAR HÁGÆÐAELDHÚSINNRÉTTINGAR



LINE Glerhörð, kámfrí áferð
Hvítt lakkað háglans, höldulaus



COUNTRY Glerhörð, kámfrí áferð
Fulningur - hvítt lakkað, háglans

til afgreiðslu af lager



HORIZONTAL
Spónlögð amerísk hnota



DUCALE
Ljós eik - innfelld handföng



DUCALE Glerhörð, kámfrí áferð
Hvítt lakkað háglans, innfelld handföng

## ÞVOTTAHÚSinnréttingar



*Heil innrétting fyrir þvottavél og þurrkara*

TILBOÐ! 49.900-

DRAUMA ELDHÚS

www.i-t.is

INNRÉTTINGAR OG TÆKI STYÐJA VERKEFNIÐ:

LIONSKLÚBBURINN FJÖLNIR - hjálp til heilbrigðis

KRÝSUVÍK

INNRÉTTINGAR & TÆKI - fyrir þitt heimili

Opið virka daga frá kl. 9-18 • laugardaga kl. 11-15

Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is

# Stjórn fiskveiða

**Opnir umræðufundir í Reykjavík og á Akureyri í framhaldi af skýrslu starfshóps um endurskoðun á lögum um stjórn fiskveiða.**

**Í dag 21. október kl. 18-21, Borgartúni 6, Reykjavík.**
**Laugardaginn 23. október kl. 11-14 á Hótel KEA, Akureyri.**

**Samningsleið, tilboðsleið - hvert förum við héðan?**
Ólína Þorvarðardóttir, varaformaður sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar Alþingis

**Bless og takk fyrir fiskinn. Skýrsla sáttanefndar.**
Róbert Marshall, fulltrúi í sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd Alþingis

**Heildstæð auðlindastefna. Auðlindasjóður Íslands.**
Gunnar Tryggvason, verkfræðingur

**Er tekjulaus eign þjóðinni einhvers virði?**
Dr. Þórólfur Matthíasson, prófessor, Háskóla Íslands

Fyrirspurnir og almennar umræður eftir því sem tíminn leyfir.
Súpa seld á staðnum.

Fundarstjóri í Reykjavík: Margrét S. Björnsdóttir, form. framkvæmdastjórnar Samfylkingarinnar
Fundarstjóri á Akureyri: Helena Þ. Karlsdóttir, formaður Samfylkingarinnar á Akureyri

**Allir velkomnir**



Samfylkingin xs.is







Tvítugur karlmaður dæmdur fyrir líkamsárás í Kópavogi:

# Fimm mánuðir fyrir hnífaárás

**DÓMSMÁL** Tvítugur karlmaður hefur verið dæmdur í Héraðsdómi Reykjaness í fimm mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir að ráðast á mann með hnífi og veita honum áverka á höfði og líkama.

Árásin átti sér stað á heimili hnífamannsins í Kópavogi í byrjun apríl 2008. Pilturinn sem ráðist var á hlaut skurði í hársverði, á vinstri öxl og sár á hægri síðu.

Mönnunum hafði orðið sundurorða. Fórnarlambið neitaði að yfirgefa heimilið. Árásarmaðurinn, sem var ölvaður við handtöku, viðurkenndi verknaðinn við yfirheyrslu lögreglu daginn eftir.



**HÉRAÐSDÓMUR REYKJANESS** Maðurinn var dæmdur í fimm mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir hnífaárás.

Dómurinn leit til þess við ákvörðun refsingarinnar að hinn dæmdi framdi brotið eftir nokkra ertingu frá brotaþola. Einnig var litið til þess að árásarmaðurinn játaði sakargiftir við alla meðferð málsins og lagði sig fram við að upplýsa málið. Var það virt honum til málsbóta. Enn fremur að ákærði var einungis sautján ára þegar brotið var framið.

Hins vegar var litið til þess við ákvörðun refsingar að það að leggja til manns með hnífi væri sérstaklega hættuleg árás enda til þess fallin að geta valdið miklu líkamstjóni. - jss

# Skýra þarf betur lög um félagagjöldin

**Dómur Hæstaréttar um félagagjöld hefur ekki áhrif á búnaðargjald sem bændur greiða Bændasamtökunum. Gjaldtakan má ekki stangast á við stjórnarskrá.**

**STJÓRNSÝSLA** Óvíst er hvort dómur Hæstaréttar um töku félagsgjalds af útgerðarmanni til Landssambands smábátaeigenda sem ekki á aðild að sambandinu hafi áhrif á búnaðargjald sem bændur greiða af búvöruverði til Bændasamtakanna.

„Þrátt fyrir dóm Hæstaréttar er ekki þar með sagt að innheimta búnaðargjalds sé ólögmæt eða brjóti í bága við stjórnarskrá,“ segir Elías Blöndal Guðjónsson, lögfræðingur Bændasamtakanna. Hann bendir á að öll félögin sem fái hlut af búnaðargjaldinu hafi lögboðnum verkum að sinna, svo sem að efla og þróa landbúnað.

Hlutur Landssambands smábátaeigenda af félagagjaldinu er eina tekjulind þess. Örn Pálsson, framkvæmdastjóri Landssambands smábátaeigenda, sagði í samtali við Fréttablaðið í gær niðurstöðuna geta leitt til þess að sambandið verði að leita sér annarra tekjuleiða.

Búnaðargjaldið fer lögum samkvæmt til búgreinafélaga og Bjargráðasjóðs. Bændasamtökin fengu 105 milljónir króna af gjaldinu í fyrra. Elías segir þetta hluta af nokkrum tekjuleiðum samtakanna.



**ELÍAS BLÖNDAL** Lögfræðingur Bændasamtakanna segir ólíklegt að dómur Hæstaréttar um félagagjöld hafi áhrif á búnaðargjald bænda. Skýra þurfi lög um gjaldið betur.

Endurskoðun á félagagjaldinu hefur lengi legið á borði hins opinbera. Umboðsmaður Alþingis skoðaði réttmæti félagagjalda smábátaeigenda að eigin frumkvæði árið 2001. Hann mælti með endurskoðun gjaldtökunnar. Starfshópur á vegum forsætisráðuneytis komst að sambærilegri niðurstöðu fyrir tæpum tveimur árum. Þá lýsti Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra því yfir á Alþingi í vor í kjölfar dóms Mannréttindadómstóls Evrópu að innheimta á iðnaðarmálagjaldi bryti í bága við Mannréttindasáttmála Evrópu, og að gjaldtakan verði skoðuð. Sú vinna stendur enn yfir.

Breytingar á búnaðargjaldi liggja fyrir Alþingi. Elías segir að gera megi ráð fyrir áhrifum dóms Hæstaréttar og Mannréttindadómstólsins á það. „Það getur vel verið að skýra þurfi lögin betur og herða eftirlitið til þess að gjaldtakan standist stjórnarskrá,“ segir hann.

jonab@frettabladid.is

Börnum fækkar í kirkjunni:

## 12,5 prósenta fækkun skráðra

**ÞJÓÐKIRKJAN** Hlutfall skráðra barna og unglinga í Þjóðkirkjuna hefur fækkað um 12,5 prósent á síðustu tíu árum. Í dag eru um 80 prósent barna og unglinga undir 17 ára aldri skráð en árið 2000 var hlutfallið í kringum 90 prósent.

Nú eru 64.790 börn og ungmenni undir 18 ára aldri skráð í Þjóðkirkjuna samkvæmt vef Hagstofunnar. Árið 2000 voru þau 69.865. Á þessu sama tímabili hefur börnum og unglingum á þessum aldri fjölgað úr 77.855 í 80.682. Það af leiðandi er raunfækkun barna og unglinga í Þjóðkirkjunni 12,5 prósent.





N1

HJÓLBARÐAVERKSTÆÐI N1

REYNSLUBOLTAR MEÐ RÍKA ÞJÓNUSTULUND

MICHELIN
COOPERTIRES
KUMHO TYRES

KOMDU VIÐ Á NÆSTA HJÓLBARÐAVERKSTÆÐI N1. VIÐ TÖKUM VEL Á MÓTI ÞÉR.

- Hjólbarðaþjónusta fyrir alla bíla, stóra, smáa, gamla og nýja
- Fagleg og skjót vinnubrögð
- Hagstætt verð
- Landsins mesta úrval af dekkjum og felgum
- Á dekkjahótelum N1 býðst þér að geyma sumardekkin gegn vægu gjaldi

Kynntu þér nýja vefverslun með hjólbarða á **www.n1.is**

WWW.N1.IS / SÍMI 440 1000 Meira í leiðinni



**Framboð til stjórnlagaþings**

Erlingur Sigurðarson
Gunnar Þór Stefánsson
**Kjartan Þór Ragnarsson**



**Kristbjörg Þórisdóttir**



Íris Lind Sæmundsdóttir

**Ólafur Jakobsson**
Ólafur Proppé



# Gólfefni

## Gerið verðsamanburð á öllum vörum, EKKI BARA TILBOÐUM!



Martinelli, 3 stafa Eik Natur 2200x189x14mm

**3.790** kr. pr. $m^2$




Steirer, Austurrískt gæða smelluparket, 3 stafa Eik 2200x182x14x4mm

**4.690** kr. pr. $m_2$

**MELLERUD hreinsiefni fyrir parket 1L**

**1.495**



Martinelli, 3 stafa Eik hvíttuð, olíuborin 2200x189x14mm

**3.990** kr. pr. $m^2$



8.3mm

Plastparket eik, 1220x195x8.3mm

**1.295** kr. pr. $m^2$



Champion, grá Slate Stone 30x60cm, gegnheil, inni og úti

**2.990** kr. pr. $m^2$



Gólfflís, metalic 30x60cm

**3.990** kr. pr. $m^2$



Sandstone, gólfflís, brún 45x90cm

**3.990** kr. pr. $m^2$



Jazz club kaki, 50x50 cm

**2.390** kr. pr. $m^2$



Stone silver, 50x50 cm

**2.990** kr. pr. $m^2$



Trauma Cafe brun, 50x50 cm

**3.990** kr. pr. $m^2$



Taras Bone,33x66 cm

**2.690** kr. pr. $m^2$



Samara Bone, 25x40 cm

**1.995** kr. pr. $m^2$



Gólfflísar 30x30cm á þvottahús, geymslur og bílskúra

**1.190** kr. pr. $m^2$



Vegg, ljósgrá, grá 20x20cm

**1.290** kr. pr. $m^2$



Vegg, hvít, grá 10x10cm

**1.690** kr. pr. $m^2$



Kai, bílskúrsfl. úti og inni 33,3x33,3 cm

**1.895** kr. pr. $m^2$



**Öll verkfæri til flísalagna á góðu verði**



Gólfflísar 33x33cm

**1.650** kr. pr. $m^2$



Gólfflísar 33x33cm

**1.650** kr. pr. $m^2$



Gólfflísar 33x33cm

**1.650** kr. pr. $m^2$

**LÆKKUM VERÐIÐ Á BYGGINGA-VÖRUM**




Rakaþéttikvoða 7 kg

**4.995** kr.




Fúga **8 kg**

**1.990** kr.




Profiflex flísalím 25 kg

**2.995** kr.


***Reykjavík** Klettháls 7. Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 9-16*
***Kópavogur** Smiðjuvegur 72. GRÓFVARA Opið virka daga kl. 8-18*
***Reykjanesbær** Fuglavík 18. Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-14*
***Akureyri** Furuvellir 15. Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-14*
***Húsavík - Flúðir - Vestmannaeyjar***
***Flísa & Bað markaðurinn** Bæjarlind 6. Kópavogi*

Meiri gæði
Lægra verð
MÚRBÚÐIN

**MÚRBÚÐIN**
*– Afslátt eða gott verð?*

*Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is*


**Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!**



**TURN** Indverski auðkýfingurinn Mukesh Ambani hefur byggt sér þetta 27 hæða hús í Múmbaí. Húsið er 37 þúsund fermetrar, með þremur þyrlupöllum og 160 bílastæðum í kjallara. NORDICPHOTOS/AFP

Jóhannes Jónsson í Bónus jafnar sig eftir sjúkrahúsvist vegna krabbameins:

# Óvíst hvort hann bjóði í Haga

**VIÐSKIPTI** Jóhannes Jónsson, löngum kenndur við Bónus, hefur ekki tekið ákvörðun um það hvort hann leggi fram tilboð eða kaupi hlut í Högum þegar fyrirtækjasamstæðan verður skráð á hlutabréfamarkað eftir áramót.

„Ég er ekki í stuði til að svara því núna. Það mun líða nokkur tími fram að ákvarðanatöku,“ segir Jóhannes, sem nýkominn er heim eftir um tveggja vikna dvöl á sjúkrahúsi vegna baráttu sinnar við krabbamein. Arion banki, sem á 99,5 prósent hlutafjár í Högum, tilkynnti á mánudag að hann áformaði að selja kjölfestufjárfesti 15 til 29 prósenta hlut í fyrirtækinu fyrir skráningu. Áhugasamir fjárfestar gætu lagt fram tilboð í félagið allt.



**JÓHANNES** Stofnandi Bónuss hefur ekki sagt skilið við fyrirtækið að fullu. Hann festir sér helmingshlut í verslunum fyrirtækisins í Færeyjum í desember. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Jóhannes lýsti því yfir þegar hann hætti sem stjórnarformaður Haga í ágústlok að hann hefði fullan hug á að gera tilboð í félagið og eignast Bónus á ný. Jóhannes segir nú að þrátt fyrir þetta hafi hann ekki að fullu sagt skilið við Bónus. Hann hafi keypt helmingshlut Haga í verslunum SMS í Færeyjum. Lyklana fær hann afhenta 1. desember næstkomandi. „Þá verður maður kominn í Bónus aftur.“ - jab

Facebook-vinirnir vinalegri:

# Bull á Facebook sagt mikilvægt

**FÓLK** Yfirborðskennd samskipti á Facebook eru mikilvægari en úrtölumenn gætu talið, samkvæmt niðurstöðum doktorsrannsóknar Håkans Selg við Uppsalaháskóla í Svíþjóð.

„Myndirnar, athugasemdirnar og aðrar færslur minna okkur stanslaust á tilvist vina okkar. Innihaldið skiptir ekki öllu, heldur sú staðreynd að við upplifum það að vinir okkar sem eru einnig vinir okkar á Facebook séu nánari okkur en þeir sem ekki eru á Facebook,“ segir Selg. - bj



**ÞING KOMMÚNISTAFLOKKSINS** Um helgina var afgreidd næsta fimm ára áætlun efnahagslífsins. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Xi hækkaður í tign:

# Lýðræðið bíður seinni tíma

**KÍNA, AP** Xi Jinping, varaforseti Kína, þykir nú líklegur til að taka við af Hu Jintao forseta á næsta flokksþingi kínverska Kommúnistaflokksins, sem haldið verður eftir þrjú ár.

**Xi var á efnahagsþingi flokksins um helgina hækkaður í tign innan herráðs flokksins.**

**Línur skýrðust þó lítt á þinginu um hugsanlegar lýðræðisumbætur. Wen Jinbao forsætisráðherra, sem hefur talað um nauðsyn slíkra umbóta, virðist eiga í baráttu við íhaldssamari félaga sína í flokknum.** - gb

Þota lenti óvænt í Keflavík:

# Fimm farþegar á sjúkrahús

**SAMGÖNGUR** Breiðþota Lufthansa, sem var á leið frá New York til München, þurfti að millilenda á Keflavíkurflugvelli í gærmorgun vegna alvarlegra veikinda fimm farþega um borð.

Á vellinum biðu læknar og sjúkrabílar sem fluttu fólkið á Landspítalann til rannsóknar. Farþegarnir voru allir útskrifaðir seinnipartinn í gær, en að sögn læknis á Landspítalanum er talið að um heiftarlega matareitrun hafi verið að ræða. Sýnishorn af matnum sem fólkið borðaði um borð hefur verið sent sóttvarnalækni til rannsóknar. - sv

# Netglæpamenn geta notað óvarðar tölvur til innbrota

**Verji fólk ekki tölvur sínar er hægt að fjarstýra þeim til að fremja netglæpi. Slíkar varnir gera þó ekkert gegn árásum á netkerfi. Sérfræðingur óttast algera ringulreið yrði stór tölvuárás gerð á íslensk vefkerfi.**

**FJARSKIPTI** Íslenskur almenningur verður sjálfur að gæta að öryggi eigin tölvubúnaðar, bæði til að verja eigin upplýsingar og til að tölvur þeirra séu ekki notaðar til árása eða innbrota í tölvukerfi annars staðar í heiminum, segir sérfræðingur í netöryggi.

„Ef ríkið getur ekki séð um að verja þig verður þú að verja þig sjálfur,“ segir Jón Kristinn Ragnarsson, sem vann meistaraverkefni í alþjóðasamskiptum við Háskóla Íslands um netógnir.

Eins og fjallað var um í Fréttablaðinu í gær eru engar miðlægar varnir til staðar hér á landi gegn tölvuárásum, þrátt fyrir að slíkar árásir geti haft alvarlegar afleiðingar. Bæði Varnarmálastofnun og Póst- og fjarskiptastofnun hafa undirbúið uppsetningu slíkra varna, en ekkert fé hefur fengist til þess að koma þeim á fót.

Jón Kristinn segir almenning geta varið eigin tölvur, þó að stjórnvöld verði að koma að því að verja landið.

Hann segir fólk verða að gæta að því að vírusvörn og eldveggur séu í notkun, og öll forrit séu uppfærð reglulega. Ef þetta sé ekki gert geti tölvuglæpamenn notað tölvur þeirra til að fremja glæpi hvar sem er í heiminum. Einnig sé hægt að nota tölvurnar til að gera álagsárásir, sem geta sett tölvukerfi heilu þjóðanna á hliðina.

Íslensk tölvufyrirtæki eru mjög meðvituð um hættuna sem stafar af tölvuárásum, og stórir rekstraraðilar tölvukerfa þurfa að verjast minni háttar árásum daglega. Öflugar tölvuárásir eru sjaldgæfari, en þó eru þekkt dæmi um slíkt.

Öflug tölvuárás á margar íslenskar vefsíður samtímis gæti haft það í för með sér að samskipti í gegnum tölvur og síma á landinu öllu myndu detta niður. Jón Kristinn segir að ástandið sem það myndi skapa gæti minnt á ástandið 7. október 2008, þegar Glitnir og Landsbankinn féllu.

„Ég er hræddur um að afleiðingarnar yrðu alger ringulreið,“ segir Jón Kristinn. Hann segir að ef ráðist verði á vefsíður bankanna, sem hafi heldur betur verið milli tannanna á fólki erlendis undanfarið, geti það valdið ótta fólks um að peningarnir þeirra séu ekki öruggir. Erfitt verði að koma upplýsingum um ástandið til fólksins ef netið liggi niðri, sem geti alið á enn meiri ótta.

Aukin áhersla á rafræna stjórnsýslu gerir landið sífellt veikara fyrir árásum tölvuglæpamanna. Jón Kristinn segir að stjórnvöld ættu að stofna viðbragðshóp til að bregðast við tölvuárásum, og gera úttekt á helstu veikleikum kerfisins. Þá sé mikilvægt að efla tengslin við hin Norðurlöndin, og tengslin við tölvuvarnadeild Atlantshafsbandalagsins. brjann@frettabladid.is




**GLÆPIR** Tölvuglæpir eru vaxandi vandamál í heiminum. Almenningur getur gert ýmislegt til að verja eigin tölvur, en ekkert hefur verið gert til að verja allt tölvukerfið á Íslandi í heild sinni. NORDICPHOTOS/AFP

## Tölvuvarnir fyrir byrjendur

Vilji hinn almenni tölvunotandi reyna að tryggja að tölvan hans sé ekki í hættu þarf hann að vera með vírusvörn og eldvegg. Einnig er gott að nota vafra sem talinn er hvað öruggastur. Þetta þarf ekki að kosta peninga, heldur er hægt að finna ókeypis forrit á netinu.

- **Vírusvörn:** Avast! býður upp á ókeypis vörn, sjá avast.com.
- **Eldveggur:** Mælt er með Comodo eldveggnum, sjá comodo.com.
- **Uppfærslur:** Secunia sér um að öll forrit séu uppfærð, sjá secunia.com.
- **Vafri:** Google Chrome er talinn góður, sjá chrome.google.com.
- **Upplýsingar:** Hægt er að fá frekari upplýsingar á vefnum, sjá netoryggi.is.

KRÍA
heilgalli
Verð: 7.250 kr.
(Stærðir: 62-86)
POLARTEC® Thermal Pro®



Hlýr og þægilegur heilgalli fyrir þau yngstu.
Hægt er að loka fyrir ermar og skálmar.
66° NORÐUR

KRÍA
jakki & buxur
Verð jakki: 5.500 kr.
Verð buxur: 5.000 kr.
(Stærðir: 62-86)
POLARTEC® Thermal Pro®



Hlýr heilrenndur flísjakki með góðum kraga.
Þægilegar buxur með teygju í mittið.
66° NORÐUR

KRÍA
aukahlutir
Verð húfa: 2.000 kr.
Verð vettl.: 1.800 kr.
(Stærðir: 1-2)
POLARTEC® Thermal Pro®



Hlýir og mjúkir aukahlutir fyrir þau yngstu.
66° NORÐUR

# VÖNDUÐ HEILSURÚM

**Framleiðum rúm í öllum stærðum!**

## 30% AFSLÁTTUR



FAGLEG RÁÐGJÖF OG

## FRÍ LEGUGREINING

Komdu í heimsókn, prófaðu legugreininguna, og fáðu faglega ráðgjöf um val á heilsudýnum, án skuldbindinga!

# Landsins mesta úrval af heilsudýnum

**50% afsláttur af heilsukoddum**
**Verð frá 3.500 kr**



**Mikið úrval af rafmagnsrúmum**
**Verð frá 192.052,- kr**

**með sérvalinni heilsudýnu.**



## 30% AFSLÁTTUR
### AF HEILSURÚMUM

**VERÐDÆMI:**
Íslensk rúm:
90 x 200 cm - Verð frá kr. 58.000,-
160 x 200 cm (2 dýnur) - Verð frá kr. 139.226,-

Dýnur: 80 x 200 cm - Verð frá kr. 39.473,-

## ÖLL ARINELDSTÆÐI Á 50% AFSLÆTTI

**EITT BESTA VERÐ LANDSINS Á GEL / ETHANOL ARINELDSTÆÐUM.**

**Ethanol uppkveikilögur 2L.**
**Kr. 1.600,-**



## VIÐ FRAMLEIÐUM ÞITT RÚM EFTIR ÞÍNUM ÓSKUM

**Rúmgott framleiðir svæðaskiptar hágæða heilsudýnur í öllum stærðum.**

Löggiltir dýnuframleiðendur, starfandi í 60 ár

**RúmGott** · Smiðjuvegi 2 (við hliðina á Bónus) · Kópavogi · Sími 544 2121
Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 11-16 · www.rumgott.is

VERSLUNIN Rúm Gott ÍSLENSK HEILSURÚM

# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# Allt í matinn á betra verði í Bónus


398 KR. 12 STK
ÍSPINNAR MEÐ SÚKKULAÐI 12 X 60 ml


498 KR. 8 STK
ÍSTOPPAR MEÐ SÚKKULAÐI 8 X 120ml


298 KR. 3 STK
LÚXUS-ÍSPINNAR 3 X 120 ml

## FRÁBÆRT VERÐ Á EUROSHOPPER ÍS


198 KR. 770g
MYLLU SAMLOKUBRAUÐ HVÍTT 770g

BÓNUS MÖMMU-SÚKKULAÐIKAKAN


798 KR. 700g
BÓNUS MÖMMUSÚKKULAÐIKAKAN 700G

*NÝBAKAÐ Í* **BÓNUS**


198 KR. 4 stk
BÓNUS NÝBAKAÐIR KORNKUBBAR 4 stk poki


198 KR. 200g
APPALÓ LAKKRÍSKURL 200g


259 KR. 500g
BÓNUS RÚSÍNUR 500g
*CALIFORNÍU RÚSÍNUR*


98 KR. STK
ILMKERTI Í ÁLBOXUM: *MARGAR ILMTEGUNDIR* !


698 kr. 12 stk
NICKY WC PAPPÍR 12 RÚLLUR


259 KR. 300g
GÓÐ KAUP: SUÐUSÚKKULAÐI 300g


159 KR. 500g
MH SMJÖRLÍKI 500g


359 KR.1 kg
LÍFRÆNT SPELTHVEITI GRÓFT OG FÍNT 1 KG


195 KR.1 kg
EUROSHOPPER SYKUR 1 KG


85 KR.1 kg
EUROSHOPPER HVEITI 1 KG




## Rafræna Bónus gjafakortið er vinsælasta jólagjöfin í Bónus

Þú kaupir inneign að eigin vali á gjafakortið, kortið er áfyllingarkort.
Hafðu samband við **skrifstofu Bónus** og fáðu nánari upplýsingar.
Skrifstofa Bónus er opin frá kl. 9-16 alla virka daga.

**BÓNUS BÝÐUR BETUR**

Hér færðu vildarpunkta
VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# Allt í matinn á betra verði í Bónus




ALI FERSKAR ÚRB.GRÍSAHNAKKASNEIÐAR




ALI FERSKAR GRÍSAKÓTILETTIR

## GRÍSAKJÖT Á GÓÐU VERÐI **GRÍSAKJÖT Á GÓÐU VERÐI** GRÍSAKJÖT Á GÓÐU VERÐI




ALI BAYONNESKINKA 1. FLOKKUR




BÓNUS NÝREYKTUR HAMBORGARHRYGGUR




ALI *ELDUÐ* SPARERIBS/GRÍSARIF




KAUPFÉLAG SKAGFIRÐINGA; FROSIÐ LAMBALÆRI 2010 SLÁTRUN




ÍG FROSNAR GRÍSAHNAKKASNEIÐAR M/BEINI

NAUTA Veisla

Í VERSLUNUM BÓNUS




N.V FERSKT NAUTAGÚLLAS




N.V FERSKIR NAUTABORGARAR
4 STK M/BRAUÐI




N.V FERSKT NAUTAPIPARSTEIK




N.V FERSKT HAKK




N.V FERSKT NAUTASNITSEL

BÓNUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu vildarpunkta
VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

## Útgjöldin

> Kílóverð á kaffi í ágúst




Heimild: Hagstofa Íslands.

# neytendur

*hagur heimilanna*

**NEYTANDINN:** Sigurður Þ. Ragnarsson

## *Skjóltjaldið þoldi ekki rokið*



„Bestu kaupin sem ég hef gert eru fasteign sem ég keypti mér á Spáni,“ segir Sigurður Þ. Ragnarsson veðurfræðingur þegar hann er spurður út í bestu og verstu kaup sín.

„Það er gott að eiga skjól á þessum síðustu og verstu tímum þegar allt er hér á hverfanda hveli. Þá er ekki verra að vita af öruggu skjóli og góðu veðri.“

Sigurður segir hins vegar að nokkur tilvik komi til greina sem verstu kaupin. „En þegar ég horfi á það sem hefur haft minnst notagildi er það tvímælalaust skjóltjald sem ég keypti í Rúmfatalagernum hér um árið. Það entist í nákvæmlega þrjár og hálfa mínútu. Ég hafði hugsað mér að eiga góða stund í íslenskri náttúru við tjaldhýsið, en eftir að hafa eytt miklum tíma í uppsetningu, þar sem ég þurfti meðal annars að kaupa fleiri stög, féll það við fyrstu hviðu. Sú var nú ekki nógu kröftug til að breyta hárgreiðslunni, en beygði súlurnar og reif tjaldið. Þannig að það verður ekki mikið lélegra.“

## GÓÐ HÚSRÁÐ

### EKKI RÍFAST UM PENINGA



HELGI HJÖRVAR

„Það húsráð sem hefur dugað okkur hjónunum best í liðlega tuttugu ár er sú gullna regla að rífast aldrei um húsverk og peninga,“ segir Helgi Hjörvar, alþingismaður Samfylkingarinnar. Helgi segir regluna vera mikilvægan hluta af því að viðhalda góðum anda á heimilinu. „Nóg er nú víst samt að takast á um,“ segir Helgi.

■ **Verslanir**

## 50% afsláttur af ávöxtum í Krónunni

Verslanir Krónunnar bjóða nú upp á 50 prósenta afslátt af völdum tegundum af ávöxtum og grænmeti á laugardögum. Er þetta gert að fyrirmynd þeirra ýmsu verslana sem gera slíkt hið sama með sælgæti á þeim dögum. Kristinn Skúlason, framkvæmdastjóri Krónunnar, segir framtakið hafa gefist mjög vel og aldrei sé að vita nema verslanirnar þrói tilboðin enn frekar. Nú er boðið upp á þrjár til fjórar tegundir af ávöxtum á tilboði og eina grænmetistegund. Kristinn segir þetta hafa verið gert til að koma til móts við þá neytendur sem vilji halda sig við hollustu á laugardögum.



# Á að banna transfitu á Íslandi?

**Rannsóknir sýna að transfitusýrur hafa afar slæm áhrif á heilsuna. Nú hefur verið lagt fram frumvarp sem bannar þær í matvælum hér á landi. Danmörk varð fyrst allra landa í heiminum til að banna transfitu í mat og segir Dr. Steen Stender yfirlæknir það hafa gefist afar vel.**

Frumvarp var lagt fram á Alþingi í síðustu viku um að setja löggjöf sem banni transfitu (herta fitu) í matvælum hér á landi. Danmörk var fyrsta landið í heiminum til að setja takmarkandi reglur um iðnaðarframleiddar transfitusýrur í matvælum og gildir það einnig um innflutt matvæli.

Löggjöfin var sett árið 2003, fyrir tilstuðlan rannsókna Steens Stender, yfirlæknis í lífefnafræði við Gentofte-spítalann í Danmörku. Stender heldur erindi á aðalfundi Læknafélags Íslands í dag, þar sem meðal annars verður rætt um hvort samþykkja eigi frumvarpið sem lagt var fram á þingi.

Stender segir magn transfitu í matvælum vera margfalt hærra hér á landi en á hinum Norðurlöndunum og muni mæla með því við heilbrigðisnefnd Alþingis í dag að samþykkja frumvarpið.

„Það kom mér á óvart hversu hátt hlutfallið var í matnum á Íslandi,“ segir Stender, sem telur eina ástæðuna vera tengsl landsins við Bandaríkin.

„Kosturinn við að banna transfitusýrur er sá að það þarf í raun ekki að mennta fólk um hættuna sem þeim fylgja. Einnig er óþarfi að taka fram magn á pakkningum, vegna þess að innihaldið er aldrei meira en 2 prósent af heildarfitumagni.“

Neysla á transfitu getur aukið líkurnar á kransæðastíflu og öðrum hjartasjúkdómum um 25 prósent.

sunna@frettabladid.is

### Hvað eru transfitusýrur?

Transfita (hert fita) myndast þegar fljótandi olía er hert. Einnig er slíka náttúrulega fitu að finna í vömbum jórturdýra.

Hert fita eykur geymsluþol vöru. Hún getur verið allt að 60 prósent af heildarmagni fitu í hinum ýmsu vörum, eins og frönskum kartöflum, kexi, kökum, örbylgjupoppi, pakkasúpum og kartöfluflögum. Hér á landi eru engar reglur sem takmarka magn hertrar fitu í matvælum. Neysla á 5 grömmum af hertri fitu á dag eykur líkur á hjarta- og æðasjúkdómum um allt að 25 prósent. Samsett máltíð úr djúpsteiktum kjúklingi, frönskum kartöflum og kokteilsósu getur auðveldlega innihaldið 40 grömm af hertri fitu. Transfita er bönnuð í Danmörku, Sviss og Austurríki. Strangar reglur um innihaldslýsingar eru í Kanada og Bandaríkjunum, en veitingastaðir í New York og Kaliforníuríki hafa tekið fyrir framleiðslu á mat með transfitu.





www.ellingsen.is

## ALLT FYRIR RJÚPNAVEIÐINA!

Mikið úrval skotvopna og fylgihluta af ýmsu tagi. Gæðamerki frá heimsþekktum framleiðendum. Komdu við í Ellingsen áður en þú heldur til rjúpnaveiða.

# ERTU KLÁR FYRIR RJÚPUNA?



**Tatonka legghlífar**
Hlífa skófatnaði og buxum við bleytu.

Verð **4.990** kr.




**Columbia Daska Pass**
Uppháir gönguskór sem veita stuðning, eru vatnsheldir og anda vel. Henta vel fyrir rjúpnaveiði í íslenskum aðstæðum.

Verð **30.392 kr.** Áður 37.990 kr.



**Handblys, rautt**
Nauðsynlegt öryggistæki fyrir alla sem halda á veiðar.

Verð **2.267** kr.



**Red Feather snjóþrúgur**
Auðvelda yfirferð í snjóþungu landslagi, 1,5 kg að þyngd.

Verð **25.490** kr.



**Hawke sjónaukar**
Góðir og traustir sjónaukar. Nauðsynlegir í allar veiðiferðir.

Verð frá **4.990**



**Browning Phoenix Composite 28”**
Browning Phoenix Composite fæst með 28 tommu hlaupi og skiptanlegum þrengingum. Fislétt og með áreiðanlegri gasskiptingu frá Winchester.

Verð **199.900** kr.



**Remington 870 Express**
Pumpa með svörtu skefti. Sterk, örugg og ein besta byrjendabyssan á markaðnum.

Verð **76.900** kr.




Rjúpnaskot frá Winchester og Remington

Verð frá **1.190** kr.



**Áttavitar**
Áttavitar í miklu úrvali.

Verð frá **8.990** kr.




**Álpokar**
Einangrunarpokar sem koma í veg fyrir hitatap.

Verð frá **690** kr.



**Allen rjúpnaveiðivesti**
Klæðnaður í skærum lit er mikilvægt öryggisatriði í skotveiði.

Verð **7.190** kr.

**Reykjavík**
Fiskislóð 1 • Sími 580 8500
Opið mánudag–föstudag 10–18
Laugardag 10–16

**Akureyri**
Tryggvabraut 1–3 • Sími 460 3630
Opið mánudag–föstudag 8–18
Laugardag 10–16

**Ellingsen**
*– fullt hús ævintýra*

PIPAR\TBWA • SÍA • 102295

**3,0%** **VERÐBÓLGA** verður hér á landi samkvæmt spá Greiningar Íslandsbanka. Gangi það eftir hefur verðbólga ekki verið minni síðan í júní árið 2005. Verðbólga mælist nú 3,7 prósent.

Nýsköpunar er þörf í íslenskum sjávarútvegi:

## Byggir of mikið á hefðum og venjum

„Við sjáum ýmis tækifæri til nýsköpunar í sjávarútvegi. Hann hefur gengið á hefðum og venjum, viðkvæðið er gjarnan að svona hafi hlutirnir verið gerðir í gegnum tíðina og þeim því ekki breytt,“ segir Andri Heiðar Kristinsson, framkvæmdastjóri nýsköpunar- og frumkvöðlasetursins Innovit.

Innovit hefur, ásamt nemendum við Háskóla Íslands og Háskólann í Reykjavík, lokið við markaðsgreiningu á Icelandic Group. Fyrirtækið er alþjóðlegt net sjálfstæðra fyrirtækja í fjórtán löndum sem starfa hvert á sínum markaði við framleiðslu og sölu á sjávarfangi.

Vinnan, sem var að frumkvæði Innovit, hefur staðið yfir frá í fyrrasumar. Hópurinn hefur skilað af sér ítarlegri greiningu á skipulagi fyrirtækisins.

Niðurstaðan er í grófum dráttum sú að mikil tækifæri eru til nýsköpunar hjá stærri fyrirtækjum í sjávarútvegi, svo sem á sviði markaðsmála, skipulagi, stjórnun og vöruþróun. Andri bendir á að mikil samþætting hafi verið í gangi hjá Icelandic Group síðastliðin tvö ár og sé hún langt komin.



**ANDRI** Mögulegt er að leysa úr læðingi aukin verðmæti á fiskmörkuðum með nýtískulegri viðskiptaháttum, að sögn framkvæmdastjóra Innovit.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Hann telur fiskmarkaði á meðal þess sem megi skoða betur. „Þeir eru ekkert ósvipaðir fjármálamörkuðum. Ef nýtískulegri aðferðum væri beitt gætu verðmæti orðið til þar,“ segir hann. **- jab**

# Skuldafyrning gæti umbylt samfélaginu

**Greiningardeild Arion banka segir frumvarp um tveggja ára fyrningu skulda geta valdið því að framboð á húsnæði verði meira en eftirspurn. Verði mögulegt að þurrka út allar skuldir geti orðið grundvallarbreyting á þjóðháttum.**

Stjórnarfrumvarp um styttri fyrningartíma skulda við gjaldþrot – niður í tvö ár – gæti umbylt íslensku fjármálakerfi og þjóðlífi.

Þetta eru í stórum dráttum vangaveltur greiningardeildar Arion banka um frumvarp forsætis- og fjármálaráðherra sem boðað var á þriðjudag.

Greiningardeildin bendir á að til skemmri tíma styrki frumvarpið stöðu skuldara, það geti komið í veg fyrir gjaldþrot og létt á skuldavanda heimilanna.

Á hinn bóginn gætu margir ákveðið að fara gjaldþrotaleiðina. Við það aukist framboð á fasteignamarkaði og eftirspurn dragist saman. Það geti haft í för með sér verri eiginfjárstöðu íbúðareigenda, sem geti leitt til tregðu fjármálafyrirtækja til lánveitinga. Í kjölfarið geti gjaldþrotum fjölgað.

Deildin bendir á að íslensk heimili beri ýmsar aðrar skuldir en húsnæðislán. Hafi fólk möguleika á því að þurrka út skuldir gagnvart Lánasjóði íslenskra námsmanna, kreditkortafyrirtækjum og fleiri með tveggja ára útlegð geti það haft í för með sér grundvallarbreytingar á íslenskum þjóðháttum. Í kjölfarið verði erfiðara að afla lánsfjár, meira verði um eldri bíla en nú og fólk búa í smærri íbúðum en áður. Tekið er fram í umfjölluninni að enn eigi eftir að kynna frumvarpið og því er ekki ljóst hvernig lögin verði útfærð.

jonab@frettabladid.is


**HORFT YFIR MIÐBÆ HÖFUÐBORGARINNAR** Fari svo að fjármálafyrirtæki verði treg til lánveitinga sökum þess hversu auðvelt verði að gera skuldir sínar að engu mun fólk búa í minna húsnæði en áður og aka um á eldri bílum en í dag, samkvæmt framtíðarsýn greiningardeildar Arion banka. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM


# Kjölfestuhlutur í *Högum hf.* boðinn til sölu

Fyrirtækjaráðgjöf Arion banka hf. hefur til sölumeðferðar allt að 99,5% af útistandandi hlutabréfum í Högum hf. Eignarhluturinn er í eigu Eignabjargs ehf. sem er dótturfélag Arion banka. Áformað er að óska eftir því að hlutabréf í Högum verði tekin til viðskipta í kauphöll, á aðalmarkaði Nasdaq OMX Iceland hf., og bjóða fagfjárfestum og almenningi að kaupa hluti í félaginu í aðdraganda þeirrar skráningar.

Gert er ráð fyrir að eignarhald Haga verði dreift, en áður en til þess kemur að almennum fjárfestum verði boðnir hlutir í félaginu er talið æskilegt að upplýsingar liggi fyrir um það hvaða hluthafar muni veita Högum forystu þegar félagið verði skráð í kauphöll. Fyrsti hluti söluferlis á eignarhlut bankans í Högum snýr því að sölu á kjölfestuhlut. Samhliða fyrirhugaðri sölu á kjölfestuhlut verða kannaðir möguleikar á að selja í einu lagi framangreindan 99,5% eignarhlut í Högum.

*Söluferlið – fyrsti hluti*

Í fyrsta hluta söluferlisins er boðinn til sölu kjölfestuhlutur í Högum og er þá miðað við 15-29% eignarhlut. Í þessum hluta ferlisins er jafnframt gefinn kostur á að leggja fram tilboð í allan hlut bankans í Högum sem nemur um 99,5% af útistandandi hlutum í félaginu.

Fyrsti hluti söluferlisins er opinn öllum áhugasömum fjárfestum með til þess bæran fjárhagslegan styrk. Seljandi áskilur sér rétt til þess að takmarka aðgang að þessum hluta söluferlisins, meðal annars ef fyrir hendi eru lagalegar hindranir á því að fjárfestir eignist ráðandi hlut í félaginu, svo sem vegna samkeppnisreglna.

Fjárfestar sem óska eftir að taka þátt í fyrsta hluta söluferlisins eru beðnir að hafa samband við Fyrirtækjaráðgjöf Arion banka. Skulu þeir leggja fram trúnaðaryfirlýsingu á þar til gerðu formi í síðasta lagi miðvikudaginn 3. nóvember 2010.

Sölugögn verða kynnt og afhent þátttakendum á næstu vikum. Tekið verður óskuldbindandi tilboðum til mánudagsins 15. nóvember 2010. Tilboðum skal skilað á þar til gerðu formi.

Í kjölfarið verða tilboðin metin og völdum fjárfestum boðin áframhaldandi þátttaka í fyrsta hluta söluferlisins. Munu þeir fjárfestar fá aðgang að frekari upplýsingum um rekstur og fjárhag Haga áður en óskað verður eftir bindandi tilboðum og gengið til endanlegra samninga um kaup og sölu á kjölfestuhlut (eða öllum eignarhlut bankans) í Högum.

Seljandi áskilur sér rétt til að i) gera breytingar á skilmálum og/eða viðmiðum söluferlisins og/eða ii) ganga til samninga við hvaða tilboðsgjafa sem hann kýs eða hafna öllum.

*Frekari upplýsingar*

Upplýsingar um söluferlið má nálgast hjá Fyrirtækjaráðgjöf Arion banka í síma 444 6805 eða með því að senda tölvupóst á fyrirtaekjaradgjof.hagar2010@arionbanki.is.

hagar

Hagar eru leiðandi fyrirtæki á íslenskum smásölumarkaði. Undir samstæðu Haga falla verslanakeðjurnar Bónus, Hagkaup, Útilíf, verslanir á Íslandi undir vörumerkjunum All Saints, Coast, Day, Debenhams, Dorothy Perkins, Evans, Karen Millen, Oasis, Top Shop, Warehouse og Zara, ásamt innkaupafyrirtækjunum Aðföngum, Hýsingu, Banönum og Ferskum kjötvörum. Á síðastliðnu fjárhagsári, sem lauk 28. febrúar 2010, námu heildartekjur framangreindra eininga 65,1 milljarði króna og var rekstrarhagnaður (EBITDA) þeirra 4,0 milljarðar króna.

Arion banki



**NÓG TIL AF PENINGUM** Kínverski seðlabankinn hefur haft áhyggjur af of góðu aðgengi Kínverja að lánsfé upp á síðkastið. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Einkahlutafélagið Fjárfar er lítið meira en skel með neikvætt eigið fé utan um skuldir frá fyrstu árum Baugs:

# Á minna en ekkert og skuldar milljónir

Einkahlutafélagið Fjárfar tapaði 20,2 milljónum króna í fyrra samanborið við tæpan 22.500 króna hagnað árið á undan.

Félagið var stofnað árið 1998 og heyrði undir Baugs-samstæðuna. Þegar Jón Ásgeir Jóhannesson keypti Vöruveltuna, móðurfélag verslanakeðjunnar 10-11, síðla árs 1998 seldi hann 45 prósenta hlut til Fjárfars og annarra aðila.

Félagið var annað tveggja sem tengdust fyrstu kærum Skattrannsóknarstjóra í Baugsmálinu árið 2004. Málinu var síðar vísað frá dómi.

Samkvæmt ársreikningi Fjárfars fyrsta árið var eigið fé þess tvær milljónir króna en skuldir tæpar 456 milljónir. Eignir voru um og yfir einum milljarði króna fram til 2003 þegar eignir voru seldar. Eftir það voru skuldir miklu meiri en eignir og eigið fé neikvætt upp á annað hundrað milljónir króna. Það sama var upp á teningnum í fyrra. Þá námu skuldir tæpum 175 milljónum króna og eigið fé var neikvætt um tæpar 150 milljónir. Eignir, sem fólust í skammtímakröfum, hljóðuðu upp á 25,3 milljónir króna.

Í uppgjöri Fjárfars segir að óljóst sé hver eigi hlutaféð. Jóhannes Jónsson, kenndur við Bónus, var eini skráði stjórnarmaðurinn fyrir tveimur árum. - jab



**EIN VERSLANA 10-11** Baugur eignaðist verslanir 10-11 í gegnum einkahlutafélagið Fjárfar. Verslanirnar voru fyrir skömmu teknar út úr Haga-samstæðunni. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Óvænt hækkun vaxta í Kína:

## Stjórnvöld slá þensluna niður

Kínverski seðlabankinn kom alþjóðlegum markaðsaðilum á óvart í fyrradag með 25 punkta hækkun stýrivaxta. Síðast var hreyft við vöxtunum í desember 2008. Vextir í Kína eru nú 5,56 prósent.

Hlutabréfavísitölur víða um heim lækkuðu verulega, um og yfir tvö prósent. Það fór heimsmarkaðsverð á hráolíu undir áttatíu dali á tunnu og hefur það ekki verið lægra frá í sumar.

Bloomberg-fréttaveitan segir vaxtahækkunina eðlilega í ljósi útlánaaukningar í Kína, sem hafi vakið verðbólgudraug af værum blundi, og vísbendinga um bólumyndun á þarlendum fasteignamarkaði. Hvort tveggja megi kveða niður með hækkuninni. - jab

Sjávarútvegsráðherra spurður:

## Veit ekki svörin og ætlar ekki að afla þeirra

Jón Bjarnason, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, hefur svarað fyrirspurn í þinginu með þeim orðum að hann hafi engar upplýsingar um efni hennar, honum beri ekki að lögum að safna þeim og geti því ekki svarað.



JÓN BJARNASON

Mörður Árnason Samfylkingunni spurði ráðherrann um eignarhald Íslendinga í erlendum sjávarútvegsfyrirtækjum. Vildi hann meðal annars vita nöfn fyrirtækjanna, hvar þau starfa og hvert talið er að virði hlutar Íslendinga í þeim sé. - bþs



MÖRÐUR ÁRNASON

Lánshæfi Landsvirkjunar:

## Dregið hefur úr áhættu í rekstri

Matsfyrirtækið Standard og Poor's hefur hækkað lánshæfiseinkunn Landsvirkjunar úr BB með neikvæðum horfum í BB+ með neikvæðum horfum.

Í tilkynningu frá Landsvirkjun segir að hækkun lánshæfiseinkunnar stafi einkum af breyttum áherslum í rekstri fyrirtækisins og því að markvisst sé unnið að því að draga úr áhættu í rekstri, svo sem með því að draga úr tengingu tekna við álverð. Þá hafi lausafjárstaða fyrirtækisins styrkst með auknu aðgengi að fjármagni. Það hafi ekki lengur áhrif á lánshæfiseinkunn Landsvirkjunar. - jab






# Ókeypis reikningagerð og innheimta

Útskrift og innheimta reikninga er tímafrekur og kostnaðarsamur þáttur í rekstri hvers fyrirtækis. Inkasso býður þessa þjónustu – ókeypis.

1. **Reikningagerð**
   Við höfum bein samskipti við bókhaldskerfi fyrirtækja, prentum út reikninga og greiðsluseðla með merki fyrirtækis og sendum samdægurs.

2. **Áminningar og eftirfylgni**
   Ef reikningar fást ekki greiddir fara þeir í milliinnheimtu.

3. **Löginnheimta**
   Ef milliinnheimta ber ekki tilskilinn árangur er réttarkerfinu beitt til innheimtu vanskilakrafna.

Einbeittu þér að rekstrinum og láttu okkur sjá um reikningana – **ókeypis.**

INKASSO

inkasso.is

**INKASSO ehf** | Smáratorgi 3 | 201 Kópavogur | Sími 520-4040 | Fax 520-4041 | inkasso@inkasso.is | www.inkasso.is

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Tíma Alþingis sóað í illa ígrunduð mál.

## Er skrýtið að traustið sé lítið?

Í könnun MMR sem birtist í vikunni sem leið var spurt um traust á Alþingi Íslendinga. Aðeins 7,5 prósent þeirra sem afstöðu tóku sögðust bera mjög mikið eða frekar mikið traust til þjóðþingsins samkvæmt könnuninni. Tveir þriðju svarenda sögðust hins vegar bera mjög lítið eða frekar lítið traust til Alþingis.

Það er heldur dapurleg útreið sem þingið fær, ekki síst í ljósi þess að ekki er nema hálft annað ár síðan þjóðin hafði tækifæri til að kjósa nýtt þing í kjölfar skýlausrar kröfu sem hljómaði undir búsáhaldaslætti um afsögn ríkisstjórnar Geirs H. Haarde og kosningar. En þarf einhver að vera hissa á að þjóðin treysti ekki Alþingi?

SKOÐUN
Steinunn Stefánsdóttir
steinunn@frettabladid.is



Á þriðjudag lögðu nokkrir þingmenn úr öllum flokkum nema Samfylkingu fram þingsályktunartillögu um að fela dómsmálaráðherra að efna samhliða kosningunni til stjórnlagaþings til þjóðaratkvæðagreiðslu um hvort halda eigi áfram aðlögunar- og viðræðuferli um aðild Íslands að Evrópusambandinu. Kosið verður til stjórnlagaþings eftir liðlega fimm vikur. Alþingi samþykkti hins vegar í sumar mótatkvæðalaust lög um framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslu þar sem kveður á um að til hennar skuli gengið í fyrsta lagi þremur mánuðum og í síðasta lagi einu ári eftir að tillaga um þjóðaratkvæðagreiðslu hefur verið samþykkt á þingi.

Fyrsti flutningsmaður þingsályktunartillögunnar, Vigdís Hauksdóttir, úr Framsóknarflokki segist einfaldlega hafa gleymt þessu tímarammaákvæði laganna sem hún samþykkti sjálf fyrir aðeins fjórum mánuðum! En hún brá skjótt við og skellti í breytingartillögu á lögunum þar sem tímaramminn er rýmkaður.

Einn meðflutningsmanna Vigdísar í þingsályktunartillögu um þjóðaratkvæðagreiðslu um framhald Evrópusambandsviðræðna er Ásmundur Einar Daðason úr Vinstri grænum. Hann er líka einn flutningsmanna þingsályktunartillögu um að efnt verði til viðræðna um tvíhliða fríverslunarsamning við Bandaríkin.

Að mati flutningsmanna tillögunnar er lykilatriði í endurreisn íslensks efnahagslífs að tryggja íslenskum fyrirtækjum bestu mögulegu viðskiptakjör og tollfrjálsan aðgang að einum stærsta markaði heims, Bandaríkjamarkaði. Það hljómar vel en ólíklegt er að flutningsmenn hafi kynnt sér á hverju hefur helst staðið í fyrri viðræðum um fríverslunarsamning landanna því af hálfu Bandaríkjamanna er forsenda slíks samnings sú að markaðsaðgangur fyrir landbúnaðarvörur verði bættur verulega og er þar með verið að tala um afurðir eins og kjöt og mjólkurvörur. Eða var Ásmundur Einar ekki alltaf á móti innflutningi á landbúnaðarvörum?

Báðar þessar þingsályktunartillögur eru dæmi um illa undirbúin og illa ígrunduð mál sem lögð eru fyrir þingið sem þar með þarf að verja tíma til umfjöllunar um þau. Það er líklega ekki nema von að traust íslensks almennings á Alþingi sé lítið?

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

Sótthreinsun hesthúsa

FUMISPORE OPP

Eftir góða hreinsun á hesthúsinu þá er einfalt að sótthreinsa í kjölfarið með „dós“ af reyksótthreinsiefninu FUMISPORE OPP Sótthreinsiefnið smýgur með reyknum um allt hesthúsið og ekkert svæði „gleymist“. Vinnur vel á bakteríum og myglu.



TANDUR

www.tandur.is • sími 510 1200

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Erfiður dagur

Vigdís Hauksdóttir alþingismaður átti slæman dag í vinnunni á þriðjudag. Ekki var nóg með að hún hefði gleymt ákvæðum laga sem hún samþykkti í sumar heldur skolaðist ýmislegt annað til hjá henni. Sem dæmi misskildi hún Árna Þór Sigurðsson illilega. Hann kvaðst í ræðu ekki vita betur en að á vettvangi ráðherranefndar um Evrópumál hefði verið ákveðið að láta afgreiðslu á svokölluðum IPA-styrkjum bíða. Þetta skildi Vigdís þannig að utanríkismálanefnd hefði látið styrkina bíða. Árni leiðrétti Vigdísi en engum sögum fer af því hvort sú leiðrétting barst óbrengluð í eyru hennar.



### Ætla ekki að ræða það

Þótt Mörður Árnason Samfylkingunni segist ekki ætla að ræða um einhver tiltekin mál er ekki þar með sagt að hann ætli ekki að gera það. Í þingumræðum á þriðjudag sagði hann: „Um trúboð í skólum ætla ég ekki að ræða,“ og mátti eðlilega skilja þau orð á þann veg að hann ætlaði ekki að tala um trúboð í skólum. En svo var aldeilis ekki.



### En ég verð að segja

Þvert á móti ræddi Mörður um trúboð í skólum í svolitla stund. „Ég tel fulla ástæðu til þess að þar sé farið gætilega, skólarnir eru borgaralegar stofnanir á Íslandi og ekki trúarlegar. Ég verð hins vegar að segja að þegar ég sé yfirlit í blöðum um hvað þar fer fram þá hefur nú margt breyst frá því að ég var í skóla. Ég man ekki eftir þessum prógrömmum í kirkjusókninni og prestakomum þegar ég var á þessum aldri og var ég þó ekki í mjög ókristilegum skólum,“ sagði Mörður í þinginu.

bjorn@frettabladid.is

## HALLDÓR




## Hvernig samfélag viljum við sjá?

Samfélagsmál
Elín Björg Jónsdóttir
Formaður BSRB



Um þessar mundir eru tvö ár liðin frá því að bankakerfi landsins hrundi og efnahagskerfið í kjölfarið. Á þessum tveimur árum hefur vissulega margt áunnist, en allt of margt á þó eftir að gera. Mikilvægast af öllu er að þjóðin taki höndum saman og horfi til framtíðar; til þess samfélags sem við viljum búa við hér á landi. Uppgjör og ásakanir eru eðlileg viðbrögð við slíku áfalli sem íslensk þjóð varð fyrir. Nú, tveimur árum eftir hrun, á slíkt uppgjör að eiga sér stað hjá þar til bærum aðilum. Við hin eigum að snúa okkur að því að endurreisa Ísland.

Og hvernig þjóðfélag viljum við sjá? Hugmyndir ríkisstjórnarinnar um það má meðal annars sjá í fjárlagafrumvarpinu og þær eru sláandi. Vegið er að velferðarkerfinu, fjöreggi þjóðarinnar. Enginn skyldi velkjast í vafa um að fjárþörf ríkisins er gríðarlega mikil og öll þurfum við að færa fórnir og taka á okkur byrðar til að mæta henni. Ákvarðanir í dag hafa hins vegar áhrif á það samfélag sem við byggjum börnunum okkar.

Aðgangur almennings að velferðarkerfinu, óháð efnahag og aðstæðum, er hornsteinninn í því velferðarsamfélagi sem launafólk hefur byggt upp hér á landi síðustu áratugi. Núverandi fjárþörf má ekki verða til þess að vegið sé að rótum þess velferðarkerfis.

Í þeim óhjákvæmilega niðurskurði sem fram undan er verður að líta til þess að vinna ekki skemmdir á velferðarkerfinu. Frekar á að fara hægar í sakirnar og greiða niður á lengri tíma, eða að leita annarra leiða, svo sem eins og í gegnum skattkerfið. BSRB hefur til að mynda lagt fram tillögur um frekari hækkun á fjármagnstekjuskatti en fyrirhuguð er, þannig að ekki þurfi að skerða framlög til fæðingarorlofssjóðs og barna- og vaxtabætur.

Velferðarkerfið er ekki tölur á blaði sem hægt er að færa til að vild án afleiðinga. Velferðarkerfið er fólk af holdi og blóði, þjónusta þegnanna og öryggisnet þjóðarinnar. Verði niðurskurðarhnífurinn reiddur of hátt til höggs er hætta á því að óbætanlegur skaði verði unninn á uppbyggingarstarfi genginna kynslóða, til skaða fyrir komandi kynslóðir.

Horfum fram á veginn og byggjum upp réttlátt þjóðfélag nýrra gilda samábyrgðar og jöfnuðar. Til þess að það sé mögulegt, þurfa grunnstoðir velferðarsamfélagsins að standa óhaggaðar. Það er verkefni okkar allra.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Hvað getum við gert? III

Stjórnmál



Sigmundur Davíð Gunnlaugsson
formaður Framsóknarflokksins

Þetta er þriðja grein mín um hvað þarf (að breytast) til þess að stjórnmál fari að virka fyrir almenning og ástæður þess að það er bæði óæskilegt og ósanngjarnt að setja alla flokka undir sama hatt. Í síðustu grein rakti ég þær róttæku breytingar sem Framsókn réðist í og hvernig við sýndum í verki að alvara væri á bakvið þær breytingar. Alla tíð síðan höfum við lagt fram fjölmargar tillögur að lausnum, aðvaranir og ábendingar um hvað betur mætti fara og ráð um hvernig best væri að standa að því. Margt af því hefur þegar sannað gildi sitt og er nú ofarlega í umræðunni eins og rakið verður hér að neðan:

**1. Stjórnmálamenn verða að vinna betur saman**

Þrátt fyrir reynsluna af minnihlutastjórninni höfum við ítrekað boðið stjórnvöldum samstarf við úrlausn mála. M.a. með tillögum í þinginu, þátttöku í samráðsnefndum og með því að teygja okkur langt til að vinna með stjórnvöldum að lausn Icesave-deilunnar. Í mars kynntum við svo kallaðar þjóðarsáttartillögur en stjórnvöld hafa nú boðað slíkt samstarf eftir mótmælin miklu á Austurvelli.

**2. Almenn skuldaleiðrétting**

Tillögur okkar um almenna skuldaleiðréttingu komu til vegna þess að minnihlutastjórnin lagði ekki fram tillögur að því hvernig hún ætlaði að uppfylla skilyrðin fyrir tilveru sinni. Þ.e. hvernig hún hygðist taka á skuldavanda heimila og atvinnulífs (sem var orðið afar aðkallandi þegar í byrjun árs 2009). Rökin sem við færðum fyrir því að hagkvæmt, rétt og sanngjarnt væri að fara þá leið hafa síðan sannað gildi sitt eitt af öðru þótt nú sé reyndar búið að varpa fyrir róða mörgum þeirra tækifæra sem gáfust til að framkvæma leiðréttinguna með skilvirkum og ódýrum hætti. Iðulega höfum við þó ítrekað að við værum reiðubúin til að ræða útfærsluna til að finna þá leið sem á best við á hverjum tíma.

**3. Undirgefni gagnvart erlendum stofnunum og kröfuhöfum**

Þingflokkur framsóknarmanna studdi neyðarlögin í stjórnarandstöðu og frá upphafi höfum við bent á að þær efnahagslegu hremmingar sem þjóðin lenti í kalli á róttækar aðgerðir til að tryggja hagsmuni almennings. Í tvö ár höfum við varað við undirgefni stjórnvalda gagnvart erlendum kröfuhöfum, stjórnmálamönnum og alþjóðastofnunum. Það er skammgóður vermir að reyna að kaupa sér vinsældir erlendis með undirgefni. Til lengri tíma litið skilja allir að Íslendingar eru í þeirri stöðu að þurfa að verja hagsmuni sína af festu, það mundu aðrar þjóðir gera í sömu aðstöðu.

**4. Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn**

Við höfum hvað eftir annað gagnrýnt samstarfið við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn og varað við því að AGS fengi að stýra stefnu stjórnvalda, sérstaklega í ljósi reynslu annarra landa. Jafnframt höfum við bent á aðrar leiðir til lausnar. Oft fengum við bágt fyrir en erlendir sérfræðingar hafa tekið undir einn af öðrum (m.a. tveir Nóbelsverðlaunahafar í hagfræði).

**5. Icesave**

Mánuðum saman var okkur legið á hálsi fyrir að vera of hörð í Icesave-deilunni og máttum þola endalausar „pólitískar loftárásir“ af þeirri ástæðu. Framsóknarmenn voru hvað eftir annað sagðir einangraðir í afstöðu sinni. Á endanum greiddu 98% þeirra sem tóku afstöðu í þjóðaratkvæðagreiðslu atkvæði með þeirri afstöðu sem Framsókn var sögð einangruð í. Öfugt við hrakspárnar styrktist gengið og skuldatryggingaálagið lækkaði í framhaldinu. Sparnaðurinn sem þegar er til kominn vegna lægri vaxtagreiðslna er meiri en nemur öllum skattahækkunum og niðurskurði ríkisstjórnarinnar.

> Þrátt fyrir reynsluna af minnihlutastjórninni höfum við ítrekað boðið stjórnvöldum samstarf við úrlausn mála.

**6. Fyrning gjaldþrotakrafna**

Við höfum barist fyrir því að kröfur vegna gjaldþrota fyrnist á nokkrum árum svo að fólk sem lendir í gjaldþroti geti byrjað að byggja upp að nýju, sjálfu sér, fjölskyldum sínum og samfélaginu til heilla.

**7. Gengisbundin lán og nýju bankarnir**

Hæstiréttur staðfesti ólögmæti gengisbundinna lána. Að mati ráðherra stefndi dómurinn nýju bönkunum í hættu og gat kostað ríkið yfir 100 milljarða króna. Framsóknarmenn leiddu umræðuna um gengisbundin lán með ítrekuðum fyrirspurnum í þinginu frá því á fyrri hluta árs 2009. Við vöruðum við áhættunni sem fylgdi stofnun nýju bankanna og lögðum fram tillögu um ódýrari og áhættuminni leið sem hefði auk þess gert bankana betur í stakk búna til að afskrifa og gegna hlutverki sínu.

**8. Verðtryggingin**

Við höfum lagt mikla áherslu á umræðu um verðtrygginguna og lögðum til að sett yrði 4% hámark á vísitölutenginguna. Loks fengum við, með samningum við ríkisstjórnina, samþykkta stofnun nefndar sem á að hanna leiðir til að afnema eða vinda ofan af neikvæðum áhrifum verðtryggingarinnar.

**9. Heimilin í óvissu**

Þegar ljóst var orðið að stefndi í stór álitamál varðandi gengisbundin lán og aðrar kröfur á heimilin lögðu þingmenn Framsóknar fram frumvarp að lögum um hópmálsókn og flýtimeðferð fyrir dómstólum til þess að slík mál yrðu ekki í óvissu mánuðum og árum saman og héldu um leið samfélaginu í frosti.

**10. Skjaldborgin**

Þegar til stóð að leggja niður samráðshóp þingmanna um stöðu heimilanna síðast liðið vor, þar eð allar aðgerðir sem von væri á væru fram komnar, fengum við því afstýrt. Það gerðum við vegna þess að við blasti að ekki væri nóg að gert. Við töldum allt betra en ekkert en vöruðum ítrekað við því að hinar sértæku lausnir væru óraunhæfar. Það hefur nú sýnt sig þar sem aðeins 128 mál einstaklinga hafa verið leyst með þeim hætti.

Í fjórðu og síðustu greininni tel ég upp nokkur grundvallaratriði til viðbótar og fer loks yfir hvernig staðan er nú og hvað er til ráða.

AFMÆLISTILBOÐ
fimmtudag, föstudag og laugardag

Nautahakk 990 kr kg (100% hreint nautahakk)

Hamborgarar 20% afsláttur, brauðin fylgja með (100% hreint nautahakk)

Okkar vinsælu fylltu grísalundir 1.990 kr kg

Desert ársins í Kjötkompaní,
Sælkeradraumur 20% afsláttur

Kæru viðskiptavinir
þökkum frábærar móttökur
á okkar fyrsta ári.

Kjötkompaní

Dalshrauni 13 og Grensásvegi 48, sími 578-9700










# Hrun samfélags

Samfélagsmál

Þröstur Ólafsson
hagfræðingur



Samfélag okkar er í mikilli mótun. Ný samfélagsgerð er ekki í augsýn. Löngu fyrir hrun mátti greina anga verðandi stakkaskipta. Flest bendir til að við lifum hrunadans samfélags jöfnuðar og samheldni, sem eldri kynslóð Íslendinga þekkti. Hugarfar það sem leiddi til hrunsins náði tökum á þjóðinni án mikillar viðspyrnu. Einkenni þess hugarfars er ekki eingöngu græðgi og þjóðremba, heldur er siðferðisleg hnignun áberandi meðal þjóðfélagshópa. Þessi hnignun hefur birst okkur í ýmsum myndum. Óþokkaskap í slagsmálum, hömluleysi í kynferðismálum og ofbeldi á götum og í heimahúsum, glæpsamlegar viðskiptafléttur bankamanna, fláráðir viðskiptajöfrar að koma ránsfé í skjól; og svo allir litlu svikahrapparnir sem vinna svart eða svíkja undan skatti.

Allt eru þetta birtingarmyndir siðleysis. Skyldi þessi hegðun vera afrakstur uppeldis eða afleiðing lélegrar tónlistar eða glæpamyndaáhorfs? Íslenskt samfélag hefur tekið á sig tvær ásjónur: aðra félagslega, hina andfélagslega. Hópar hafa sagt skilið við borgaralegt samfélag. Þetta kann líka að vera afleiðing þess að bilið milli ríkra og fátækra breikkar og menningarlæsi fer hrakandi. Háværasöm mótmæli og illindi á götum úti eru daglegt brauð. Kannski þarna sé á ferð ótti við að verða undir í þeim félagslegu átökum sem munu fylgja í eftirleik hrunsins?

**Frjálshyggja eða lýðræði**

Þjóðfélagsbreytingar eiga oftast rætur sínar að rekja til ríkjandi efnahagskerfis. Við búum við markaðskerfi. Það byggir á eigingirni og þarfnast einstaklingsfrelsis. Hugmynd frelsisins og hugmynd lýðræðisins stangast á. Frelsið er megininntak frjálshyggjunnar, meðan hugmynd lýðræðisins byggir á jöfnuði. Því frjálsara sem eitt samfélag er, þeim mun meiri hætta er búin almennu sammæli í þjóðfélaginu, en á því hvílir lýðræðislegt og siðað samfélag. Stundum er talað um límið í samfélaginu, sem gerir okkur kleift að sammælast um mikilvæg mál. Við sem fædd erum um miðja sl. öld vorum alin upp við sterkar félagslegar hreyfingar, s.s. stríðandi verkalýðshreyfingu og samvinnuhreyfingu. Hvert okkar var hluti af heild. Samfélagsleg áhrif trúarinnar voru einnig mikil. Þrátt fyrir margvísleg félagsleg átök skapaði þetta mikla samhyggju í íslenskt þjóðfélag, án þess að úr yrði frelsissvipting. Félagshreyfingar voru andsvar fólks við fátækt og misskiptingu.

Þetta var líka mótleikur við einstaklingshyggju. Nú er lítið eftir af þeim félagsmálahreyfingum sem settu svip sinn á öldina. Samvinnuhreyfingin er liðin undir lok og veitir ekkert andóf á markaði. Verkalýðshreyfingin endurómar boðskap markaðarins. Þar er engin barátta, ekkert andóf, bara verðkannanir og hagreikningar. Um samfélagslegan sáttmála Þjóðkirkjunnar ræði ég ekki, læt mér nægja að vitna í síðustu útvarpsmessu, þar sem beðið var um álver í Jesú nafni!

**Samfélagslegt markaðskerfi**

Þegar Þjóðverjar endurreistu hagkerfi sitt eftir seinna stríðið þekktu þeir mótsetningu frelsis og lýðræðis. Þeir reyndu að sætta frelsið og lýðræðið með gildum velsæmis og umhyggju. Úr þessu varð það sem þeir nefndu samfélagslegt markaðskerfi eða „Soziale Marktwirtschaft". Merkilegasta hugmynd að baki því var að markaðsbúskapur hvíldi á forsendum, sem hann sjálfur væri ófær um að skapa. Sá sem starfar í anda hámörkunar hagnaðar og rekstrarlegrar hagræðingar er hagsýnn og klókur, en sú hegðun leiðir ekki af sér betra siðferði.

Þvert á móti nýtir hann sér siðferði sem er til staðar í samfélaginu. Hann nýtir sér leikreglur heiðarleika og trúnaðar og þess siðgæðis sem samfélagslegar dyggðir hafa skapað. Þessar forsendur eru ekki skapaðar af markaðnum, heldur eru þær til staðar svo markaðurinn geti þrifist. Markaðurinn er siðaspillir. Hann étur upp siðferðisforða þjóðfélagsins. Markaðurinn þarf á gráðugum, sjálfselskum einstaklingum að halda, ásamt agalausum og óseðjandi neytendum. Heilbrigt samfélag þarfnast hins vegar lítillátra samborgara sem eru hjálpfúsir og ánægðir með sitt. „Samfélagslegur markaðsbúskapur" takmarkaði völd fyrirtækjanna með öflugu samkeppniseftirliti og stjórnarsetu fulltrúa starfsmanna, svo og fullri skattlagningu útgreidds arðs. Stöðugleiki og samábyrgð í þýsku efnahagslífi eru afleifð þessa og undirrót að velgengni Þjóðverja.

**Tilraunaríki frjálshyggjunnar**

Við Íslendingar tókum andstæðan pól í hæðina. Ísland var gert að tilraunastofu fyrir hreinræktaðan kapítalisma. Öllum höftum eða hindrunum á markaði var rutt úr vegi og dregið var úr eftirliti með starfsemi markaðarins. Bankar sáu um upplýsingar um stöðu þjóðarbúsins. Þessi makalausa tilraun leiddi til dýpsta hruns sem eitt samfélag hefur orðið fyrir um langt skeið. Arfleifð þessarar róttæku frjálshyggju er samanburðarhæf við gjaldþrot hagkerfis kommúnista. Afleiðingar hrunsins eiga eftir að vara í áratugi. Þeir sem innleiddu þetta kerfi bera mikla ábyrgð. Og hnattvæðing hagkerfisins heldur áfram.

Veraldarvefurinn hefur gert alþjóðleg viðskipti afstrakt og ópersónuleg. Ábyrgðin er ógagnsæ. Fjármálaviðskiptin eru tímalaus. Hagkerfi heimsins vex og gerir út á áframhaldandi hagvöxt. Við eyðum sífellt meira af samfélagslegum auði. Við notum meira af auðlindum, spillum umhverfinu og gerum manneskjuna siðblindari – og þrátt fyrir þetta erum við ekkert ánægðari. Hvað nú? Óbreytt leiðarljós eða reynt að læra af reynslunni? Kannski þjóðin sé of lítil til að geta það?

Framhaldsaðalfundur Exista ehf.
28. október 2010

EXISTA

Framhaldsaðalfundur Exista ehf. verður haldinn fimmtudaginn 28. október 2010 í höfuðstöðvum félagsins að Ármúla 3, 5. hæð, Reykjavík, og hefst fundurinn kl. 9:00.

Dagskrá:

1. Ársreikningur félagsins fyrir árið 2009 ásamt skýrslu endurskoðenda lagður fram til staðfestingar. Ákvörðun um greiðslu arðs og jöfnun taps fyrir síðastliðið reikningsár.

Fundargögn verða afhent á fundardegi frá kl. 8:30 á fundarstað.

Reykjavík, 20. október 2010.
Stjórn Exista ehf.

EXISTA ehf. ı Ármúla 3 ı 108 Reykjavík ı Sími 550 8600

# Háskólar í mótun III

Menntamál

Katrín Jakobsdóttir
mennta- og menningarmálaráðherra



Háskólar og æðri menntun gegna æ mikilvægara hlutverki í nútímasamfélagi. Í stuttu máli felst meginhlutverk háskóla í að efla vísindi og fræði með rannsóknum og kennslu; leggja grunn að sérhæfðri fagmennsku; vera grundvöllur framþróunar og nýsköpunar en jafnframt gagnrýnið afl í samfélaginu sem byggir á akademísku frelsi. Óhætt er að fullyrða að háskólar landsins hafi mjög margþættu hlutverki að gegna.

Ég hef orðið vör við það að þegar ég ræði um samfélagslega ábyrgð háskóla spyr fólk iðulega hvort mér sé þá ekki umhugað um kennslu eða rannsóknir. Þvert á móti: Öll þessi hlutverk styðja hvert við annað, ekki síst ef stjórnendur og fagfólk í háskólum er meðvitað um þau. Í grein sinni frá 2007 lýsir Páll Skúlason því að erfiðleikarnir sem háskólar eiga við að etja um þessar mundir stafi líklega af því að samfélagseðli þeirra hafi verið vanrækt. Þetta samfélagseðli hafi verið látið víkja fyrir fyrirtækissjónarmiðinu þegar háskólinn tekur upp á því að laga sig að rökvísi fyrirtækisins, hvort sem þá er átt við framleiðslu eða sölu, og látið í veðri vaka að skyldur hans felist í að skila hagnaði.

**Lærdómur skýrslu rannsóknarnefndar**

Ef við skoðum skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis um það sem fór úrskeiðis í aðdraganda hrunsins er þar mikinn lærdóm að draga en líka margar spurningar sem þarf að svara. Stjórnendur bankanna voru ekki ómenntaðir í þeim skilningi að þeir hefðu ekki prófgráður. Hins vegar má spyrja um menntun þeirra sem viljandi brjóta reglur því að eitt af því sem kom fram í skýrslunni var að það regluverk sem þó var til staðar var ekki virt. Það vekur spurningar um mannlegt eðli – af hverju breyta menn rangt?

Menntun felst ekki aðeins í að fá þjálfun í tilteknu starfi eða verklagi. Hún felst í að efla þroska sinn og skilja hvað felst í því að vera maður. Hún felst í því að temja sér gagnrýna hugsun þannig að hver og einn geti tekið sjálfstæða og gagnrýna afstöðu í flóknum málum Lengi vel hefur þetta verið undirstaða alls háskólanáms í Bandaríkjum Norður-Ameríku að háskólanemar taka grunn í heimspeki, listum og öðrum húmanískum fögum sem á að þjóna þessum tilgangi. En með kröfum um aukna sérhæfingu á öllum sviðum er hættan sú að þessum húmanísku fögum hnigni og raunar sjáum við þess þegar merki. Sá lærdómur sem við gætum hins vegar dregið af rannsóknaskýrslunni er að þetta þarf einmitt að byggja upp því að menn sem þekkja sjálfa sig og gefa sér tíma til að hugsa, gagnrýna og skoða málin eru líklegir til að taka viturlegar ákvarðanir í þágu samfélagsins. Hefði gagnrýnin hugsun verið höfð að leiðarljósi hefðu Íslendingar verið betur heima í hinu alþjóðlega fjármálakerfi og þeim öflum sem þar stjórna. Íslenskir borgarar hefðu þar af leiðandi verið gagnrýnni á aðferðir og vinnulag bankanna. Gagnrýni hefði þá ekki verið flokkuð sem úrtölur, neikvæðni og leiðindi heldur eðlilegur hluti af lýðræðissamfélagi. Og háskólar eiga og verða að vera leiðandi í því að efla þessa gagnrýnu hugsun, það er ein af mörgum skyldum þeirra þannig að þeir nemendur sem lokið hafa námi í háskólum landsins séu færir um að taka sjálfstæða afstöðu – hvort sem þeir verða viðskiptafræðingar, kennarar eða læknar.

**Gæði háskólastarfsins**

Íslendingar fjármagna háskólastarf sitt fyrst og fremst með skattfé. Miklu skiptir að þeir fjármunir nýtist sem best og eitt af því sem við höfum hvatt stjórnendur og fagfólk í háskólum að gera er að innleiða aukið svigrúm fyrir breytileika í rannsóknarskyldu kennara og nú er hægt að skilgreina rannsóknarhlutfall frá 30% upp í 70% allt eftir því hvað hentar hverjum og einum. Ef þessi hugmyndafræði er þróuð skynsamlega er líklegra að hver og einn fái að njóta sinna sterku hliða og afköst og fagmennska aukist.

Í niðurstöðum rýnihópa sem störfuðu fyrir ráðuneytið komu fram eindregnar ábendingar um stofnun gæðaráðs sem bæri ábyrgð á eftirliti með gæðum kennslu og rannsókna við íslenska háskóla. Starfsmenn vísinda- og háskólaskrifstofu hafa undanfarna mánuði unnið að útfærslu hugmyndarinnar í samstarfi við Rannís, háskólana og erlenda sérfræðinga.

Markmið með stofnun gæðaráðs er fyrst og fremst að tryggja betur gæði háskólastarfsemi á Íslandi; tryggja samkeppnishæfni háskóla á alþjóðavettvangi; efla traust hagsmunaaðila á ferli gæðaeftirlits hér á landi; að skapa sátt um gæðaeftirlit innan háskólasamfélagsins; að tryggja að skipulagning og framkvæmd ytra mats sé í höndum óháðra aðila og ekki síst að færa gæðaeftirlit á Íslandi til samræmis við alþjóðlegar skuldbindingar sem Ísland hefur tekið á sig með þátttöku í Bologna-ferlinu sem miðar að öflugra alþjóðlegra samstarfi á sviði háskólamála.

# Ísland og kynjajafnréttið

Jafnréttismál

Þorgerður Einarsdóttir
prófessor í kynjafræði við Háskóla Íslands



Ísland mælist, ásamt hinum Norðurlöndunum, með minnsta kynjabil í heimi í skýrslu World Economic Forum sem út kom nýlega (Hausmann 2010). Kynjabilið er mælt með vísitölu á bilinu 0-1 þar sem 0 þýðir algjört bil en 1 þýðir að bilinu hefur verið lokað. Árið 2010 er annað árið í röð sem Ísland er í fyrsta sæti, núna með 0,8496 stig, en nánast engu munar á Íslandi og Noregi. Hvað þýða þessar niðurstöður? Er Ísland best í heimi og er kynjajafnrétti kannski náð?

WEF mælir kynjabilið á fjórum mælikvörðum: efnahagslegri þátttöku og tækifærum, menntun, pólitískri þátttöku og heilsu. Efnahagsleg þátttaka og tækifæri fela í sér atvinnuþátttöku, laun fyrir sambærileg störf, heildaratvinnutekjur og hlutfall kynja meðal stjórnenda og sérfræðinga. Menntun felur í sér læsi, grunnmenntun, framhaldsskólamenntun og háskólamenntun. Heilsa felur í sér líkur á heilbrigðu lífi og kynjahlutfall meðal nýbura. Loks fela stjórnmál í sér hlutfall kynja á þingi, meðal ráðherra og þann árafjölda sl. hálfa öld sem kona hefur verið þjóðhöfðingi. WEF hefur mælt kynjabilið síðan 2006 og allt til 2008 var Ísland í 4. sæti á eftir Svíþjóð, Noregi og Finnlandi. Árið 2009 brá svo við að Ísland fór upp fyrir hin Norðurlöndin. Það vekur athygli að þessi breyting varð eftir hrunið 2008. Breytingin segir sína sögu bæði um mælinguna sjálfa en einnig um stöðu mála á Íslandi.

Í skýrslu WEF mælist kynjabilið lítið í heilsu og menntun og gildir það fyrir allar þjóðir. Mælistikan á heilsu er fremur þröng og þar gildir að heilbrigðisþjónusta eða heilsa þjóðar getur verið slök, en ef hún er jafnslök hjá körlum og konum mælist ekkert kynjabil. Þá hefur yfir 90% menntunarbilsins verið lokað í meira en átta af hverjum tíu þjóðum heims. Til að skýra þetta má taka dæmi af læsi sem er ein mælistikan. Í fátæku landi getur ólæsi verið útbreitt en ef það er jafnalgengt meðal karla og kvenna mælist ekkert kynjabil. Ísland er í hópi þeirra 22 þjóða sem alveg hafa lokað kynjabilinu í menntun skv. skilgreiningu WEF, en fleiri konur en karlar hafa langskólamenntun hérlendis eins og í fjölmörgum öðrum löndum.

Það sem ræður úrslitum um röðun landa á listanum er í raun tveir flokkar, atvinnuþátttaka og efnahagsleg tækifæri, og pólitísk þátttaka. Atvinnuþátttaka kvenna á Íslandi er með því mesta sem gerist í heiminum. Ísland nær þó eingöngu 0,75 stigum af 1,0 í efnahagslegri þátttöku og tækifærum í heild og er í 18. sæti, á eftir öllum hinum Norðurlöndunum. Hlutfall kvenna meðal sérfræðinga ýtir mælingunni upp enda menntunarstig kvenna hátt. Aðrir þættir draga Ísland niður, s.s. launamunur fyrir sambærileg störf og kynjabil í heildaratvinnutekjum. Af þessu er ljóst að afrakstur kvenna af menntun sinni og mannauði er ekki í samræmi við karla og lýsa skýrsluhöfundar sérstökum áhyggjum af þessu (Hausmann 2010, bls. 21).

Það er reyndar stjórnmálaþátttaka sem fleytir Íslandi í 1. sæti í heildarmælingu WEF en Ísland er þar efst landa með 0,68 stig af 1,0. Það er athyglisvert að sterkasta land heims á þessu sviði nái ekki hærra en svo. Hér munar einna mest um forsetatíð Vigdísar Finnbogadóttur sem fleytir Íslandi talsvert yfir hin Norðurlöndin. Þá vegur hlutfall kvenna á þingi og meðal ráðherra þungt en þar hefur Ísland löngum staðið hinum Norðurlöndunum að baki. Kynjahlutföllin í stjórnmálunum breyttust eftir hrun með auknu fylgi félagshyggjuflokka en rannsóknir sýna að þeir eru almennt líklegri en aðrir flokkar til að skapa rými fyrir konur.

Á sama tíma og ástæða er til að gleðjast yfir góðri útkomu Íslands í mælingu WEF er vert að vara við ógagnrýnni túlkun á niðurstöðunum. Sérstaða Norðurlanda á heimsvísu skýrist af öflugu hagkerfi, vestrænum lýðræðishefðum, opinberu velferðarkerfi og áherslu á jöfnuð. Þetta hefur fært konum og körlum á Norðurlöndum betri og jafnari lífsgæði en þekkjast víðast hvar sem birtist skýrt í mælingu WEF. Þetta er mikilsvert og mikilvægt að Norðurlandabúar greini sér fyrir þessum forréttindum. En það er líka mikilvægt að við Íslendingar skoðum niðurstöður WEF gagnrýnum augum í ljósi atburða síðustu ára, skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis og ekki síst kynjagreiningar hennar sem er viðauki með skýrslu þingmannanefndar. Þjóðhverf sjálfumgleði og ofurtrú á eigið ágæti komu Íslendingum í vonda stöðu. Fyrsta sæti í mælingu WEF þýðir ekki að kynjajafnrétti hafi verið náð, það setur okkur hins vegar þá ábyrgð á hendur að sýna gott fordæmi með því að gera enn betur.

DUX

Rúm fyrir lífið




Tilboð
DUX 7007 NORDIC

DUX 7007 Nordic/180x200 cm
með Xupport yfirdýnu
og fótum

**Kr. 980.000**
(var kr 1.460.000)

**20%** afsláttur
af öllum vörum og pöntunum
dagana 21, 22 og 23. okt.

Sérfræðingur frá DUX á
staðnum 22 og 23. okt

DUXIANA®
DUXIANA.COM

DUXIANA REYKJAVIK
Ármúla 10, sími 5 68 99 50

# Opið bréf til Atla og Hrafns

Lífeyrissjóðir

Bjarki Steingrímsson
stjórnarmaður í VR



Kæru Hrafn Magnússon og Atli Gíslason.

Eftir að hafa lesið viðtal við ykkur í Fréttablaðinu þann 24. september sl., finn ég mig knúinn til að rita ykkur eftirfarandi:

Í viðtalinu við ykkur félagana kom fram að líkur væru á að Alþingi muni hætta við að rannsaka lífeyrissjóðina þar sem nú þegar sé hafin rannsókn á vegum lífeyrissjóðanna sjálfra, þ.e. Landssambands lífeyrissjóða. Eins og fram kom í grein eftir mig sem birtist í Fréttablaðinu fyrir skömmu, dreg ég stórlega í efa að slík rannsókn geti orðið annað en hvítþvottur þess sem fæst við að rannsaka eigin gerðir.

Varla þarf að rifja upp fyrir ykkur að á fundi Landssamtaka lífeyrissjóðanna var ákveðið að skipa þriggja manna rannsóknarnefnd óháðra, óvilhallra og hæfra einstaklinga sem hefði það hlutverk að gera úttekt á fjárfestingastefnu, ákvarðanatöku og lagalegu umhverfi lífeyrissjóðanna í aðdraganda hrunsins. Sömu aðilar samþykktu að fela ríkissáttasemjara að tilnefna þrjá einstaklinga til setu í nefndinni.

Af einhverri ástæðu sem líklega er sjálfstætt rannsóknarefni ákvað sáttasemjari aðeins að mæla með því að óvilhallur aðili tæki verkefnið að sér.

Á vefnum http://skemman.is frá 04.05.2010 má lesa að Hrafn Bragason, formaður rannsóknarnefndarinnar, hafði áður verið leiðbeinandi annars starfsmanns nefndarinnar, Kristjáns Geirs Péturssonar. Þeir félagar höfðu nefnilega „rannsakað“ þessi mál áður.

Varla þarf að taka fram að hér eru varla lengur óháðir og hæfir aðilar á ferð.

Atli sagðist ætla að bíða eftir annarri skýrslu sem unnin verður af sömu aðilum og ætlar svo að sjá til hvort ástæða verði til að rannsaka lífeyrissjóðina eitthvað frekar. Allt ber þetta vott um það gagnsæi og heiðarleika sem íslenskum almenningi er boðið upp á um þessar mundir. Því spyr ég, getur verið að störf Atla fyrir verkalýðshreyfinguna, og þá sérstaklega innan

Að Hrafn skuli hafa viðurkennt að umrætt samtal hafi átt sér stað gerir hina óháðu rannsókn Landssamtakanna nefnilega alls ekki eins óháða og fólki er ætlað að halda. Getur verið, eftir allt sem á undan er gengið, að Landssamtök lífeyrissjóðanna komist upp með að stjórna rannsókn á sjálfum sér frá A til Ö?

Atli Gíslason hefur starfað fyrir verkalýðshreyfinguna í áratugi. Er óeðlilegt að efast um aðkomu hans þegar annað eins mál og rannsókn á lífeyrissjóðum landsins er á döfinni? Hingað til hef ég haft trú á Atla, en eins og málið blasir við núna hefur orðið breyting á. Réttast væri að þingmað-

> Atli Gíslason hefur starfað fyrir verkalýðshreyfinguna í áratugi. Er óeðlilegt að efast um aðkomu hans þegar annað eins mál og rannsókn á lífeyrissjóðum landsins er á döfinni?

stéttarfélagsins Eflingar, stýri hér för?

Auðvitað veit ég ekki hvað fór á milli Atla og Hrafns en Hrafn sagði í umræddri frétt að þegar við útkomu skýrslu þingmannanefndarinnar hefði verið haft samband við nefndina og áréttað að sjálfstæð og óháð úttekt færi fram. En þetta var auðvitað alls ekki rétt. Rannsóknin er auðvitað hvorki óháð né sjálfstæð. Með öllum ráðum virðist reynt að koma í veg fyrir að Alþingi rannsaki lífeyrissjóðina. Er ekki nauðsynlegt fyrir lífeyrissjóðina að öðlast traust og verða hafnir yfir áleitnar spurningar um spillingu?

urinn segði sig frá þessu máli nú þegar. Eins er ég á þeirri skoðun að stöðva beri rannsóknarnefnd Landssamtakanna strax og fela raunverulegum óháðum rannsakendum málið. Hér þarf alþjóðlegt rannsóknarfyrirtæki eins og t.d. Kroll að koma að málum. Engin launung er á að Kroll er óháður rannsakandi og engu háð nema heiðarlegri niðurstöðu.

Það er sanngjörn krafa að lífeyrissjóðir launafólks verði hreinsaðir af því óorði sem af þeim fer. Við sem eigum og treystum á sjóðina hljótum að gera kröfu til þess að hér orki ekkert tvímælis.



# SPÆJARAR Á MÓTORHJÓLUM VÖRÐU MIÐBORGINA!

- viðtal við Jakob Frímann Magnússon miðborgarforkólf.

EINNIG:

**HVERNIG KÝSTU TIL STJÓRNLAGAÞINGS?**
ALLT UM KOSNINGARNAR 27. NÓVEMBER.

**HAGSMUNA HVERRA GÆTA HAGSMUNASAMTÖK HEIMILANNA?**




Allt sem þú þarft...

**Ekki missa af Fréttablaðinu á morgun**

# Alþjóðadagur hagtalna

Hagtölur

Ólafur Hjálmarsson
hagstofustjóri



Sameinuðu þjóðirnar hafa samþykkt að 20. október 2010 sé fyrsti alþjóðadagur hagtalna. Markmiðið er að vekja athygli á mikilvægi hlutlausra hagtalna og hlutverki þeirra fyrir opinbera umræðu og ákvarðanir stjórnvalda, fyrirtækja og heimila. Þá eru traustar hagskýrslur mikilvægur þáttur í samskipum við önnur ríki, erlend fyrirtæki og stofnanir. Hagstofur um 100 ríkja víða um heim halda upp á daginn með ýmsum viðburðum til að vekja athygli á sameiginlegum gildum, hlutlægni og fagmennsku í hagskýrslugerð. Framlag Hagstofu Íslands er að gefa út endurbætta árbók um hagskýrslur, Landshagi 2010. Einnig eru birtar nýjungar og áhugaverðar upplýsingar á vef Hagstofunnar.

Flestir taka hagskýrslum sem sjálfsögðum hlut og leiða ekki hugann að þeirri miklu vinnu og sérhæfingu sem liggur að baki þeim. Hagtölur verða í eðli sínu aldrei alveg réttar en með faglegum og hlutlægum vinnubrögðum er hægt að nálgast gildi sem eru nægilega traust til að lýsa stöðu eða breytingum innan viðunandi skekkjumarka. Hagstofur flestra ríkja standa frammi fyrir auknum kröfum um að birta niðurstöður fyrr en áður, en á sama tíma að draga úr frávikum við endurskoðun þeirra og minnka kostnað við öflun hagtalna. Með nýrri tækni hefur tekist að mestu að mæta þessum kröfum, en á móti kemur að þjóðfélagið er orðið flóknara, alþjóðaviðskipti hafa aukist og kröfur komið fram um meiri upplýsingar. Kröfur um aukinn hraða og aukin gæði vegast á og hafa verið helsta áskorun í hagskýrslugerð frá upphafi.

Samskipti við aðrar þjóðir eru sífellt mikilvægari á öllum sviðum. Alþjóðleg samskipti hafa aukið á kröfur um að hagtölur séu samanburðarhæfar á milli ríkja og svipaðar að gæðum. Ísland hefur verið aðili að tölfræðisamstarfi Sameinuðu þjóðanna frá upphafi og með samningnum um evrópska efnahagssvæðið frá 1994 hefur Hagstofa Íslands, ásamt öðrum ríkjum EFTA, tekið fullan þátt í tölfræðisamstarfi Evrópusambandsins. Hagstofan hefur einnig átt gott samstarf við aðrar alþjóðastofnanir, svo sem OECD og IMF, og skilar hagtölum reglulega til þeirra. Sem dæmi um mikilvægi alþjóðasamskipta má nefna að á síðasta ári sóttu fleiri erlendir aðilar gögn í veftöflur Hagstofunnar en íslenskir. Þá koma kröfur um nýjar eða auknar upplýsingar í flestum tilvikum frá alþjóðastofnunum.

Til að tryggja gæði hagtalna samþykktu Sameinuðu þjóðirnar grundvallarreglur í hagskýrslugerð árið 1994. Í þeim er kveðið á um sjálfstæði og faglega ábyrgð hagstofa. Evrópusambandið setti nokkuð ítarlegar verklagsreglur um hagskýrslugerð árið 2005 og eru í þeim fimmtán meginreglur sem kveða m.a. á um faglegt verklag, hlutlægni, trúnað og gæði. Báðar þessar samþykktir hafa verið innleiddar hér á landi. Þá tóku ný lög um Hagstofu Íslands og opinbera hagskýrslugerð gildi í upphafi árs 2008 sem færa löggjöfina hér á landi að því sem best gerist annars staðar.

Til að tryggja að hægt sé að bera saman hagtölur ríkja eru gefnir út ítarlegir staðlar um hagskýrslur á vegum Sameinuðu þjóðanna og hagstofu Evrópusambandsins, Eurostat. Þannig má nefna staðla Sameinuðu þjóðanna um þjóðhagsreikninga og opinber fjármál, einnig að Hagstofa Íslands er skuldbundin til að fara eftir 254 reglugerðum Evrópusambandsins um hagskýrslugerð. Sendinefndir á vegum alþjóðastofnana heimsækja Hagstofuna reglulega og fara yfir gæði og fylgja eftir stöðlum við gerð hagskýrslna.

Þótt alþjóðasamstarf sé mikilvægt eru innlendar þarfir í fyrirrúmi hagskýrslugerðar. Hagtölur eru mikilvægur þáttur í að fylgja eftir þróun í efnahags- og félagsmálum. Þær eru hluti af opinberri umræðu og eiga að sýna hvernig okkur miðar miðað við fyrri ár eða aðrar þjóðir. Hagtölur eru einnig mikilvægur grunnur fyrir rannsóknir í háskólasamfélaginu og hjá opinberum stofnunum og einkafyrirtækjum. Til að rækja skyldur sínar við innlenda notendur gerir Hagstofan notendakannanir og heldur reglulega fundi með notendahópum þar sem þeir geta komið sjónarmiðum sínum á framfæri.

Miðlun upplýsinga er ekki síður mikilvæg en fagleg vinnubrögð við söfnun og úrvinnslu. Samkvæmt verklagsreglum í evrópskri hagskýrslugerð er öllum tryggður jafn aðgangur að hagtölum. Í samræmi við reglurnar er gefin út birtingaráætlun ár hvert sem sýnir fyrir fram hvenær hagtölur verða birtar á vef Hagstofunnar. Allir notendur fá aðgang að hagtölum á sama tíma; almenningur, fjölmiðlar og stjórnvöld. Hagstofan gaf út 457 fréttir á síðasta ári, þar af var 241 á íslensku og 216 á ensku. Á vef Hagstofunnar eru rúmlega eitt þúsund töflur þar sem notendur geta sótt sér gögn og flutt efni í töflureikna til frekari vinnslu. Svipaður fjöldi taflna er á enska hluta vefsins.

Mikilvægt er að tryggja góðan aðgang að hlutlægum og faglega unnum hagtölum. Eru hagtölur eins konar vegabréf ríkja í alþjóðasamfélaginu og spegill þjóða. Á degi hagtalna er vert að hvetja lesendur til að kynna sér gögn á vef Hagstofunnar, hagstofa.is, og útgáfu tölfræðiárbókar Hagstofunnar, Landshagi 2010.

# Til Fréttablaðsins

Samfélagsmál

Björn Hauksson
Reykvíkingur

Ekki hef ég áður litið aðra eins hvatningu til ofbeldis, einelt-is, útskúfunar og mannfyrirlitningar sem í Fréttablaðinu þann 16. október 2010. Þar skrifar í bundnu máli sjálfskipaður réttlhugsuður sem nefnir sig Davíð Jónsson, í bálki sem nefnist „Bakþankar“!

Davíð þessi þykist þess umkominn að predika ofbeldi í garð fólks sem honum fellur miður vel. Senda í Víti, bera burtu í kistum, berja, lemja, banka, lumbra, lemstra, láta hnefahögg dynja, mauka, dangla.

Í blaði ykkar hvetur þessi maður dómstól götunnar til að ganga í skrokk á samborgurum okkar ef við teljum ef til vill að viðkomandi sé ekki pólitískt rétthugsandi.

Ég þekki ekki neina samsvörun við þessa ofbeldishvatningu og mannfyrirlitningu, hvorki fyrr né nú, og tel sambærileg skrif varla hafa verið birt í neinum fjölmiðli.

Þessi skrif Davíðs eru Fréttablaðinu til ósóma og lítillækkunar. Látum vera þó Davíð þessi sé svo óþroskaður og kvalinn í viðhorfi sínu gagnvart öðru fólki en því sem honum geðjast, en að birta þessa óhæfu og bera á borð fyrir landsmenn unga og aldna og dreifa inn á hvert heimili í landinu er virðingarleysi við mannkynið í heild.

Í öllum bænum, notið ekki fjölmiðil ykkar til að sá slíku eitri í þjóðarsálina sem á nú í nægilegri togstreitu.

*Með vinsemd og virðingu,*
*Björn Hauksson*

# Panasonic

ideas for life






HÁGÆÐA 3D SJÓNVARP og 3D BLU-RAY SPILARI SAMAN Á TILBOÐI

**Panasonic TXP42GT20 - Full HD 3D**
42" Full HD 3-D THX NeoPlasma sjónvarp með 1920x1080p upplausn, THX, Vreal Pro5 Engine - High Contrast Filter, 600Hz Intelligent Frame Creation, Infinite Black 5.000.000:1 (Native) skerpa, Pro 24p Smooth Film/Play Back, 0.001 msec svartíma, x.v Colour, Progressive Scan, VIERA CAST nettengingu, Digital Cinema Colour 3D Colour, Motion Pattern Noise Reduction 3D Comb Filter, C.A.T.S háskerpu HDTV DVB-T stafrænn móttakari (MPEG4), kortalesari, 2 x USB tengi fyrir Wi-Fi/HDD upptöku, 2x Scart (með RGB), 4 HDMI, PC tengi ofl.

**TILBOÐ 349.990**
FULLT VERÐ kr. 499.990

3D FULL HD




**Panasonic TXP42C2**
42" HD Ready 16:9 Plasma sjónvarp með 1024x768p upplausn, Vreal 4, 100Hz, 24p, Real Black Drive 2.000.000:1 dýnamískri skerpu, x.v Colour 3D Colour management, Motion Pattern, Noise Reduction, Sub-Pixel Control, Progressive Scan, Viera Link, stafr. háskerpu HDTV DVB-T móttakara, kortalesara, Scart, 2 HDMI ofl.

**TILBOÐ 124.990**
FULLT VERÐ kr. 179.990




**Panasonic TXP42S20**
42" Full HD 1080p Plasma sjónvarp með 1920x1080P upplausn, Vreal Pro4 Engine, 24p Playback Plus/Playback, 2.000.000:1 skerpu, 0.001 msec svartíma, x.v Colour, Progressive Scan, Digital Cinema Colour 3D Colour, Motion Pattern Noise Reduction, 3D Comb Filter, háskerpu HDTV DVB-T stafrænum móttakara (MPEG4), kortalesara ofl.

**TILBOÐ 179.990**
FULLT VERÐ kr. 229.990




**Panasonic TXP42G20**
42" Full HD NeoPlasma sjónvarp með 1920x1080p upplausn, THX, Vreal Pro5, 600Hz Intelligent Frame Creation, Infinite Black 5.000.000:1 skerpu, Pro 24p Smooth Film/ Play Back, x.v Colour, Progressive Scan, VIERA CAST, Digital Cinema Colour 3D Colour, C.A.T.S háskerpu HDTV DVB-T stafr. móttakari, kortalesara, 2 x USB tengi fyrir Wi-Fi/HDD upptöku, 2x Scart, 4 HDMI, PC tengi ofl.

**TILBOÐ 249.990**
FULLT VERÐ kr. 319.990

Alltaf gæði og góð kaup!
STOFNAÐ 1971

# Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

SanDisk MINNISKORT
ALLAR GERÐIR

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT ▶ REYKJAVÍKURSVÆÐIÐ: Hagkaup, Smáralind. VESTURLAND: Hljómsýn, Akranesi. Hagkaup, Borgarnesi. Samkaup, Borgarnesi. Blómsturvellir, Hellissandi. Skipavík, Stykkishólmi. VESTFIRÐIR: Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Drangsnesi. Samkaup, Ísafirði. NORÐURLAND: KF Steingrímsfjarðar, Hólmavík. KF V-Húnvetninga, Hvammstanga. Smárabær, Blönduósi. Skagfirðingabúð, Sauðárkróki. Hagkaup, Akureyri. Heimilistæki, Akureyri. Öryggi, Húsavík. AUSTURLAND: Samkaup, Egilsstöðum. Kauptún, Vopnafirði. KF Héraðsbúa, Seyðisfirði. Sparkaup, Fáskrúðsfirði. Nettó, Höfn Hornafirði. SUÐURLAND: Mosfell, Hellu. Fossraf, Selfossi. Geisli, Vestmannaeyjum. REYKJANES: Heimilistæki, Reykjanesbæ. Hagkaup, Njarðvík.

# tímamót

timamot@frettabladid.is



68 **INGIBJÖRG HARALDSDÓTTIR** skáld er 68 ára.
*„Ó að lífið væri ljóð!“*

---



†

*Okkar ástkæri eiginmaður og fjölskyldufaðir,*

**Grétar Halldórsson,**
Kirkjuvegi 23, Selfossi,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurlands 18. október 2010.
Jarðsett verður í kyrrþey að ósk hins látna.

**Margrét Sigurgeirsdóttir,**
**börn, tengdabörn og barnabörn.**

---



†

*Ástkær sonur okkar, bróðir og frændi,*

**Örn Egill Pálsson**
lögfræðingur,

lést á heimili sínu þann 14. október síðastliðinn. Útför fer fram frá Víðistaðakirkju þriðjudaginn 26. október kl. 13.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir, en þeim sem vilja minnast hans er bent á UNICEF.

| | |
|---|---|
| **Páll H. Kristjánsson** | **Rósa Helgadóttir** |
| **Bjarnveig Pálsdóttir** | **Hallur Ágústsson** |
| **Unnur Lea Pálsdóttir** | **Pétur H. Pétursson** |
| **Viktor Stefán Pálsson** | **Margrét Björk Ólafsdóttir** |
| **Íris Björk Pálsdóttir** | **Bjarni Arnaldsson** |

**Páll Ágúst, Andri Berg, Herdís, Sara Rós, Róbert Dagur, Rósa Björk, Anton Breki, Glódís Ólöf og Brynhildur Sif.**

---



†

*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Árni Sigurðsson**
frá Hjarðarási við Kópasker,

lést á Hjúkrunarheimilinu Eir föstudaginn 15. október. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju þriðjudaginn 26. október kl. 15.00.

| | |
|---|---|
| **Sigurður Árnason** | **Bryndís Alda Jónsdóttir** |
| **Ingunn Árnadóttir** | **Sighvatur Arnarsson** |
| **Helgi Árnason** | **Sigurlína Jóhannesdóttir** |
| **Daníel Árnason** | **Sigurhanna Sigfúsdóttir** |
| **Gylfi Árnason** | **Guðrún Vala Elísdóttir** |

**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



†

*Bróðir okkar,*

**Ólafur Kristófer Bjarnason**
frá Þorkelsgerði í Selvogi,
Reykjabraut 22, Þorlákshöfn,

lést 17. október á Landspítalanum í Fossvogi.

**Systurnar.**

---

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**

---

**ÞETTA GERÐIST: 21. OKTÓBER 1933**

## *Kosið um afnám bannlaga*

Samkvæmt ákvörðun Alþingis fór hinn 21. október 1933 fram þjóðaratkvæðagreiðsla um afnám banns við innflutningi sterkra drykkja. Kosningaþátttaka var dræm. Rúmur helmingur kjósenda mætti ekki til leiks. Aðeins 45,3 prósent þeirra sem á kjörskrá voru greiddu atkvæði. Af greiddum atkvæðum voru 2,4 prósent ógild. 57,7 prósent þeirra sem atkvæði greiddu vildu afnema bannið en það var aðeins rúmur fjórðungur (25,5 prósent) atkvæðisbærra manna. Þessi fjórðungur var látinn nægja til að greiða slitrunum af bannlögunum banahöggið.

Ekki voru lögin numin úr gildi strax. Rúmt ár leið þar til Alþingi samþykkti ný áfengislög. Það gerðist 9. janúar 1935. Lögin gengu í gildi 1. febrúar. Þá voru liðin rúm tuttugu ár frá því að bannlögin komu að fullu til framkvæmda. Þessi lög stóðu mjög að baki áfengislögunum frá 1928, meðal annars misstu sveitarfélög réttinn til að hafna verslun með áfengi. *Heimild: Lýdheilsustöð.is*



**ÁFENGI** Aðeins tæpur helmingur kjósenda kaus í þjóðaratkvæðagreiðslu um afnám bannlaga.

---

SIGRÚN DANÍELSDÓTTIR: STENDUR FYRIR MÁLÞINGI UM FITUFORDÓMA

# Algengir og rótgrónir fordómar

Málþing um fitufordóma verður haldið á Háskólatorgi í dag að undirlagi sálfræðingsins Sigrúnar Daníelsdóttur sem starfar við meðferð átraskana á Landspítalanum. „Ég hef lengi verið að reyna að ýta á eftir breyttum hugsunarhætti í samfélaginu í tengslum við heilsu, útlit og holdafar og langaði að fá fólk til landsins sem er virkt í þessari mannréttindabaráttu og stundar rannsóknir á fitufordómum,“ segir Sigrún. Hún segir litla umræðu um fordóma vegna holdafars á Íslandi. „Þeir eru hins vegar svo algengir og rótgrónir í menningu okkar að fæst okkar átta sig á því þegar þeir koma fram. Þeim má þó líkja við fordóma vegna hörundslitar og samkynhneigðra, sem þóttu norm áður en fólk gerði sér grein fyrir því að um fordóma væri að ræða.“

Sigrún segir fitufordóma hafa aukist á undanförnum áratugum. Á málþinginu munu tveir erlendir fyrirlesarar ljá máls á þeim. Þeir eru Dr. Kerry O'Brien, dósent í heilsu- og félagssálfræði við Háskólann í Manchester og rannsakandi á sviði fitufordóma, og Marilyn Wann, bandarísk baráttukona og rithöfundur, sem hefur staðið í forgrunni baráttunnar gegn holdafarsmismunun um árabil. Wam leggur meðal annars út frá eftirfarandi orðum: „You can not hate pople for their own good“ en með þess konar hugsunarhætti réttlætir fólk fordóma gagnvart feitu fólki. „Það þykir feitu fólki fyrir bestu að það sé litið hornauga því þannig séu meiri líkur á að það taki sig á. Rannsóknir á fitufordómum hafa hins vegar sýnt fram á að fitufordómar hafa mjög mikil og neikvæð áhrif og það er hræðilegt að búa við það að vera álitinn annars flokks alla ævi,“ segir Sigrún. „Eitt sem einkennir þessa fordóma er að fólk álítur sem svo að holdafarinu megi alfarið stjórna. Fólk réttlætir fordómana með því að ef þeir sem fyrir þeim verða vilji komast hjá þeim geti þeir bara tekið sig á. Það er hins vegar flóknara en fólk heldur enda er engin vísindalega staðfest aðferð til þess að grennast og ekki endilega gefið að hreyfing og hollt mataræði leiði til þess að fólk verði mjótt, þó að það verði vissulega heilbrigðara.“



**AUKINNAR UMRÆÐU ÞÖRF** Sigrún segir ekkert benda til þess að fordómar gegn holdarfari ýti undir heilbrigðari lífsvenjur. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Sigrún segir rannsóknir ekki benda til þess að fordómar gegn holdafari ýti undir það að fólk temji sér heilbrigðari lífsvenjur. „Það er mun líklegra að fólk sem er litið hornauga bregðist við með sjálfsniðurrifi. Okkur þarf að þykja vænt um líkama okkar til þess að við hugsum vel um hann.“ Sigrún segir erfitt að greina í sundur vísindin í sambandi við offitu. „Yfirleitt erum við með rannsóknir sem geta ekki sagt til um hvort það er fitan sjálf sem er heilsuspillandi eða hvort það eru þættir eins og mataræði, stöðug streita vegna fordóma, megrunarkúrar, svefnleysi eða megrunarlyf svo dæmi séu nefnd. Í allri umræðu er framsetningin sú að fitan sé meginvandinn en það er ekki fyllilega vitað hvernig ólíkir þættir spila saman.“

Sigrún segir mikilvægt að aðgreina hegðun og holdafar. „Ég vil að sjálfsögðu mæla gegn óheilbrigðri hegðun eins og að borða óhollan mat, hreyfa sig lítið og reykja. Það er hins vegar ekki hægt að fullyrða sem svo að sá sem sé feitur hljóti að lifa óheilbrigðu lífi en hinn granni að gera allt rétt.“

Sigrún segir vissulega rétt að Íslendingar hafi þyngst á síðustu þrjátíu árum. „Við tókum kipp eftir 1980 en höfðum þó verið bæði að þyngjast og hækka alla öldina. Við lifum lengur í dag en áður og tíðni hjarta- og æðasjúkdóma hefur minnkað.“ Sigrún segir það hafa gengið mjög erfiðlega að staðfesta það með rannsóknum að hreyfingarleysi og rangt mataræði valdi því að fólk sé að þyngjast. „Við vitum ekki nákvæmlega hvað veldur þó vissulega séu margar tilgátur sem koma til greina. Vandinn er að farið er með þær sem staðreyndir.“

Málþingið, sem er haldið í samvinnu við félags- og mannvísindasvið HÍ, fer fram í stofu 103. Það hefst klukkan 16 og er öllum opið.

vera@frettabladid.is

---



†

*Elskuleg móðir, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Jakobína Sigurðs (Bína)**
frá Æðey í Ísafjarðardjúpi,

lést á Landspítalanum við Hringbraut fimmtudaginn 14. október síðastliðinn. Útförin fer fram frá Árbæjarkirkju mánudaginn 25. október kl. 13.00.

| | |
|---|---|
| **Sigmar Þór Óttarsson** | **Helga Konráðsdóttir** |
| **Guðrún Sóley Guðnadóttir** | **Helgi Harðarson** |
| **Garðar Guðnason** | **Sigríður Sigurðardóttir** |
| **Friðrik Guðnason** | **Elísa Sigrún Ragnarsdóttir** |
| **Ásgeir Ævar Guðnason** | **Guðbjörg Björnsdóttir** |

**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

## Merkisatburðir

**1819** Jón Þorláksson skáld og prestur á Bægisá deyr. Hann er þekktastur fyrir þýðingu á Paradísarmissi Miltons.

**1914** Orrustunni um Varsjá lýkur með ósigri Þjóðverja.

**1933** Þjóðaratkvæðagreiðsla fer fram um afnám bannlaganna. 15.866 eru á móti banni en 11.625 með því. Áfengisbann er síðan afnumið 1. febrúar 1935.

**1944** Ríkisstjórn Ólafs Thors, nýsköpunarstjórnin, tekur við völdum. Hún situr fram í febrúar 1947. Í henni voru fulltrúar Sjálfstæðisflokks, Alþýðuflokks og Sósíalistaflokks. Meginmarkmið hennar var nýsköpun atvinnulífs og var notaður til þess hluti gjaldeyrisforðans sem hafði safnast í seinni heimsstyrjöldinni.

**1957** Kvikmyndin Jailhouse Rock með Elvis Presley í aðalhlutverki er frumsýnd.

**1967** Upp kemst um eitt mesta smyglmál í áratugi, kennt við bátinn Ásmund. Með honum var smyglað 12.000 flöskum af áfengi og einhverju af sígarettum.

**1988** Listasafn Sigurjóns Ólafssonar myndhöggvara er opnað í Laugarnesi í Reykjavík, en þennan dag hefði Sigurjón orðið áttræður.

**1997** Söngur Eltons John um Díönu prinsessu slær heimsmet í sölu. Alls hafa 33 milljón eintök verið seld.



3 smárar
Við erum eins árs
Full búð af nýjum vörum
ÓTRÚLEG VERÐ!
Carolina
Ný sending af Carolínu
LEGGINGS
KJÓLAR
BOLIR
PEYSUR
Við eigum afmæli!
..OG BJÓÐUM ÞÉR...
Carolina
Kjóll 6.990,-
Mjög klæðilegur svartur kjóll
með flottum smáatriðum
Þessi passar við buxur eða leggings.
sem er "möst" í skápinn!




Carolina

Carolína leggings eru með æðislegu sniði, háar upp, vel síðar og nú til í mörgum gerðum og fleiri stærðum.





Carolina

# Kjóll 5.490,-

Svarti "casual" kjóllinn sem klæðir af manni og er flottur. Suma daga er bara "möst" að eiga einn svona!

## "animal print"

...hafa sjaldan verið heitari en núna. Veldu þér eina flík til að krydda með ...eða bara fylgihlut ef þér finnst hitt of mikið.



# leggings

## ...aldrei flottari

Nú komnar í fleiri litum, fleiri sniðum, fleiri munstrum. Allar konur elska að vera í leggings svo það er um að gera að eiga nokkrar týpur í skápnum til að velja úr eftir tilefni. Munstraðar eða t.d. fjólubláar eru ótrúlega smart með öllu svörtu.



Fallegar töskur geta gert mikið fyrir þig. Prófaðu að breyta til og fá þér eina öðruvísi tösku.





## Fylgihlutir

...eru mikilvægir. Kragar eins og þessi fyrir ofan eru í senn hlýjir og ótrúlega smart við allar yfirhafnir. Og gleymið svo ekki glingrinu skvísur.

Carolina

Carolina

# Hlýrabolur 2.790,-

Vel síður hlýrabolur úr góðu efni sem heldur sér. Þessi er skyldueign og notast eiginlega eins og undirkjóll í tískunni í dag. Er ótrúlega þægilegur og passar vel undir. Allar skvísur þurfa að uppfæra þessa flík reglulega!

**Donna Karan** hefur útbúið vefsíðuna Women Who Inspire, eða konur sem hvetja. Þar telur hún upp konur og þau góðu málefni sem þær styðja. Þar má nefna Demi Moore, Rachel Zoe og Umu Thurman. www.donnakaran.com/donnas-journal/women-who-inspire



**Sölufulltrúar: Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Þórdís Hermannsdóttir** thordish@365.is 512 5447

Skór & töskur í miklu úrvali
www.gabor.is
Sérverslun með Gabor xena
FÁKAFENI 9 - - Sími: 553 7060
Opið mánud-föstud. 11-18 & laugard. 11-16

Eirberg
Bjargar mannslífum
PRIMEDIC hjartastuðtækið
- Ávallt tilbúið til notkunar
- Einfalt og öruggt
- Einn aðgerðarhnappur
- Lithium rafhlaða
- Íslenskt tal
PRIMEDIC Saves Life. Everywhere.
Sími 569 3100 • Stórhöfða 25 • www.eirberg.is

Vinsælu skórnir frá
KENNEL & SCHMENGER SCHUHMANUFAKTUR
komnir aftur
hjá Hrafnhildi
Sími 581 2141 • www.hjahrafnhildi.is

**Baldvin Þormóðsson ræður ríkjum í herradeild Gyllta kattarins og gengur nánast bara í „vintage“ fötum.**

# *Vinnur ekki í stelpubúð*

Ég geng mikið í „vintage“, sérstaklega eftir að ég byrjaði að vinna í Gyllta kettinum,“ segir Baldvin Þormóðsson, nemandi á félagsfræðabraut við MH og starfsmaður í herradeild tískuvöruverslunarinnar Gyllta kattarins. „Gráu peysuna keypti ég reyndar í Spútnik og buxurnar keypti ég nýjar í Kronkron. En leðurjakkinn er úr Gyllta kettinum.“

Baldvin þótti úrvalið af notuðum fatnaði fyrir karlmenn ekki upp á marga fiska í Reykjavík. Hann sendi því eigendum Gyllta kattarins bréf og lýsti í því hve herradeild búðarinnar gæti verið stór og flott. „Þeim fannst það svo sniðugt að þau réðu mig í vinnu. Við opnuðum svo stóra deild fyrir karlmenn í sumar,“ segir Baldvin og segist hafa nóg að gera.

„Eina vandamálið er að Gyllti kötturinn var svo lengi stelpubúð. Það eru ekki allir búnir að fatta að þarna er mesta úrvalið af „vintage“ fötum á karlmenn í Reykjavík.“

*heida@frettabladid.is*



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

6 mánaða vaxtalausar greiðslur
Gerið gæða- og verðsamanburð
Svefn & heilsa
Lokað laugardaginn 23. október vegna árshátíðar starfsmanna
www.svefn.is

SVEFNSÓFAR
Hágæða svefnsófar.
Íslensk framleiðsla.
Heilsudýna úr þrýstijöfnunarefni.
Svefnflötur 140x200.
Nú aðeins kr. 264.900

SAGA OG ÞÓR
Hágæða heilsudýnur
SAGA Queen rúm, nú aðeins 129.900
ÞÓR Queen rúm, nú aðeins 149.900

IQ-CARE
Ein besta heilsudýna í heimi
Queen rúm nú aðeins kr. 179.900

ÚRVAL STILLANLEGRA HEILSURÚMA
PROFLEX
2x90x200 og 2x90x210
Nú aðeins 349.900 með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnum



**Leikkonan Kate Hudson** sagði í viðtali nýlega að sex ára sonur hennar, Ryder, hefði sterkar skoðanir á fatavali hennar og léti berlega í ljós ef honum líkaði ekki eitthvað eða þegar henni tækist vel til. Þá sagðist hún halda mikið upp á Stellu McCartney sem vissi hvað færi henni best.



# Skókynning

1. **TUZZI** Kringlunni
   Einnig til í svörtu
   Verð 39.900 kr

2. **TUZZI** Kringlunni
   Spariskór
   Litir rauður og silfraður
   Verð 16.900 kr

3. **TUZZI** Kringlunni
   Stígvél
   Litir svartur og ljós
   Verð 27.900 kr

4. **Skór.is**
   Kringlunni/Smáralind
   Litur svart /brúnt
   St. 36-41
   Verð 18.995

5. **Skór.is**
   Kringlunni/Smáralind
   Litur svart
   St.36-41
   Verð 21.995

6. **Skór.is**
   Kringlunni/Smáralind
   Litur Svart
   St.36-41
   Verð 9.995

7. **Steinar Waage**
   Kringlunni/Smáralind
   Litur svart
   St. 36-41
   Verð 24.995

8. **Steinar Waage**
   Kringlunni/Smáralind
   Litur svart
   St.36-41
   Verð 19.995

9. **Steinar Waage**
   Kringlunni/Smáralind
   Litur svart
   St.36-41
   Verð 21.995

10. **GS skór**
    Kringlunni/Smáralind
    Litir svart með bláu blómi /
    Svart með svörtu blómi
    St. 36-41
    Verð 17.990

11. **GS skór**
    Kringlunni/Smáralind
    Litir svart/ grátt
    St. 36-41
    Verð 21.990

12. **GS skór**
    Kringlunni/Smáralind
    Litir svart /brúnt
    St. 36-41
    Verð 22.990

13. **Kaupfélagið**
    Kringlunni/Smáralind
    Litur svart
    St. 36-41
    Verð 9.995

14. **Kaupfélagið**
    Kringlunni/Smáralind
    Litur svart
    St.36-41
    Verð 11.995

15. **Kaupfélagið**
    Kringlunni/Smáralind
    Litur svart
    St. 36-41
    Verð 21.995

16. **EUROSKO Skóhöllin Firði Hafnarfirði**
    Litur brúnn
    Stærðir 36 – 41
    Verð 23.995 kr

17. **EUROSKO Skóhöllin Firði Hafnarfirði**
    Litur svartur
    Stærðir 36 – 41
    Verð 11.995 kr

18. **Gylti kötturinn**
    Litir svart/brúnt
    St.36-41
    Verð 12.800

19. **Gylti kötturinn**
    Litir svart/brúnt
    St.36-41
    Verð 12.800



Úkraínski hönnuðurinn Aleksei Zalevskí sýndi meðal annars þennan tattúveraða jakka á tískuvikunni í Kænugarði.

Tískuhúsið rússneska, YanaStasia, tefldi fram fjölhæfum fyrirsætum.



Úkraínski hönnuðurinn BEKH hannaði þennan kjól sem helst minnti á gamlar framtíðarmyndir um líf manna á plánetunni Mars.

Þessi furðuvera var á vegum tískuhússins „Laboratoriya 13" á tískuvikunni í Moskvu.

# *Trúðar og furðuverur*

**Tískuvikur eru nýafstaðnar bæði í Rússlandi og Úkraínu. Þar vöktu athygli óvenjulegar flíkur sem sumar hverjar voru í ætt við óskapnað en aðrar minntu á prinsessur, trúða og ævintýr.**



2.



19.



1.



5.



4.



8.



7.



15.



6.



ÚR HÁBORG TÍSKUNNAR

Bergþór Bjarnason skrifar frá París

## Kínverskt kaupæði

Kreppan hefur ekki komið eins við alla. Þrátt fyrir tímabundinn samdrátt hjá mörgum verslunarkeðjum og fataframleiðendum sem og í lúxusiðnaðinum hefur lúxusgeirinn á endanum grætt í kreppunni. Þess ber þó að geta að það eru hin allra þekktustu tískuhús, þau sterkustu, sem þetta á við um. Tískuhús eins og Hermès, Cartier, Dior, Chanel og Vuitton blómstra sem aldrei fyrr og auka veltuna um tveggja stafa tölu á ári síðustu tvö ár. Skýringin er einföld en það eru kínverskir nýríkir viðskiptavinir sem valda þessari stórsókn franska lúxusiðnaðarins þrátt fyrir örlítinn efnahagsbata annars staðar. Kannski vegna þess að fyrst að frönsku tískuhúsin eru þekktari en þau ítölsku og hafa heldur reynt að auka gæðin til þess að vera einstök þá gengur þeim sérstaklega vel. Samkvæmt Colbert-samtökunum, sem eru regnhlífarsamtök 75 þekktra tískuhúsa, eru þau öll í sókn. Svo mikil er velgengni sumra þeirra að síðan í september loka þau einum klukkutíma fyrr á kvöldin en venjulega til að draga úr sölunni og tryggja að nægjanlegur lager verði til fyrir jólavertíðina!



En velgengnin á sér aðrar hliðar því kínversku viðskiptavinirnir koma í hópum, eru háværir og fara hratt yfir. Þeir vilja gjarnan kaupa fleiri en eitt stykki af hverri tösku eða úri, oft fyrir þá sem heima sitja eða þá til að selja heima fyrir þar sem verðið er lægra í Evrópu vegna minni tolla. Fínu merkin tapa einnig ákveðnum ljóma við þessi stórinnkaup. Að meðaltali kaupir hver kínverskur ferðamaður eina lúxusvöru í Frakklandi og Kínverjar vega 18 prósent af 160 milljarða evra heimsveltu í lúxusiðnaðinum.

Eftirspurnin er svo mikil að fyrirtækjunum gengur illa að svara þeim. Langan tíma tekur að auka við framleiðsluna og jafnvel er ekki nóg til af hráefnum, til dæmis leðri, vegna þess að framleiðslan miðaðist við áætlanir gerðar í upphafi kreppunnar. Svo tekur langan tíma að læra verklagið hvort sem er við úrsmíðar eða leðurvinnu.

Á sama tíma hækka sum tískuhúsin verðið um 10-20 prósent meðan verðið lækkar í Asíu til að minnka verðmuninn. Hjá stórmagasíninu les Galeries Lafayette er hlutfall kínverskra viðskiptavina komið í sextíu prósent og þykir sumum nóg um.

*bergb75@free.fr*

# Von á sumarlegu vori

**Giambattista Valli hafði praktísku hliðarnar að leiðarljósi við hönnun á vor- og sumarlínu sinni.**

Íslenskar tískudrósir hafa oft þurft að lúta í lægra haldi fyrir íslenskri veðráttu, með tilheyrandi rigningu, gráma og roki. Þær virðast þó hafa verið bænheyrðar fyrir vorið 2011, en í nýjustu línu Giambattista Valli má sjá praktískar flíkur á borð við stormjakka og létta rennda jakka, í öllum regnbogans litum og sumarlegum munstrum. Línan ætti því að geta lífgað upp á stormasamt vorveðrið hjá þeim sem lengir eftir sumrinu með sínum fallegu litum og rigningarlausu dögum.

*- jbá*



Sumarlegir stormjakkar til að koma okkur í meiri sumarfíling á votum vordögum. Höfuðfatið gæti þó þvælst fyrir í séríslenskum vindhviðum.



16.



12.



18.



11.



3.



13.



9.



14.



10.



17.

**Ofsaflottar mittisbuxur**



teg. NELA - fáanlegar í hvítu og svörtu í stærðum S,M,L,XL á kr. 2.990,-



teg. SARA - mjög fallegar í hvítu og svörtu í stærðum S,M,L,XL á kr. 2.990,-



teg. GABE - flottar í svörtu í hvítu og svörtu í stærðum M,L,XL,XXL á kr. 2.990,-

Misty - fyrir allar konur
Laugavegi 178 - Sími: 551 3366
Opið mán.-fös. 10-18. Lau. 10-14.
Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf.
www.misty.is
Vertu vinur



OLANG
Þeir eru komnir



Goretex kuldaskór fyrir dömu og herra
Stærðir 36-47.
Verð 22.000 kr.
BASLER
Skipholti 29b • S. 551 0770



**Gæðastólar á góðu verði fyrir fagfólk!**
Öll verð með vsk.



27.234 kr 24.975 kr 23.594 kr 35.893 kr 29.493 kr 48.320 kr
S. Gunnbjörnsson ehf. Iðnbúð 8 S. 565 6317 ecopostural



**FULL BÚÐ AF NÝJUM VÖRUM**



Allar peysur og hálsklútar með 20% afslætti
Við erum á fyrstu hæðinni í Firði.
MIND
Smart verslun fyrir konur - Firði Hafnarfirði
Sími 534 0073
Erum með opið á lau. kl. 11-16
FJÖRÐUR
www.fjordur.is



Auglýsingasími 512 50 50
Allt sem þú þarft...




Jennifer Lynn, húðflúrari á Reykjavík Ink., spreytir sig á íslenskum byggðarmerkjum og málar þau hér á annan starfsmann, Önnu Margréti. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Byggðarmerki Mosfellsbæjar (t.h.) þótti henta vel sem húðflúr, svo og byggðarmerki Skagafjarðar. Hér fyrir neðan eru merki Hornafjarðar, Akureyrar og Húsavíkur.



# Blönduós á bringuna og Skagafjörð á bakið

**Borgarstjóri lét nýlega húðflúra á sig merki Reykjavíkur og vakti uppátækið jákvæð viðbrögð. Fréttablaðið kannaði hvort byggðarmerki væru almennt vinsælt húðflúr og fékk að sjá nokkur dæmi.**

„Af virðingu við borgina mína og íbúa hennar!“ ritaði háttvirtur borgarstjóri, Jón Gnarr, við mynd sem hann birti á Facebook-síðu sinni af húðflúri af merki Reykjavíkur sem hann fékk sér á framhandlegginn á dögunum. Ekki stóð á viðbrögðunum, þar sem alls hafa nú 2.259 lýst yfir ánægju sinni með uppátækið á Facebook-síðu borgarstjóra og 357 skilið eftir athugasemdir, flestar í jákvæðari kantinum.

Eftir því sem Fréttablaðið kemst næst hefur hingað til verið sjaldgæft að tjá ást sína og virðingu á byggðarlögum með þessum hætti, en vinsælt hefur verið að láta flúra á sig íslenska skjaldarmerkið, fánann og jafnvel merki fyrirtækja. Þó er aldrei að vita nema tiltæki borgarstjóra eigi eftir að hrinda af stað nýrri tískusveiflu, enda byggðarmerkin mörg hver listilega hönnuð og því hentugasta kroppsskraut, eins og kom bersýnilega í ljós þegar Fréttablaðið fékk húðflúrara á Reykjavík Ink. til að „máta“ nokkur valin merki.

*roald@frettabladid.is*



Linda Mjöll Þorsteinsdóttir hjá Reykjavík Ink. segir sjaldgæft að menn láti húðflúra á sig byggðarmerki. Skjaldarmerki Íslands sé hins vegar vinsælt á bak, bringu og upphandlegg og sömuleiðis hvers kyns vörumerki. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR



Svanur Guðrúnarson hjá Tattoo og skarti segist hafa fengið fyrirspurnir frá fólki sem vill láta skreyta sig með byggðarmerkjum. Því sé hins vegar vísað frá þar sem hann sérhæfi sig í flóknum húðflúrum af þeim toga sem byggðarmerki flokkast ekki undir.



„Ætli Hafnarfjörður komi þar ekki oftast við sögu, Sindri okkar sá eitt Njarðvíkurstykki um daginn og svo man ég eftir einum með Mosfellsbæ fyrir óralöngu síðan,“ segir Jón Páll Halldórsson, betur þekktur sem Nonni tattoo, hjá Ízlensku húðflúrstofunni.




HAUSTTILBOÐ Í 3 DAGA
FRÁ FIMMTUDEGI TIL LAUGARDAGS
21. til 23. október
20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM!
Í Tösku- og hanskabúðinni finnur þú mikið úrval af handtöskum, tölvu- og skjalatöskum, seðla-og leðurveskjum, ferðatöskum, leðurhönskum og vönduðum göngustöfum svo fátt eitt sé nefnt.
Þú getur litið við í verslun okkar eða farið á slóðina www.th.is þar sem hægt er að skoða úrvalið og gera góð kaup!
Tösku og hanskabúðin
Tösku og hanskabúðin · Skólavörðustíg 7 · 101 Reykjavík · Sími 551 5814 · www.th.is

# Úlpur & yfirhafnir



FIMMTUDAGUR 21. OKTÓBER 2010



Carhartt herraúlpa
st. xs-xxl
litir: svartur, grænn
(væntanleg í gráu)
verð: 38.990,-



Carhartt herraúlpa
st. xs-xxl
litir: svartur, grænn
(væntanleg í gráu)
verð: 38.990,-



Carhartt dömuúlpa
st. xs-l
litir: svartur, beinhvítur,
grár, navy-blár
verð: 38.990,-



Carhartt dömuúlpa
st. xs-l
litir: svartur, beinhvítur,
grár, navy-blár
verð: 38.990,-



**SMASH**



**Beinhvítt er einn af tískulitum vetrarins. Sigríður Garðarsdóttir, rekstrarstjóri Smash, í Carhartt-úlpu.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Úlpurnar frá Carhartt endast alveg endalaust

**Úlpurnar frá Carhartt eru svo vinsælar að áður en fyrsta sending kemur á haustin er kominn biðlisti eftir úlpum í Smash í Kringlunni og Smáralind. Úlpurnar eru alltaf í sama sniði, en litirnir breytast frá ári til árs eftir tískustraumum.**

„Carhartt-úlpurnar eru rosalega klassískar," segir Sigríður Garðarsdóttir, rekstrarstjóri í Smash. „Bara „beisík" snið, með loðkraga, sem hægt er að taka af, á hettunni. Ég er búin að eiga mína í mörg ár og þrátt fyrir mikla notkun á veturna þá sést ekki á henni."

Úlpurnar hafa notið mikilla vinsælda sem ekkert virðast vera í rénun. „Við erum búin að vera með þessar úlpur í nokkur ár og það eru alltaf komin nokkur nöfn á biðlista áður en fyrsta sending kemur á haustin. Fólk bókstaflega dýrkar þessar úlpur."

Úlpurnar frá Carhartt eru mjög hlýjar, að sögn Sigríðar, og hún segir að eiginlega megi segja að þær séu að mestu leyti vetrarúlpur. „En auðvitað er hægt að nota þær á sumrin þegar það er extra kalt og leiðinlegt veður," segir hún. „Þær halda svo sannarlega hita á þeim sem klæðast þeim. Enda eiga þeir sem byrja að ganga í svona úlpu erfitt með að fara í aðrar gerðir."

Fyrsta sending haustsins var að koma í hús fyrir nokkrum dögum og Sigríður segir ekki hægt að segja til um hvort salan hafi aukist eða minnkað á þessu stigi þar sem veturinn virðist vera seinna á ferðinni í ár en í fyrra. „En miðað við biðlistann, þá virðist áhuginn vera svipaður."

Carhartt-úlpan fæst bæði í dömu- og herrasniði. Herrasniðið er breiðara yfir búkinn en dömuúlpan en þær eru mjög líkar að öllu öðru leyti. Úlpan sjálf er úr næloni en fóðruð með þykku pólyester sem gerir það að verkum að ef hún verður skítug þá er ekkert mál að skella henni í þvottavélina.

Í ár er dömuúlpan í fjórum litum: svörtum, beinhvítum, gráum og navy-bláum og herraúlpan fæst svört og dökkgræn eins og er en í næstu viku er von á grárri.

„Það má alveg segja að þessi úlpa sé peninganna virði því hún heldur á þér hita og endist lengi," segir Sigríður.

# Höfuð ... og tær

Gaman er að fríska upp á Carhartt-úlpurnar með því að nota mismunandi fylgihluti. Húfur eru náttúrulega nauðsynlegur búnaður í vetrarhörkum og hér má sjá nokkur sýnishorn af húfum sem fást í Smash og fara vel við úlpurnar. Ekki má gleyma þykku sokkunum sem hlífa tánum í frostinu. Tískugúrúar boða þykka sokka við háhælaða bandaskó í vetur, en veðurlagið á Íslandi býður því miður sjaldan upp á slík flottheit. Mestu skiptir auðvitað að láta sér ekki verða kalt.




**Þykkir sokkar eru efst á lista tískudrósa þennan veturinn enda sáust þeir á nánast öllum tískupöllum þegar sýndar voru vetrarlínur tískuhúsanna.**
**Góð húfa er lífsnauðsyn þegar kuldinn bítur, auk þess sem skemmtilegt er að breyta stílnum örlítið með því að skipta um húfu, þótt úlpan sé sú sama.**

**Útgefandi:** 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000
**Umsjónarmenn auglýsinga:** Benedikt Freyr Jónsson benediktj@365.is s. 512 5411 og Hlynur Þór Steingrímsson hlynurs@365.is s. 512 5439.



Davíð segir úlpurnar í Galleri 17 henta breiðum aldurshópi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Úlpur við allra hæfi

**Síðar karlmannsúlpur með hettu og flottar dúnúlpur eru áberandi í Galleri Sautján í ár.**

Úlpurnar komu óvenju snemma í Galleri Sautján í ár, eða upp úr byrjun september. Þrátt fyrir mikið hlýindaskeið byrjuðu þær strax að rjúka út enda veit fólk sem er að þær eru fljótar að klárast. „Þó að það sé búið að vera hlýtt þá vita Íslendingar af fenginni reynslu að það kemur vetur, það er ekkert leyndarmál. Ef þeir sjá góða úlpu á góðu verði eru því margir sem slá til jafnvel þó að veturinn sé ekki skollinn á með fullum þunga,“ segir Davíð Kristján Guðmundsson, verslunarstjóri Galleri Sautján í Smáralind.

Hann segir mikið um síðar karlmannsúlpur í ár og að margar séu með hettu og jafnvel loðkraga. „Það er mikið um að hægt sé að taka loðkragann eða jafnvel hettuna af, sem býður upp á að hægt sé að nota flíkurnar við ólík tækifæri,“ segir Davíð. Hann segir úlpurnar á mjög breiðu verðbili sem hentar ólíkum aldurshópum.

Beðinn um að lýsa úrvalinu nánar segir Davíð sænskar Elvine úlpur vera klassa flíkur. „Þetta eru flottar aðsniðnar úlpur sem endast í mörg ár. Þær eru með hettu sem má losa af en þannig er hægt að nota þær við fínni tækifæri. Þá erum við með svipaðar úlpur frá öðrum merkjum ásamt dúnúlpum, mittisjökkum og ýmsu fleiru.“

Davíð segir Mao-úlpurnar vera með þeim vinsælustu ásamt Solid-dún- og hettuúlpunum sem eru á góðu verði. „Dúnúlpurnar fást bæði stuttar og síðar og mittisúlpurnar eru með góðu stroffi. Við erum með úlpur sem falla inn í götutískuna en líka fínni snið svo allir ættu að geta fundið eitthvað við sitt hæfi. Þar sem verðbilið er breitt býður það líka upp á að fólk geti jafnvel átt fleiri en eina góða úlpu. Það fer auðvitað eftir því úr hverju fólk hefur að spila en það getur verið gaman að eiga eina úlpu sem hentar yfir köldustu vetrarmánuðina en aðra sem er betri vor og haust. Þá getur verið gaman að vera ekki gæinn í „þessari“ úlpu heldur eiga möguleika á því að skipta eða í það minnsta breyta henni eitthvað.“



Soffía Tinna Gunnhildardóttir, starfsmaður í Galleri Sautján í Smáralind, innan um hluta úrvalsins. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



Guðlaug Elísa Einarsdóttir, verslunarstjóri í Galleri Sautján í Kringlunni.

# Aldrei meira úrval af úlpum

„Við í Galleri Sautján höfum lagt mikið á okkur til að bjóða upp á gott úrval af úlpum og vetrarflíkum í ár,“ segir Guðlaug Elísa Einarsdóttur, verslunarstjóri Galleri Sautján í Kringlunni. „Snið og gerðir eru margar og verð er frá 8.990 krónum. Allir ættu því að geta fundið sér hlýja og góða flík fyrir veturinn.“

Guðlaug segir fjórar gerðir af Moss úlpum í boði en þær eru hannaðar á Íslandi af hönnunarteymi Galleri Sautján með þarfir íslenska markaðarins í huga. „Sniðið er orðið klassískt hjá okkur og ávallt vinsælt. Í ár bættum við fallegum rauðum lit í úrvalið sem og hermannamunstrinu við þær svörtu og hefur þeim verið vel tekið. Þá erum við með mjög vinsælar Diesel-úlpur í hermannagrænu og svörtu. Þær eru síðar með stórum kraga, grófar og eru flottar við alla hermannatískuna sem er í gangi núna,“ segir Guðlaug.

Hún segir dúnúlpurnar frá Ichi líka vera vinsælar en þær fást bæði svartar og gráar. „Verðið á þeim kemur líka skemmtilega á óvart en þær kosta 8.990 krónur.“

Úrvalið af vetrarflíkum og úlpum í Galleri Sautján er fjölbreytt. Hvort sem verið er að leita að úlpu eða kápu, beinni, aðsniðinni, stuttri eða síðri flík þá eru möguleikarnir margir og úrvalið ætti að henta breiðum hópi kvenna. Guðlaug segir úlpurnar hafa byrjað að seljast vel strax í byrjun september og eftir nýlegt kuldakast er greinilegt að allir vilja fá sér hlýja og góða utanyfirflík fyrir veturinn.

Solid herraúlpa
st. s-xxl
litir: svartur
verð: 18.990,-



Solid herraúlpa
st. s-xxl
litir: svartur
verð: 16.990,-



Diesel dömuúlpa
st. s-xl
litir: svartur, grænn
verð: 29.990,-



MIA dömuúlpa
st. xs-xl
litir: svartur, rauður, og camouflage
verð: 16.990,-



galleri sautján








Bjarni Guðjónsson, verslunarstjóri í Ellingsen, sem selur gott úrval af Alaskan-úlpum úr smiðju Columbia. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Úlpan sem dugar alla leið

**Í Ellingsen má nú finna eina flottustu og merkustu úlpuhönnun seinni tíma í dúnúlpunni Alaskan, sem sameinar allt sem þarf til dugandi og þægilegrar útivistar á vetrum.**

„Nýja Alaskan-dúnúlpan frá Columbia er eina sanna vetrarúlpan í ár, enda tímamótaflík að öllu leyti og nokkuð sem enginn annar úlpuframleiðandi getur státað af,“ segir Ásbjörn Þór Ásbjörnsson, sölumaður í Ellingsen, sem einnig er margreyndur björgunarsveitarmaður og veit hvernig flíkur þurfa að vera til að duga á fjöllum og í íslensku vetrar- og vonskuveðri.

„Alaskan hefur hvorki meira né minna en 700-fill power dúnfyllingu, en algengt er að góðar dúnúlpur séu með 400 til 500-fill power. 700 er frábært því „fill power“ er mælikvarði á rúmmál dúns miðað við þyngd. Því hærra fill power, því betri er dúnninn, því hver þyngdareining gefur meiri einangrun. Dúnn með hátt fill power er auk þess endingarbetri og nánast lífstíðareign með réttri meðhöndlun,“ segir Ásbjörn.



Ásbjörn í svarti Alaskan úlpu frá Columbia og með tíkinni Mýru. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Columbia sagði fyrir nokkru skilið við tex-eiginleikana, eins og gore-tex, og hannaði sitt eigið kerfi sem hefur forliðinn Omni. Þannig hefur Alaskan Omni-Heat hitakerfi sem gerir hana tuttugu prósentum hlýrri. Yfirborð úlpunnar er gert úr vatnsfráhrindandi efni sem varnar því enn betur að vatn komist í fyllingu hennar, og því tapar hún síður einangrunargildi ef dúnninn blotnar,“ segir Ásbjörn og útskýrir að Alaskan henti jafnt sem borgarklæðnaður og úlpa upp á hæstu jökla.

„Undir handarkrikum er auka öndun sem mótvægi við hve úlpan er hlý. Því verður enginn blautur þótt hann svitni og rakastig helst alltaf það sama. Alaskan hentar því í alla almenna útivist á veturna, er með innri ermar úr mjúku softshell-efni með gati fyrir þumalinn, og flottri stillanlegri stormhettu sem fylgir höfðinu þegar því er snúið, í stað þess að sitja eftir og byrgja alla hliðarsýn,“ segir Ásbjörn um þessa einstöku úlpu sem er fáanleg fyrir bæði kynin og heitir Alpine Attitude í kvenlínunni.

„Þeir sem þurfa að vera lengi í vetrarveðrum eiga eftir að fíla þessa úlpu í botn, og það er frábært að klæðast henni. Hún er svo notaleg, létt og umvefjandi, og vel búin vösum að utan og innan, sem nýtast jafnt fyrir síma, lykla og veski, en einnig fjarskiptatæki, talstöðvar og fleira.“

# Norsk alhliða lúxus ull

Fyrstu ullarflíkurnar frá Devold litu dagsins ljós árið 1853, en ull í hæsta gæðaflokki er aðalsmerki þessa virta ullarframleiðanda. Frá fyrstu tíð hafa menn til sjós og lands reitt sig á Devold við erfiðar aðstæður, en fyrirtækið hefur ávallt svarað kröfum tímans með ríkulegri vöruþróun og framúrskarandi fatnaði sem sameinar nútímalega eiginleika og útlit í bland við hefðbundnari vörur.

Fatnaður Devold skiptist í þrjú mismunandi einangrunarstig sem nefnast Multi Sport, Active og Expedition.




Ullarflíkur Devold eru frábær ferðafélagi til útivistar og í hvernig veðri sem er. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

- Multi Sport er léttur eins lags ullarfatnaður sem hentar vel í léttar gönguferðir. Einangrun miðast við +10°C hita niður í -10°C frost.
- Active er tveggja laga undirfatnaður, gerður fyrir +5°C hita niður í -20°C frost. Active-línan er mjúk og þægileg og hentar vel fyrir þá sem eru viðkvæmir fyrir ullarfatnaði.
- Expedition er hörkutólið í vöruúrvali Devold. Fatnaður sem notaður hefur verið í pólferðir og staðist allar væntingar. Expedition-línan þolir allt að -50°C frost.

Allar línurnar hafa góða öndunareiginleika og halda líkamanum þurrum þótt hann svitni við átök.

# fjármál

FIMMTUDAGUR 21. OKTÓBER 2010

Kynning






Íbúðalánasjóður

Kynntu þér lán og aðra þjónustu Íbúðalánasjóðs

- Lán til íbúðakaupa
- Lán til endurbóta og viðbygginga
- Aukalán vegna sérþarfa (skert starfsorka)
- Úrræði í greiðsluvanda

www.ils.is

Borgartúni 21 | 105 Reykjavík | Sími : 569 6900, 800 6969

# Fjölmörg úrræði í boði

Einstaklingar í greiðsluerfiðleikum eru hvattir til að nýta sér þau úrræði stjórnvalda og fjármálastofnana sem í boði eru en þau eru fjölmörg. Á vefsíðunni island.is er að finna greinargott yfirlit um þau úrræði sem skuldurum standa til boða. Einnig er bent á heimasíður viðskiptabankanna, þar sem má finna upplýsingar um úrræði sem þeir bjóða viðskiptavinum sínum.

**HELSTU GREIÐSLUÚRRÆÐI**

- Greiðslujöfnun til að létta greiðslubyrði af reglulegum afborgunum lána. Í boði hjá Íbúðalánasjóði og viðskiptabönkum.
- Skuldbreyting vanskila, lenging í lánum, samningar um vanskil eða frysting lána í 1-3 ár. Í boði hjá Íbúðalánasjóði og viðskiptabönkum.
- Sértæk skuldaaðlögun fyrir heimili í verulegum greiðsluerfiðleikum. Úrræðið er unnið af aðalviðskiptabanka einstaklinga, er ætlað að laga skulda- og eignastöðu fólks að greiðslugetu þess og getur falið í sér eftirgjöf krafna.
- Greiðsluaðlögun hjá umboðsmanni skuldara vegna alvarlegra greiðsluerfiðleika.
- Tímabundið úrræði fyrir þá sem eiga tvær fasteignir hjá umboðsmanni skuldara.
- Tímabundin greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna sem sótt er um hjá héraðsdómi með aðstoð umboðsmanns skuldara.
- Viðskiptabankarnir bjóða einnig viðskiptavinum sínum fjölmörg úrræði svo sem höfuðstólslækkun, 110 prósenta aðlögun fasteignalána og fastar greiðslur af lánum í tiltekinn tíma.



Greiðslujöfnun er í boði hjá Íbúðalánasjóði.

## AÐ FORÐAST GREIÐSLUVANDA

Algengustu ástæður greiðsluerfiðleika eru að útgjöld heimilisins eru hærri en tekjurnar. Markmið hvers heimilis ætti að vera að skila tekjuafgangi og leggja í fyrir í varasjóð. Besta leiðin er alltaf sú að fyrirbyggja vandann áður en í óefni er komið. Gott að hafa eftirfarandi ráð í huga.

**1 FÁÐU RAUNVERULEGA YFIRSÝN YFIR ÚTGJÖLD OG TEKJUR HEIMILISINS** Að þekkja útgjöldin veitir fjárhagslegt öryggi og raunútgjöld vegna framfærslu heimilisins er best að finna með því að færa heimilisbókhald. Grunn að einföldu heimilisbókhaldi í Excel má nálgast á www.ums.is. Eftir að framfærslukostnaður liggur fyrir er síðan hægt að finna þá liði sem má lækka og setja sér framfærslumarkmið fyrir næsta mánuð.

**2 SETTU ÞÉR MARKMIÐ OG FYLGDU ÞEIM EFTIR** Þegar útgjöldin og tekjurnar liggja fyrir er gott að fylla út fjárhagsyfirlit til að fá mynd af stöðunni eins og hún er. Grunn að fjárhagsyfirliti í Excel má nálgast á www.ums.is. Þegar staðan liggur fyrir er hægt að setja sér markmið og ákveða hvenær staða er tekin aftur með nýju fjárhagsyfirliti til að meta árangurinn. Gott getur verið að raða útgjaldaliðum eftir því hve auðvelt er að vera án þeirra eða lækka þá. Með góðu fjárhagsyfirliti er einnig auðvelt að raða lánum upp eftir því hve mikla vexti þarf að greiða af þeim með það að markmiði að greiða inn á höfuðstól þeirra sem bera hæstu vextina. Skynsamlegast er að greiða niður vanskil fyrst. Vextir af rað- og fjölgreiðslum eru oft mjög háir og vextir af yfirdráttarlánum eru jafnaði milli 12%-13%. Þessi lán ættu því að fara efst á skuldalistann.

**3 SEMDU STRAX VIÐ KRÖFUHAFA EF GREIÐSLUBYRÐI ÞÍN ER OF HÁ MIÐAÐ VIÐ TEKJUR** Mikilvægt er að semja um frestun greiðslna af lánum eða skilmálabreytingar sem fyrst því vanskil eru kostnaðarsöm. Hægt er að sækja um frestun á afborgunum vegna greiðsluerfiðleika, t.d. hjá LÍN og Íbúðalánasjóði. Þegar greiðsluvandi er viðvarandi er hægt að fá ráðgjöf hjá umboðsmanni skuldara. Jafnframt má fá aðstoð við samninga við kröfuhafa, að undangengnu greiðsluerfiðleikamati.

**4 KYNNTU ÞÉR RÉTT ÞINN OG SKYLDUR, T.D. Í SKATTAMÁLUM** Ertu að fara á mis við eitthvað sem þú átt rétt á? Hægt er að nálgast allar upplýsingar og eyðublöð vegna umsókna um lækkanir og vaxta- og barnabætur inni á skattur.is.



*Nánar á www.ums.is*



Markmiðið með húsnæðisstefnu Félags- og tryggingamálaráðuneytis er að skapa fólki fjölbreytta valkosti sem tryggja húsnæðisöryggi allra óháð efnahag. NORDICPHOTOS/GETTY

# Öruggt heimili fyrir alla

**Fimm manna aðgerðanefnd undir forystu forsætisráðherra hefur á síðustu vikum unnið að frekari lausnum á skuldavanda heimilanna og aukinni skilvirkni gildandi úrræða. Mikilvægar úrbætur hafa verið kynntar eða verða kynntar á næstunni.**

**Í SKJÓLI UMBOÐSMANNS**

Umboðsmaður skuldara tók til starfa 1. ágúst. Hann er ráðgjafi og talsmaður skuldara og skal gæta hagsmuna þeirra í hvívetna séu þeir órétti beittir af hálfu fjármálastofnana eða stjórnvalda.

Nýlega var lögfest bráðabirgðaákvæði vegna greiðsluaðlögunar einstaklinga. Með því fá þeir sem sækja um greiðsluaðlögun tímabundinn greiðslufrest strax og umsókn hefur borist umboðsmanni skuldara. Óheimilt verður að ganga að skuldara með greiðslukröfur, ganga að ábyrgðarmönnum, gera fjárnám í eignum hans eða fá þær seldar nauðungarsölu meðan umsókn um greiðsluaðlögun bíður vinnslu hjá umboðsmanni. Frestunin nær til krafna sem verða til áður en umsókn um greiðsluaðlögun er móttekin og gildir úrræðið til 1. júlí 2011.

**FYRNING SKULDA**

Ríkisstjórnin hefur samþykkt að leggja fram frumvarp um að skuldir fólks fyrnist tveimur árum eftir gjaldþrot. Þá liggur fyrir Alþingi frumvarp um að heimild til



Guðbjartur Hannesson, félags- og tryggingamálaráðherra. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

frestunar á nauðungarsölum verði framlengd til 31. mars 2011. Verið er að skoða stöðu ábyrgðarmanna og þeirra sem hafa veitt lánsveð svo tryggja megi að ekki verði gengið að þeim vegna einstaklinga sem leita greiðsluaðlögunar.

**TVÆR EIGNIR**

Tekið hefur verið á vanda fólks sem situr uppi með tvær eignir og hefur ekki getað selt aðra þeirra. Sótt er um úrræðið hjá umboðsmanni skuldara.

**RÉTTUR TIL KAUPLEIGU**

Í vikunni var lagt fyrir Alþingi frumvarp til breytinga á húsnæðislögum sem heimilar Íbúðalánasjóði að bjóða uppboðsíbúðir til leigu með kauprétti. Þetta eykur verulega húsnæðisöryggi fólks sem er illa statt fjárhagslega. Einnig fær Íbúðalánasjóður heimild til að veita óverðtryggð húsnæðislán og auknar heimildir til að veita lán til endurbóta.

**SAMNINGAR UM GENGISLÁN VERÐA ÓGILTIR**

Efnahags- og viðskiptaráðherra mælir bráðlega fyrir lagafrumvarpi um að öll lán einstaklinga tengd gengi erlendra gjaldmiðla verði ólögmæt óháð orðalagi samninga. Höfuðstóll lána lækkar verulega sem getur skipt sköpum þar sem gengistryggð lán hafa valdið heimilum í landinu hvað mestum erfiðleikum. Fasteignalánum verður breytt í verðtryggð krónulán en einstaklingar geta valið hvort þeir vilji breyta láninu í óverðtryggð krónulán eða lögleg erlend lán.

**ALMENNAR AÐGERÐIR**

Sérfræðingahópur á vegum stjórnvalda með fulltrúum helstu hagsmunaaðila vinnur að útreikningum á ýmsum almennum leiðum sem ræddar hafa verið til lausnar á skuldavanda heimilanna. Niðurstöður ættu að liggja fyrir fljótlega þar sem skýrist hvaða aðgerðir er unnt að ráðast í til viðbótar þeim úrræðum sem þegar eru í boði.

**HÚSNÆÐISSTEFNA TIL FRAMTÍÐAR**

Félags- og tryggingamálaráðuneytið vinnur að mótun húsnæðisstefnu til framtíðar. Einkum er horft til þess að efla önnur úrræði en séreignaformið svo sem búseturétt, kaupleigurétt og leigumarkað. Markmiðið er að skapa fólki fjölbreytta valkosti sem tryggja húsnæðisöryggi allra, óháð efnahag.

*Guðbjartur Hannesson, félags- og tryggingamálaráðherra.*

**Útgefandi:** 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000
**Umsjónarmenn auglýsinga:** Bjarni Þór Sigurðsson bjarnithor@365.is s. 512 5471.

# Skjól fyrir kröfuhöfum

**Alþingi samþykkti í síðustu viku breytingar á lögum um greiðsluaðlögun. Í breytingunum felst að tímabundin frestun greiðslna hefst þegar umsókn um greiðsluaðlögun hefur verið móttekin, en ekki samþykkt eins og áður var.**

„Þetta eru mikilvægar breytingar fyrir fólk sem á í veruleg- um greiðsluerfiðleikum,“ segir Sara Jasonardóttir, sviðsstjóri greiðsluaðlögunarsviðs hjá umboðsmanni skuldara. „Þetta þýðir í raun að það má ekki krefja þá sem sækja um greiðsluaðlögun hjá okkur um greiðslu á þeim skuldum sem verða til áður en umsókn er móttekin, né heldur að krefja ábyrgðarmenn þeirra um greiðslu á meðan á greiðslufresti stendur.“

Sara bendir á að þetta eigi við um greiðslur af öllum hefðbundnum lánum, svo sem húsnæðislánum og neyslulánum. Hins vegar beri fólki enn að greiða reikninga sem tengjast rekstri fasteigna eins og fasteignagjöld, húsgjöld, hússjóð og tryggingar. „Fyrir fólk sem á í verulegum greiðsluerfiðleikum, þar sem vanskil safnast upp og bara innheimtukostnaður virðist óyfirstíganlegur, skiptir þetta gríðarlega miklu máli. Þegar umsókn um greiðsluaðlögun hefur verið móttekin á það ekki að þurfa að hafa áhyggjur af því að kröfuhafar séu að hringja eða banka upp á. Né heldur að hafa áhyggjur af því að það sé verið að krefja ábyrgðarmenn, sem eru í flestum tilfellum ástvinir eða nánir vinir, um greiðslu. Því ætti þetta að létta nokkuð á áhyggjunum, sem eru yfirleitt nægar fyrir hjá þessum hópi fólks.“

Á meðan greiðslufrestun stendur eru lagðar skyldur á herðar skuldara og bendir Sara á að sé þeim ekki framfylgt gæti umsókn um greiðsluaðlögun verið synjað síðar. „Helstu skyldur þeirra sem sækja um greiðsluaðlögun eru að leggja til hliðar það sem er afgangs af ráðstöfunartekjum þegar greiddur hefur verið kostnaður vegna nauðsynlegrar framfærslu. Framfærslukostnaður er mun minni ef ekki er verið að greiða kostnað vegna húsnæðis, og því líklegt að eitthvað sé aukreitis. Þá má ekki stofna til nýrra skulda eða gera samninga um veruleg útgjöld í framtíðinni, né heldur að láta af hendi eða veðsetja eignir.“

Allar frekari upplýsingar um greiðsluaðlögun er að finna á heimasíðu umboðsmanns skuldara, ums.is.



„Það má ekki krefja þá sem sækja um greiðsluaðlögun hjá okkur um greiðslu á þeim skuldum sem verða til áður en umsókn er móttekin, né heldur að krefja ábyrgðarmenn þeirra um greiðslu á meðan á greiðslufresti stendur,“ segir Sara Jasonardóttir, sviðsstjóri greiðsluaðlögunarsviðs hjá umboðsmanni skuldara. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Vísa rétta veginn

„Stór þáttur starfsemi umboðsmanns skuldara er að veita fólki ókeypis ráðgjöf og finna lausnir á greiðsluvanda einstaklinga,“ segir Margrét Valdimarsdóttir, sviðsstjóri ráðgjafarsviðs hjá umboðsmanni skuldara. „Það eru margar lausnir í boði fyrir fólk í greiðsluerfiðleikum, bæði samkvæmt lögum og líka þau úrræði sem fjármálastofnanir bjóða upp á. Ráðgjafar okkar eru sérfræðingar í því að finna þá lausn sem best hentar hverjum og einum.“



„Við erum til staðar fyrir þá sem hingað leita þar til lausn finnst á þeirra greiðsluerfiðleikum,“ segir Margrét Valdimarsdóttir, sviðsstjóri ráðgjafarsviðs. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Margrét segir að ráðgjöf hefjist alltaf á því að meta greiðslugetu. „Við skoðum ráðstöfunartekjur og raunhæfan framfærslukostnað. Það sem eftir stendur er það sem fólk getur notað til að greiða af lánum og öðrum skuldum. Það er aldrei þannig að við gerum ráð fyrir því að fólk greiði fyrst af skuldum og noti það sem afgangs er sér til framfærslu.“

Þegar raunhæfar lausnir á greiðsluvanda finnast heldur starf ráðgjafa áfram, að aðstoða þá sem leita til umboðsmanns skuldara í samningum við kröfuhafa. „Ráðgjöf getur falist í ýmsum ráðum til leiðbeiningar fólki um hvernig best er að draga úr mánaðarlegum útgjöldum. Slík ráðgjöf getur meðal annars falist í að skuldbreyta lánum þannig að mánaðarlegar afborganir verði lægri eða ef viðkomandi á í tímabundnum erfiðleikum getur ráðleggingin verið að sækja um greiðslufrest á afborgunum lána í ákveðinn tíma. Við erum til staðar fyrir þá sem hingað leita þar til lausn finnst á þeirra greiðsluerfiðleikum og aðstoðum fólk við að semja við sína kröfuhafa um að lækka greiðslubyrði niður í viðráðanlega upphæð. Oft erum við mikill andlegur stuðningur fyrir þá sem hingað leita í samskiptunum við kröfuhafa.“

## ● Í HVERJU FELST FRESTUNIN?

**Kröfuhöfum er óheimilt að:**

- krefjast eða taka við greiðslu á kröfum sínum
- gjaldfella skuldir
- gera fjárnám, kyrrsetningu eða löggeymslu í eigum skuldarans eða fá þær seldar nauðungarsölu
- fá bú skuldarans tekið til gjaldþrotaskipta
- neita að afhenda gegn staðgreiðslu eða viðunandi tryggingum þær vörur eða þjónustu sem skuldari þarf á að halda vegna framfærslu sinnar eða heimilismanna vegna fyrri vanefnda
- krefjast greiðslu hjá ábyrgðarmanni skuldarans

**Á sama tíma á skuldari að:**

- leggja til hliðar af tekjum sínum það fé sem er umfram það sem hann þarf til að sjá sér og fjölskyldu sinni farborða
- segja upp leigusamningum og öðrum samningum um veruleg útgjöld í framtíðinni sem ekki tengjast vöru og þjónustu sem er nauðsynleg honum eða heimili hans til lífsviðurværis eða eðlilegs heimilishalds
- ekki láta af hendi eða veðsetja eignir og verðmæti sem gagnast geta lánardrottnum sem greiðsla
- ekki stofna til nýrra skulda eða gera aðrar ráðstafanir sem gætu skaðað hagsmuni kröfuhafa

Finnum lausnina saman
- engin tvö mál eru eins

Skuldavandi fólks er verkefni til að leysa en vandinn er margvíslegur og mismunandi flókinn. Engin tvö mál eru eins, öll þurfa sérstaka, persónulega úrlausn. Starfsfólk okkar er sérþjálfað til að leysa skuldavanda fólks og vinnur að öllum málum með hag þeirra sem leitar til okkar efst í huga.

**Við bendum á nýlega breytingu til hagsbóta fyrir fólk í skuldavanda:**
Þegar þú sækir um greiðsluaðlögun frestast greiðslur samstundis.
Þetta á einnig við um umsóknir sem eru þegar komnar til okkar.

**Þú getur valið um að:**
- Koma til okkar að Hverfisgötu 4–6
- Hringja í síma: 512–6600
- Fá beint samband í netsamtali á www.ums.is sem er opið alla virka daga milli 09:00–16:00
- Sækja rafrænt um á ums.is
- Leita upplýsinga á www.ums.is
- Senda tölvupóst: ums@ums.is

**Opið er alla virka daga milli 9:00 og 16:00. Ekki þarf að panta tíma.**

HVERFISGATA 6 101 REYKJAVÍK SÍMI: 512 6600 FAX: 551 4495 UMS@UMS.IS
Umboðsmaður skuldara

# Lausnir Arion banka vegna sk

**Fjármálafyrirtækin vinna að því um þessar mundir að endurskoða lausnir sínar vegna skuldavanda heimilanna, með hliðsjón af þeirri reynslu sem fengist hefur. Samskipti við stjórnvöld eru góð í þeirri vinnu. Innan Arion banka hefur verið lögð rík áhersla á þetta verkefni og unnið er hörðum höndum að því að mæta þörfum viðskiptavina.**

Þúsundir einstaklinga hafa nú þegar nýtt sér lausnir bankanna, þannig að mikið hefur áunnist í lausn á skuldavanda íslenskra heimila. Hins vegar er vandi margra enn óleystur og við því þarf að bregðast.

### HVERJAR ERU SVO ÞESSAR LAUSNIR?

Lausnir fjármálafyrirtækjanna eru misjafnar. Stóru bankarnir þrír hafa farið svipaðar leiðir og hefur þeim orðið ágætlega ágengt með sínum viðskiptavinum. Arion banki hefur boðið safn lausna sem um 3.000 viðskiptavinir hafa nýtt sér. Á myndinni hér fyrir neðan er dregin upp einföld mynd af þeim lausnum sem eru í boði hjá Arion banka.

Efst í hringnum er lausnin sem gengur lengst og er ætlað að leysa vandann þar sem hann er mestur. Hér er um **sértæka skuldaaðlögun** að ræða. Í sinni einföldustu mynd felst hún í því að skuldinni er skipt í tvennt. Annars vegar er lán sem greitt er af og ræðst fjárhæð þess af greiðslugetu. Hins vegar er biðlán sem miðast við verðmæti eigna. Það sem eftir stendur, og er umfram verðmæti eigna, er afskrifað. Þannig eru skuldir **lagaðar að greiðslugetu** annars vegar og verðmæti eigna hins vegar.

Þegar **greiðslugeta** er metin er horft til þess sem þarf til að reka heimilið og lifa eðlilegu fjölskyldulífi, en það sem afgangs er fer til greiðslu skulda. Í raun er matið ekki ósvipað því greiðslumati sem framkvæmt var þegar lánið var tekið í upphafi. Þegar verðmæti eigna er metið er gert ráð fyrir því að heimilið eigi hóflega fasteign og bifreið sem hæfir fjölskyldustærð.

Það getur flækt málið við framkvæmd sértækrar skuldaaðlögunar ef viðskiptavinur er tímabundið með skerta greiðslugetu, ef hann á dýrari eignir en hann ræður við eða situr uppi með tvær fasteignir. Samhliða sértækri skuldaaðlögun getur því þurft að skoða leiðir eins og tímabundna **frystingu** á greiðslum, frest til að **selja** eignir eða **yfirtöku** bankans á eignum á móti áhvílandi skuldum.

**Léttari greiðslur** geta verið góð leið til að brúa tímabil þar sem tekjur eru skertar, en þar er þó ekki gengið eins langt og þegar lán eru fryst að öllu leyti. **Lenging lána** getur einnig verið leið til að létta greiðslubyrðina og hún er hugsuð sem varanleg lausn.



Hvort sem viðskiptavinurinn er einstaklingur eða fyrirtæki er notuð sambærileg aðferð við ákvörðun um afskrift að sögn Brynhildar Georgsdóttur. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Í neðri hluta hringsins eru lausnir til þeirra sem eiga aðeins í lítilsháttar vanda og vilja létta greiðslubyrðina. **Fastar greiðslur** eða **greiðslujöfnun** er úrræði stjórnvalda sem veitir rétt til að festa greiðslubyrðina í því sem hún var í maí 2008. Margir höfnuðu reyndar þessari leið þar sem hún felur í sér frestun á greiðslum, en aðrir þáðu hana og hafa í framhaldinu notið léttari greiðslubyrði.

Þeir sem eru með erlend lán og bíða niðurstöðu laga eða dóms hafa margir þegið lausnina **„5.000 krónur af milljón“**. Með henni koma þeir lánum sínum í skil, en búa við léttari greiðslubyrði en ella.

Tvær leiðir hafa verið boðnar til að **leiðrétta höfuðstól** lána. Öllum viðskiptavinum með yfirveðsettar eignir var boðið að færa fasteignalán sín í 110% af verðmæti fasteigna. Þeim sem eru með erlend fasteignalán var boðið að breyta þeim í íslenskt lán með allt að 30% afslætti. Margir viðskiptavinir þáðu þessar lausnir.

Nánari lýsingu á lausnunum má finna á heimasíðu bankans (www.arionbanki.is).

### ÞVÍ HEFUR EKKI GENGIÐ BETUR?

Ástæður þess að ekki hefur gengið eins vel og til stóð eru margar. Ein er sú að sumir skulda á mörgum stöðum, til dæmis bönkum, tryggingafélagi, kreditkortafyrirtæki, ríkinu og fleirum. Sumir þessara kröfuhafa hafa ekki verið



# uldavanda heimilanna

tilbúnir að bjóða sömu lausnir og bankarnir og saman hefur kröfuhöfum gengið erfiðlega að leysa flóknustu málin. Þá þarf vafalítið að rýna betur í þær lausnir sem hafa verið notaðar með hliðsjón af reynslunni og tryggja að þær leysi í raun vanda sem flestra. Að því er nú unnið.

Margir hafa ekki enn stigið það skref að kynna sér þær lausnir sem í boði eru. Ástæða þess er líklega sú að þær virðast flóknar og nöfn þeirra eru hvorki lýsandi né aðlaðandi. Það er þannig óvíst að allir átti sig á því að lausnin getur einmitt falist í „sértækri skuldaaðlögun“, sem allt eins mætti nefna „aðlögun að greiðslugetu“. Margir hafa opinberlega fullyrt að lausnirnar séu gagnslausar. Það er ekki rétt, og reynslan sýnir að nú þegar hafa fjölmargir fengið lausn sinna mála.

Fólk spyr hvers vegna heimilunum standi ekki til boða sambærilegar afskriftir og fyrirtækin fá. Staðreyndin er sú að hvort sem viðskiptavinurinn er einstaklingur eða fyrirtæki, og hvort sem hann heitir Jón eða séra Jón, er verið að nota sambærilega aðferð við ákvörðun um afskrift. Sú aðferð kallast einmitt „sértæk skuldaaðlögun“.

**EKKI BÍÐA AÐGERÐALAUS – ÞÚ MISSIR EKKI RÉTT TIL BETRI LAUSNA!**

Það skiptir miklu að sem flestir leiti lausna, jafnvel þótt þeir vilji áfram halda í þá von að eitthvað betra bjóðist. Viðskiptavinir sem nýta sér lausnirnar missa ekki rétt til að nýta önnur úrræði sem kunna að verða boðin með lögum eða samkvæmt dómi. Aðgerðaleysi getur á hinn bóginn orðið heimilum dýrkeypt og hlýtur að valda mörgum fjölskyldum áhyggjum og óvissu.

Allir sem glíma við greiðsluvanda eða vilja skoða leiðir til að lækka greiðslubyrði sína ættu því að heimsækja útibúið sitt og kynna sér lausnir bankans. Þjónustufulltrúar reyna eftir bestu getu að finna lausn með hverjum og einum, og erfiðustu málin fara í hendur sérfræðinga á hverju sviði. Flestir eiga að geta komist á viðráðanlegan stað. Þannig fara saman hagsmunir bankans, viðskiptavina og samfélagsins.

*Brynhildur Georgsdóttir*
*umboðsmaður viðskiptavina Arion banka*
*umbodsmadur@arionbanki.is*



**Allir sem vilja skoða leiðir til að lækka greiðslubyrði sína ættu að heimsækja útibúið sitt og kynna sér lausnir bankans.**
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON




*Hafðu samband*
sími 444 7000 • arionbanki.is

Komdu í næsta útibú og talaðu við okkur.
Sértæk skuldaaðlögun hentar þeim sem skulda umfram greiðslugetu en geta þó greitt af láni sem nemur að lágmarki 80% af markaðsvirði fasteignar.

- Þú greiðir af skuldum eins og greiðslugeta leyfir
- Arion banki getur fallist á eftirgjöf krafna á móti
- Þú fyrirgerir ekki rétti þínum samkvæmt dómi, lögum eða ákvörðun stjórnvalda
- Einstaklingur í sértækri skuldaaðlögun fer ekki á opinbera vanskilaskrá

Við hjá Arion banka höfum lagt mikla vinnu og metnað í að koma til móts við þarfir viðskiptavina okkar með íbúðalán. Um þrjú þúsund viðskiptavinir hafa þegar nýtt sér lausnir bankans til höfuðstólslækkunar. Þar af er ungt fjölskyldufólk með sína fyrstu íbúð í miklum meirihluta.

Ekki bíða. Kynntu þér lausnir okkar í lánamálum á arionbanki.is eða komdu og hittu okkur í næsta útibúi.

Við *ætlum* að gera betur
Arion banki

# Fyrirtækjalausnir Landsbankans

*Smærri fyrirtæki skipta hagkerfið gríðarlegu máli eins og allir vita. Hvað eru mörg minni og meðalstór fyrirtæki í viðskiptum við Landsbankann, er vandinn mikill hjá þeim og hvernig gengur að greiða úr honum?*



**Hjördís Vilhjálmsdóttir, framkvæmdastjóri Endurskipulagningar eigna.**

Það er rétt að smærri fyrirtækin eru mjög mikilvæg. Fyrsta kastið var meiri áhersla á að vinna mál stærri fyrirtækja, en undanfarið hefur Landsbankinn beint sjónum sínum í ríkari mæli að minni og meðalstórum fyrirtækjum. Þær leiðir sem bankinn hefur boðið fyrirtækjum hafa verið í stöðugri endurskoðun allt frá því að þær voru fyrst settar fram. Þessa dagana eru fjármálafyrirtækin að vinna saman á vettvangi SFF að því að straumlínulaga alla ferla og hraða afgreiðslu mála þeirra smáu og meðalstóru fyrirtækja sem standa höllum fæti. Við bindum miklar vonir við þá vinnu og henni miðar vel.

Landsbankinn er með gríðarlega mörg smá og meðalstór fyrirtæki í viðskiptum. Mörg þeirra tóku erlend lán á sínum tíma og þeim hefur boðist að lækka höfuðstól þeirra strax um 25%. Sum fyrirtækin nýttu sér þessa lausn en alls ekki nógu mörg. Það er enn og aftur mikilvægt að minna á að menn fyrirgera engum rétti sem skapast kann af dómum Hæstaréttar síðar meir, þó að þeir nýti sér úrræði sem nú eru í boði. Því er mikilvægt að menn komi í bankann og tali við okkur, vilji þeir fá úrlausn mála.

*Hvað með fyrirtæki þar sem eigendur eru allt í öllu, er nægjanlegt tillit tekið til þeirra?*

Já, við teljum svo vera, en alltaf má gera betur. Fyrirtækjum sem skulda minna en 750 milljónir króna og þar sem eigandi er í lykilhlutverki bjóðum við ákveðnar lausnir þar sem ekki þarf að leggja fram nýtt eigið fé gegn afskriftum skulda.

*Hvernig er tryggt að fyrirtækin njóti jafnræðis?*

Við styðjumst við reglur sem öllum eru aðgengilegar á vef bankans, landsbankinn.is. Eftirlitsnefnd efnahags- og viðskiptaráðherra hefur farið yfir okkar mál á undanförnum mánuðum og skilað skýrslu um hvernig við stöndum að málum. Í þeirri skýrslu er staðfest að Landsbankinn stendur faglega að því að leysa úr skuldavanda fyrirtækja og einstaklinga og mismunar ekki viðskiptavinum sínum.

*Hvernig myndir þú lýsa ykkar úrræðum?*

Við skiptum þeim í fjóra flokka, sértækar lausnir þar sem við beitum sértækum úrræðum við fjárhagslega endurskipulagningu fyrirtækja ef þau eru talin rekstrarhæf til lengri tíma. Í öðru lagi er það frysting sem er fyrir þau fyrirtæki sem geta einungis greitt vexti og hluta afborgana m.v. uppfærð vaxtakjör. Þeim stendur til boða að fá greiðslufrest á hluta eða öllum afborgunum lána í 12-24 mánuði. Í þriðja lagi bjóðumst við til að færa niður skuldir fyrirtækja gegn því að eigendur leggi fyrirtækinu til nýtt hlutafé. Samhliða þessu kemur til greina að breyta skuldum í hlutafé eða víkjandi lán. Í þessari leið vil ég sérstaklega nefna að við erum reiðubúin til að afskrifa skuldir enn frekar, séu eigendur tilbúnir til að leggja fram enn meira eigið fé. Þá afskrifum við fyrir hverja krónu eigin fjár sem eigendur leggja fyrirtækinu til umfram 10% af heildarvirði eða eignavirði, 50% til viðbótar á meðan skuldir eru umfram 70% af heildarvirði eða eignavirði. Þetta þýðir að komi eigandi með milljón í nýtt eigið fé, þá lækkar skuld hans að auki um 500.000 krónur svo dæmi sé tekið. Þetta er að mínu mati tilvalin leið til að leysa úr málum.

Að lokum er það leið sem hentar smæstu fyrirtækjunum best en þá færum við lán niður í 100% af eignavirði án eiginfjárframlags. Þetta á við hjá fyrirtækjum í greiðsluerfiðleikum með vaxtaberandi skuldir undir 750 m.kr. eins og áður hefur komið fram.

*Hvernig sérðu fyrir þér nánasta framtíð þróist?*

Landsbankinn ætlar sér stórt hlutverk í endurreisn íslensks efnahagslífs. Við höfum stofnað sérstakt svið, Endurskipulagningu eigna, til að fást við þessi erfiðu úrlausnarmál mjög skuldsettra fyrirtækja og við ætlum að vinna vel. Við leggjum þess vegna allt kapp á að bjóða fyrirtækjum öflugar og góðar lausnir og við erum tilbúin til að hlusta á gagnrýni og laga það sem úrskeiðis hefur farið. Við viljum heyra í okkar viðskiptavinum, skorum á þá að koma til okkar og segja sína skoðun. Á endanum snýst þetta ekki um annað en samvinnu banka og viðskiptavina hans, því hvorugur getur án hins verið.

● **RÁÐGJAFASTOFA EINSTAKLINGA** Landsbankinn hefur nýlega sett á laggirnar nýja einingu sem á að styðja við útibú og aðra starfsmenn framlínu í þjónustu þeirra við skuldsett heimili. Deildin ber heitið Ráðgjafastofa einstaklinga. Miklar vonir eru bundnar við það að með þessum hætti takist að sinna betur þeim viðskiptavinum sem verst standa og flýta úrlausn þeirra mála. Netfang Ráðgjafastofu einstaklinga er radgjafastofa@landsbankinn.is

## Lausnir fyrir heimili




Landsbankinn býður uppá fjölmargar lausnir fyrir heimilin og vill hvetja viðskiptavini til að koma í bankann og fara yfir stöðuna.

# Fjölmörg úrræði í boði

*Hverju svarar Landsbankinn því að of hægt hafi gengið að vinna úr vanda skuldsettra heimila.*



**Ingimundur Sigurmundsson forstöðumaður Útlánadeildar einstaklinga.**

Það er að hluta rétt og hluta rangt. Einföldu leiðirnar, almennu leiðirnar hafa gengið vel. Um 80% allra viðskiptavina bankans hafa nýtt sér eitthvert úrræði. En það er rétt að sértæku leiðirnar hafa af ýmsum ástæðum ekki orðið það grundvallarúrræði sem ætlast var til. Við vonumst til að nýjar hugmyndir sem lagðar hafa verið fram á vettvangi Samtaka fjármálafyrirtækja og í samvinnu við stjórnvöld muni skila betri árangri.

*Hvað getur Landsbankinn boðið fólki sem kemur í bankann í dag og biður um aðstoð?*

Við höfum fjölmörg úrræði að bjóða fólki og það er sérstaklega mikilvægt að hvetja fólk til að koma í bankann. Þetta á bæði við um þá sem eru með erlend lán og innlend. Í erlendu lánunum erum við að ljúka endurútreikningi samkvæmt dómum Hæstaréttar og það mun hafa mikil áhrif á höfuðstól lánanna. Aðalatriðið er að okkar mati, að fólk komi í bankann og leggi sín mál á borðið ef það telur sig í vanda. Því fyrr því betra.

*Miða öll úrræði að því sama?*

Nei, það gera þau ekki. Við miðum við að þau skiptist í þrennt, hluta þeirra er ætlað að lækka greiðslubyrði fyrst og fremst. Annar hluti snýr að lækkun höfuðstóls og svo er það þriðji hlutinn sem eru sértæku úrræðin sem lýtur að því að laga skuldastöðu að eignum og tekjum. Með þessu getum við klæðskerasaumað lausnir fyrir hvern og einn viðskiptavin eftir að staða hans hefur verið yfirfarin.

*Eru þessi úrræði bara fyrir þá sem eru komnir í verulegan vanda?*

Nei, alls ekki. Bankinn býður einnig upp á lausnir þar sem fólk getur lækkað greiðslubyrði lána sinna þó vandræðin séu ekki orðin óyfirstíganleg. Úrræði eins og t.d. 25% niðurfelling höfuðstóls erlendra lána er dæmi um almenna og flata aðgerð.

*Er hægt að nálgast mikið af upplýsingum á netinu eða verða viðskiptavinir undantekningarlaust að koma í útibú?*

Það er hægt að nálgast allar upplýsingar á heimasíðu bankans. Þar eru reiknivélar og hægt að fá einfalt stöðumat á eigin fjármálum. Ég vil líka nefna heimilisbókhaldið í Einkabankanum sem býður fólki mjög fullkomna leið til að öðlast góða yfirsýn yfir útgjöldin. Góð yfirsýn er það sem mestu skiptir í upphafi, svo er best að panta sér tíma hjá ráðgjafa og koma í bankann.

Það er mikilvægt að hafa í huga að þau tvö ár sem liðin eru frá hruni hefur fjölmargt verið gert. Fjármálafyrirtækin hafa alla tíð unnið náið með stjórnvöldum að útfærslu leiða til aðstoðar mjög skuldsettum heimilum og margt hefur tekist ágætlega. Við erum stöðugt að bæta þjónustuna og reynum að læra af reynslunni, laga það sem aflaga fer og við viljum heyra í viðskiptavinum svo við getum lært af þeirra reynslu líka.

# Lægri vextir á yfirdráttinn

**Vextir á nýttri yfirdráttarheimild eru jafnan hæstu útlánsvextir á hverjum tíma. Íslandsbanki býður viðskiptavinum lægri vexti við svokallaða þrepalækkun yfirdráttar.**

„Óhagstæðustu skuldir fólks eru yfirdráttarheimildir,“ segir Finnur Bogi Hannesson, verkefnastjóri á viðskiptabankasviði Íslandsbanka, en bankinn býður viðskiptavinum svokallaða þrepalækkun yfirdráttar á lægri vöxtum. Almenn yfirdráttarkjör hjá Íslandsbanka eru 12,50 prósenta vextir. Með því að skrá sig í þrepalækkun yfirdráttar fást 9,25 prósenta vextir. Skilyrðin eru að yfirdráttarlánið sé ekki meira en ein milljón og greiðist niður á 36 mánuðum. Með reglubundinni lækkun á yfirdráttarláni lækkar mánaðarlegur vaxtakostnaður jafnt og þétt. Í því felst einhver besti sparnaður sem völ er á.

„Tilgangurinn með yfirdráttarheimildum er ekki sá að fólk sé með þær útistandandi í langan tíma. Vextirnir eru háir, meðal annars vegna þess að um skammtímalán er að ræða sem tekið er með stuttum fyrirvara, í þeim tilgangi að bregðast við óvæntum útgjöldum svo dæmi sé tekið. Bankinn þarf að hafa tiltekinn hluta af fjármögnun sinni „frátekinn“ til að geta brugðist við slíkum óvæntum lántökum viðskiptavina og því fylgir kostnaður,“ útskýrir Finnur.

„Hérlendis hefur það verið lenska að fólk sé með yfirdráttinn í lengri tíma, jafnvel háar fjárhæðir. Fæstir geta greitt hann niður í einu vetfangi og því vildum við koma til móts við fólk og hugsa þetta sem reglulegan sparnað. Ef fólk er tilbúið til að semja við bankann um að greiða niður yfirdráttinn á innan við þremur árum með þessari leið lækkum við vextina á móti.“

Þrepalækkun yfirdráttar virkar þannig að yfirdráttarheimild á reikningi lækkar um ákveðna upphæð á mánuði. Reikningseigandi getur valið þá upphæð en skilyrði er að heimildin sé greidd niður innan 36 mánaða.

„Viðkomandi verður þá að miða útgjöld heimilisins við það hversu miklu minna hann hefur til ráðstöfunar á mánuði. Það krefst að sjálfsögðu aga því ef farið er yfir heimild þarf að greiða kostnað sem því fylgir og þá er sparnaðurinn við það að greiða yfirdráttinn niður fljótur að hverfa. En með því að velja þessa leið fæst sparnaður með lægri vaxtakostnaði á heimildinni.“

Um fimm þúsund manns hafa nýtt sér þetta úrræði Íslandsbanka en þrepalækkun yfirdráttar hefur staðið viðskiptavinum bankans til boða frá því sumarið 2009. Frá því í september á þessu ári hafa viðskiptavinir einnig getað skráð sig í þrepalækkun á Netinu.

„Viðskiptavinir geta skráð sig gegnum netbankann sinn og sett upp sína eigin áætlun. Yfirdrátturinn lækkar þá sjálfkrafa fyrstu mánaðamót á eftir og þá koma einnig sjálfkrafa inn lægri vextir. Markmið okkar hjá Íslandsbanka er að létta viðskiptavinum okkar lífið.“



„Yfirdráttarheimildir eru óhagstæðustu skuldir fólks,“ segir Finnur Bogi Hannesson, verkefnastjóri fyrirtækjasviðs Íslandsbanka. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

### ● DÆMI AF ÞREPALÆKKUN YFIRDRÁTTAR HJÁ ÍSLANDSBANKA

*Dæmi

| | |
|---|---|
| Yfirdráttur | 360.000 kr. |
| Mánaðarlækkun yfirdráttar | 15.000 kr. |
| Fjöldi mánaða | 24 |

Vaxtakostnaður lækkar vegna þess að yfirdrátturinn minnkar og vegna þess að vaxtaprósentan lækkar.

| | |
|---|---|
| Lægri vaxtaprósenta | 12.188 kr. |
| Lækkandi yfirdráttur | 43.125 kr. |
| Sparnaður á tímabili | 55.313 kr. |

* Í dæminu er miðað við að yfirdráttarvextir lækki úr 12,50% í 9,25%

*Eins getur fólk slegið inn sínar forsendur inn í einfalt reikniverk á heimasíðu okkar á http://www.islandsbanki.is/einstaklingar/sparnadur/threpalaekkun-yfirdrattar/*

# Geta fryst greiðslur á húsnæðislánum

Íslandsbanki býður þeim sem eiga í tímabundnum eða varanlegum greiðsluerfiðleikum fjölmörg úrræði. Bæði er boðið upp á hefðbundin og sértæk úrræði en meta þarf aðstæður og þörf hjá hverjum viðskiptavini fyrir sig.

Meðal þeirra almennu úrræða sem eru í boði eru greiðslujöfnun verðtryggðra húsnæðislána og húsnæðislána í erlendri mynt. Einnig býður bankinn upp á höfuðstólslækkun á húsnæðislánum í erlendri mynt.

Þar sem nokkur óvissa ríkir um lögmæti slíkra lána er tímabundið boðið upp á svokallað 5.000 krónu úrræði, en með því getur viðskiptavinur greitt 5.000 krónur af hverri upphaflegri milljón lánsins þar til niðurstaða dómstóla liggur fyrir.

Ef viðskiptavinur er með mörg óhagstæð skammtímalán er möguleiki á að sameina þau í eitt lán og lengja lánstímann til að greiðslubyrði verði viðráðanlegri. Einstaklingar með bílalán hafa einnig getað nýtt sér fjölmörg greiðsluúrræði, og um þessar mundir er verið að endurreikna bílalán í erlendri mynt.

Sértæk úrræði fela í sér aðgerðir þegar um verulegan greiðsluvanda er að ræða, að undangengnu greiðslumati. Þar er meðal annars um skuldaaðlögun að ræða þar sem skuldir eru lagaðar að greiðslugetu, frestun greiðslna á húsnæðislánum og úrræði vegna sölutregðu eigna.

Þar að auki veitir Íslandsbanki viðskiptavinum upplýsingar um greiðsluaðlögun ríkisins, sem samþykkt var með lögum 1. apríl 2009.

**FRYSTING GREIÐSLNA VEGNA ATVINNULEYSIS**

Í ljósi mikils atvinnuleysis í landinu, en rúmlega sjö prósent landsmanna eru án vinnu um þessar mundir, hefur Íslandsbanki endurskoðað vinnureglur um frystingu greiðslna á húsnæðislánum.

Nú er mögulegt fyrir fólk sem er án atvinnu að fá frystingu á greiðslum á húsnæðislánum sínum hjá Íslandsbanka án þess að gert sé stöðumat. Þannig er afborgunum og vaxtagreiðslum frestað í allt að tólf mánuði.

Ef atvinnuleysi varir lengur en í tólf mánuði er mögulegt að framlengja frystingu í allt að 36 mánuði en þá þarf að gera heildarstöðumat á fjármálum viðkomandi.

„Með þessu erum við að koma til móts við þá viðskiptavini sem glíma við atvinnuleysi og hafa skertar tekjur í ófyrirséðan tíma,“ segir Una Steinsdóttir, framkvæmdastjóri viðskiptabankasviðs Íslandsbanka. „Við sjáum að margir hafa veigrað sér við að koma til okkar til að fá lausn sinna mála, í mörgum tilfellum vegna þess að það hefur verið flókið að sækja um ákveðin úrræði og afgreiðslutíminn of langur,“ segir Una.

Hún bætir við að það sé kappsmál hjá bankanum að fá sem flesta viðskiptavini til að koma í útibú bankans eða hafa samband við ráðgjafa og fara yfir málin. „Með því að einfalda ferlið vegna frystingar á greiðslum húsnæðislána og eins á öðrum úrræðum fyrir einstaklinga erum við að mæta þörfum breiðari hóps,“ segir Una að lokum.



„Mætum þörfum breiðari hóps,“ segir Una Steinsdóttir, framkvæmdastjóri viðskiptabankasviðs Íslandsbanka.

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is




Þegar þú greiðir niður yfirdráttinn þá lækkum við vextina hjá þér

islandsbanki@islandsbanki.is
www.islandsbanki.is
Sími 440 4000

Íslandsbanki

# Snyrtivörur!

# 20%

## afsláttur

Snyrtivörudagar verða í
Reykjavíkur Apóteki dagana 21. – 23. október.

Förðunarfræðingur frá
Golden Rose®
veitir ráðgjöf í dag, fimmtudaginn 21. október frá kl. 13:00-17:00.

VERSACE
MARBERT GERMANY
GOSH COSMETICS
Miss elite MODEL
SOTHYS PARIS
adidas
nike



Reykjavíkur Apótek

Seljavegur 2 | Sími: 511-3340 | Fax: 511-3341 | www.reyap.is | reyap@reyap.is

SKAPARINN AUGLÝSINGASTOFA



# SKÓLAFÉLAGI

- Létt og hlý fóðruð úlpa fyrir krakka.
- Flísfóðruð stillanleg hetta sem hægt er að taka af.
- Styrking frá öxlum og niður á olnboga.
- Endurskin á öllum hliðum fyrir meira öryggi.
- Stillanlegar ermar með flísi.
- Slitsterk úlpa fyrir hressa krakka.

ÍSLENSK HÖNNUN



| | |
|---|---|
| Gerð: **Konni** | |
| Litir: **Svartur, bleikur, blár** | Verð: **11.990 kr.** |
| Buxur eru fáanlegar við úlpuna, gerð: **Manni** | Verð: **9.990 kr.** |
| Eins er fáanlegur heilgalli, gerð: **Mummi** | Verð: **16.990 kr.** |

CINTAMANI

WWW.CINTAMANI.IS

SPJARAÐU ÞIG

CINTAMANI, AUSTURHRAUNI 3, 210 GARÐABÆ, S. 533 3800 - CINTAMANI, KRINGLUNNI, S. 533 3003

# Slitsterk föt á káta krakka

**Verslunin Englabörnin í Kringlunni hefur boðið vörur frá danska merkinu Ticket to heaven síðastliðin tíu ár. Vörurnar henta íslenskri veðráttu.**

„Við bjóðum upp á úrval yfirhafna og útifatnaðar fyrir bæði kynin, meðal annars undir danska merkinu Ticket to heaven. Þetta eru sterkar og góðar flíkur sem henta vel íslenskri veðráttu,“ útskýrir Helga Karlsdóttir, verslunarstjóri barnafataverslunarinnar Englabörnin í Kringlunni.

Úlpurnar frá Ticket to heaven eru allar vind- og vatnsheldar. Á hettunni er kantur úr gerviskinni en fyrirtækið leggur áherslu á náttúruvernd og notar ekki ekta skinn. Kantinum má smella af og einnig má smella hettunni af. Helga bendir einnig á úrval hlífðarbuxna í versluninni.

„Við eigum snjóbuxur í litum sem passa við úlpurnar. Fólk er ekkert endilega að taka buxur og úlpur í sama lit, það má blanda þessu allavega saman, bæði litum og munstrum. Úlpurnar eru þannig búnar að það blæs ekki undir þær. Þær þola allt að 30 stiga frost en eru þó léttar og liprar. Við höfum fengið að heyra frá ánægðum viðskiptavinum, til dæmis dagforeldrum, að úlpurnar hefti ekki börnin í leik. Börnin vilja ekki stífar og þykkar úlpur.“

Helga segir uppbyggingu efnisins í úlpunum gera það að verkum að þær séu hlýjar án þess að vera þykkar og efnismiklar. Ytra byrðið sé bæði vin- og vatnshelt og fóðrið haldi varma að líkamanum.

„Það þarf því ekki að dúða börnin mikið undir úlpurnar. Einnig eigum við heilgalla frá sama merki og lipur ullarföt innan undir. Ef fólk er að leita eftir spariflíkum eigum við einnig fallegar úlpukápur sem fara vel yfir jólakjólinn en nýtast í skólann líka.“

Góð reynsla er komin á fatnaðinn frá Ticket to heaven. Stærðirnar á úlpum hlaupa frá 92 til 152 og verð er á bilinu 16.990 til 18.990 krónur. Heilgallarnir eru í stærðunum 74 til 140 á verðbilinu 14.990 til 22.990 krónur. Einnig er í versluninni gott úrval af húfum, vettlingum og öðrum fylgihlutum í stíl.



Helga Karlsdóttir verslunarstjóri segir útifatnaðinn frá danska merkinu Ticket to heaven slitsterkan og hlýjan og henta íslenskri veðráttu vel. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON




Gott úrval fylgihluta er að finna í búðinni.




Hlý og lipur vats og vindheld úlpu kápa frá Ticket 2 Heaven.




Munstruð Úlpa er vatns og vindheld Þolir allt að -30° góð á skíði




Vatns og vindheld lipur og góð fyrir töffara sem vilja hafa það þægilegt.




Sterk og góð vatns og vindheld. Hægt að taka skinn kantin af öllum úlpunum.
Þær þola allar þvott í þvottavél á 40 gráðum.

ENGLABÖRNIN
Falleg föt á stelpur og stráka...
Kringlunni sími 552 2201

## ●MIKILVÆGT AÐ FYLGJA ÞVOTTALEIÐBEININGUM

„Úlpunum og göllunum frá Ticket to heaven fylgja góðar þvottaleiðbeiningar og mikilvægt að fylgja þeim til að tryggja endingu fatnaðarins,“ segir Helga. Ekki sé ráðlegt að þurrka yfirhafnirnar í þurrkara.

„Þetta eru góð föt og þola ýmislegt en almennt er ekki gott að setja vatnsheldar flíkur í þurrkskápa, sem er til dæmis að finna víða á leikskólum. Það eyðileggur vörnina í efninu. Það má þvo úlpurnar og gallana á 40 með þvottaefni fyrir litaðan þvott og vinda á fullri vindu. Galla á að hengja upp á skálmunum, á réttunni í ca klukkutíma, snúa þeim þá á rönguna og láta þá þorna þannig alveg. Þetta er fljótlegasta leiðin til að þurrka gallana en vegna þess að efnið er vatnshelt sígur bleytan niður og stoppar þá í skálmunum ef gallinn er hengdur upp á herðatré. Þannig er gallinn lengur að þorna. Eins mælum við með að taka skinnið af hettunni áður en þvegið er, renna upp öllum rennilásum og passa að taka steina og annað smádót sem börn safna gjarnan í vasa úr fyrir þvott en efnið slitnar hratt ef steinarnir fara með í þvottavélina.“



# Bóhemar, sjóliðar og töffarar í tindátaleik

**Klassísk og karlmannleg snið verða áberandi í verslunum Herragarðsins í vetur.**

Með kólnandi veðri er kominn tími á hlýjar yfirhafnir. Í verslunum Herragarðsins í Kringlunni og Smáralind er að finna gott úrval af jökkum, frökkum og úlpum, en þar ber hæst klassísk og karlmannleg snið í haust og vetur. Vilhjálmur Svan Vilhjálmsson, verslunarstjóri Herragarðsins í Kringlunni, er öllum hnútum kunnugur.

„Áherslan er á klassík snið. Með því á ég alls ekki við karlaleg snið heldur þessi sígildu sem notið hafa vinsælda um langt skeið, þó í nýjum og ögn breyttum útfærslum. Við erum með merki á borð við Bugatti, sem við höfum verið með í ein tuttugu ár, ítalska merkið Mabrun og hið ameríska Ralph Lauren, sem er ekki að eltast við tískusveiflur heldur stendur vörð um ákveðinn stíl. Segja má að ákveðið bóhemaútlit frá sjöunda áratugnum sé í tísku og þar koma sterkir inn sígildir sjóliðajakkar og svo ýmsir aðrir flottir jakkar og frakkar, þar sem svart og grátt og brúnir tónar ráða ríkjum.“

Vilhjálmur getur þess að framúrstefnulegri fatnaður sé líka á boðstólum í verslunum Herragarðsins, sem leitist ávallt við að þjóna breiðum kúnnahópi.

„Við erum að sjálfsögðu líka með „nútímalegri“ yfirhafnir, þar á meðal aðskorna jakka frá framleiðendunum Sand og Strellson, með skemmtilegum smáatriðum og litríku fóðri, rauðu og fjólubláu, sem mynda skemmtilegar andstæður við svart, grátt og brúnt efni yfirhafnanna,“ segir hann og bætir við að flottir frakkar og jakkar í hermannastíl falli líka í þennan flokk.

„Þá eru frakkarnir frekar aðsniðnir með þeim möguleika að geta nota þá meira hversdags frekar en aðeins sem spariflík,“ bendir Vilhjálmur á. Tekur fram að þeir sem séu í leit að fallegum og hlýjum úlpum komi heldur ekki að tómum kofanum í Herragarðinum, þar sem þær séu í mjög góðu úrvali.



Vilhjálmur Svan Vilhjálmsson, verslunarstjóri í Herragarðinum í Kringlunni, spáir klassískum jökkum og frökkum vinsældum í vetur. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## Gott úrval og einstök gæði

Herragarðurinn hefur í meira en þrjá áratugi séð landsmönnum fyrir góðu úrvali af herrafatnaði, jakkafötum, skyrtum og yfirhöfnum og kappkostað að höfða til breiðs kúnnahóps, karlmanna frá aldrinum átján ára og upp úr.

Að sögn Vilhjálms Svan Vilhjálmssonar, verslunarstjóra Herragarðsins í Kringlunni, hefur úrvalið aldrei verið betra en einmitt nú og á það ekki síst við um yfirhafnir. „Úrvalið hefur sjaldan verið betra en í vetur og við kappkostum að finna það rétta fyrir kúnnana okkar til að halda að þeim hlýju og umfram allt svo þeir líti vel út.“

Hann bætir við að þetta endurspeglist meðal annars í fjölbreyttum og vönduðum vörumerkjum, svo sem Bugatti, Mabrun, sem sérhæfir sig í yfirhöfnum, og einnig Ralph Lauren, Sand og Strellson.




Úr verslun Herragarðsins í Kringlunni sem þar var opnuð árið 1987. Herragarðurinn hefur einnig frá árinu 2001 rekið herrafataverslun í Smáralind í Kópavogi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

bugatti

Bugatti ullarjakki
54.980
Þetta hefur alltaf verið einn sá vinsælasti hjá okkur. Nógu síður til að hylja jakka en einnig góður án hans. Klassísk og vönduð flík frá Bugatti.



SAND



Sand Jakki
59.980
Þessi jakki er léttfóðraður og gengur jafn við gallabuxur og fínni buxur.

strellson

Strellson úlpufrakki
49.980
Hér er einhvers konar blanda af úlpu og frakka. Hermannaútlitið gerir hann kjörinn yfir gallabuxur og gróft efnið gefur honum einstakan svip.



SAND



Sand Frakki
59.980
Stuttur frakki sem er tilvalinn að nota með gallabuxum eða yfir jakkafötum. Mjóir boðungar og rauður litur inni í fóðrinu og í kraganum gefur honum skemmtilegan karakter.

herra GARÐURINN
-klæðir þig vel

Kringlan 568 9234



JULIUS HERRAÚLPA
(Verð: 17.990)
**Kuldadagaverð 14.392,-**
Sterk, hlý, og flott úlpa til í svörtu



EXPEDITION PARKA DÖMU
(Verð: 27.990)
**Kuldadagaverð 22.392,-**
Sterk, hlý og flott úlpa til í svörtu og arctic bláu



JOSHUA HERRAÚLPA
(Verð: 18.990)
**Kuldadagaverð 15.192,-**
Sterk, hlý og flott úlpa til í svörtu



SOPHIE PARKA DÖMU
(Verð: 22.990)
**Kuldadagaverð 18.392,-**
Sterk, hlý og flott úlpa í svörtu og grænu

ÚTILÍF



**„Loðkanturinn á úlpuhettunum sem hefur verið vinsæll síðustu ár er enn þá inni," segir Haukur í Útilífi, sem einmitt er með sérstök tilboð á vetrarfatnaði nú á svonefndum „kuldadögum".** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Fólk vill fleiri liti en áður

**Útivistardeild verslunarinnar Útilífs er rík af úlpum frá viðurkenndum gæðamerkjum fyrir veturinn. Þó að svartur litur haldi sér enn á toppnum er vaxandi eftirspurn eftir öðrum litum að sögn sölumannsins Hauks Sigurbergssonar í Útilífi í Kringlunni.**

„Við erum komin með mikið af nýjum úlpum. Hið sænska merki Didrikson er með nýja línu og líka hið norska Helly Hansen," segir Haukur Sigurbergsson spurður um nýjungar í úlpugeiranum en Haukur er sölumaður í útivistardeild Útilífs í Kringlunni.

Hann nefnir fleiri gæðamerki svo sem The North Face sem er bandarískt og eitt fremsta útivistarmerki í heimi. Íslensku merkin Cintamani og ZO.ON eru svo auðvitað með toppvöru fyrir íslenskar aðstæður. „Það er alltaf verið að betrumbæta efnin og finna upp ný og ný öndunarefni svo fólk sé ekki kófsveitt í úlpunum sínum," nefnir Haukur. Eins segir hann alltaf um einhverjar áherslubreytingar í útliti að ræða en þó engar hallarbyltingar í ár. „Síddin rétt neðan við rass heldur vinsældum sínum frá síðasta ári, enda hentar hún vel hér á landi þar sem oft blæs. Það kemur meira inn af slíkum úlpum en þeim stuttu," upplýsir Haukur en segir styttri úlpurnar samt fylgja með og skíðaúlpur séu alltaf frekar stuttar. „Þær taka minni vind á sig en þær síðu og skíðafólk er í smekkbuxum við þær," útskýrir hann.

Loðkanturinn á úlpuhettunum sem hefur verið vinsæll síðustu ár er inni enn þá að sögn Hauks en eru einhverjir litir ráðandi á þessu hausti?

„Svartur heldur alltaf sínu," segir hann strax. „Fólk vill samt fleiri liti en áður og er farið að pæla meira í þeim. Kannski til að bæta aðeins upp neikvæðnina í þjóðfélaginu," giskar hann á. Að sjálfsögðu segir hann Útilíf eiga töluvert af úlpum í litum – rauðum, bláum, grænum – já, allan skalann.

Spurður um verð upplýsir Haukur að Didrikson-úlpurnar sænsku séu hvað ódýrastar og ber líka lof á snið þeirra og gæði. „Svo erum við með regnjakka líka," tekur hann fram. „Fólk verður að eiga svoleiðis í vætunni."

Haustið var hlýtt en nú standa yfir „kuldadagar" í Útilífi frá þriðjudegi til sunnudags og það þýðir afsláttarverð á vetrarfatnaði. Veðrið virðist alveg hafa verið í takt við verslunina því á þriðjudaginn kólnaði einmitt verulega og fyrstu snjókornin féllu í borginni. „Fólk nýtir sér svona tilboð að sjálfsögðu," segir Haukur. „Annað væri líka bara þversögn við það sem er í gangi í þjóðfélaginu."

# Vetrarfatnaður fyrir börnin

Heilgallar upp í stærð 130 eru til af ýmsum gerðum og á mismunandi verði í Útilífi. Merkin eru þau sömu og í fullorðinsdeildinni og við bætast Ketch í stærðum 68-122 og Surfanic sem er breskt brettamerki. Íslensku ZO.ON jakkarnir og gallarnir eru einkenndir með hvítu skýi svo þeir skera sig úr. Útigallarnir kosta frá 12.990 til 17.900 krónur og að sögn afgreiðslufólks eru efnin fullkomnari eftir því sem verðið er hærra, halda betur vatni frá og lofta svita út.

Fóðrið í göllunum er ýmist vatterað eða úr flísi frá öxlum og niður að mitti en nælon í skálmum til að þjált sé að smeygja litlum fótum niður í þær. Viking- og Sorel-kuldastígvél, húfur og buff fylla svo margar hillur og snaga.



**Barnadeildin í Útilífi er litskrúðug eins og sjá má.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Fjölskyldan í hári saman

**Hárgreiðslustofan Krista fagnar 40 ára afmæli í dag. Hjónin Jón Aðalsteinn Sveinsson, Nonni Quest, og Guðrún Elísabet Ómarsdóttir reka þetta gamalgróna fjölskyldufyrirtæki í Kringlunni og bjóða til veislu.**

Mæðgurnar Hanna Kristín Guðmundsdóttir hársnyrtimeistari og Ásta Sigríður Hannesdóttir snyrtifræðingur opnuðu hár- og snyrtistofuna Kristu að Grundarstíg 2 þann 21. október árið 1970 og fagnar stofan því fjörutíu ára afmæli í dag.

Jón Aðalsteinn Sveinsson, betur þekktur sem Nonni Quest, sonur Hönnu Kristínar, á og rekur stofuna í dag og segir það álög á Kristu-fjölskyldunni að „vera í hárinu".

Krista flutti á Rauðarárstíg 18 árið 1975 og þegar Kringlan var opnuð, 1987 var stofan, sem þá var ein stærsta hár- og snyrtistofa landsins, eitt af fyrstu fyrirtækjunum til að flytja þar inn og þar er hún rekin enn þá. Árið 1992 flutti Ásta til Kanada og var þá snyrtistofunni lokað og er Krista síðan eingöngu hárgreiðslustofa.

Jón Aðalsteinn og kona hans Guðrún Elísabet Ómarsdóttir keyptu stofuna 2007 og hafa rekið hana síðan. „Þetta er algjört fjölskyldufyrirtæki. Öll fjölskyldan er í hárgreiðslubransanum. Mamma tekur enn þá fastakúnna, þótt hún sé hætt hérna á Kristu, og margar konurnar sem koma til hennar hafa verið kúnnar hjá henni síðan áður en Krista opnaði og geta ekki hugsað sér að fara neitt annað. Pabbi er heildsali með hárvörur og systir mín er hárgreiðslusveinn. Svo er konan mín reyndar lærður förðunarfræðingur. Hún er ekki komin í hárið, ekki enn allavega, en maður veit aldrei hvað gerist seinna," segir Jón og hlær. „Ég lærði nú samt ekki hjá mömmu, var ráðlagt að gera það ekki svo ég lærði í Hafnarfirðinum, en var farinn að vinna hjá henni hérna á Kristu strax 1995. Ég stofnaði svo Quest hárskröpun árið 1999 hér í Kringlunni sem við sameinuðum Kristu þegar við keyptum hana."

Spurður hvort börnin hans séu komin í bransann líka segir hann að sonur sinn sé reyndar ekki nema tveggja ára „en ég er strax farinn að kenna honum að sópa. Það kemur svo bara í ljós hvort hann losnar undan fjölskylduálögunum."

Í tilefni dagsins er boðið upp á 40 prósent afslátt í Kristu í dag, viðskiptavinir fá eitthvað gott með kaffinu og gert verður enn betur við þá en vanalega. Lokað verður á venjulegum tíma í kvöld klukkan hálf sjö en klukkan sjö verður slegið upp kokkteilpartýi þar sem boðið verður upp á léttar veitingar og merkisafmælinu fagnað með við-eigandi hætti. *fridrikab@frettabladid.is*



Búinn að kenna syninum að sópa. Hjónin Nonni Quest og Guðrún Elísabet Ómarsdóttir, eigendur Kristu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Grófir gönguskór hafa heillað tískuhönnuði þetta haustið. Í það minnsta hafa háhælaðir skór sem draga dám af útliti gönguskóa stungið upp kollinum víða á nettum fótum tískumeðvitaðra kvenna. Talið er að sveitastíll á tískusýningum Erdem, Burberry og Sportmax hafi ýtt undir þessa nýju tískustefnu.



elleuk.com


















# ;ALLT SEM ÞIG VANTAR

Allar smáauglýsingar vikunnar á visir.is

Smáauglýsingasíminn er opinn alla daga kl. 8–17

Smáauglýsingasíminn er 512 5000
smaar@frettabladid.is / visir.is

Afgreiðslan er opin: alla virka daga 8–17

## ÞJÓNUSTA

### Pípulagnir

**Pípulagnir**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Upplýsingar í síma 663 5315 & 699 6069.

**HRAÐLAGNIR EHF**
**Pípulagingarþjónusta**
Viðhald og breytingar eru okkar fag. S: 662-6277.

### Málarar

Getum bætt við okkur inni- og útiverkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. S. 896 5758.

**Málarameistari**
Jón Ingvar Garðarsson málarameistari tilboð - tímavinna s. 896 6148.

**Málarar**
Alhliða málingarþjónusta, afar hagstæð verð í boði. Einungis fagmenn. S. 659 9676

### Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

### Nudd

THE BEST!TANTRIC LUXURY MASSAGE IN DOWN TOWN ANY TIME! 869 8602.

**NUDD - TILBOÐ - NUDD**

**Dekur f. 2 kr. 9900,-**

Skrúbb, heitur pottur, nudd f. 2 kr. 9900,-. Detox - f. 2 kr. 9900.-. Margar teg. nudds, alhliða snyrting, slökun, veitingar, heilsu, vítamín, næringarráðgjöf. Ekkert sex nudd. No sex massage. Uppl. - pantanir s. 823 8280. JB Heilsulind Skúlagötu 40. Opið 12-18 mán-lau.

Fantastic whole body massage S. 692 4599, Maria.

NUDD NUDD NUDD. Exclusive whole body massage for you. S.6922126

### Spádómar

**Spásími 908 6060**
**Tarot, miðlun, trúnaður. Er byrjuð á fullu aftur.**
**Opið frá 12-23 S. 894 9228**
**Steinunn visa/euro**

Spásíminn 908 5666. Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

Hanna S. 555 2927 visa/euro & 908 2927
Andleg leiðsögn
Draumar
Tarot
15-22 mán-fös



## Þjónustuauglýsingar

**Rafstilling ehf**
startarar - alternatorar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991
rafstilling@rafstilling.is



**Bílaverkstæði á besta stað** — Bílastofan
Ávallt í leiðinni, Allar almennar viðgerðir, púst, bremsur og fl.
Einnig athugum við bíla fyrir skoðun og lagfærum það sem sett hefur verið út á í skoðun
Góð og heiðarleg þjónusta
Bíldshöfða 18, bakhús - 112 Reykjavík - S:587 3131 - www.bilastofan.is

- Hjólbarðaviðgerðir
- Smurþjónusta
- Bremsur
- Demparar
- Rafgeymar
- o.fl.

Hjólbarðaverkstæði Grafarvogs
Gylfaflöt 3 Grafarvogi
Sími 567 4468
dekk@gummisteypa.is
GENERAL HJÓLBARÐAR

**BÍLAVERKSTÆÐI AUÐUNS**
TOYOTA ÞJÓNUSTA
ALLAR ALMENNAR BÍLAVIÐGERÐIR
FOSSALEYNI 16 • GRAFARVOGI
WWW.BIFREIDAVERKSTAEDI.IS
S. 587 1350



**BRA**
BÍLASPRAUTUN OG RÉTTINGAR AUÐUNS
Nýbýlavegi 10 - Kóp. - S. 554 2510
TOYOTA-þjónusta www.bilasprautun.is

SKIP OG BÁTAR
AIS



AIS sjálfvirk tilkynningarskylda
- AIS Class-A
- AIS Class-B
- AIS Class-B með skjá

Betri búnaður – Betra verð
Elcon ehf
Sími : 5529510
www.elcon.is

**SMURSTÖÐIN EHF.**
„Sá smurði gengur"
Smurþjónusta og smáviðgerðir
Dalvegi 16a • 201 Kópavogi • Sími 554 3430

**IVECO**
Viðgerðar- og varahlutaþjónusta
VélRás
Sími 555 6670 • www.velras.is • Álhella 4 • Vagnhöfða 5

**BOMAG**
Viðgerðar- og varahlutaþjónusta
Eigum fyrirliggjandi varahluti í þjöppur og valtara
VélRás
Sími 555 6670 • www.velras.is • Álhella 4 • Vagnhöfða 5

Gerðu verðsamanburð
KOMATSU
Varahlutir frá framleiðanda
KRAFTVÉLAR Umboðsaðili á Íslandi
Dalvegur 6-8 / 201 Kópavogur / Sími 535 3500 / www.kraftvelar.is

**Allt á einum stað**
BREMSUVIÐGERÐIR
BREMSUKLOSSAR
SPINDILKÚLUR
ALLAR PERUR
HJÓLBARÐAÞJÓNUSTA
RAFGEYMAÞJÓNUSTA
OLÍS SMURSTÖÐ
BÓN OG ÞVOTTUR
SMUR- BÓN OG DEKKJAÞJÓNUSTA
SÆTÚNI 4 • SÍMI 562 6066



**Vantar þig lok á heita pottinn þinn?**
Sérsaumum einangruð lok á heita potta eftir máli
upplýsingar á tjalda@internet.is
**Tjalda-og Seglaþjónustan ehf, Akureyri**




ALFA ROMEO FIAT
VARAHLUTIR
S. 5 400 800
DODGE CHRYSLER Jeep FIAT



Eigum eingöngu 2 stk. eftir af þessari vinsælu tegund af 50cc Vespum í svörtu á lækkuðu verði.
Verð áður 298 þúsund
Verð nú aðeins 250 þúsund.
Motor sport
Síðumúla 34 • 567 1040

# Þjónustuauglýsingar


Kjóll 9.990,-
Ótrúlega fallegur, steinaskreyttur skvísukjóll.
Gaman að klæðast einum svona fyrir fínu tilefnin...
Panel leggings
Þessar voru að koma og eru
ómótsæðilega flottar. Svartar, bútasaumaðr
úr glansandi fögru efni.
HAUST
2010
HettuKápa
afmælistilboð
8.990,- áður 16.990,-
Þykk, hlý hettukápa, til í gráu með
hvítu röndóttu fóðri. Þessi er klárlega
yndisleg fyrir veturinn...
Leggings 3.990,-
Nýtt! Kjóll og leggings með fallegum pífukanti.
Þetta er svoooo flott!
Kjóll 6.990,-
SM, ML
Vesti 4.990,-
Vestið er alltaf flott!
Breyttu úr dömunni yfir í töffarann
og settu vestið yfir kjól...
Kjóll 8.990,-

# Eins árs afmæli!

Nú á haustdögum höldum við uppá eins árs afmæli 3 Smára í Smáralind. Viðtökurnar á árinu hafa verið frábærar og viljum við þakka okkar viðskiptavinum kærlega fyrir.

Á árinu höfum þroskast, lært og komið með margar nýjungar, hafið framleiðslu á fötum undir merkinu Carolina, sem er okkar eigin lína og hefur notið mikilla vinsælda.

En fyrst og fremst höfum við fylgt okkar stefnu, sem er að bjóða flotta, góða og klæðileg tískuvöru á ótrúlegu verði. Þeirri stefnu munum við fylgja fast eftir og alltaf leita leiða til að gera betur fyrir þig.

Carolina

Kjóll 4.990,-

Víðir kjólar hafa sjaldan verið eins sexy.Þessi er ótrúlega töff við flottar leggings og hæla



HAUST 2010

Carolina

# Við stelpurnar í búðinni erum...

boðnar og búnar til að aðstoða og leiðbeina í fatavalinu. Við viljum að þér líði vel og lítir vel út. Við tökum lífinu létt en þegar kemur að fötum og tísku þá getur þú verið viss um að það er okkar ástríða og við nálgumst okkar starf af fagmennsku og alvöru.




Ljósmyndun: Björg Vigfúsdóttir – www.studiobjorg.com Förðun: Þórunn Hulda Vigfúsdóttir

3 smárar

Við erum eins árs

**OPIÐ**

MÁNUD.TIL MIÐVIKUD. 11-19
FIMMTUD. TIL KL. 21
LAUGARD. 11-18
OG SUNNUD. 13-18

3 SMÁRAR SMÁRALIND
• SÍMI 578 0851

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**Leiguliðar ehf**
**Fossaleyni 16**
Skrifstofa Leiguliða auglýsir lausar íbúðir, leiguverð frá kr. 87.000. Reykjavík, Selfoss, Þorlákshöfn, Akranes, Hafnarfjörður. Gæludýr leyfð.
**Sjá www.leigulidar.is eða 517 3440**

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Góð 3ja herb íbúð, 100fm í allt, til leigu á Arnarnesinu, neðri hæð. 140 þús. á mán. innif. hiti + rafm. 3 mán. fyrirfr. eða bankaáb. Uppl. í síma 6992228

4 Herbergi til leigu. Aðg. að öllu. S. 898 9068.

**www.leiguherbergi.is**

**1-2 manna herb.Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj aðganur að internet, baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.**

**Room for rent 1-2 person,. Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj Internet, bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is**

STAY APARTMENTS

**STAY APARTMENTS - VIKULEIGA**
Vikuleiga á vönduðum stúdíó íbúðum og stærri íbúðum í 105 Rvk. Studio íbúðir frá 30.000 kr. 2ja-3ja. herb. frá 35.000 kr. www.stay.is s: 517 4050.

**GÓÐ GISTING Í MIÐBÆNUM**
**Dags, viku og mánaðarleiga.**
**Gistihúsið Egilsborg 896 4661**

## Húsnæði óskast

Reglusamur og reyklaus miðaldra maður óskar eftir stúdíóíbúð eða lítilli 2ja herb. íb. sem fyrst. Leigutími 3 mánuðir. Sími 8663946

Stúdíó íbúð óskast á Höfuðborgarsvæðinu. Uppl í s. 665 9213 Matti

## Atvinnuhúsnæði

**Til Leigu**
47.5 fm verslunarhúsnæði í Mjóddinni Rvk. Hentar undir margvíslega starfssemi. Uppl. í s. 892 4687

## Geymsluhúsnæði

**Geymi tjaldvagna, fellihýsi ofl.**

**Ímynd gæða. Fjögurra stjörnu. 13 ára reynsla.**

**Í símaskrá ja.is undir;**

**geymsla asgeirs eirikssonar ehf.**

**Upplýsingar 897 1731**
**klettar@heimsnet.is**

**Geymsluhús.is**
Innri Njarðvík, hjólhýsi,fellihýsi,tjaldvagnar,bílar ofl. ATH! Upphitað, gott verð!! Uppl, í síma 770 5144.

**Geymsluhúsnæðið Auðnum II, 190 Vogar.**
Tjaldvagnar, fellihýsi, bílar, bátar, mótorhjól ofl. Uppl. í s. 864 3176.

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán. Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464.

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Lágt verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S: 564-6500

**Geymsluhúsnæði í Garðabæ.**
Eigum örfá pláss laus í Garðab. fyrir tjaldvagna / fellihýsi í vetur hagstætt verð og örrygisgæsla á svæðinu uppl: 661 3131 / 897 2000.

## Gisting

Gisting Akureyri - Gista.is. Íbúðir í göngufæri við miðbæ. Lín og þráðlaust net. S. 694-4314.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Kvöld- og helgarvinna**
Kvöld- og helgarvinna. Tímakaup og bónusar. Okkur vantar öflugt og skemmtilegt fólk til úthringinga! Hringdu núna í síma 774 7400 kol@kol.is

**Ítalía - veitingahús**
**Veitingahúsið Ítalía leitar eftir starfsfólki á aldrinum 20 - 30 ára í sal. Um er að ræða fastar vaktir frá 11-23, einnig er unnið um helgar. Íslenskukunnátta skilyrði. Nánari upplýsingar eru einungis veittar á staðnum milli kl. 12 og 17 næstu daga**
**Veitingahúsið Ítalía**
**Laugavegi 11**

**Mosfellsbakarí - Reykjavík.**

**Óskum eftir þjónustulunduðu, hressu og samviskusömu fólki til starfa í afgreiðslu í verslun okkar á Háaleitisbraut 58-60.**

**Vinnutími er virka daga frá 13:00-18:30 og annan hvern laugardag.**
**Áhugasamir geta sótt um á heimasíðunni okkar, slóðin er www.mosfellsbakari.is/umsókn.asp**

**Samskip óska eftir að ráða hafnarverkamenn í vinnu við losun og lestun skipa.**
**Um er að ræða vinnu 2 daga í viku þ.e. miðvikudaga og fimmtudaga kl 08:00 - 16:00 + einhver yfirvinna. Hæfnikröfur starfsmanns:**

**- Stundvísi**

**- Heiðarleiki**

**- Heilsuhraustur**

**- Hreint sakavottorð**

**- Reynsla af tækjastjórnun**

**- Kraftmikill í líkamlega vinnu.**

**Umfram allt þarf starfsmaður að hafa gildi Samskipa að leiðarljósi sem eru: Frumkvæði, Samheldni og Þekking. Vinsamlega sækið um starfið á vef Samskipa www.samskip.is Nánari upplýsingar um starfið veitir Ómar Örn Karlsson í síma 858-8545**

Stýrimann og vélstjóra vantar á 100 tonna línubát(lúða) gert út frá Hafnarfirði Uppl. í s. 821 6664 & 893 5590.

Vanir pípulagningarmenn óskast til starfa strax. Timabundin ráðning í 3.mán. Svör sendist á smaar@frett.is merkt. Alhliða.

Vanan stýrimann vantar á tæplega 200 tonna neta sem gerður er út frá Suðurnesjum. S. 853 2999 / 845 3480.

## Atvinna óskast

Vélstjóri á lausu, er með 1000 hp réttindi Óskar eftir plássi á sjó. Uppl. í s. 867 4345.

## Atvinna

**RAFVIRKI**

**ÓSKUM EFTIR RAFVIRKJA TIL STARFA ÞARF AÐ HAFA FRUMKVÆÐI OG SJÁLFSTÆÐI Í VINNU.**
**UMSÓKNIR VINSAMLEGAST SENDIST Á box@frett.is MERKT „RAFVIRKI-2110“**

# TILKYNNINGAR

## Einkamál

**Spjalldömur 908 1818**
**Opið þegar þér hentar.**

**SÍMAÞJÓNUSTUR**



**Stefnumót**
905 2000 (símatorg)
535 9920 (kreditkort)
535 9923 (frítt karlar)
555 4321 (frítt konur)
**Spjall**
904 5454 (símatorg, karlar)
535 9940 (kreditkort karlar)
555 4321 (frítt, konur)
**Gay spjall**
535 9988 (kreditkort)
**Sögur**
905 2002 (símatorg)
535 9930 (kreditkort)
**Spjalldömur**
908 6000 (símatorg)
535 9999 (kreditkort)

KK + KK Nú er töluvert um auglýsingar frá sam- og tvíkynhneigðum karlmönnum sem leita tilbreytingar með karlmönnum. Símar 905-2000 (símatorg) og 535-9920 (kreditkort).

PurpleRabbit.eu Heit og spennandi stefnumót á djörfum og opinskáum vef. PurpleRabbit.eu.

Ljóshærð kona á besta aldri, ljóshærð, síðhærð, brún á hörund, með grænbrún augu, sem hefur gaman af lífinu, vill heyra í karlmönnum sem líka hafa gaman af lífinu. Auglýsing hennar er á Rauða Torginu Stefnumót, s.905-2000 (símatorg) og 535-9920 (kreditkort), augl.nr. 8286.

Hjón og pör Á Rauða Torginu Stefnumót er nokkuð um nýjar auglýsingar frá pörum sem leita kynna við einstaklinga, og einstaklingum sem leita kynna við pör. Símar 905-2000 (símatorg) og 535-9920 (kreditkort).

## Tilkynningar

MOSFELLSBÆR

**Þrjár deiliskipulagstillögur:**
**Gata undir hlíðum Helgafells**
**Lynghóll, frístundalóð**
**Reykjahvoll 39 og 41**

Mosfellsbær auglýsir hér með tvær tillögur að deiliskipulagi skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og eina tillögu að breytingum á deiliskipulagi skv. 1. mgr. 26. gr. sömu laga:

**Gata undir hlíðum Helgafells**
Tillaga að deiliskipulagi, sem fjallar um breytta legu aðkomugötu að húsum á Helgafellstorfu. Skv. tillögunni færist gatan norður fyrir lóð Helgafells 1 og tengist síðan inn á austurhluta Bergrúnargötu.

**Lynghóll, lnr. 125346**
Tillaga að deiliskipulagi frístundalóðar sem er tæpir 6 ha að stærð. Skv. tillögunni verður heimilt að reisa nýtt frístundahús á lóðinni í stað eldra húss, allt að 70 $m^2$ að stærð auk 20 $m^2$ geymsluhúss, samtals 90 $m^2$.

**Reykjahvoll 39 og 41**
Tillaga að breytingum á „deiliskipulagi frá Reykjalundarvegi að Húsadal,“ áður síðast breyttu 27.08.2008. Skv. tillögunni breytast lóðarmörk milli lóðanna nr. 39 og 41 við Reykjahvol þannig að nr. 39 stækkar um 2.280 $m^2$ á kostnað nr. 41. Einnig er byggingarreitur Reykjahvols 41 lagaður að nýrri legu lóðamarka.

Tillöguuppdrættir með greinargerðum og skipulagsskilmálum verða til sýnis í þjónustuveri Mosfellsbæjar, Þverholti 2, 1. hæð, frá 21. október 2010 til 2. desember 2010, svo að þeir sem þess óska geti kynnt sér tillögurnar og gert við þær athugasemdir. Tillögurnar eru einnig birtar á heimasíðu Mosfellsbæjar á slóðinni

www.mos.is/Skipulagogumhverfi/Skipulagsmal/Skipulags-auglysingar/Umkynningu/

Athugasemdir skulu vera skriflegar og hafa borist skipulags- og byggingarnefnd Mosfellsbæjar, Þverholti 2, 270 Mosfellsbæ, eigi síðar en 2. desember 2010. Hver sá sem ekki gerir athugasemd við auglýsta tillögu innan þessa frests telst vera henni samþykkur.

15. október 2010,
Skipulagsfulltrúi Mosfellsbæjar

Þverholti 2 • 270 Mosfellsbær
Sími 525 6700 • mos@mos.is • www.mos.is

VIRÐING • JÁKVÆÐNI • FRAMSÆKNI • UMHYGGJA

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ
THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY ICELAND

**Tilkynning um afturköllun starfsleyfis fjármálafyrirtækis**

Fjármálaeftirlitið afturkallaði þann 1. október 2010, starfsleyfi ALMC hf. (áður Straums-Burðaráss fjárfestingabanka),
kt. 701086-1399, sem viðskiptabanka, þar sem fyrirtækið var tekið til slita skv. XII. kafla laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, sbr. 6. tölul. 1. mgr. 9. gr. sömu laga.

Thorsil ehf.

**Kísilmálmverksmiðja í Þorlákshöfn í Ölfusi**
Ársframleiðsla allt að 60.000 tonn

**Drög að tillögu að matsáætlun**

Thorsil ehf. kynnir áform um að byggja kísilmálmverksmiðju vestan við Þorlákshöfn í Ölfusi. Gert er ráð fyrir að framleiðsla verksmiðjunnar verði allt að 60.000 tonn af kísilmálmi (metallurgical grade silicon) á ári í tveimur ofnum. Kísilmálmur er yfir 98% hreinn kísill. Áætluð aflþörf verksmiðjunnar er 85 MW. Áformað er að reisa verksmiðjuna á 26 hektara lóð á iðnaðarsvæði sem Sveitarfélagið Ölfus er að skipuleggja við Suðurstrandarveg.

Framkvæmdin er matsskyld samkvæmt 1. viðauka laga nr. 106/2000 m.s.br. um mat á umhverfisáhrifum. Matsvinnan er hafin og eru drög að tillögu að matsáætlun til kynningar á heimasíðu Mannvits verkfræðistofu, www.mannvit.is.

Almenningi gefst kostur á kynna sér þessi drög á framangreindri vefsíðu og setja fram athugasemdir í tengslum við mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar fram til föstudagsins 5. nóvember 2010. Hægt er að senda athugasemdir bréfleiðis á neðangreint póstfang eða með tölvupósti á netfangið axel@mannvit.is.

Frestur til að gera athugasemdir er til **5. nóvember 2010**.

Mannvit verkfræðistofa
Axel Valur Birgisson
Grensásvegur 1
108 Reykjavík

**Auglýsingasími**
**512 50 50**
Allt sem þú þarft...

Þú færð Fréttablaðið á kostnaðarverði á 90 stöðum um land allt. Nánari upplýsingar á visir.is/dreifing

**FRÉTTABLAÐIÐ Á NETINU**
Þú getur alltaf lesið Fréttablaðið frítt á Vísi eða fengið sendan daglegan tölvupóst með blaði dagsins. Nánari upplýsingar á: visir.is/dreifing




Allt sem þú þarft...


KULDADAGAR
CATMANDOO
ZO•ON ICELAND
THE NORTH FACE
CINTAMANI
DIDRIKSONS1913
HH HELLY HANSEN
SURFANIC
KETCH
20% afsláttur
af barnakuldagöllum, barnaúlpum, herraúlpum og dömuúlpum
- frá þriðjudegi til sunnudags
ÍSLENSKA/SIA.IS/UTI 52010 10/10
HOLTAGÖRÐUM • GLÆSIBÆ • KRINGLUNNI • SMÁRALIND • WWW.UTILIF.IS
ÚTILÍF

## krossgáta



**LÁRÉTT**
**2.** nægilega, **6.** frá, **8.** sægur, **9.** mas, **11.** tveir eins, **12.** leið, **14.** skaf, **16.** kusk, **17.** kvk nafn, **18.** pota, **20.** þófi, **21.** högg.

**LÓÐRÉTT**
**1.** afkvæmi, **3.** hljóm, **4.** raupari, **5.** dýrahljóð, **7.** pest, **10.** draup, **13.** ískur, **15.** íþrótt, **16.** umrót, **19.** tvíhljóði.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** nógu, **6.** af, **8.** mor, **9.** mal, **11.** rr, **12.** braut, **14.** skrap, **16.** ló, **17.** gró, **18.** ota, **20.** il, **21.** stuð.
**LÓÐRÉTT: 1.** lamb, **3.** óm, **4.** gortari, **5.** urr, **7.** farsótt, **10.** lak, **13.** urg, **15.** póló, **16.** los, **19.** au.


Hluthafafundur Exista ehf.
28. október 2010

EXISTA

Hluthafafundur Exista ehf. verður haldinn fimmtudaginn 28. október 2010 í höfuðstöðvum félagsins að Ármúla 3, 5. hæð, Reykjavík, og hefst fundurinn kl. 9:15.

Dagskrá:

Á dagskrá fundarins eru eftirfarandi tillögur stjórnar sem nauðsynlegar eru til að félagið efni nauðasamning sinn við kröfuhafa, en nauðasamningur félagsins var staðfestur af Héraðsdómi Reykjavíkur þann 10. október s.l., sbr. IX. kafla laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl.:

1. Tillaga stjórnar um breytingar á samþykktum:

   Að samkvæmt 15 gr. samþykkta félagsins skuli jafnframt kjósa sex varamenn í stjórn. Þá skulu engar sérreglur gilda um framboð til stjórnar, heldur einungis almennar reglur laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög.

2. Kosning stjórnar.
3. Ákvörðun þóknunar stjórnarmanna.
4. Tillaga stjórnar um lækkun hlutafjár, hækkun hlutafjár og nýjar samþykktir:
   Hlutafé félagsins skal lækkað um kr. 14.644.414.321 til jöfnunar á tapi, sbr. 1. tl. 2. mgr. 34. gr. laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög.
   Þá skal hlutafé félagsins hækkað um kr. 13.562.336.251 með útgáfu 13.562.336.251 nýrra hluta að nafnverði kr. 1 hver. Hluthafar skulu falla frá forgangsrétti sínum til áskriftar að hinum nýju hlutum, sem afhentir skulu þeim kröfuhöfum félagsins sem fara með samningskröfur samkvæmt staðfestum nauðasamningi félagsins. Áskriftarverð skal vera kr. 1 á hlut og greitt með skuldajöfnuði við 10% heildarfjárhæðar samningskröfu hvers kröfuhafa.
   Um hina nýju hluti skulu gilda ákvæði nýrra samþykkta félagsins sem samþykktar skulu samhliða hlutafjárhækkun. Hinar nýju samþykktir fela einkum í sér eftirfarandi breytingar frá núgildandi samþykktum:
   a. Heimild stjórnar til útgáfu hluta til efnda á nauðasamningi. Stjórn félagsins verður heimilt að hækka hlutafé félagsins í áföngum með útgáfu nýrra hluta, sem afhentir skulu eigendum samningskrafna sem félaginu ber að greiða síðar, s.s. skilyrtra samningskrafna.
   b. Lán breytanlegt í hluti í félaginu. Samkvæmt nauðasamningi félagsins breytast eftirstandandi 90% af samningskröfum á hendur félaginu í lán sem breytanleg eru í hluti í félaginu.
   c. Takmarkanir við framsali hluta. Óheimilt verður að framselja hluti í félaginu til aðila sem skilgreindir eru sem samkeppnisaðilar félagsins. Þá verður hluthöfum sem hyggjast framselja hluti sína í félaginu og eiga jafnframt kröfu á hendur félaginu á grundvelli breytanlega lánsins, sbr. b-lið, almennt skylt að framselja sambærilegt hlutfall kröfunnar með hinum framseldu hlutum.
   d. Réttur til samhliða sölu hluta. Leiði framsal hluta í félaginu til þess að aðili eða aðilar sem eiga í samstarfi eignist meira en 50% af heildarhlutafé félagsins má slíkt framsal ekki fara fram nema kaupandi hafi fyrst gert öllum öðrum hluthöfum tilboð um að kaupa einnig þeirra hluti í félaginu, og öll breytanleg lán þeirra, sbr. b-lið, á sama verði og með sömu skilmálum.
   e. Skylda til samhliða sölu. Hyggist eigendur 75% eða meira af heildarhlutafé félagsins selja hluti sína til ótengds þriðja aðila verður þeim heimilt að skylda aðra hluthafa til að selja einnig sína hluti til sama kaupanda með sömu skilmálum.
   f. Breytingar á samþykktum er varða stjórn félagsins. Stjórn félagsins skal skipuð fimm til sex mönnum og jafn mörgum varamönnum. Ákvörðunarbærni stjórnar félagsins mun ráðast af eðli þess máls sem til úrlausnar er á stjórnarfundi. Þá munu tiltekin mikilvæg málefni, sem tilgreind eru í 22. gr. samþykktanna, krefjast samþykkis aukins meirihluta þeirra stjórnarmanna sem bærir eru til ákvörðunartöku. Sérstakar reglur munu gilda um vanhæfi stjórnarmanna vegna hagsmunaárekstra og ákvörðun þess hvort einstakir stjórnarmenn teljist vanhæfir.

   Endanlegar tillögur, þ.á m. drög að hinum nýju samþykktum, liggja frammi á skrifstofu félagsins hluthöfum til sýnis.

   Skýrsla stjórnar skv. 2. mgr. 5. gr. laga nr. 138/1994 og skýrsla löggilts endurskoðanda skv. 6. gr. laganna, sbr. 26. gr., liggja fyrir á skrifstofu félagsins, sem og eftirrit reikninga síðasta ársreiknings félagsins, skýrsla stjórnar og yfirlýsing endurskoðanda skv. 2. mgr. 23. gr. laganna.
5. Önnur mál.

Sérstaklega er bent á að þeir sem hyggjast gefa kost á sér til setu í stjórn félagsins skulu tilkynna það skriflega til stjórnar félagsins að minnsta kosti fimm dögum fyrir upphaf hluthafafundar. Þeir einir eru kjörgengir sem þannig hafa gefið kost á sér. Í tilkynningu um framboð til stjórnar skal gefa, auk nafns frambjóðanda, kennitölu og heimilisfangs, upplýsingar um aðalstarf, önnur stjórnarstörf, menntun, reynslu og hlutafjáreign í félaginu. Þá skal einnig upplýsa um hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila, samkeppnisaðila félagsins, sem og hluthafa sem eiga meira en 10% hlut í félaginu.

Tillögur frá hluthöfum sem bera skal á upp á hluthafafundi skulu vera komnar í hendur stjórnarinnar eigi síðar en sjö dögum fyrir hluthafafund.

Fundargögn verða afhent á fundardegi frá kl. 8:30 á fundarstað.

Reykjavík, 20. október 2010
Stjórn Exista ehf.

EXISTA ehf. ı Ármúla 3 ı 108 Reykjavík ı Sími 550 8600


# Vinna af sér „fríið“

**BAKÞANKAR**
**Ragnheiðar Tryggvadóttur**



Konur eiga að ganga út af vinnustöðum sínum klukkan 14.25 á mánudaginn. Samkvæmt útreikningum eru þær þá víst búnar að vinna tímana sem þær fá greitt fyrir, miðað við karla.

**KVENNAFRÍDAGURINN** táknar því ákveðna uppreisn og í ótryggu atvinnuumhverfi þarf kjark til að standa upp frá ókláruðum verkefnum. Konur ræða sín á milli á kaffistofum hvernig þær eigi að snúa sér í þessu. Veigra sér við að ganga út eins og árferðið er, hræddar við að verða látnar fjúka í framhaldinu. Einhverjar tala um að „vinna af sér fríið“. Klára það sem þarf að klára með því að lengja aðra vinnudaga svo þær geti óhræddar staðið upp frá vinnu sinni og marserað niður í bæ, hrópandi á jöfn kjör! Einstaka yfirmenn leggja það jafnvel til, horfa á verkefnin fram undan og segja ómögulegt að „gefa konunum frí“ fyrr en staflinn sé frá.

**ÞAR** með er tilgangur þessa dags orðinn að engu. Stöðu kvenna á vinnumarkaðnum og í samfélaginu öllu gefið langt nef. Með því að konur gangi út í hópum af vinnustað á að sjást hversu mikilvægt vinnuframlag þeirra er, hversu stóru tannhjóli í vélinni þær snúa og að án kvenna geti samfélagið ekki gengið upp. Kvennafrídagurinn á að sýna hversu óréttlátt það er að konur fái ekki greitt fyrir vinnu sína til jafns við karla. Svo einfalt er það.

**ÞEIR** sem segja baráttu fyrir jöfnum kjörum kynjanna óþarfa í dag eru á villigötum. Þeir sem segja kvennafrídaginn bara til skrauts, skemmtilegan minnisvarða, einungis tækifæri fyrir konur til að lyfta sér upp og hittast, hafa rangt fyrir sér. Það hefur hallað á konur í kreppunni. Konur fylla stóran hóp fólks í láglaunastörfum, hóp sem nær ekki endum saman í hækkandi verðlagi, og ofbeldi gegn konum mun hafa aukist í kreppunni. Kvennafrídagurinn á mánudaginn er einnig haldinn til að vekja athygli á því. Skerðing fæðingarorlofs mun einnig kreppa enn að réttindum kvenna. Með því verða konur gerðar að ókjósanlegri starfskrafti, en þegar hart er í ári eins og nú mun sá sem færir heimilinu hærri tekjur ekki taka fæðingarorlof. Það gefur auga leið, karlinn vinnur.

**KVENNAFRÍDAGURINN** er því nauðsynlegur sem aldrei fyrr. Hann má ekki verða eins og hver annar mánudagur.

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Øverli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





**TYRA BANKS** Fyrirsætan og sjónvarpskonan óttast um öryggi sitt.

# Eltihrellir settur í bann

**Tímabundið nálgunarbann hefur verið sett á 39 ára mann sem hefur elt fyrirsætuna og sjónvarpskonuna Tyru Banks og fjölskyldu hennar á röndum í fjögur ár. „Ég óttast um öryggi mitt og fólksins í kringum mig, þar á meðal fjölskyldu minnar og starfsmanna," segir í yfirlýsingu Banks í málsskjölum. Hún bætir því við að eltihrellirinn segist hafa drepið George W. Bush og að hann telji að Michael Jackson sé á lífi og búi á Long Beach. Maðurinn var fyrr í þessum mánuði handtekinn fyrir að ganga um lóð Banks án leyfis.**



**JOHNNY DEPP** Keypti fimm hundruð vatnsheldar úlpur handa tökuliðinu.

# Gaf tökuliði 500 úlpur

**Leikarinn Johnny Depp keypti fimm hundruð vatnsheldar úlpur handa tökuliði myndarinnar Pirates of the Caribbean 4. Tökur hafa staðið yfir í London að undanförnu og þar hefur rok og rigning gert tökuliðinu lífið leitt. Depp vildi sjá til þess að öllum liði vel í kringum sig og pungaði út rúmlega sjö milljónum króna í úlpurnar.**

**„Þetta var frábært fyrir móralinn og sýndi af hverju hann er einn yndislegasti náunginn í Hollywood," sagði heimildarmaður. Stutt er síðan Depp heimsótti grunnskóla í London í gervi sjóræningjans Jacks Sparrow við góðar undirtektir.**





Þú færð Fréttablaðið á kostnaðarverði á 90 stöðum um land allt. Nánari upplýsingar á visir.is/dreifing

Allt sem þú þarft…



**EKKI MISSA AF** Sgt. Miller's Misbehavious Daughter og The Assassin of a Beautiful Brunette spila á fimmtudagsforleik Hins hússins í kvöld. Húsið verður opnað klukkan 19.30 og tónleikarnir byrja klukkan 20.00. Allir velkomnir og frítt inn.


## METSÖLULISTI EYMUNDSSON

SAMKVÆMT BÓKSÖLU Í EYMUNDSSON UM LAND ALLT

13.10.10 - 19.10.10



**1** Íslenzkir þjóðhættir
Jónas Jónasson



**2** Mataræði - handbók um hollustu - Michael Pollan



**3** Morgunengill
Árni Þórarinsson



**4** Blóðnætur - kilja
Åsa Larsson



**5** Borða, biðja, elska - kilja
Elizabeth Gilbert



**6** 10.10.10 - Logi Geirs
Henry Birgir Gunnarsson



**7** Arsenikturninn - kilja
Anne B. Ragde



**8** Barnið í ferðatöskunni - kilja
Lene Kaaberbøl/Agnete Frills



**9** Snjóblinda
Ragnar Jónsson



**10** Kvöldverðurinn - kilja
Herman Koch

Eymundsson.is
Eymundsson
Bóksali frá 1872




**GARDAR EIDE EINARSSON** Byrjaði ungur í félagslegu andófi þegar hann renndi sér á hjólabretti í Noregi, sem var ólöglegt á þeim tíma. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Valdapönk í Hafnarhúsinu

**The Fragrance of Power eða Angan af valdi nefnist myndlistarsýning eftir Gardar Eine Einarsson sem verður opnuð í Hafnarhúsinu í dag. Í verkum sínum rýnir Gardar í valdastrúktúr samfélagsins og sækir ríkulega í sarp pönks og poppmenningar.**





Gardar Eide Einarsson er íslenskur í föðurætt, fæddur í Noregi en býr og starfar jöfnum höndum í Osló, Tókýó og New York. Í svarthvítum verkum Gardars Eide eru vald og uppreisn ráðandi þættir. Þau eru sett fram á ólíkan hátt, til dæmis í skúlptúrum, ljósmyndum, skjáverkum, flöggum og dreifimiðum, en eiga það sameiginlegt að þar gætir sterkra áhrifa frá götulist og pönktónlist þar sem framúrstefnu- og jaðarmenning kallast á við gangverk nútímasamfélagsins. Gardar kveðst lengi hafa verið heillaður af fagurfræði pönksins og kynntist andófi ungur að aldri.

„Bakgrunnur minn liggur í hjólabrettasenunni í Noregi og pönksenunni sem henni fylgir," segir hann. „Hjólabretti voru bönnuð í Noregi þegar ég var að alast upp; það þurfti að smygla þeim inn í landið og lögreglan gerði þau upptæk ef hún komst yfir þau. Það gerði mig snemma afar meðvitaðan um valdaskipanina í samfélaginu."

Áhugi hans á valdi stafar ekki síður af veru hans í Bandaríkjunum, þar sem hann hefur búið undanfarin níu ár. „Þemað sem ég vinn með hefur verið mjög áberandi undanfarin áratug. Ég flutti til New York daginn fyrir árásina á Tvíburaturnana og hef fylgst með þessum miklu ólgutímum sem gengu í garð eftir það. Þess sjást að ég held greinileg merki í verkum mínum."

Þrátt fyrir hápólitískt umfjöllunarefni segist hann ekki leggja upp með ákveðinn boðskap í verkum sínum. „Ég held að listin virki ekki þannig, eins og áróðursplakat. Ég er miklu frekar að rýna í hvernig valdskipanin er, hvernig hún riðlast og hvernig fólk semur um völd eða afsalar sér þeim við tilteknar aðstæður."

Gardar er hálfur Íslendingur; á ættir að rekja til Akureyrar og kom nokkuð oft til Íslands sem barn.

„Eftir að amma og afi dóu dró hins vegar mjög úr heimsóknum hingað. Þegar ég kom hingað í sumar til að skoða rýmið í Hafnarhúsinu hafði ég til dæmis ekki komið hingað í um tuttugu ár. En íslensku ræturnar voru alltaf hluti af uppeldinu; það var íslenskur matur á jólunum og ég ber því alltaf sterkar taugar til þessa lands. Þótt það sé alltaf rigning þegar ég kem hingað!" segir hann og hlær.

Sendiherra Noregs á Íslandi, Dag Wernö Holter, opnar sýninguna klukkan 17 í dag en hún stendur fram í janúar.

bergsteinn@frettabladid.is

# Ljóðahátíð Nýhil hefst í dag

Sjötta ljóðahátíð Nýhil hefst í dag með opnunarkokkteil í Norræna húsinu klukkan 17 og heldur áfram með ljóðapöbbkvissi á Næsta bar klukkan 21 í kvöld.

Annað kvöld klukkan 20 hefst eiginleg dagskrá hátíðarinnar, sem fer fram á skemmtistaðnum Venue. Ellefu skáld og tónlistarmenn koma þar fram, þar á meðal Jón Örn Loðmfjörð, Þórdís Gísladóttir (sem hlaut bókmenntaverðlaun Tómasar Guðmundssonar dögunum), Snorri Páll Jónsson Úlfhildarson og Hildur Lilliendahl.

Á laugardagskvöld hefst dagskráin á sama stað á sama tíma þar sem meðal annars koma fram Bjarni Klemenz, Angela Rawlings, Sindri Freyr Steinsson, Kristín Svava Tómasdóttir, Jón Bjarki Magnússon, Ingólfur Gíslason, Jean-Michel Espitallier og Anton Helgi Jónsson.

Nánari upplýsingar um dagskrána má finna á Facebook-síðu hátíðarinnar. - bs



ÞÓRDÍS GÍSLADÓTTIR



JÓN LOÐMFJÖRÐ



ANTON HELGI JÓNSSON



HILDUR LILLIENDAHL


FRÉTTABLAÐIÐ Á NETINU

Þú getur alltaf lesið Fréttablaðið frítt á Vísi eða fengið sendan daglegan tölvupóst með blaði dagsins. Nánari upplýsingar á: visir.is/dreifing



Allt sem þú þarft...

„HÉR KVEÐUR VIÐ NÝJAN TÓN“
Úlfhildur Dagsdóttir um Falska nótu á bokmenntir.is




**2. SÆTI**
Metsölulisti Eymundsson
13.-19. október
Innbundin skáldverk og ljóð

# BEINT Í ANNAÐ SÆTI!



## Blóðugir glæpir á Siglufirði!

Á Siglufirði finnst ung kona blóðug og hálfnakin í snjónum, nær dauða en lífi, aldraður rithöfundur deyr á grunsamlegan hátt og gleymdir glæpir fortíðar koma upp á yfirborðið í myrkri, kulda og endalausum snjó. **Spennandi glæpasaga sem heldur lesandanum í spennu og óvissu fram á síðustu blaðsíðu!**

VERÖLD
Bræðraborgarstíg 9

DYNAMO REYKJAVÍK

# Tónleikaröð í Hafnarborg

Tónleikaröð Tríós Reykjavíkur í samvinnu við Hafnarborg, menningarmiðstöð Hafnarfjarðar, hefur göngu sína í 21. sinn sunnudaginn 24. október klukkan 20. Ástríður Alda Sigurðardóttir leikur þá þrjár sónötur fyrir fiðlu og píanó ásamt Guðnýju Guðmundsdóttur, fiðluleikara Tríós Reykjavíkur.

Ástríður Alda hefur nú þegar, þrátt fyrir ungan aldur, skipað sér í flokk fremstu píanóleikara landsins. Hún hefur komið fram sem einleikari með Sinfóníuhljómsveit Íslands, leikið marga einleikstónleika og komið fram á tónlistarhátíðum, meðal annars á Björtum sumarnóttum í Hveragerði með Tríói Reykjavíkur síðastliðið vor.

Fyrst á efnisskrá tónleikanna verður sónata eftir Jón Nordal. Því næst frumflytur tríóið á Íslandi sónötu eftir rússneska tónskáldið Sergei Bortkiewicz.

Næstu tónleikar í röðinni, Klassík við kertaljós, verða 28. nóvember. Þá verður Chopin heiðraður á 200 ára afmæli með flutningi á sönglögum, sellósónötu og píanótríói.



**ÁSTRÍÐUR ALDA SIGURÐARDÓTTUR** Leikur þrjár sónötur fyrir fiðlu og píanó á sunnudagskvöld.









# Stílhreint og blátt áfram

Tónlist ★★★

**Kammermúsíkklúbburinn í Bústaðakirkju.**

Verk eftir Zelenka og Bartók

„Munurinn á Bach og Zelenka er eins og munurinn á Benz og Skoda.“

Þetta sagði einn náungi við mig í hléinu á tónleikum Kammermúsíkklúbbsins á sunnudagskvöldið. Tilefnið var nýafstaðinn flutningur á tveimur sónötum, op. 181 nr. 1 og 2 eftir Jan Dismas Zelenka, sem var tékkneskur samtímamaður Bachs.

Ég veit nú ekki hvort þetta er rétt. Zelenka hefur sinn eigin stíl sem gengur alveg upp. Tónlist hans er öðruvísi en sú sem Bach samdi, hún er ekki eins öguð. Á vissan hátt er hún öfgafyllri. Hljómagangurinn er stundum óvæntur og hljóðfæraleikararnir þurfa að spila mikið af hröðum nótum. Ekki er það neitt verra.

Fyrir utan Guðrúnu Óskarsdóttur semballeikara, Sigurð Halldórsson sellóleikara og Kristínu Mjöll Jakobsdóttur fagottleikara héldu tveir óbóleikarar uppi fjörinu. Óhætt er að segja að þeir hafi þurft að vinna fyrir kaupinu sínu.

Þetta voru þau Eydís Franzdóttir og Peter Tompkins. Dálítill glímuskjálfti var fremur áberandi hjá hinni fyrrnefndu, en hann lagaðist er á leið. Hljómurinn í óbóinu hjá Tompkins var fágaðri og öruggari. Kannski hefðu þó mátt vera fleiri litir og blæbrigði hjá þeim báðum. Andstæðurnar hefðu þurft að vera snarpari. Útkoman var nokkuð einsleit; það gerðist ekki mikið í túlkuninni þrátt fyrir hraðar nótur.

Meira var varið í tónlistarflutninginn eftir hlé. Þar stigu á sviðið fiðluleikararnir Hildigunnur Halldórsdóttir og Bryndís Pálsdóttir, Svava Bernharðsdóttir víóluleikari og Sigurður sellóleikari. Á dagskránni var þriðji strengjakvartettinn eftir Bartók. Hann er ekki beint aðgengilegur, hljómarnir eru sérkennilegir og laglínurnar hráar, jafnvel kuldalegar. Þetta er „vitræn“ tónlist, formið er úthugsað og framvindan rökrétt. Það er hins vegar fátt sem maður getur blístrað við uppvaskið.



**HILDIGUNNUR HALLDÓRSDÓTTIR**

Fráhrindandi tónlistin kom undarlega vel út á tónleikunum. Fjórmenningarnir spiluðu af öryggi, túlkunin var heiðarleg, blátt áfram og stílhrein. Það var hvergi dauður punktur í leiknum. Kannski hefði mátt vera meiri fágun, tærari fiðluraddir og fyllri sellóhljómur – en í það heila var útkoman góð.

Allir strengjakvartettar Bartóks verða fluttir á tónleikum Kammermúsíkklúbbsins í vetur. Þessi mergjaða tónlist er frábær. Maður hlakkar óneitanlega til. **Jónas Sen**

**Niðurstaða:** Líflegur en dálítið einhæfur flutningur á tónlist eftir Zelenka. Strengjakvartett eftir Bartók kom betur út.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Fimmtudagur 21. október**

### ➜ Fundir




**20.00** **Félagið Matur-saga-menning** stendur fyrir fundaröð um **„Mat úr villtri náttúru Íslands“**. Fyrsti fundur fer fram í **Sjóminjasafninu Víkinni**, Grandagarði, í kvöld frá kl. 20-22. Allir velkomnir og aðgangur ókeypis.

### ➜ Ópera



**20.00** Söngleikhúsið **„Lífsins karnival“** verður fært á svið í **Íslensku óperunni** í kvöld kl. 20. Á tónleikunum koma fram **Ingveldur Ýr**, **Garðari Thór Cortes** auk leynigesta.

### ➜ Tónleikar

**20.00** **Fimmtudagsforleikur Hins hússins** verður haldinn í kvöld kl. 20.00. Fram koma **Sgh. Miller Misbehavious daughter og The Assassin of a Beautiful Brunette**. Húsið opnar kl. 19.30 og eru allir velkomnir. Frítt inn.

**20.30** Í **Menningarhúsinu Hofi** á Akureyri fara fram tónleikar í kvöld undir yfirskriftinni **„Konur fyrir konur“**. Allur aðgangseyrir rennur óskiptur til Bleiku slaufunnar, en miðaverð er 2.500 krónur. Tónleikarnir hefjast kl. 20.30.

**22.00** Hljómsveitin **Ég** efnir til útgáfutónleika á **Faktorý** í kvöld kl. 22 í tilefni af útgáfu nýrrar plötu sinnar Lúxus upplifun. Aðgangseyrir er 1.000 krónur og opnar húsið kl. 21.

### ➜ Opnanir

**17.00** Í **Hafnarhúsi** opnar sýning **Gardars Eide „Power has a fragrance“**. Norski sendiherrann á Íslandi, Hr. Dag Wernö Holter opnar sýninguna kl. 17 í dag.

### ➜ Sýningar

**20.00** Í **Salnum**, Kópavogi, verður haldið **Töfrakvöld HÍT 2010**. Dagskrá hefst kl. 20.00 og er kynnir kvöldsins **Eiríkur Fjalar**. Aðgangseyrir 2.900 krónur.

### ➜ Kvikmyndir

**17.30** Kvikmyndin **Stofnun lýðveldis** verður sýnd í **Öskju**, stofu 132, í kvöld kl. 17.30. Sýningin er á vegum **Konfúsíusarstofnunarinnar Norðurljós**. Allir velkomnir og aðgangur ókeypis.

### ➜ Bókmenntir



**17.00** Í tilefni af endurútgáfu **Sturlungu** verður efnt til hátíðardagskrár í **Þjóðmenningarhúsinu** í dag frá 17-19. Sérlegur hátíðarstjóri er **Einar Kárason**. Léttar veitingar og allir velkomnir.

### ➜ Fyrirlestrar

**12.00** **Dr. Brigit Toebes** heldur fyrirlestur á vegum lagadeildar **Háskólans í Reykjavík** í dag frá 12-13 í stofu v.1.0.2. (Betelgás) í húsnæði HR, að Menntavegi 1. Fundurinn fer fram á ensku. Allir velkomnir og aðgangur ókeypis.

**17.00** **Fræðslufundur Minja og sögu** verður haldinn í **Þjóðminjasafni Íslands** í dag kl. 17.00. Fyrirlesari er **Steinunn Kristjánsdóttir**, en erindi hennar fjallar um uppgröftinn á Skriðuklaustri. Allir velkomnir og ókeypis inn.



**20.00** Annað rannsóknarkvöld **Félags íslenskra fræða** verður haldið í kvöld kl. 20.00 í húsi Sögufélagsins, Fischersundi 3. **Haukur Ingvarsson** flytur erindi. Allir velkomnir.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is**

# Sígildur sagnaauður

## DÝRMÆTT VEGANESTI FYRIR ALLA ÍSLENDINGA




**Ný og stórglæsileg þriggja binda útgáfa Sturlungu er komin út**

*„… margslungið safn sagna, drjúg náma fróðleiks á hrífandi íslensku máli. Hún á fleiri líf en allar aðrar bækur íslenskar.“*

ÓSKAR GUÐMUNDSSON RITHÖFUNDUR

*„Í öllu því mannhafi sem Sturlunga greinir frá og hinni rammflóknu atburðarás má finna einhver stórbrotnustu örlög og ægilegustu fegurð samanlagðra bókmenntanna.“*

EINAR KÁRASON RITHÖFUNDUR




Við fögnum endurútgáfu
Sturlungu
í Þjóðmenningarhúsinu í dag,
fimmtudaginn
21. október kl. 17.

Sérlegur hátíðarstjóri er
Einar Kárason

**Verið velkomin**

MÁL OG MENNING
www.forlagid.is




**> Í SPILARANUM**

Elvis Costello - National Ransom
Tryggvi Hübner - 2.0
Ýmsir - Weirdcore 3
Órói - Tónlist úr mynd

# tónlist

tonlist@frettabladid.is

## *Nirvana-sýning á næsta ári*

Sýningin Pönkið fært til fjöldans, þar sem rokksveitin Nirvana verður í aðalhlutverki, verður opnuð í heimaborg hennar Seattle í apríl á næsta ári. Sýningin mun standa yfir í tvö ár.

Ýmsir áhugaverðir munir úr sögu Nirvana verða þar sýndir, þar á meðal nokkur málverk sem söngvarinn Kurt Cobain gerði í menntaskóla, handskrifaðir textar við lögin Spank Thru og Floyd the Barber og partar af fyrsta gítarnum sem hinn sálugi Cobain eyðilagði á sviði.

„Cobain var framsækinn listamaður sem náði til fólks úti um allan heim,“ sagði bassaleikarinn Krist Novoselic. „Það er frábært að brátt verði hlutum safnað saman þar sem framlagi hans til tónlistar og menningar er gert hátt undir höfði. Nirvana er miðdepillinn í þessari sögu,“ sagði hann. „En svo margt fólk, hljómsveitir og stofnanir sem voru hluti af þessu tónlistarsamfélagi koma líka við sögu. Tónlist norðvesturríkjanna er hyllt á þessari sýningu.“

Á meðal fleiri muna sem verða á sýningunni er fræg peysa sem Cobain klæddist oft snemma á níunda áratugnum og engill sem var notaður á tónleikaferð Nirvana til að kynna plötuna In Utero.



**KURT COBAIN** Peysa Cobains verður til sýnis í Seattle.



**> Plata vikunnar**

**JÓNAS SIGURÐSSON - ALLT ER EITTHVAÐ**

★★★★

„Jónas Sigurðsson fylgir Malbikinu eftir með enn betri plötu.“ - tj



**TÓNNINN GEFINN**
**Trausti Júlíusson**

## *Airwaves 2.0 fór vel af stað*

Þá er fyrsta Airwaves-hátíðin undir nýrri framkvæmdastjórn að baki og ekki hægt að segja annað en að hún hafi tekist mjög vel. Fimm daga tónlistarfyllerí og tilfinningin daginn eftir mikil gleði yfir öllu þessu frábæra sem manni tókst að sjá og smá tregi yfir því sem maður náði ekki.

Alveg eins og það á að vera.

Iceland Airwaves byggir á formúlu sem er margbúin að sanna sig, en það voru samt smá áherslubreytingar á hátíðinni í ár. Airwaves hefur alltaf lagt mest kapp á að kynna nýja og upprennandi listamenn og það var enn þá aðalhugsunin á bak við valið á tónlistaratriðunum í ár. En nú fengu eldri listamenn samt að fljóta með í ríkari mæli en áður. Fimmtudagskvöldið á Nasa var t.d. hálfgert endurkomukvöld, með S.H. Draum, Ham og Ensími, allt sveitir sem sjaldan koma fram og S.H. Draumur meira að segja að spila í fyrsta sinn í sautján ár.



**HAM** Var flott á „gömlukallakvöldinu“ á Nasa. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

„Gömlukallakvöldið“, eins og einhver kallaði það, tókst frábærlega, sem væntanlega verður til þess að áframhald verður á einhverju svipuðu. Það er mikilvægt að hátíðin einbeiti sér áfram að nýrri tónlist, en eftir tíu ár má líka alveg breyta einhverju og það styrkir bara hátíðina að víkka hana aðeins út. Hvaða sveit ætli verði endurvakin næst? Kannski Risaeðlan, Bubbleflies eða Lojpippos og Spojsippus? Hvað með KUKL?






# Góðir gestir á ástarplötu

**Belle & Sebastian gaf fyrir skömmu út sína áttundu hljóðversplötu, þar sem góðir gestir koma við sögu. Umfjöllunarefnið er ástin í allri sinn dýrð.**

Áttunda hljóðversplata skosku poppsveitarinnar Belle & Sebastian, sem nefnist Belle & Sebastian Write About Love, kom út fyrir skömmu.

Stuart Murdoch hefur verið forsprakki sveitarinnar síðan hann stofnaði hana ásamt Stuart David árið 1996. Murdoch kom fyrst nálægt tónlist opinberlega sem útvarpsmaður í Glasgow-háskóla. Á háskólaárum sínum undir lok níunda áratugarins veiktist hann af síþreytu og gat ekki unnið í sjö ár. Á þessum erfiða tíma, þegar hann var mikið einn með sjálfum sér, fékk hann áhuga á lagasmíðum. „Þetta var mikil eyðimerkurganga og hálfgert tómarúm í lífi mínu. Út frá þessu fór ég að semja þessi lög og melódíur þar sem ég fékk útrás fyrir líðan mína,“ sagði Murdoch. Árið 1995 hafði hann að mestu jafnað sig á veikindunum og fór að smala saman í hljómsveit, sem varð á endanum hin ástsæla Belle & Sebastian. Á þessum tíma fékk hann vinnu sem húsvörður í safnaðarheimili og bjó einnig á efri hæð þess. Þar starfaði hann allt til ársins 2003. Textar Belle & Sebastian hafa einmitt á köflum endurspeglað áhuga Murdochs á trúmálum.

Nýjasta plata sveitarinnar fjallar eins og nafnið gefur til kynna um ástina og var tekin upp í Los Angeles. Upptökustjóri var Tony Hoffer, sem einnig stjórnaði upptökum á síðustu plötu sveitarinnar, The Life Pursuit. Góðir gestir koma við sögu á nýju plötunni, en það eru bandaríska söngkonan Norah Jones og enska leikkonan Carey Mulligan, sem sló í gegn í kvikmyndinni An Education og var tilnefnd til Óskarsverðlauna fyrir frammistöðu sína.

Fjögur ár eru liðin síðan The Life Pursuit kom út. Hún seldist í um 250 þúsund eintökum og þótti vel heppnuð. Sveitin fylgdi plötunni eftir með stórri tónleikaferð og spilaði meðal annars á tvennum tónleikum á Íslandi í júlí 2006, á Nasa og á Bræðslunni á Borgarfirði eystri.

Belle & Sebastian Write About Love hefur verið vel tekið. Hún fór beint í áttunda sætið á breska breiðskífulistanum, sem jafnar besta árangur sveitarinnar sem hún náði með The Life Pursuit. Tónleikaferð um Suður-Ameríku er fyrirhuguð í nóvember en í desember verður ferðast vítt og breitt um Bretlandseyjar.

freyr@frettabladid.is

**NÝ PLATA KOMIN ÚT**

**Stuart Murdoch**, forsprakki Belle & Sebastian, á tónleikum í Englandi í sumar. **Norah Jones** og **Carey Mulligan** eru gestir á nýjustu plötu sveitarinnar.

NORDICPHOTOS/GETTY



**MEIRA FRÁ SKOTLANDI**

The Vaselines
Simple Minds
The Proclaimers
Primal Scream
Mogwai
Travis
Paolo Nutini
Franz Ferdinand
Biffy Clyro
The Fratellis



**LAGALISTINN**

Vikuna 14. - 20. október 2010

| Sæti | | Flytjandi | Lag |
|---|---|---|---|
| ▲ | 1 | Páll Óskar og Memfismafían | *Það geta ekki allir...* |
| ▼ | 2 | Cee Lo Green | *Forget You (F U)* |
| ▲ | 3 | Sálin hans Jóns míns | *Fyrir utan gluggann þinn* |
| ▼ | 4 | Hurts | *Wonderful Life* |
| ▲ | 5 | Kings Of Leon | *Radioactive* |
| ▶ | 6 | Bjartmar og Bergrisarnir | *Negril* |
| ▶ | 7 | Robbie Williams / Gary Barlow | *Shame* |
| ▼ | 8 | Klassart | *Gamli grafreiturinn* |
| ▲ | 9 | Bubbi Morthens | *Sól* |
| ▲ | 10 | Lifun | *Ein stök ást* |

**TÓNLISTINN**

Vikuna 14. - 20. október 2010

| Sæti | | Flytjandi | Plata |
|---|---|---|---|
| ▶ | 1 | Helgi Björnsson og reiðmenn | *Þú komst í hlaðið* |
| ▲ | 2 | Amiina | *Puzzle* |
| ✱ | 3 | Jónas Sigurðsson | *Allt er ekkert* |
| ▼ | 4 | Ólöf Arnalds | *Innundir skinni* |
| ▲ | 5 | Rökkurró | *Í annan heim* |
| ✱ | 6 | FM Belfast | *How To Make Friends* |
| ✱ | 7 | Retro Stefson | *Kimbabwe* |
| ✱ | 8 | Skúli Sverrisson | *Sería II* |
| ▼ | 9 | Friðrik Ómar | *Elvis* |
| ✱ | 10 | Bloodgroup | *Dry Land* |

**Skýringar:**

▶ Stendur í stað síðan í síðustu viku ▼ Fellur um sæti síðan í síðustu viku ▲ Hækkar á lista síðan í síðustu viku ✱ Nýtt á lista

Listarnir eru teknir saman fyrir Félag hljómplötuframleiðenda. Listarnir eru birtir í heild sinni á Vísir.is. vísir

**Þátttakendur í Lagalistanum:** Bylgjan, FM957, Xið 977, Rás 2, Kaninn, tonlist.is. **Verslanir í Tónlistanum:** Skífan, Hagkaup, Penninn/Eymundsson, 12 tónar, Smekkleysa plötubúð, Havarí, Elkó, tonlist.is


Dömur
Herrar
Börn
20%
afsláttur
af öllum yfirhöfnum
Gildir til miðvikudags
Gildir ekki með öðrum tilboðum
Útsalan heldur áfram
Við hækkum afslætti
úr 30% í 50%
Prófaðu!
Frí ráðgjöf
hjá stílista
Pantaðu tíma í síma
522 8005 eða á
stilisti@debenhams.is
DEBENHAMS
HINN FULLKOMNI FATASKÁPUR
Lífsstílsbúð í SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR HEIMILI

# bíó

bio@frettabladid.is

## > KEITH Í NÚMER FJÖGUR



Rolling Stones-goðsögnin **Keith Richards** hefur staðfest að hann muni endurtaka hlutverk sitt sem pabbi Jacks Sparrow í myndunum um sjóræningjana á Karíbahafinu. Sem er gott, því Richards var eini ljósi punkturinn í þriðju myndinni.

# Mel Gibson í Timburmönnum tvö

Mel Gibson hyggst koma lífi sínu og ferli á réttan kjöl og telur besta ráðið til þess að leika lítið gestahlutverk í kvikmyndinni The Hangover 2. Samkvæmt vefsíðunni Pagesix.com hefur verið gengið frá samningum við Hollywood-stjörnuna og mun Gibson leika húðflúrlistamann í Bangkok. Tökur fara fram í myndveri Warner Bros, þar sem nákvæm eftirmynd af Bangkok hefur verið byggð, en myndin segir frá því þegar gengið úr fyrri myndinni heldur í stórhættulega ferð til Taílands. Þeir Bradley Cooper, Ed Helms, Zack Galifianakis og Justin Bartha verða á sínum stað, auk þess sem Ken Jeong mun endurtaka hlutverk sitt sem hinn hættulegi glæpaforingi Mr. Chow.

Gibson er sagður vonast til þess að hlutverkið muni endurreisa ímynd hans, svipað og fyrri myndin gerði fyrir Mike Tyson. Ferill Mel Gibson hefur verið í mikilli lægð undanfarin ár; fyrst var hann handtekinn fyrir ölvunarakstur og blótaði gyðingum í sand og ösku. Og var ákaflega drukkinn eftir að hafa verið edrú í dágóðan tíma. Síðan skildi hann við eiginkonu sína og tók saman við rússnesku söngkonuna Oksönu Grigorievu en ekki sér fyrir endann á því hvernig því sambandi lýkur þar sem ásakanir um heimilisofbeldi og kúgun hafa flogið á milli þeirra. Þar að auki treystir enginn sér til að dreifa kvikmyndinni The Beaver með Gibson og Jodie Foster í aðalhlutverkum.



**BJARGAR SÉR** Mel Gibson vonar að Timburmenn tvö bjargi sér og ferli sínum og kannski engin vanþörf á.



**FÆR EKKI LAUN** Adrien Brody var svikinn af ítölskum framleiðendum um laun upp á þrjár milljónir dala.

# Vill fá launin sín

Óskarsverðlaunahafinn Adrien Brody stendur nú í miklu stappi við ítalska kvikmyndaframleiðendur og reynir að fá lögbann á hryllingsmyndina Giallo. Leikstjóri myndarinnar er Dario Argento, heimsfrægur í hryllingsmyndageiranum, og hafði Brody lengi dreymt um að vinna með honum. Tækifærið kom með Giallo en Brody hefur hins vegar enn ekki fengið greitt fyrir leik sinn. Samkvæmt vefsíðu Empire virðist myndin sjálf vera mesti hryllingurinn því hún þykir skelfileg og hefur verið slátrað af gagnrýnendum, var meðal annars send beint á DVD í Ameríku en þarlendir unglingar hafa löngum verið ginnkeyptir fyrir hryllingi.

Brody krefst þriggja milljóna dala og vill blátt bann á dreifingu myndarinnar þar til skuldin hefur verið greidd. Brody segir að framleiðendur myndarinnar hafi ítrekað logið að honum, hann hafi til að mynda hætt á einum tímapunkti sökum þess að myndin var ekki fullfjármögnuð eins og framleiðendurnir höfðu lýst yfir. Þeir fengu Brody síðan til að koma aftur með loforðum um að dreifingarsamningar hefðu gefið vel af sér. En þau loforð virtust líka hafa verið byggð á sandi. Talið er líklegt að Brody verði að bíða ansi lengi áður en næst í skottið á framleiðendum myndarinnar.

# ÓTTAR Á LEIÐ TIL KÍNA

**Óttar Guðnason kvikmyndatökumaður segir að vinnan við Inhale hafi verið stíf enda myndin gerð á aðeins 29 dögum. Hann segir jafnframt sig langa til að gera mynd á íslensku.**

Óttar Guðnason hefur verið á faraldsfæti undanfarin ár, unnið við tökur á kvikmyndum og auglýsingum. Nýjasta kvikmynd hans, Inhale í leikstjórn Baltasars Kormáks, verður frumsýnd á föstudaginn en Óttar segir tökurnar hafa bæði verið skemmtilegar og erfiðar. „Það var náttúrulega heitt og mesta áskorunin fólst í því að breyta þessum bæ, Las Vegas í Nýju Mexíkó, í Mexíkó," útskýrir Óttar en að gefnu tilefni skal tekið fram að umræddur bær á ekkert skylt við syndaborgina í Nevada og að bærinn var einnig sögusviðið fyrir Coen-myndina No Country for Old Men. „Það var sett ryk yfir allar göturnar, mold og ljósamöstur og þetta gekk allt mjög vel." Að sögn Óttars var dagskráin mjög þéttskipuð enda stóðu tökurnar yfir í aðeins 29 daga, sem þykir frekar lítið.

Óttar hefur áður unnið með Baltasar Kormáki, það var við A Little Trip to Heaven. Hann segir leikstjórann vera vinnufíkil á tökustað, hann sé alltaf að, nánast allan sólarhringinn. „Mér sjálfum fannst frábært hversu miklu Baltasar náði út úr aðalleikaranum, Dermot Mulroney. Þetta hlutverk var svolítið nýtt fyrir Mulroney, hann er í mynd nánast allan tímann og hann var algjörlega búinn á því undir lokin. Balti vinnur alltaf eins, og hjólar í fólk ef hann er ekki sáttur, alveg sama hvað það heitir. Hann barðist með kjafti og klóm fyrir öllu í myndinni og það var virkilega gaman að upplifa þetta með honum." Svo skemmtilega vildi til að Óttari og Dermot varð vel til vina og þegar leikarinn fékk tækifæri til að leikstýra sinni fyrstu mynd fékk hann Óttar sem tökumann. Myndin heitir Love, Wedding, Marriage og skartar Mandy Moore, Kellan Lutz og Jane Seymour í aðalhlutverkum.

Óttar staldrar ekki lengi við á Íslandi því hann heldur eftir tíu daga til Kína að taka upp ævintýramyndina Mulan undir stjórn hollenska leikstjórans Jan de Bont. De Bont er hvað þekktastur fyrir stórmyndina Speed en Óttar og hann hugðust gera saman Stopping Power, hasarmynd í Berlín, sem hætt var við. „Þetta er taka tvö hjá okkur. Ég er akkúrat á leiðinni niður í kínverska sendiráðið til að ná í pappíra. Myndin er stór, það verða nokkur hundruð manns við störf á henni, tvær leikmyndir byggðar og mér skilst að þeir ætli að reisa líkan af Kínamúrnum. Þetta verður bara virkilega spennandi, mikið af stórum hesta- og bardagasenum." Þrátt fyrir allt heimshornaflakkið hefur Óttar hins vegar aldrei gert kvikmynd á íslensku en hann segist gjarnan vilja það. „Ég auglýsi hér með bara eftir áhugasömum."

freyrgigja@frettabladid.is

> Það var náttúrulega heitt og mesta áskorunin var að breyta Las Vegas í New Mexico í Mexíkó.
>
> **ÓTTAR GUÐNASON** KVIKMYNDATÖKUMAÐUR



**BALTASAR VINNUFÍKILL** Óttar Guðnason segir Baltasar vera algjöran vinnufíkil á tökustað en hann sé góður verkstjóri og nái því besta úr sínu fólki. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI






# Barnaflækjur í bíóhúsum

Þeir sem hafa gaman af flóknum fjölskyldumynstrum og barneignum ættu að geta fundið eitthvað við sitt hæfi í kvikmyndahúsum borgarinnar því tvær myndir, The Kids Are Alright og The Switch, verða frumsýndar um helgina.

Fyrri myndin er á öllu alvarlegri og dramatískari nótunum og fjallar um systkinin Joni og Laser sem eru alin upp af tveimur mæðrum. Þau ákveða að finna líffræðilegan föður sinn, með ófyrirséðum afleiðingum. Með aðalhlutverkin fara þau Julianne Moore, Annette Bening og Mark Ruffalo auk Miu Wasikowska og Josh Hutcherson. Leikstjóri myndarinnar er Lisa Cholodenko sem hefur að mestu leyti leikstýrt í sjónvarpi, meðal annars þáttum á borð við Hung, The L Word og Six Feet Under.

Hin myndin er í aðeins léttari kantinum og heitir The Switch. Hún skartar þeim Jason Bateman og Jennifer Aniston í aðalhlutverkum. Myndin segir frá Wally Mars, sem fréttir að besta vinkona hans hafi fengið sæði og vilji verða ólétt. Hann ákveður að skipta á því sæði og sínu eigin og verður því óvænt faðir í fyrsta sinn. Leikstjórar myndarinnar eru Josh Gordon og Will Speck sem gerðu hina sprenghlægilegu Blades of Glory.



**ÓLÉTT** Jennifer Aniston gengur með barn besta vinar síns án þess að vita af því í gamanmyndinni The Switch.




# LANCÔME DAGAR
# Í DEBENHAMS 21. – 27. OKTÓBER

**Kaupaukinn* þinn þegar þú kaupir 2 Lancôme vörur, þar af eitt andlitskrem:**

~ Genifique æskuvaki dropar 7 ml
~ Genifique krem 15 ml
~ Trésor in Love body lotion 50 ml
~ Lancôme maskari
~ Lancôme varalitur
~ Teint Idole farði 5 ml




**Verðmæti kaupaukans 13.000 krónur**
Einnig aðrar gerðir kaupauka

*Gildir á kynningunni meðan birgðir endast. Gildir ekki með öðrum tilboðum.
Einn kaupauki á viðskiptavin.

DEBENHAMS
HINN FULLKOMNI FATASKÁPUR

Lífsstílsbúð í SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR HEIMILI

## > ENGIN HEIMSKULEG NÖFN

Söngkonan **Lily Allen** fékk nýlega að vita að hún gengur með strák. Hún segist hafa byrjað að spá í nöfnum strax og hún fékk að vita hvers kyns frumburður hennar verði. „Ég er kominn með lista af nöfnum en þau eru heimskuleg – við notum þau örugglega ekki," sagði hún.



# Fólk

folk@frettabladid.is

# Beyoncé aftur sögð ólétt

Það virðist vera árviss viðburður hjá bandarískum fjölmiðlum að greina frá óléttu bandarísku söngkonunnar Beyoncé Knowles. Og nú var það US Weekly sem segist hafa traustar heimildir fyrir því að Beyoncé og eiginmaður hennar Jay-Z eigi von á sínu fyrsta barni.

Tímaritið hefur eftir innanbúðarmanni í starfsliði söngkonunnar að fréttirnar hafi komið henni á óvart, þetta hafi ekki verið á dagskránni því hún sé með hljóðversplötu í smíðum og hafi ætlað í tónleikaferðalag til að fylgja henni eftir. „Þetta kom henni í opna skjöldu, Knowles elskar börn en hún var ekki við því búin að verða mamma," hefur tímaritið eftir heimildarmanni sínum.

Annar heimildarmaður hefur hins vegar aðra sögu að segja og upplýsir dygga lesendur blaðsins um að Beyoncé líti á þetta sem gjöf frá Guði. „Hún er ótrúlega hamingjusöm."

US Weekly hafði af þessu tilefni samband við nokkra nákomna vini og ættingja hjónanna.



**ÓLÉTT?** Beyoncé er aftur sögð ólétt í bandarískum fjölmiðlum. Endanleg staðfesting hefur þó ekki borist.

Kevin Liles, framkvæmdastjóri plötufyrirtækis og vinur Jay-Z til margra ára, segir rapparann vera mikinn fjölskyldumann og Solange, systir Beyoncé, segir að söngkonan hafi ótrúlega fallegt hjartalag. „Hún verður frábær mamma."

Tímaritið greinir jafnframt frá því að þetta hafi verið draumur Jay-Z mjög lengi og hann hafi þrýst á eiginkonuna sem hafi viljað frestað þessu eins lengi og mögulegt væri vegna ferils hennar.



**VERÐLAUNAHAFAR** Vinterberg, Lindholm og Kaufmann við verðlaunaafhendinguna.

## Submarino verðlaunuð

**Danski leikstjórinn Thomas Vinterberg, handritshöfundurinn Tobias Lindholm og framleiðandinn Morten Kaufmann hljóta hin eftirsóttu kvikmyndaverðlaun Norðurlandaráðs fyrir myndina Submarino. „Ég er afar ánægður og stoltur yfir því að hljóta kvikmyndaverðlaun Norðurlandaráðs. Þetta er mikill heiður," segir Vinterberg. Submarino var sýnd á Riff-hátíðinni fyrir skömmu en það var Valdís Óskarsdóttir sem sá um klippingu myndarinnar. Þær fimm myndir sem voru tilnefndar til kvikmyndaverðlaunanna verða sýndar á vegum Græna ljóssins 29. október til 4. nóvember í Bíó Paradís.**




# Fimmtán þúsund tryggðu sér miða á Frostrósirnar

**Miðar á tónleika Frostrósa í desember seldust eins og heitar lummur í gær. Salan er töluvert betri en á sama tíma í fyrra.**



**Á FERÐ OG FLUGI** Frostrósafólkið verður á ferð og flugi í desember. Miðasala á tónleikana hefur gengið vonum framar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Íslendingar hefja jólaundirbúninginn snemma því ríflega fimmtán þúsund miðar höfðu selst á níundu jólatónleikaröð Frostrósa skömmu eftir hádegi í gær, aðeins þremur klukkustundum eftir að almenn miðasala hófst. Forsala á tónleikana hófst daginn áður. Þetta er mun betri árangur en í fyrra þegar tíu þúsund miðar seldust á svipuðum tíma.

„Við erum í skýjunum. Þetta er sirka 50% meira en á sama tíma og í fyrra," segir skipuleggjandinn Samúel Kristjánsson. „Þetta er greinilega nokkuð sem fólki finnst vera orðið alveg ómissandi í jólaundirbúningnum."

Jólatónleikar Björgvins Halldórssonar verða haldnir í desember eins og Frostrósatónleikarnir og miðar á þá hafa einnig selst eins og heitar lummur. Samúel er ánægður með þennan mikla áhuga sem Íslendingar hafa á jólatónleikum. „Það er ánægjulegt ef öllum gengur vel. Við erum að fara fram úr okkar væntingum og erum enn langvinsælasti tónlistarviðburður landsins."

Uppselt er á þrenna Frostrósatónleika í Laugardalshöll og er miðasala hafin á aukatónleika þar. Einnig er uppselt á Frostrósir víða um land en alls seldust upp á tólf tónleikastöðum í gær. Tvennir aukatónleikar eru sömuleiðis fyrirhugaðir á Akureyri.



**ÁNÆGÐUR** Samúel Kristjánsson er gríðarlega ánægður með miðasöluna.

Miðaverð á Frostrósir er 4.590 úti á landi og hefur hækkað um 500 krónur frá því í fyrra. Í Reykjavík hafa miðarnir hækkað um þúsund krónur og kosta á bilinu 4.990 til 11.990. Ljóst er af fjölda seldra miða að veltan hleypur á tugum milljónum króna.

Margir af fremstu söngvurum og hljóðfæraleikurum landsins koma fram á tónleikunum, sem verða haldnir á tímabilinu 1.-17. desember. Í Laugardalshöll verða vel yfir tvö hundruð manns, einsöngvarar, kórar og hljóðfæraleikarar í einu á sviðinu. Flytjendur í Reykjavík og á Akureyri er þau Eivør, Hera Björk, Margrét Eir, Ragnheiður Gröndal og Regína Ósk, Friðrik Ómar, Garðar Thor Cortes, Jóhann Friðgeir og Stefán Hilmarsson. Á tónleikaferðinni um landið verða allir með nema Margrét Eir, Eivør og Stefán. freyr@frettabladid.is

### JÓLAGESTIR EINNIG VINSÆLIR

Jólagestir Björgvins Halldórssonar stíga á svið á þrennum tónleikum í Laugardalshöll og einum á Akureyri í desember. Tónleikarnir eru núna haldnir í fjórða sinn og eins og komið hefur fram í Fréttablaðinu verða tenórinn Paul Potts og Eurovision-stjarnan Alexander Rybak á meðal gesta. Miðar á tónleikana í Höllinni kosta 6.900 og 7.900 krónur og hefur miðasalan gengið einkar vel.

# Rollingar góðir vinir

Þó að Keith Richards úr Rolling Stones segi söngvarann Mick Jagger „óþolandi" í nýrri sjálfsævisögu sinni, segir gítarleikarinn þá enn vera góða vini.

Gítarleikarinn hefur viðurkennt að Jagger sé pirraður yfir sumu sem kemur fram í sögunni en það komi samt ekki að sök. „Hann er frekar ósáttur við hitt og þetta," sagði Richards. „Ég og Mick erum samt mjög góðir vinir og við viljum enn starfa saman. Getið þið ímyndað ykkur að allt gangi alltaf eins og í sögu? Ekkert myndi gerast. Það yrði enginn blús."

Ævisagan er væntanleg í búðir í næstu viku.



**GÓÐIR VINIR** Richards og Jagger eru enn þá góðir vinir.

# Flowers á heimleið

Söngvarinn Brandon Flowers úr The Killers er farinn að sjá fyrir endann á sólótilburðum sínum, í bili að minnsta kosti. Fyrsta sólóplata Flowers, Flamingo, kom út 10. september síðastliðinn og hann er nú á tónleikaferðalagi í Bretlandi. Eftir það taka við nokkrir tónleikar í Bandaríkjunum en svo ætlar söngvarinn að eyða tíma með eiginkonu sinni. Þau eiga von á þriðja barni sínu innan tíðar.

„Þetta er að róast. Þetta verður ekki eins stór kynningarherferð og hjá The Killers," segir söngvarinn.




# Íslensk lögga í erlendri seríu

„Hann hefur mikla samúð með Íslendingum og íslenskum málstað í sambandi við hrunið. Hann fær lesendur til að finna til með Íslendingum," segir Pétur Már Ólafsson, útgefandi hjá Veröld.

Bókin Hringnum lokað eftir enska rithöfundinn Michael Ridpath er nýkomin út hér á landi. Hún er sú fyrsta í nýrri bókaröð þar sem aðalöguhetjan er íslenski rannsóknarlögreglumaðurinn Magnús Jónsson sem býr í Boston. Hann er á flótta undan harðsvíruðu glæpagengi og leitar skjóls á Íslandi en hann hefur ekki komið þangað í tvo áratugi.

„Vaka-Helgafell gaf út bók eftir hann fyrir um fimmtán árum sem hét Myrkraverk. Þá kom hann til Íslands til að kynna bókina og hann ákvað þá að einhvern tímann myndi hann nota Ísland sem sögusvið," segir Pétur Már.

Sú bók fjallaði um verðbréfaviðskipti, enda er Ridpath fyrrverandi verðbréfasali. „Þegar hann byrjaði að skrifa þessa bók [Hringnum lokað] mundi hann að ég hefði gefið út Myrkraverk og sendi mér handritið og spurði mig hvort ég væri til í að tékka á staðreyndum. Það var mjög gaman," segir hann. „Bæði er þetta mjög fín bók og svo er þetta skemmtilegur og indæll náungi."

Ridpath, sem hefur verið búsettur í Bandaríkjunum í tuttugu ár, ætlar að koma hingað til lands 13. nóvember til að fylgja bókinni eftir. - fb



**MICHAEL RIDPATH** Enski rithöfundurinn ætlar að skrifa bókaröð um íslenska rannsóknarlögreglumanninn Magnús Jónsson. NORDICPHOTOS/GETTY


©2010 Reebok International. Reebok© EasyTone™ is a trademark of Reebok.
reebok.com/easytone
Reetone
EASY TONE SKÓR ERU MEÐ SÉRSTÖKUM LOFTPÚÐUM SEM HJÁLPA TIL VIÐ AÐ MÓTA FÓTLEGGI ÞÍNA OG RASS MEÐ HVERJU SKREFI.
EINNIG FÁANLEGIR TRAINTONE FYRIR RÆKTINA.
EASYTONE
TRAINTONE
Reebok

# Er aðdáandi Zuckerbergs og hlakkar til að hitta hann

**Jesse Eisenberg fer með aðalhlutverkið í The Social Network sem er nýkomin í bíó hérlendis. Eisenberg ræddi um Facebook, frægðina og Mark Zuckerberg á blaðamannafundi í París.**



**JESSE EISENBERG** Aðalleikari The Social Network hlakkar mikið til að hitta Mark Zuckerberg, stofnanda Facebook. NORDICPHOTOS/GETTY

Jesse Eisenberg leikur stofnanda Facebook, Mark Zuckerberg, í kvikmyndinni The Social Network. Hún hefur hlotið frábæra dóma og Eisenberg stendur sig með mikilli prýði í aðalhlutverkinu. Hinn 27 ára leikari vakti heimsathygli í myndunum Adventureland og Zombieland sem komu út í fyrra en með vinsældum The Social Network hefur frægðarsól hans risið enn hærra og margir spá honum miklum frama í Hollywood á næstu árum.

Eisenberg var mjög viðkunnanlegur þegar Fréttablaðið hitti hann í París í hópi blaðamanna. Hann byrjaði á að svara því hvort hann hefði vitað eitthvað um Mark Zuckerberg áður en hann var beðinn um að leika í myndinni. „Ég hafði aldrei séð ljósmynd af Mark eða lesið viðtal við hann. Ég var svo heppinn að hafa mikið af efni til að skoða og rannsaka þegar ég bjó mig undir hlutverkið, þar á meðal umsókn Marks í Harvard-háskóla," segir Eisenberg og er sammála því að töluverð ábyrgð hafi fylgt því að leika þennan milljarðamæring. „Ábyrgðin var samt mest gagnvart handriti Aarons [Sorkin]. Í því var gerð grein fyrir persónunni en þegar ég fór að leika hana fór mér að þykja vænt um hana og í framhaldinu hinn raunverulega Zuckerberg. Mér fannst ég túlka hann á sanngjarnan hátt í myndinni."

### Aldrei hitt Zuckerberg

Zuckerberg hefur lýst því yfir að hann hafi engan áhuga á að sjá The Social Network. Hvað finnst þér um þessi viðbrögð hans? „Ég get vel skilið þau. Það er örugglega mjög óþægilegt að búin sé til mynd um eitthvað sem maður gerðir í háskóla. Ég beið stjórnir í nokkra mánuði með að sjá myndina því ég hef ekki gaman af að horfa á sjálfan mig leika. Mér finnst það óþægilegt. Ég get þess vegna rétt ímyndað mér hvernig alvöru manneskjunni líður."

Eisenberg hefur aldrei hitt Zuckerberg en hvað myndi hann segja við hann ef þeir myndu hittast? „Ég held ég eigi nú eftir að hitta hann. Frændi minn vinnur fyrir hann og þeir hittast í hverri viku. Ég er viss um að við eigum eftir að hittast því ég hef hitt alla þá sem frændi minn vinnur fyrir. Ég veit ekki hvað ég myndi segja en ég hlakka mikið til að hitta hann. Ég er mikill aðdáandi hans," segir Eisenberg.

### Notar ekki Facebook

Facebook-síðan hefur verið gagnrýnd fyrir að stuðla að því að tengsl fólks við umheiminn minnki, því það eyði of miklum tíma fyrir framan tölvuna. Eisenberg er ekki alveg sammála þessu. „Þegar ég var í menntaskóla fór ég heim og settist aleinn fyrir framan sjónvarpið. Systir mín sem er tíu árum yngri en ég kemur heim eftir skóla, fer beint á Facebook og talar við vinkonur sínar. Það er því hægt að segja að hún sé í meiri samskiptum en ég því þegar hún fer í skólann daginn eftir og hittir vinkonur sínar hafa þær eytt meiri tíma í að tala saman en ég. Persónuleg tengsl þeirra eru því kannski sterkari," segir hann. „Þetta er eins og með símann. Á sama tíma og hann aðskilur okkur færir hann okkur nær hvert öðru. Þeir sem gagnrýna Facebook fyrir að ýta okkur í sundur átta sig ekki á mikilvægum hluta þess." Eisenberg er sjálfur ekki á Facebook og það er góð ástæða fyrir því: „Fólk skrifar stöðugt um mig á netinu vegna þess að ég er kvikmyndaleikari og ég er ekkert sérlega hrifinn af því. Ég vil ekki verða til þess að menn skrifi enn meira um mig á netinu."

> Fólk skrifar stöðugt um mig á netinu vegna þess að ég er kvikmyndaleikari og ég er ekkert sérlega hrifinn af því.
>
> JESSE EISENBERG LEIKARI

### Ánægður með Fincher

David Fincher, maðurinn á bak við Se7en, The Fight Club og The Curious Case of Benjamin Button, leikstýrir The Social Network. Vinnubrögð Finchers komu Eisenberg á óvart. „Ég bjóst við því að einhver sem er eins tæknilega góður og David Fincher hefði minni áhuga á leikurunum sjálfum en það kom í ljós að hann hafði mestan áhuga á þeim. Persónurnar í myndinni eiga í alls konar deilum og hver og ein þeirra virðist hafa rétt fyrir sér. Þess vegna heimtaði hann ákveðinn sannfæringarkraft frá leikurunum og vildi að þeir tryðu því að persónurnar sínar hefðu rétt fyrir sér. Þannig tókst honum að búa til svona áhugaverða mynd þar sem áhorfendur skiptast á að halda með persónunum," segir hann.

### Hræðist miklar vinsældir

Eisenberg er þegar orðinn einn heitasti ungi leikarinn í Hollywood. Margar ungar stjörnur eiga erfitt með að fylgja eftir vinsældum sínum og brenna margar hverjar út. Hefðirðu viljað bíða með að ná svona miklum frama svona ungur að árum? „Leiklistin er þannig að maður getur verið vinsæll mjög ungur vegna þess að framleiðendur þurfa leikara til að leika ungt fólk. Á sama hátt getur maður í framhaldinu eytt öllu lífinu í að svekkja sig á því að maður nái ekki að viðhalda vinsældunum." Hann viðurkennir að vera sjálfur hræddur við það. „Ég reyni að hafa önnur áhugamál í lífinu. Ég hef gaman af því að fara í hjólreiðartúra og ég sem líka leikrit. Það er nokkuð sem tekur oft tíma að verða góður í."

freyr@frettabladid.is

**HELSTU MYNDIR JESSE EISENBERG**

- **Rio** (Teiknimynd - 2011)
- **The Social Network** (2010)
- **Solitary Man** (2009)
- **Zombieland** (2009)
- **Adventureland** (2009)
- **The Hunting Party** (2007)
- **The Squid and the Whale** (2005)
- **The Village** (2004)


NÝTT Í BÍÓ!




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| SOCIAL NETWORK | kl. 5.20 - 8 - 10.35 | 7 |
| SOCIAL NETWORK LÚXUS | kl. 5.20 - 8 - 10.35 | 7 |
| THE AMERICAN | kl. 8 - 10.20 | 14 |
| BRIM | kl. 4 - 6 - 8 | 12 |
| EAT PRAY LOVE | kl. 5 - 8 | L |
| PIRANHA 3D | kl. 10.45 | 16 |
| WALL STREET 2 | kl. 10 | L |
| AULINN ÉG 3D | kl. 3.40 - 5.50 | L |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| SOCIAL NETWORK | kl. 6 - 9 | 7 |
| BRIM | kl. 6 - 8 - 10 | 12 |
| EAT PRAY LOVE | kl. 6 - 9 | L |
| SUMARLANDIÐ | kl. 6 - 8 | L |
| WALL STREET 2 | kl. 10 | L |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| SOCIAL NETWORK | kl. 8 - 10.30 | 7 |
| BRIM | kl. 5.30 | L |
| THE AMERICAN | kl. 10.30 Síðasta sýning | 14 |
| EAT PRAY LOVE | kl. 5.30 Síðasta sýning | L |

facebook.com/smarabio AUKAKRÓNUR 5%

NÝTT Í BÍÓ LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus




LAUGARÁSBÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| THE SOCIAL NETWORK | 5, 7.30 og 10 | 7 |
| DINNER FOR SCHMUCKS | 5.45, 8 og 10.20 | 7 |
| THE AMERICAN | 8 og 10.20 | 14 |
| AULINN ÉG 3D | 6 | L |

BESTA SKEMMTUNIN SAMBÍÓIN




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| ÓRÓI | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | 10 |
| THE TOWN | kl. 6 - 8 - 10:40 | 16 |
| THE TOWN | kl. 8 - 10:40 | VIP |
| FURRY VENGEANCE | kl. 6 - 8 | L |
| DINNER FOR SCHMUCKS | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | 7 |
| SOLOMON KANE | kl. 10:20 | 16 |
| SOLOMON KANE | kl. 5:40 | VIP |
| GOING THE DISTANCE | kl. 8:30 - 10:40 | L |
| ALGJÖR SVEPPI-3D | kl. 6 | L |

SAMBÍÓIN SELFOSSI

| | | |
|---|---|---|
| ÓRÓI | kl. 8 - 10:20 | 10 |
| DINNER FOR SCHMUCKS | kl. 8 - 10:20 | 7 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| ÓRÓI | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | 10 |
| THE TOWN | kl. 8 - 10:40 | 16 |
| FURRY VENGEANCE | kl. 6 | L |
| ALGJÖR SVEPPI-3D | kl. 6 | L |
| STEP UP 3 | kl. 8 | 7 |
| INCEPTION Sýnd í síðasta sinn 21.okt. | kl. 10:10 | 12 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| FURRY VENGEANCE | kl. 6 | L |
| ÓRÓI | kl. 8 - 10 | 10 |
| ALGJÖR SVEPPI | kl. 6 | L |
| THE TOWN | kl. 8 - 10:30 | 16 |

BÍÓ ★ PARADÍS

| | |
|---|---|
| *INNÍ TÓMIÐ (ENTER THE VOID) 16 | 18:00, 21:00 |
| GREENBERG L | 18:10, 20:10, 22:10 |
| VETRARMEIN (WINTER'S BONE) 14 | 18:20, 20:20, 22:20 |
| LILJUR VALLARINS L | 18:30, 20:30, 22:30 |

SÍÐUSTU SÝNINGAR Á ÞESSUM MYNDUM!
NÝ DAGSKRÁ HEFST Á FÖSTUDAG.
* ENGLISH SUBTITLES




SÝND Í SAMVINNU VIÐ græna ljósið

MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR WWW.BIOPARADIS.IS / MIDI.IS




# BIOTHERM GJAFADAGAR Í HAGKAUP

## KRINGLUNNI,SMÁRALIND, HOLTAGÖRÐUM, GARÐABÆ OG AKUREYRI 21. TIL 27. OKTÓBER

*Gildir á kynningu meðan birgðir endast. Einn kaupauki á viðskiptavin. Gildir ekki með öðrum tilboðum.

### Kaupaukinn* þinn þegar þú kaupir Biotherm vörur fyrir 6.900 krónur eða meira:

- Aquasource SOS rakamaski 75 ml
- Celluli Laser krem 40 ml
- Andlitskrem 15 ml
- Eau Pure ilmur 15 ml
- Biocils augnhreinsir 30 ml
- Lait Corporel body lotion 30 ml

**Verðmæti kaupaukans 11.000**
Einnig aðrar gerðir kaupauka




HAGKAUP
Ein ferð betra verð

# sport

sport@frettabladid.is



**110 ÍSLENSKA LANDSLIÐIÐ** er enn í frjálsu falli á styrkleikalista FIFA. Liðið er í 110. sæti á listanum sem gefinn var út í gær og fellur um tíu sæti á milli mánaða. Ísland er nú áttunda versta Evrópuþjóðin í knattspyrnu samkvæmt listanum.

## ÚRSLIT Í GÆR

### N1 deild kvenna

Valur-HK 30-19 (14-7)

**Mörk Vals:** Anna Úrsúla Guðmundsdóttir 8, Hildigunnur Einarsdóttir 6, Ágústa Edda Björnsdóttir 4, Rebekka Rut Skúladóttir 3, Kristín Guðmundsdóttir 3, Anett Köbli 3, Íris Ásta Pétursdóttir 2, Karólína B. Gunnarsdóttir 1.

**Mörk HK:** Elva Björg Arnarsdóttir 5, Elín Anna Baldursdóttir 3, Elísa Ósk Viðarsdóttir 2, Líney Rut Guðmundsdóttir 2, Valgerður Ýr Þorsteinsdóttir 2, Tinna Rögnvaldsdóttir 1, Gerður Arinbjarnar 1, Heiðrún Björk Helgadóttir 1, Harpa Baldursdóttir 1, Salka Þórðardóttir 1.

### Iceland Express kvenna

Njarðvík-Fjölnir 90-50 (42-23)

**Stigahæstar:** Dita Liepkalne 22, Shayla Fields 18 (9 stoðs.), Ína María Einarsdóttir 13, Ólöf Helga Pálsdóttir 10, Eyrún Líf Sigurðardóttir 9, Heiða Valdimarsdóttir 8 - Margareth McCloskey 22, Inga Buzoka 10, Bergþóra Holton Tómasdóttir 6.

### Sænski körfuboltinn

Sundsvall Dragons-Uppsala Basket 78-65

Hlynur Bæringsson var með 10 stig, 14 fráköst og 5 stoðsendingar fyrir Sundsvall og Jakob Sigurðarsonar skoraði 16 stig. Helgi Már Magnússon var með 6 stig og 6 fráköst í liði Uppsala.

### Þýski bikarinn í handbolta

Emsdetten-Huttenberg 35-34

Patrekur Jóhannesson þjálfari Emsdetten.

Hannover Burgdorf-Lemgo 28-25

Vignir Svavarsson skoraði 5 mörk á móti sínum gömlu félögum, Ásgeir Örn Hallgrímsson skoraði 4 mörk og Hannes Jón ´nsson skoraði 3 mörk.

Rheinland-Kiel 27-32

Sigurgbergur Sveinsson skoraði 9 mörk og Árni Þór Sigtryggson var með 1 mark fyrir Rheinland. Aron Pálmarsson skoraði 4 mörk fyrir Kiel.

Bittenfeld-Rhein-Neckar Lowen 28-39

Róbert Gunnarsson skoraði 2 mörk fyrir Rhein-Neckar Löwen og Ólafur Stefánsson var með eitt. Arnór Gunnarsson skoraði 2 mörk fyrir Bittenfeld.

# Mögnuð þrenna hjá Bale

**Gareth Bale skorað þrennu fyrir tíu manna lið Tottenham í 3-4 tapi á móti Inter í Mílanó. Man. United og Barcelona eru á toppnum í sínum riðlum.**

**FÓTBOLTI** Internazionale, Manchester United og Barcelona eru öll í efsta sæti í sínum riðlum eftir sigra í 3. umferð Meistaradeildarinnar í gærkvöldi. Franska liðið Lyon er hins vegar eina liðið í riðlum A til D sem er með fullt hús eftir fyrstu þrjá leikina.

Inter vann 4-3 sigur á Tottenham í uppgjöri efstu liðanna í A-riðli þar sem úrslitin réðust í rauninni í upphafi leiks. Inter var komið yfir eftir rúma mínútu og orðið manni fleiri sjö mínútum síðar. Inter var síðan 4-0 yfir í hálfleik en Gareth Bale skoraði þrennu í seinni hálfleik fyrir tíu manna lið Tottenham.

Gareth Bale gafst ekki upp þrátt fyrir vonlitla stöðu og skoraði þrjú stórbrotin mörk í seinni hálfleik. Tvö þau fyrstu skoraði hann með frábærum einleik upp vinstri vænginn.

„Við vorum einbeitingarlausir í upphafi leiks og erum hreinlega ekki með á hreinu hvað gerðist eiginlega. Það er margt jákvætt sem við getum tekið úr seinni hálfleiknum því við sýndum það með tíu menn hversu gott lið við erum með,“ sagði Bale.

„Það er ekki hægt að finna betri vinstri vængmann í heiminum og það eru örugglega ekki margir leikmenn í heiminum betri en hann á þessari stundu,“ sagði Harry Redknapp, stjóri Tottenham um hinn magnaða Gareth Bale.



**HETJULEG FRAMMISTAÐA** Gareth Bale með boltann í leikslok.

Manchester United er komið með tveggja stiga forskot í C-riðli eftir 1-0 sigur á tyrkneska liðinu Bursapor og 1-1 jafntefli hjá Rangers og Valencia í Glasgow. Nani skoraði frábært sigurmark fyrir Manchester United strax á sjöundu mínútu þegar hann fékk boltann 40 metrum frá marki, lék í átt að markinu, lét vaða á 25 metra færi og boltinn söng í marknetinu.

„Við hefðum getað gert betur í síðasta þriðjungnum en þetta var mjög mikilvægur sigur fyrir stuðningsmennina,“ sagði Alex Ferguson, stjóri United.

Barcelona tók toppsætið af danska liðinu FC Kaupamannahöfn með 2-0 sigri í leik liðanna á Nývangi. Lionel Messi skoraði bæði mörkin.

Raúl González skoraði tvö mörk í 3-1 sigri Schalke en hann hefur þar með skorað á fimmtán tímabilum í Meistaradeildinni.

ooj@frettabladid.is

### Meistaradeildin í gær

**A: Twente-Werder Bremen 1-1**
1-0 Janssen (75.), 1-1 Arnautovic (80.)

**A: Inter Milan-Tottenham 4-3**
1-0 Javier Zanetti (2., 2-0 Samuel Eto'o, víti (11.), 3-0 Stankovic (14.), 4-0 Eto'o (35.), 4-1 Gareth Bale (52.), 4-2 Bale (90.), 4-3 Bale (90.+1)

**B: Olympique Lyon-Benfica 2-0**
1-0 Jimmy Briand (22.), 2-0 López (52.)

**B: Schalke 04-Hapoel Tel Aviv 3-1**
1-0 Raúl (3.), 2-0 Raúl (58.), 3-0 José Manuel Jurado (68.), 3-1 Shechter (90.)

**C: Glasgow Rangers-Valencia 1-1**
1-0 Maurice Edu (34.), 1-1 Sjálfsm. (43.)

**C: Manchester United-Bursaspor 1-0**
1-0 Nani (7.)

**D: Barcelona-FC Kaupmannah. 2-0**
1-0 Lionel Messi (19.), 2-0 Messi (90.)

**D: Panathinaikos-Rubin Kazan 0-0**



**SPILAR HANN AFTUR MEÐ UNITED?** Wayne Rooney. NORDICPHOTOS/GETTY

Yfirlýsing frá Rooney í gær:

## Efast um framtíð Man. United

**FÓTBOLTI** Wayne Rooney sendi frá sér yfirlýsingu í gær þar sem að hann staðfesti að hann vilji fara frá Manchester United.

„Ég hitti David Gill [framkvæmdastjóra United] í síðustu viku og hann gat ekki gefið mér þau svör sem ég vildi fá um framtíðarskipan liðsins. Það var þá sem ég sagði honum að ég myndi ekki skrifa undir nýjan samning,“ sagði Rooney í yfirlýsingu.

„Hvað mig varðar snýst þetta allt um að vinna til verðlauna, eins og félagið hefur alltaf gert undir stjórn Sir Alex. Ég stend ævinlega í stórri þakkarskuld við Sir Alex Ferguson. Hann er frábær stjóri og lærifaðir sem hefur stutt mig frá fyrsta degi er ég kom til félagsins frá Everton, 18 ára gamall,“ sagði Rooney.

„Ég óska þess fyrir hönd Manchester United að hann verði áfram í starfi að eilífu því hann er einstakur og snillingur.“ -esá

N1 DEILDIN

BARÁTTA Í BOLTANUM

Spennan magnast áfram í N1 deildinni. Við á N1 hvetjum alla unnendur skemmtilegs handbolta til að mæta nú á völlinn og styðja sitt lið til sigurs. Góða skemmtun!

N1 DEILD KARLA

| | | |
|---|---|---|
| Selfoss – Afturelding | Selfoss | 21. okt. kl. 19:30 |
| Fram – Valur | Framhús | 21. okt. kl. 19:30 |
| Akureyri – Haukar | Höllin Akureyri | 22. okt. kl. 19:00 |
| HK – FH | Digranes | 23. okt. kl. 15:45 |

N1 DEILD KVENNA

| | | |
|---|---|---|
| ÍBV – Haukar | Vestmannaeyjar | 23. okt. kl. 13:00 |
| HK – Grótta | Digranes | 23. okt. kl. 13:30 |
| Stjarnan – Valur | Mýrin | 23. okt. kl. 14:00 |
| ÍR – FH | Austurberg | 23. okt. kl. 16:00 |

WWW.N1.IS / SÍMI 440 1000

Meira í leiðinni

## Tekjur íþróttamanna

| Nafn, félag | Mánaðartekjur |
|---|---|
| 1. Gylfi Einarsson, Brann | **4.479.026** |
| 2. Ólafur Örn Bjarnason, Brann | **3.721.177** |
| 3. Indriði Sigurðsson, Viking | **3.313.872** |
| 4. Kristján Örn Sigurðss., Brann | **2.727.201** |
| 5. Árni G. Arason, Odd Gr. | **2.416.968** |
| 6. Birkir M. Sævarsson, Brann | **2.235.083** |
| 7. Pálmi R. Pálmason, Stabæk | **1.556.130** |
| 8. Garðar Jóhannss., Fredrikst. | **1.275.438** |
| 9. Birkir Bjarnason, Viking | **1.234.684** |
| 10. Ármann S. Björnsson, Brann *seldur til Hartlepool í Englandi í ágúst '09* | **824.272** |
| 11. Björn B. Sigurðarson, Lillestr. | **817.428** |
| 12. Kjartan Finnbogas., Sandef. *lánaður til Falkirk í Skotlandi í ágúst 2009* | **801.931** |
| 13. Viktor B. Arnarsson, Nybergs. | **755.116** |
| 14. Elmar Sigþórss., Tornado M. *lék í D-deildinni* | **303.637** |
| 15. Atli Heimisson, Asker *lék í C-deildinni* | **285.593** |
| 16. Arnar Darri Pétursson, Lyn *félagið er nú gjaldþrota* | **278.583** |
| 17. Stefán Logi Magnúss., Lillestr. *fór til Noregs í ágúst 2009* | **233.235** |
| 18. Andri Steinn Birgisson, Asker *lék í norsku C-deildinni* *lánaður til Fjölnis í júlí* | **147.470** |
| 19. Þóra B. Helgadóttir, Kolbotn *fór til Noregs 1. mars 2009* | **100.093** |
| 20. Jóhannes Harðarson, Flöy *spilandi þjálfari í C-deildinni* | **90.513** |
| **Handknattleiksmenn** | |
| 1. Sigurður A. Stefánss., Elverum | **430.045** |
| 2. Andri Stefan, Fyllingen *fór til Noregs um mitt ár 2009* | **234.933** |
| 3. Ágúst Þ. Jóhannss., Levanger *þjálfari kvennaliðs Levanger* *fór til Noregs um mitt ár 2009* | **218.878** |
| 4. Ólafur H. Gíslason, Haugaland *fór til Noregs um mitt ár 2009* | **119.175** |

Tekjur einstaklinga í Noregi fyrir árið 2009 eru aðgengilegar á netinu:

# Gylfi tekjuhæstur Íslendinga í Noregi

**ÍÞRÓTTIR** Gylfi Einarsson var tekjuhæsti íslenski íþróttamaðurinn í Noregi á árinu 2009 samkvæmt lauslegri úttekt Fréttablaðsins. Hægt er að nálgast upplýsingur um tekjur allra íbúa Noregs fyrir árið 2009 á norskum vefsíðum.

Fjölmargir íslenskir knattspyrnu- og handboltamenn hafa spilað í Noregi um árabil og tók Fréttablaðið saman þá helstu sem spiluðu þar í fyrra. Gylfi Einarsson trónir þar á toppnum með tæpar 4,5 milljónir króna í mánaðartekjur. Hann er á sínu síðasta tímabili með Brann og mun ganga í raðir Fylkis þegar tímabilinu lýkur þar.

Ólafur Örn Bjarnason, sem gekk í raðir Grindavíkur í sumar þar sem hann er nú spilandi þjálfari, er næstur á listanum með rúmar 3,7 milljónir í mánaðartekjur.

Einn þeirra sem hafa verið tekjuhæstir íslenskra knattspyrnumanna í Noregi, Veigar Páll Gunnarsson, er ekki á listanum þar sem hann spilaði í Frakklandi í fyrra. Árið 2008 var hann með tæplega fjórar milljónir í mánaðartekjur. Þá, eins og nú, spilaði hann með Stabæk.

Meðaltekjur þeirra Íslendinga sem spiluðu í norsku úrvalsdeildinni árið 2009 voru rúmar 2,2 milljónir. Þeir íslensku handboltamenn sem spila í Noregi eru langt undir því meðaltali.

Það skal tekið fram að um upplýsingar um heildartekjur einstaklinga er að ræða hverju sinni.



GYLFI EINARSSON

Líklegt er að þeir sem spila knattspyrnu í neðri deildum Noregs og handbolta hafi einnig aðra tekjustofna. Þá er einnig rétt að taka fram að eftirfarandi tölur eru meðaltalstekjur fyrir allt árið, óháð því hversu lengi viðkomandi hafði tekjur í Noregi á árinu. Allar upphæðir eru í íslenskum krónum. - esá



SKIN OG SKÚRIR Það gengur á ýmsu í Formúlu eitt. MYND/NORDIC PHOTOS/GETTY

Nýr þriggja ára samningur:

## Formúlan áfram á Stöð 2 Sport

**FORMÚLA 1** Formúlan verður áfram á Stöð 2 Sport næstu þrjú árin en undirritaður hefur verið nýr samningur milli 365 miðla og eiganda Formúlu 1 keppninnar um áframhaldandi sjónvarpsrétt en samningurinn nær til þriggja næstu mótaraða, eða til loka árs 2013.

Í ár hefur verið boðið upp á hvorki fleiri né færri en fimm útsendingar um hverja mótshelgi, þar af fjórar í beinni útsendingu. Á næsta ári verða 20 mótshelgar í beinni útsendingu á Stöð 2 Sport en það er fjölgun um eina mótshelgi frá því í ár, þar sem nýtt mót verður á Indlandi.

Formúlu 1 kappaksturinn 2011 hefst 13. mars í Barein á næsta ári og lýkur í Abu Dhabi 27. nóvember en líklegt er talið að 24 ökumenn verði á ráslínu, rétt eins og í ár. - óój



VERÐUR ÁFRAM Hólmfríður Magnúsdóttir. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Hólmfríður Magnúsdóttir:

## Nýr samningur

**FÓTBOLTI** Hólmfríður Magnúsdóttir verður áfram með Philadelphia Independence í bandarísku atvinnumannadeildinni en íslenska landsliðskonan er búin að skrifa undir nýjan eins árs samning.

Hólmfríður fékk mikið hrós fyrir frammistöðuna á sínu fyrsta ári með liðinu en hún blómstraði í nýrri stöðu sem vinstri bakvörður og hjálpaði liðinu að komast alla leið í úrslitaleikinn um titilinn. - óój



DYNAMO REYKJAVÍK

# golf

golfogveidi@frettabladid.is

**123** **ÞJÓÐIR LEIKA Á HM** áhugamanna í Argentínu. Aldrei hafa fleiri þjóðir mætt til leiks.

**49** **ÁRA ALDURSMUNUR** er á yngsta og elsta keppanda HM áhugamanna í kvennaflokki. Elsti keppandinn í mótinu er 62 ára gömul kona, Beatriz de Arenas frá Gvatemala. Yngsti keppandinn er Marijosse Navarro frá Mexíkó, hún er 13 ára.

GOLF & HEILSA



## Verkur í hné

**Magni M. Bernhardsson**, kírópraktor með sérhæfingu í golfmeiðslum og öðrum íþróttameiðslum.

Allt of margir eru slæmir í hnjám og hafa jafnvel farið í aðgerð á hné eða hnjám til að laga vandamálið. Aðgerðin leysir vandann hjá sumum en aðrir verða aftur slæmir eða hreinlega lagast ekki við aðgerðina. Þá er nauðsynlegt að horfa á heildarmyndina. Rangt álag til lengri tíma getur skaddað hnéð eins og slys en mikilvægt er að komast að og leiðrétta orsökina fyrir verknum, skrifar Magni Bernhardsson.

„Hné er einn af þessum óheppnu liðum sem er háður eðlilegri hreyfingu frá mjöðmum og ökklum. Ef hreyfing skerðist frá þessum fyrrnefndu liðum þá getur það breytt afstöðu hnéliðarins og myndað óeðlilegt slit. Ef vöðvar í kringum hné eru missterkir og eða liðbönd á utanverðu lærinu stíf, getur það valdið því að hnéskelin hreyfist óeðlilega og myndað bólgur undir hnéskel sem getur verið sársaukafullt. Stuttur fótur getur valdið óeðlilegu álagi á mjaðmir og skert hreyfigetu mjaðmaliðarins í svokölluðum ytri snúningi liðsins; við það styttast vöðvar í kringum mjaðmaliðinn og hvað gerist? Meiðslahætta eykst í baki og hnjám og golfsveiflan getur breyst til hins verra.

Láttu ekki verki og óþægindi koma í bakið á þér. Hryggurinn þinn er grunnur að góðri heilsu. Finnum og leiðréttum orsökina, það er leiðin út úr meiðslum.

*Höfundur starfaði með PGA-golfkennara, Justin Stout, í Bandaríkjunum árið 2007 við að hreyfi- og styrktargreina nemendur hans ásamt því að nota kírópraktískar aðferðir til að auka hreyfanleika iðkenda.*



**BUONOS AIRES-VÖLLURINN** Það væsir ekki um kylfingana. Hér er mynd af 7. braut. MYND/WATC

# Ung en efnileg landslið á HM áhugakylfinga

**Sex ungir kylfingar skipa íslensku landsliðin á heimsmeistaramóti áhugamanna sem fer að þessu sinni fram í Argentínu. Mótið er gríðarsterkt nú eins og undanfarin ár.**

Ragnar Ólafsson, liðsstjóri karlalandsliðsins, segir að andinn í herbúðum Íslands sé afar góður, en hann aðstoðar Steinunni Eggertsdóttur, liðsstjóra kvennaliðsins, í Argentínu. Stelpurnar, sem voru á leið á 1. teig þegar Fréttablaðið hafði samband í gær, hafa þó lent í smá áföllum við undirbúninginn í Argentínu. Tinna Jóhannsdóttir Íslandsmeistari tapaði til dæmis golfsettinu sínu á ferðalaginu, en því var að öllum líkindum stolið. Í gær var lögð áhersla á að útvega nýtt sambærilegt sett fyrir Tinnu. „Á hinn bóginn er gaman að segja frá því að hún fór holu í höggi á æfingahring á þriðjudag.“

Leikið er á tveimur ólíkum völlum; velli Olivos-golfklúbbsins og Buenos Aires-golfklúbbnum. Þátttökuþjóðirnar í kvennaflokki eru fleiri en nokkru sinni í sögu mótsins, eða 54 talsins.

Ragnar segir að markmiðið hjá kvennaliðinu sé að klára um miðjan hóp. „Ef við náum sæti í kringum 30 yrði ég afar sáttur. Þetta er gríðarlega sterkt mót og í gegnum tíðina hafa hér keppt sterkustu kylfingar heims bæði í kvenna- og karlaflokki. Árið 1994 í Frakklandi keppti Tiger Woods á þessu móti og var þá strax spáð miklum frama.“ Ragnar segir jafnframt að fjölmargir kylfingar úr bandaríska háskólagolfinu keppi á mótinu sem sé gæðastimpill. Það á ekki síst við um kvennaflokkinn.

Strákarnir hefja leik fimmtudaginn 28. október. Þátttökuþjóðirnar eru 69 og fyrir hönd Íslands leika þeir Hlynur G. Hjartarson úr Keili, Ólafur B. Loftsson Nesklúbbnum og Guðmundur Á. Kristjánsson Golfklúbbi Reykjavíkur. Ragnar segir stefnt á 20. til 25 sætið í karlaflokki.

Heimsmeistarakeppnin var fyrst haldin árið 1958 og er haldin á tveggja ára fresti. Núverandi heimsmeistarar eru Skotland í karlaflokki og Svíþjóð í kvennaflokki.

svavar@frettabladid.is

### Íslensku keppendurnir



**GUÐRÚN BRÁ BJÖRGVINSDÓTTIR ÚR KEILI** Lék á 86 högg-um í gær. Er í 148. sæti.



**TINNA JÓHANNSDÓTTIR ÚR KEILI** Lék á 78 höggum í gær. Er í 108. sæti.



**SIGNÝ ARNÓRSDÓTTIR ÚR KEILI** Lék á 77 höggum í gær. Er í 94. sæti.

### Frægir kylfingar

| | |
|---|---|
| **Jack Nicklaus** (BNA) | 1960 |
| **Nick Price** (Simbabve) | 1976 |
| **Vijay Singh** (Fidjíeyjar) | 1980 |
| **Colin Montgomerie** (Bretland og Írland) | 1984 |
| **José María Olazábal** (Spánn) | 1984 |
| **Jesper Parnevik** (Svíþjóð) | 1984, 1986 |
| **Phil Mickelson** (BNA) | 1990 |
| **David Duval** (BNA) | 1990, 1992 |
| **Michael Campbell** (Nýja Sjáland) | 1992 |
| **Justin Leonard** (BNA) | 1992 |
| **Tiger Woods** (BNA) | 1994 |
| **Sergio Garcia** (Spánn) | 1996, 1998 |
| **Henrik Stenson** (Svíþjóð) | 1998 |
| **Trevor Immelman** (S-Afríka) | 1998 |
| **Camilo Villegas** (Kolumbía) | 1998, 2000, 2002 |
| **Annika Sorenstam** (Svíþjóð) | 1990, 1992 |
| **Se Ri Pak** (Kórea) | 1994 |



**GARÐAVÖLLUR Á AKRANESI** Tíu ár eru síðan 18 holu völlurinn var opnaður. MYND/EDWIN ROALD

Tímamót á Akranesi

## Leynir fagnar 45 ára afmæli

Golfklúbburinn Leynir á Akranesi fagnar 45 ára afmæli sínu í ár. Upphafið má rekja til 15. mars 1965 þegar 22 Skagamenn komu saman í fundarsal íþróttahússins á staðnum og stofnuðu Golfklúbb Akraness. Klúbburinn fékk nafnið Leynir árið 1970, eins og fréttavefurinn Skessuhorn greinir frá.

Bæjarstjórn Akraness úthlutaði klúbbnum gamalgrónu þriggja hektara túni í byrjun sem var við austurenda skógræktar bæjarins. Voru þar gerðar tvær holur. Árið eftir fékkst álíka stór blettur til viðbótar vestan þess fyrsta og voru settar út sex brautir. Völlurinn fékk snemma nafnið Garðavöllur, enda hafði landið tilheyrt Garðaprestakalli.

Síðan hefur mikið vatn runnið til sjávar en tíu ár eru frá opnun 18 holu vallar að Garðavelli.

- shá






**FRÁ VESTMANNAEYJUM** Það þarf engan að undra þó að völlurinn í Eyjum veki athygli útlendinga. MYND/GSÍ

Erlent fagtímarit um golf:

## Íslenskt golf vekur athygli

Golf Iceland-samtökin fengu margar heimsóknir frá erlendu fjölmiðlafólki og fulltrúum ferðaskrifstofa í sumar og er afrakstur þess að líta dagsins ljós í erlendum fjölmiðlum, að því er segir á kylfingi.is. Alls komu 58 manns frá ellefu löndum í sumar og hefur íslenskt golf fengið umfjöllun á vefsíðum, í dagblöðum og tímaritum erlendis.

Margir þeirra eru gríðarlega hrifnir af Vestmannaeyjavelli og umhverfinu í kringum völlinn. - shá

### Hollráð Hinna

## Skilgreiningar á golfvellinum

Fjölmargar skilgreiningar eru sífellt í notkun á golfvellinum en þær vilja flækjast fyrir fólki í hita leiksins. Þessar skilgreiningar ættu allir kylfingar að þekkja, að mati Hinriks Gunnars Hilmarssonar, sem annast hefur eftirlit, vallarvörslu og dómgæslu hjá Golfklúbbi Reykjavíkur:

Eftirfarandi skilgreiningar má finna í reglubók Royal&Ancient. Það verður aldrei nóg undirstrikað að það er öllum kylfingum hollt að lesa skilgreiningarnar og læra því það hjálpar tvímælalaust við golfleikinn.

**Að miða bolta.** Leikmaður hefur miðað boltann þegar hann hefur tekið sér stöðu og lagt kylfuna á jörðina. Í torfæru hefur hann hins vegar miðað boltann þegar hann hefur tekið sér stöðu.

**Hreyfa eða hreyfður.** Bolti hefur hreyfst ef hann hreyfist úr stað og stöðvast á öðrum stað. Skiptir þá engu hversu stutt það er.

**Högg.** Högg er hreyfing kylfunnar fram á við, til að greiða högg að og hreyfa boltann. Stöðvi leikmaður af sjálfsdáðum framsveifluna áður en hún nær að boltanum telst hann ekki hafa greitt högg.

**Lausung.** Lausung eru hlutir í náttúrunni, svo sem steinar, laufblöð, kvistir, greinar og því um líkt. Einnig skordýr og hrúgur eða haugar eftir þau, svo fremi að þeir séu ekki fastir eða grónir niður, niðurgrafnir sem neinu nemi, eða loði við boltann. Sandur og laus mold eru lausung á flöt, en ekki annars staðar. Snjór og ís, annað en hrím, teljast aðkomuvatn eða lausung. Dögg og hrím eru ekki lausung.





MESTA ÚRVALIÐ
STÚTFULLAR VERSLANIR AF NÝJUM TILBOÐUM
Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl
1TB FULL HD MEDIA PLAYER
ARGOSY
29.900
1.5TB
34.900
HV335T
24.900
1.5TB FULL HD MEDIA PLAYER & RECORDER
49.900
9.990
FERÐASPILARI 500GB
24.900
MEDIA CENTER TÖLVUR
0% VEXTIR
VERÐ VÖRN
GLÆSILEGAR VERSLANIR Í REYKJAVÍK OG AKUREYRI
Undirhlíð 2 Akureyri
LANDSINS MESTA ÚRVAL
8BLS BÆKLINGUR STÚTFULLUR AF GLÆSILEGUM TILBOÐUM
OPNUNARTÍMAR
Virka daga
10:00 - 18:30
Laugardaga
11:00 - 16:00
TÖLVUTEK
Reykjavík • Borgartúni 31 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900
acer ASUS hp lenovo msi packard bell SONY TOSHIBA



**> Matt Lucas**

„Fólk mun elska eitthvað úr þáttunum eða hata. Það besta við svona stutta þætti er að ef þér er misboðið, þá eru allar líkur á að eftir nokkrar sekúndur komi upp atriði sem þú átt eftir að dýrka.“

***Matt Lucas sló í gegn í bresku gamanþáttunum Little Britain, sem eru einmitt á dagskrá Stöðvar 2 Extra í kvöld kl. 20.25.***

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ JÓN AÐALSTEINN BERGSVEINSSON FYLGDIST MEÐ AÐSTÆÐUM BARNA

# *Ömurlegt líf barna snertir hjartað*



Það er gleðiefni þegar annað sjónvarpsefni ber fyrir augu annað en sú heilaskemmandi fjöldaframleiðsla sem virðist tröllríða alltof mörgum ljósvakamiðlum. Ríkissjónvarpið hefur upp á síðkastið komið skemmtilega á óvart með vönduðum heimildarmyndum, sem hafa náð að fanga hug minn og valdið því að ég hef lokað bókum og skrúfað fyrir útvarpið til að setjast niður við sjónvarpið og fylgjast með. Þetta er virðingarvert framtak sem opinberar sjónvarpsstöðvar eiga að gera meira af – og RÚV í raun átt að gera fyrir löngu.

Heimildarmyndin Leiðin heim (e. Which Way Home) sem sýnd var á miðvikudag í síðustu viku reyndi hins vegar á þolrifin; svo mjög snart hún við hjartanu. Fyrir þá sem ekki sáu myndina, þá fjallar hún í grófum dráttum um nokkur börn um og yfir tíu ára aldri sem örlöganorninar hafa ekki hlúð nógu vel að í Mið- og Suður--Ameríku. Foreldrarnir hafa yfirgefið nokkur þeirra, börnunum talið trú um að þau hafi farið til Bandaríkjanna. Börnin eygja þar eðlilega von og leggja þau á sig ferð til móts við foreldra sína. Ferðamátinn er jafn hættulegur og hann er fátæklegur, þak lesta sem fara í gegnum Mexíkó í átt til fyrirheitna landsins. Ekki komast þau öll lífs af úr förinni – og enn færri á áfangastað. Lýsing barnanna á örlögum förunauta sinna var dramatísk; brynjan sem þau höfðu falið tilfinningar sínar á bak við var svo augljós að áhorfendur fengu ör í brjóstið.

Myndin fangaði raunveruleikann í sinni ömurlegustu mynd, eyðilögð tækifæri, brostnar vonir og börn sem hafa viljann til að gera svo margt en hafa enga möguleika til þess. Hún fékk mann til að standa upp úr stofusófanum og gera svo margt. Annað en endalausar keppnir um kílóin, hugvitið, tísku og dans – sem leiða til löngunar til að slökkva á heilanum.

## SJÓNVARPIÐ

**15.45 Litlar flugur**
**16.25 Kiljan** (e)
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.30 Herbergisfélagar** (12:13)
**17.50 Herramenn** (45:52)
**18.00 Stundin okkar**
**18.25 Bombubyrgið** (7:26) (Blast Lab)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.00 Martin læknir** (7:8) (Doc Martin) Breskur gamanmyndaflokkur um lækninn Martin Ellingham sem býr og starfar í smábæ á Cornwallskaga og þykir með afbrigðum óháttvís og hranalegur.
**20.50 Bræður og systur** (76:85) (Brothers and Sisters) Bandarísk þáttaröð um hóp systkina, viðburðaríkt líf þeirra og fjörug samskipti.
**21.35 Nýgræðingar** (167:169) (Scrubs) Gamanþáttaröð um lækninn J.D. Dorian.
**22.00 Tíufréttir**
**22.10 Veðurfréttir**
**22.20 Sporlaust** (9:24) (Without a Trace) Bandarísk spennuþáttaröð um sveit innan Alríkislögreglunnar sem leitar að týndu fólki.
**23.05 Himinblámi** (19:24) (Himmelblå III) (e)
**23.50 Kastljós** (e)
**00.10 Fréttir** (e)
**00.20 Dagskrárlok**

## BÍÓ

**08.00 Are We Done Yet?**
**10.00 Employee of the Month**
**12.00 The Spiderwick Chronicles**
**14.00 Are We Done Yet?**
**16.00 Employee of the Month**
**18.00 The Spiderwick Chronicles**
**20.00 Old School**
**22.00 A Mighty Heart**
**00.00 Australia**
**02.40 Irresistible**
**04.20 A Mighty Heart**
**06.05 Spider-Man 3**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** (8:18) Latibær, Stuðboltastelpurnar, Maularinn
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 The Doctors**
**10.15 Sjálfstætt fólk**
**11.00 Gilmore Girls**
**11.45 Logi í beinni**
**12.35 Nágrannar**
**13.00 NCIS** (18:25)
**13.45 La Fea Más Bella** (256:300)
**14.30 La Fea Más Bella** (257:300)
**15.15 The O.C. 2** (4:24)
**16.00 Barnatími Stöðvar 2**
**16.45 Latibær** (8:18)
**17.08 Bold and the Beautiful**
**17.33 Nágrannar**
**17.58 The Simpsons** (3:21)
**18.23 Veður** Markaðurinn.
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 Two and a Half Men** (1:24)
**19.45 How I Met Your Mother** (22:24)
**20.10 Eldsnöggt með Jóa Fel** (4:10) Ellefta þáttaröðin með sjónvarpskokknum Jóa Fel.
**20.40 NCIS: Los Angeles** (10:24) Spennuþættir sem gerast í Los Angeles og fjalla um starfsmenn systurdeildarinnar í höfuðborginni Washington.
**21.25 Human Target** (1:12) Ævintýralegir spennuþættir um mann sem er hálfgerð ofurhetja.
**22.10 The Forgotten** (14:17) Spennuþættir í anda Cold Case með Christian Slater í aðalhlutverki.
**23.00 Spaugstofan**
**23.30 Mér er gamanmál**
**00.00 The Mentalist** (2:22)
**00.50 Monk** (16:16)
**01.35 The Pacific** (5:10)
**02.25 Dracula 3: Legacy**
**03.55 Breakfast on Pluto**
**06.00 The Simpsons** (3:21)

## SPORT *besta sætið*

**07.00 Meistaradeild Evrópu: Meistaradeildin - meistaramörk**
**07.40 Meistaradeild Evrópu: Meistaradeildin - meistaramörk**
**08.20 Meistaradeild Evrópu: Meistaradeildin - meistaramörk**
**09.00 Meistaradeild Evrópu: Meistaradeildin - meistaramörk**
**13.15 Meistaradeild Evrópu: Meistaradeildin -** Endursýndur leikur.
**14.55 Meistaradeild Evrópu: Meistaradeildin - meistaramörk**
**15.35 PGA Tour** Skyggnst á bak við tjöldin í PGA-mótaröðinni í golfi.
**16.30 Inside the PGA Tour 2010** Árið sem fram undan er skoðað gaumgæfilega og komandi mót krufin til mergjar.
**16.55 Napoli - Liverpool**
**19.00 Man. City - Lech**
**21.00 Veiðiperlur** Flottur þáttur þar sem farið er ofan í allt milli himins og jarðar sem tengist stangaveiði.



**21.30 San Remo 2**
**22.20 Napoli - Liverpool**
**00.00 Man. City - Lech**

## SPORT 2 *enski boltinn*

**18.15 Arsenal - Birmingham**
**20.00 Premier League World 2010/11** Áhugaverður þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá hinum ýmsu óvæntu og skemmtilegu hliðum.
**20.30 Ariel Ortega** Magnaðir þættir um marga af bestu knattspyrnumönnum heims. Að þessu sinni verður fjallað um Ariel Ortega, fyrrverandi landsliðsmann Argentínu.
**20.55 Premier League Review 2010/11** Flottur þáttur um ensku úrvalsdeildina þar sem leikir helgarinnar verða skoðaðir og krufðir til mergjar.
**21.50 Ensku mörkin 2010/11** Sýnt frá öllum leikjunum í ensku úrvalsdeildinni.
**22.20 Wolves - West Ham**

## SKJÁR EINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**07.10 Nýtt útlit** (5:12) (e)
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.40 Rachael Ray** (e)
**09.25 Pepsi MAX tónlist**
**12.00 Nýtt útlit** (5:12) (e)
**12.50 Pepsi MAX tónlist**
**15.45 Parenthood** (3:13) (e)
**16.35 Rachael Ray**
**17.20 Dr. Phil**
**18.00 America's Next Top Model** (3:13) (e)
**18.50 Real Hustle** (6:8) Áhugaverður þáttur þar sem þrír svikahrappar leiða saklaust fólk í gildru.
**19.15 Game Tíví** (6:14)
**19.45 Whose Line is it Anyway** (10:20)
**20.10 The Office** (9:26) Bandarísk gamansería um skrautlegt skrifstofulið.
**20.35 Hæ Gosi** (4:6) Ný íslensk gamansería þar sem tekið er á alvöru málefnum.
**21.05 House** (9:22) Bandarísk þáttaröð um skapstirða lækninn dr. Gregory House.
**21.55 CSI: Miami** (4:24) Bandarísk sakamálasería um Horatio Caine og félaga.
**22.45 Jay Leno**
**23.30 Nurse Jackie** (3:12) (e)
**00.00 United States of Tara** (3:12) (e)
**00.30 Last Comic Standing** (6:14) (e)
**01.15 CSI: New York** (25:25) (e)
**02.00 Kill Bill Volume 1** (e)
**03.55 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁR*GOLF*

**06.00 ESPN America**
**17.10 Golfing World** (e)
**18.00 Golfing World** Daglegur fréttaþáttur þar sem fjallað er um allt það nýjasta.
**18.50 PGA Grand Slam of Golf 2010** (1:2) (e)
**22.00 Golfing World** (e)
**22.50 European Tour - Highlights** (3:10) (e)
**23.40 Golfing World** (e)
**00.30 ESPN America**

## EXTRA

**19.10 The Doctors** Spjallþættir framleiddir af Opruh Winfrey.
**19.55 Entourage** (2:12) Fimmta þáttaröðin um framabrölt Vincents og félaga.
**20.25 Little Britain** (2:6) Stöð 2 rifjar nú upp þættina sem slógu svo rækilega í gegn með þeim félögunum Matt Lucas og David Williams og færðu þeim heimsfrægð.
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**21.50 Pretty Little Liars** (8:22) Dramatískir spennuþættir sem byggðir eru á metsölubókum eftir Söru Shepard.
**22.35 Grey's Anatomy** (4:22) Sjöunda sería þessa vinsæla dramaþáttar sem gerist á skurðstofu á Grace-spítalanum í Seattle þar sem starfa ungir og bráðefnilegir skurðlæknar.
**23.20 Medium** (5:22) Sjötta þáttaröð þessa dulmagnaða spennuþáttar sem fjallar um sjáandann Allison Dubois sem gegn eigin vilja sér í draumum sínum skelfilega glæpi sem hafa ekki enn verið framdir.
**00.05 Nip/Tuck** (4:19) Sjötta sería þessa vinsæla framhaldsþáttar sem fjallar um skrautlegt og skrítið líf lýtalækna.
**00.50 Entourage** (2:12)
**01.20 Little Britain** (2:6)
**01.50 The Doctors**
**02.30 Fréttir Stöðvar 2**
**03.20 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## N4

**18.15 Að norðan með Hildu Jönu Gísladóttur** Fjölbreyttur þáttur um norðlenskt mannlíf.

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Hvernig lítur bókaútgáfa haustsins út Kristján Jónsson?
**21.00 Undir feldi** Evrópumálin undir feldi eða hvað?
**21.30 Eldum íslenskt** Brakandi íslenskir bragðlaukar.
**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **FM 88,5** XA-Radíó | **FM 90,9** Gullbylgjan | **FM 93,5** Rás 1 | **FM 96,3** FM Suðurland | **FM 97,7** X-ið | **FM 99,4** Útvarp Saga | **FM 102,9** Lindin |
| **FM 90,1** Rás 2 | **FM 91,9** Kaninn | **FM 95,7**FM957 | **FM 96,7** Létt Bylgjan | **FM 98,9** Bylgjan | **FM 102,2** Útvarp Latibær | **FM 105,5** Útvarp Boðun |




## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 21.25
### Human Target

Ævintýralegir spennuþættir um mann sem er hálfgerð ofurhetja og tekur að sér erfið verkefni sem enginn annar getur leyst. Grínspenna í anda Chuck, Louise og Clark og Quantum Leap. Þættirnir koma úr smiðju McG sem er einmitt maðurinn á bak við myndirnar Chuck og Charlie's Angels en þættirnir eru byggðir á vinsælum myndasögum.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst **06.40** Veðurfregnir **06.50** Bæ **07.03** Vítt og breitt **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.03** Veðurfregnir **10.13** Litla flugan **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Hádegisútvarpið **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **13.00** Heimur hugmyndanna **14.03** Á tónsviðinu **15.03** Útvarpssagan: Stormur **15.25** Bláar nótur í bland **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **19.00** Tónlistarkvöld Útvarpsins **20.50** Smásaga: Saga frá sjöunda október 1935 **21.15** Heimurinn og þú **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.25** Útvarpsperlur: Sól skín í heiði. Elskan mín hefur falleg brjóst **23.20** Til allra átta **00.05** Næturtónar

## BBC entertainment

**12.35** Deal or No Deal **13.10** Monarch of the Glen **14.00** Absolutely Fabulous **14.30** Absolutely Fabulous **15.00** My Family **15.30** The Inspector Lynley Mysteries **16.15** The Weakest Link **17.00** Deal or No Deal **17.35** My Hero **18.10** Benidorm **18.40** Top Gear **19.30** Silent Witness **20.20** Two Pints of Lager (and a Packet of Crisps) **20.50** Come Dine With Me **21.15** Come Dine With Me **21.40** Top Gear **22.35** EastEnders **23.05** Silent Witness **23.55** Top Gear

## DR 1

**12.30** Spise med Price **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Boogie Mix **14.00** Hjerteflimmer Classic **14.30** Fillmore **14.50** Nik & Jan **15.00** Brødrene Løvehjerte **15.30** Fandango **16.00** Aftenshowet **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.00** Aftenshowet 2. del **17.30** Rabatten **18.00** Sporløs **18.30** Fængslet **19.00** TV Avisen **19.25** Jersild Live **19.50** SportNyt **20.00** Dig og mig **21.25** Lady Gaga - verdens største popstjerne **21.55** Nedtælling **23.55** Boogie Mix

## NRK 1

**12.30** Tinas mat **13.00** NRK nyheter **13.10** Sjukehuset i Aidensfield **14.00** Derrick **15.00** NRK nyheter **15.10** Si ja, bli min **15.40** Oddasat - nyheter på samisk **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Førkveld **16.40** Distriktsnyheter **17.45** Schrödingers katt **18.20** Koht på jobben **18.50** TV-aksjonen **18.55** Distriktsnyheter **19.30** Debatten **20.20** Hjerte til hjerte - Spelet **21.00** Kveldsnytt **21.15** Spekter **22.00** Nasjonalgalleriet **22.30** De ukjente **23.30** Blues jukeboks

## SVT 1

**14.55** Anslagstavlan **15.00** Kvinnan i mitt liv **15.15** Vem tror du att du är? **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport med A-ekonomi **16.10** Regionala nyheter **16.15** Go'kväll **17.00** Kulturnyheterna **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.00** Mitt i naturen **18.30** Niklas Mat **19.00** Life **20.00** Debatt **20.45** Undercover Boss **21.35** Veckans brott **22.35** Uppdrag Granskning **23.35** Nurse Jackie





**VEITINGASTAÐIR** Á öllum veitingastöðum Eldsmiðjunnar er hægt að sitja til borðs og njóta veitinga í notalegu umhverfi **HEIMSENDING** Við bjóðum upp á heimsendingu í flest hverfi Reykjavíkur (sjá www.eldsmidjan.is) **TAKE AWAY** þjónusta er að sjálfsögðu á öllum okkar stöðum, einfalt og þægilegt, enda eitt pöntunarnúmer Gott að muna... **562 3838**




VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 SPORT INNIHELDUR 2 SPORT 2 SPORT+ 2 SPORT 3 2 SPORT 4 2 SPORT 5 512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

## LÖGIN VIÐ VINNUNA



*„Ég hlusta nú ekkert voðalega mikið, en svolítið á Muse og Kaiser Orchestra og svo er það bara Kaninn og Bylgjan.“*

Stefán Jóhann Arngrímsson, nýkrýndur Íslandsmeistari í póker.

# Tom Cruise rænir leikara af Jóni Atla

„Þetta er bara svona, maður verður að taka þessu,“ segir Jón Atli Jónasson, leikskáld og leikstjóri. Jón Atli er að leggja lokahönd á leiksýninguna Mojito sem hann leikstýrir og skrifar sjálfur og verður frumsýnd í Tjarnarbíói á næstunni.

Jón Atli var líka langleiðina kominn með að setja upp einleikinn Djúpið í Svíþjóð með sænsku stórstjörnunni Michael Nyqvist. Nyqist er hvað þekktastur fyrir leik sinn í spennumyndunum um Mikael Blomkvist og Lisbeth Salander eftir Millennium-þríleik Stiegs Larsson. „En svo hringdi hann bara í mig frá Hollywood og sagði að við þyrftum að fresta þessu í hálft ár, hann væri að fara að leika í Mission: Impossible 4,“ segir Jón Atli en eins og flestum ætti að vera kunnugt um eru þær myndir hugarfóstur Tom Cruise, hinnar smávöxnu stórstjörnu.

Leiðir Jóns og Nyqvists lágu saman fyrir um ári. „Ég setti upp Djúpið í Skotlandi og langaði til að prófa að fara með það aðeins víðar. Ég sendi honum því bara handritið og hann varð svona hrifinn að hann bauð mér heim til sín í mat í Svíþjóð þar sem ég hitti hann og fjölskylduna hans. Og síðan þá höfum við verið að vinna að því að láta þetta gerast.“ Örlögin gripu hins vegar í taumana og Nyqvist er nú á leið til Hollywood eins og annar samstarfsfélagi Jóns Atla, Baltasar Kormákur. „Þeir tveir eiga þetta báðir skilið, þetta eru miklir hæfileikamenn.“ - fgg



**LEIKUR MEÐ CRUISE** Tom Cruise fékk Michael Nyqvist til að leika í Mission: Impossible 4 og því þurfti að fresta uppsetningu á Djúpinu eftir Jón Atla í Svíþjóð.



**Í NÝJU LJÓSI** Bókin varpar nýju ljósi á félagana Georg, Ólaf Ragnar og Daníel.

# Georg og félagar í nýrri úrklippubók

„Þetta er mjög fallegur pakki,“ segir Ragnar Bragason, leikstjóri Nætur-, Dag- og Fangavaktarinnar.

Vaktabókin kemur út í dag. Viðhafnarútgáfa af kvikmyndinni Bjarnfreðarson fylgir bókinni sem inniheldur að sögn Ragnars alls kyns dót sem féll til við gerð myndarinnar og þáttanna. „Það er ýmislegt sem hefur ekki komið fram; bréf, póstkort og alls konar hlutir sem við höfum unnið en hafa ekki birst í seríunum,“ segir Ragnar. „Þessu var safnað saman í úrklippubók. Bókin er tvískipt. Helmingurinn er alls konar dót sem gefur okkur skemmtilega mynd af þessum persónum og þeirra lífshlaupi. Seinni hlutinn er handritið af Bjarnfreðarsyni í heild sinni.“

Frosti Gnarr, stjúpsonur Jóns Gnarr, hannaði bókina og tók efnið saman ásamt Ævari Grímssyni, einum af fimmmenningunum á bak við þættina og myndina.

En er ekki búið að mjólka það sem hægt er að mjólka úr Vöktunum?

„Jú, ég held það nú. Þetta er lokahnykkurinn. Okkur fannst þegar við fórum að skoða efnið sem strákarnir voru búnir að vinna að það þyrfti að koma út fyrir nördana. Þetta verður líka í takmörkuðu upplagi – ég held að það séu bara 3.000 eintök gerð.“ - afb



**Í SÉÐ OG HEYRT** Á meðal þess sem finna má í bókinni er mynd af Ólafi Ragnari og Georg á forsíðu Séð og heyrt.


# ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

551 1200 / midasala@leikhusid.is / www.leikhusid.is



**Finnski hesturinn** (Stóra sviðið)

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Fös 22.10. Kl. 20:00 aukas. | Ö | Lau 6.11. Kl. 20:00 7. sýn | Ö | Sun 21.11. Kl. 15:00 br. sýn.tími |
| Lau 23.10. Kl. 20:00 3. sýn | Ö | Fim 11.11. Kl. 20:00 8. sýn | Ö | Lau 27.11. Kl. 20:00 |
| Lau 30.10. Kl. 20:00 4. sýn | U | Fös 12.11. Kl. 20:00 | Ö | Sun 28.11. Kl. 20:00 |
| Sun 31.10. Kl. 20:00 5. sýn | Ö | Fös 19.11. Kl. 20:00 | Ö | |
| Fös 5.11. Kl. 20:00 6. sýn | U | Lau 20.11. Kl. 20:00 | Ö | |



**Fíasól** (Kúlan)

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Lau 23.10. Kl. 13:00 | Ö | Sun 31.10. Kl. 13:00 | Ö | Lau 13.11. Kl. 13:00 |
| Lau 23.10. Kl. 15:00 | Ö | Sun 31.10. Kl. 15:00 | Ö | Lau 13.11. Kl. 15:00 |
| Sun 24.10. Kl. 13:00 | U | Lau 6.11. Kl. 13:00 | Ö | Sun 14.11. Kl. 13:00 |
| Sun 24.10. Kl. 15:00 | U | Lau 6.11. Kl. 15:00 | Ö | Sun 14.11. Kl. 15:00 |
| Lau 30.10. Kl. 13:00 | Ö | Sun 7.11. Kl. 13:00 | | |
| Lau 30.10. Kl. 15:00 | Ö | Sun 7.11. Kl. 15:00 | | |



**Hænuungarnir** (Kassinn)

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Fim 21.10. Kl. 20:00 aukas. | U | Sun 31.10. Kl. 20:00 | U | Lau 13.11. Kl. 20:00 | Ö |
| Fös 22.10. Kl. 20:00 | U | Fim 4.11. Kl. 20:00 | U | Fös 19.11. Kl. 20:00 | |
| Lau 23.10. Kl. 20:00 | U | Fös 5.11. Kl. 20:00 | U | Lau 20.11. Kl. 20:00 | |
| Fim 28.10. Kl. 20:00 | U | Lau 6.11. Kl. 20:00 | U | Fös 26.11. Kl. 20:00 | |
| Fös 29.10. Kl. 20:00 | Ö | Fim 11.11. Kl. 20:00 | U | Lau 27.11. Kl. 20:00 | |
| Lau 30.10. Kl. 20:00 | Ö | Fös 12.11. Kl. 20:00 | Ö | | |



**Íslandsklukkan** (Stóra sviðið)

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Sun 24.10. Kl. 19:00 | U | Mið 3.11. Kl. 19:00 aukas. | U | Mið 24.11. Kl. 19:00 aukas. | Ö |
| Þri 26.10. Kl. 19:00 | U | Sun 7.11. Kl. 19:00 | U | Fim 25.11. Kl. 19:00 aukas. | Ö |
| Mið 27.10. Kl. 19:00 | U | Mið 10.11. Kl. 19:00 | U | Lau 11.12. Kl. 19:00 aukas. | Ö |
| Fim 28.10. Kl. 19:00 | U | Sun 14.11. Kl. 19:00 | U | Sun 12.12. Kl. 19:00 aukas. | Ö |

GERPLA

**Gerpla** (Stóra sviðið)

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Fim 21.10. Kl. 20:00 | Ö | Lau 13.11. Kl. 20:00 | Ö | Fös 3.12. Kl. 20:00 |
| Fös 29.10. Kl. 20:00 | Ö | Fim 18.11. Kl. 20:00 Aukas. | Ö | |
| Fim 4.11. Kl. 20:00 | Ö | Fös 26.11. Kl. 20:00 | Ö | |

FINNSKI HESTURINN „Fimm stjörnu Ólafía Hrönn“ GB, Mbl


## HELGI BJÖRNSSON: LÖGÐUM VEL Í PLÖTUNA ÞÚ KOMST Í HLAÐIÐ

# Þú komst í hlaðið setur Íslandsmet á Tónlistanum

„Djöfulsins klassi það – á þessum síðustu og verstu,“ segir stórsöngvarinn Helgi Björnsson þegar blaðamaður tjáir honum að plata hans og Reiðmanna vindanna, Þú komst í hlaðið, hafi eytt síðustu 16 vikum á toppi Tónlistans.

Eiður Arnarsson, útgáfustjóri Senu (sem gaf út plötuna) og stjórnarmaður í Félagi hljómplötuframleiðenda, segir engin gögn til um að ein plata hafi verið á toppi Tónlistans samfleytt í fjóra mánuði. Helgi Björnsson og Reiðmenn vindanna hafa því sett glæsilegt Íslandsmet. Laga- og Tónlistarnir eru birtir í fyrsta skipti í Fréttablaðinu í dag á blaðsíðu 40. Þeir voru áður birtir í Morgunblaðinu.

**18** þúsund eintök af tveimur plötum Helga Björns og Reiðmanna vindanna hafa selst á tveimur árum.

Spurður um uppskriftina að slíkum vinsældum segir Helgi að þetta hafi verið spurning um að standa við gefin loforð. „Ég var búinn að vera að syngja og djamma lög í hestaferðum og tala um það lengi að gefa út hestamannaplötu,“ segir hann. „Ég henti plötunni saman og það gekk rosalega vel. Þannig að það var kjörið að gera aðra. Fólk hefur talað um að sú nýrri sé betri en hin – ég skal ekki leggja dóm á það sjálfur en við lögðum vel í hana.“

Þú komst í hlaðið hefur selst í tæplega 10.000 eintökum samkvæmt upplýsingum frá Senu, en fyrri plata Helga og Reiðmanna vindanna hefur selst í tæplega 9.000. En er sú þriðja væntanleg?

„Ég veit það ekki. Hins vegar er strax byrjað að gauka að mér lögum – ég skal játa það,“ segir Helgi og bætir við að menn séu duglegir við að minna hann á hvaða lög hafi *gleymst* á fyrstu plötunum tveimur. „Verkefnið hefur einhvern veginn öðlast sjálfstæðan vilja.“

En útgefandinn er væntanlega æstur?

„Ég efa það ekki. Ég er samt ekki búinn að gera nein plön um það. Það er fullt af öðrum hlutum sem þurfa að komast að fyrst,“ segir Helgi og laumar að blaðamanni að ný plata með SSSól sé jafnvel væntanleg í vor eða sumar.

atlifannar@frettabladid.is



**Á TOPPNUM** Helgi Björnsson og Reiðmenn vindanna hafa setið á toppi Tónlistans með plötu sína Þú komst í hlaðið í fjóra mánuði. MYND/SPESSI

# Skrifar handrit fyrir Hollywood

„Þetta er rómantísk gamanmynd sem er innblásin af áhuga mínum á rómantískum gamanmyndum síðastliðin fimmtán ár.“ Þetta segir rithöfundurinn Óttar Martin Norðfjörð sem nú situr sveittur í spænsku borginni Sevilla að skrifa kvikmyndahandrit fyrir umboðsskrifstofu í Hollywood.

Óttar var ekki reiðubúinn strax að segja frá því hvaða umboðsskrifstofa þetta væri en að þetta væri alvöru umboðsskrifstofa með starfsfólki og tölvupóstföngum. „Það er nefnilega ekkert sjálfgefið. Það er til fullt af fólki sem er reiðubúið að svindla á manni og vill stela af manni hugmyndum og annað slíkt,“ segir Óttar og nefnir sem dæmi að þegar hann sendi fyrsta útdráttinn af handritinu á nokkrar umboðsskrifstofur í Hollywood og London fékk hann strax svar frá einni skrifstofu. „Hún vildi endilega fá eitthvað meira frá mér þannig að ég gúgglaði hana og komst að raun um að maður ætti alls ekki að senda henni því þetta væru þjófar.“ Óttar bætir því við að umboðsskrifstofan sem hann skrifi fyrir hafi fengið bæði útdrátt og svokallað „treatment“ sem er ögn lengra og sé á opinberum lista yfir góðu gæjana.

Óttar hefur þegar keypt öll réttindi sem eru í boði og hann býst við að senda þeim fyrsta uppkastið strax eftir helgi. „Hin fagra list er svo aftarlega á merinni í þessum heimi, þarna snýst allt um samninga og peninga.“ - fgg



**HANDRIT Í HITAMOLLU** Óttar Martin situr nú sveittur í 28 stiga hita í Sevilla á Spáni og skrifar handrit að rómantískri gamanmynd fyrir umboðsskrifstofu í Hollywood FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR

# Útsala á gallabuxum – í aðeins 4 daga!

**1000 kr.**
**Afsláttarmiði**
Gildir fyrir allar vörur ef verslað er fyrir 2.000 kr. eða meira.

Klipptu út miðann

Gildir til 24.október.





**HERRA**
Smith & Jones
STR. 30–38
**4.990 kr.**
Verð áður 6.990 kr.



**HERRA**
Smith & Jones
STR. 30–38
**4.990 kr.**
Verð áður 6.990 kr.



**HERRA**
Ice Zone
STR. 29–36
**4.990 kr.**
Verð áður 6.990 kr.



**DÖMU**
Huao
Skinny jeans
STR. 33–44
**4.990 kr.**
Verð áður 6.990 kr.



**DÖMU**
Huao
Skinny jeans
STR. 34–42
**4.990 kr.**
Verð áður 6.990 kr.



**DÖMU**
H&Y Jeans
STR. 44–54
**2.999 kr.**
Verð áður 4.999 kr.



**DÖMU**
Huao
Skinny jeans
STR. 36–44
**2.999 kr.**
Verð áður 4.990 kr.



**DÖMU**
Huao Jeans
STR. 40–50
**2.999 kr.**
Verð áður 4.999 kr.




Lækkum verð á öllum gallabuxum um 2.000 kr.

Ef þú notar afsláttarmiðann færðu **1.000 kr. afslátt til viðbótar!**

**GULAHÚSIÐ**
**FAXAFENI 8**

*Opið 10–20 virka daga, 10–18 laugardaga og 12–17 sunnudaga – **www.gulahusid.is***

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VISIR.IS

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst húsið

**DREIFING:** dreifing@posthusid.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060





## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Taka lagið

Aðdáendur bandaríska tónlistarmannsins Tom Waits hér á landi eru kannski ekki taldir í þúsundum en þeir eru margir hverjir ákaflega traustir. Nú stendur til að halda aðra tónleika til heiðurs honum og tónlist hans í Tjarnarbíó hinn 4. desember. Valinkunnir tónlistarmenn á borð við Högna Egilsson, Bogomil Font, **Ragnhildi Gísladóttur** og Krumma troða upp. Tveir leikarar ætla einnig að þenja raddböndin, þeir Björn Hlynur Haraldsson og Ólafur Darri Ólafsson, og svo borgarfulltrúinn Karl Sigurðsson.



### Nýr framkvæmdastjóri



Snorri Helgason, oftast kenndur við Sprengjuhöllina, er floginn á vit ævintýranna í London og hyggst koma tónlist sinni þar á framfæri. Snorri var þekktur fyrir að vera ákaflega lipur í samskiptum og blíður á manninn sem framkvæmdastjóri FTT, Félags tónskálda og textahöfunda. Þar á bæ urðu menn því að finna einstakling sem hefði svipaða áru og fundu hann í **Jóni Ólafssyni**, sem oftast er kallaður hinn góði.



- fgg

## Mest lesið VÍSIR.IS

1. Fjórtán manns skotnir í Malmö
2. Tvítug stúlka orðin lögreglustjóri í Mexíkó
3. Myrti konur og klæddi sig í undirföt tólf ára stúlku
4. Fár vegna flugsýningar - myndband
5. Arabískur prins í lífstíðarfangelsi





# Byssudagar
# Í Sportbúðinni

## Allt að 30% afsláttur af völdum haglabyssum í fáeina daga

Tvíhleypur frá 69.900
Pumpur frá 49.900
Hálfsjálfvirkar frá 69.900
Takmarkað magn

## Langódýrustu rjúpnaskotin?

Vinsælu 36 gramma RIO skotin
nú loksins fáanleg aftur.
Aðeins 1.595 krónur pakkinn (25 stk)

**Munið vinsælu gjafabréfin okkar**



SPORTBÚÐIN

Sportbúðin – Krókhálsi 5 – 517 8050 *Léttöl*